4

Stjórnvöld og bændur í samstarf um náttúruvernd

8

Íslensk nautgriparækt verði kolefnisjöfnuð á 10 árum

44–45

Merkingum á 152 miltisbrandsgröfum er lokið

Bændablaðið

24. tölublað 2018 • Fimmtudagur 13. desember • Blað nr. 529 • 24. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Vísindamenn í Oxford segja ranga framsetningu á viðmiðunarstuðlum hafa afvegaleitt loftslagsumræðuna:

Búfjárrækt er ekki eins stórskaðleg fyrir hlýnun jarðar og fullyrt hefur verið

Losun á metangasi frá búfé er ekki eins mikill áhrifavaldur á hlýnun loftslags eins og haldið hefur verið fram. Endurskoðun vísindamanna í Oxford á aðferðarfræði við útreikninga á áhrifum metangass sem gróðurhúsalofttegundar benda til að útreikningar til þessa kunni að hafa afvegaleitt umræðuna.

Þetta kom m.a. fram í samantekt sem kynnt var í júlí á þessu ári hjá Oxford Martin School-rannsóknamiðstöðinni við Háskólann í Oxford.

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (WHO) hefur sagt að landbúnaður sé valdur að 18% losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu. Þar sé nautgriparækt aðalsökudólgurinn og mest vegna losunar á metangasi úr meltingarvegi dýranna. Það samsvari losun á tveim milljörðum tonna af koltvísýringi á ári.

Í þessum tölum WHO og flestra annarra sem um gróðurhúsaáhrif hafa fjallað á umliðnum árum er ekki minnst á að metangas eyðist í andrúmsloftinu um 10% á hverjum 30 árum, eða um -0,3% á ári. Þá helmingast það á um 200 árum og veldur því engum viðbótaráhrifum til hlýnunar með uppsöfnun í lofthjúpnum, samkvæmt niðurstöðum vísindamanna í Oxford.

Margfeldisáhrif metans sagt allt frá 21 upp í 84

Oft er talað um að margfeldisáhrif metans í samanburði við koltvísýring sé 21-falt. Umhverfisstofnun á Íslandi hefur t.d. sagt að margfeldisáhrifin séu 25-föld á við CO_2.

Í samantekt Oxford-háskóla kemur fram að losun metans (CH_4) komi sem hliðarafurð af meltingu og gerjun og úr mykju. Hvert mólikúl metans hafi vissulega meiri hlýnunaráhrif en koltvísýringsmólikúl CO_2, en líftími þessara lofttegunda sé mjög ólíkur. Áhrif metans og blöndun þess í lofthjúpnum sé gjörólíkt því sem gerist varðandi koltvísýring.

Í úttektinni segir að oft sé miðað við að eitt tonn af metani samsvari 28 tonnum af CO_2 miðað við upphitunarstuðul og100 ára mögulega loftslagshlýnun (the 100-year Global Warming Potential - GWP_{100}). Þá sé líka stundum notað viðmiðið GWP_{20}, en þar samsvarar eitt tonn af metangasi 84 tonnum af CO_2. Það er því engin furða að tölur séu mjög á reiki og misvísandi í umræðunni um hlýnun loftslags.

Ekki gert ráð fyrir ólíkum eiginleikum metans og koltvísýrings

Vísindamennirnir í Oxford segja að viðtekin framsetning á GWP upphitunarstuðlinum sé röng. Hún geri ekki ráð fyrir að samdráttur í losun á metani geti lækkað hitastig á heimsvísu. Segja þeir að hvorki GWP_{100} viðmiðuninni né GWP_{20} geri ráð fyrir mjög mismunandi hegðun metans og koltvísýrings í lofthjúpnum.

Þeir benda á að þegar tillit er tekið til samspils útstreymis metans og skammlífis þeirrar lofttegundar í andrúmsloftinu, endurspegli það mun nákvæmari niðurstöður en áður hefur verið gengið út frá. Í niðurstöðum úttektarinnar í Oxford segir:

- „Hefðbundin skilgreining á mögulegri loftslagshlýnun (Global Warming Potential – GWP) getur verið villandi þegar kemur að losun á metangasi. Endurbætt skilgreining á GWP mæligildum hefur verið túlkuð á nýjan hátt og gefur nú nákvæmari vísbendingar um áhrif skammlífra lofttegunda á hitastigið á jörðinni. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir búfjárrækt
- Losun á metani út í andrúmsloftið í fortíðinni hafði hlýnunaráhrif meðan metanið var til staðar. Stöðug metanlosun hefur hins vegar lítil áhrif í átt til aukinnar hlýnunar. Hvert tonn af koltvísýringi CO_2 sem losað er hefur aftur á móti áhrif til hlýnunar í samræmi við það magn CO_2 sem losað er.
- Metangas eyðist í andrúmsloftinu um 10% á hverjum 30 árum og helmingast á um 200 árum og veldur þá engum viðbótaráhrifum til hlýnunar.
- Hraðari losun metans leiðir hins vegar til kælingar á lofthita og gefur landbúnaði tækifæri til að hægja á áhrifum CO_2 mengunar. Samfara því er samt mikilvægt að koma nettó losun CO_2 og niturox íðs í jafnvægi á heimsvísu til lengri tíma litið.“
- Aukin metanlosun veldur mjög mikilli hlýnun og jafngildir mjög mikilli losun koltvísýrings – en aðeins þegar þessi aukning er að eiga sér stað.“

Samkvæmt niðurstöðum vísindamannanna hafa fullyrðingar um margföld áhrif metans á myndun gróðurhúsaloftslags ekki tekið tillit til skammlífis þessarar lofttegundar í andrúmsloftinu. Það getur valdið mikilli skekkju í öllum niðurstöðum. Samkvæmt því standast væntanlega ekki heldur alhæfingar um svo og svo mikla skaðsemi búfjárræktar fyrir loftslagið á jörðinni til lengri tíma litið. */HKr.*

FRÉTTIR

Bændablaðið

Breytingar á verðskrá

Verðskrá Bændablaðsins tekur breytingum um áramót.

Dálksentimetri á hefðbundnum auglýsingum hækkar úr 1.550 kr. án vsk. í 1.600 krónur. Hækkunin nemur 3,2%. Ástæður breytinga á verðskrá blaðsins er hækkun vísitölu neysluverðs.

Áskriftargjöld árið 2019 verða 10.900 krónur á ári og eldri borgarar fá áfram 50% afslátt. Smáauglýsing með mynd mun kosta 5.700 krónur m. vsk. og textaauglýsing 2.300 kr. Verð á smáauglýsingu á bbl.is verður 1.050 kr. + vsk.

Tímagjald fyrir uppsetningu auglýsinga verður 8.500 kr. + vsk. og niðurfellingargjald 15% af brúttóverði auglýsingar. Verðskrá blaðsins er birt í heild sinni á bbl.is.

Fyrsta blað eftir áramót kemur út 17. janúar. /TB

Mast minnir á að skila haustbók

Matvælastofnun vekur athygli á að ef sauðfjárbændur skila ekki haustbók munu fyrstu greiðslum ársins 2019 verða frestað.

Samkvæmt heimildum Bændablaðsins stendur til að flýta fyrstu stuðningsgreiðslu til sauðfjárbænda til 15. janúar, sem yrði tvöföld mánaðargreiðsla fyrir janúar og febrúar. Næsta greiðsla yrði þá ekki fyrr en í mars.

Það er því mikilvægt fyrir sauðfjárbændur að senda inn haustskýrslu. Hægt er að hafa samband við RML til 21. desember og skila haustbók afurðaskýrsluhaldsins í Fjárvísi fyrir áramót. Þeir sem ekki gera það missa af mögulegum stuðningsgreiðslum í janúar.

Heimilt er fella niður stuðningsgreiðslur þeirra framleiðenda sem standast ekki skilyrði um fullnægjandi afurðarskýrsluhald. Skila þurfti haustbók fyrir 12. desember sl. en til að þátttaka í afurðaskýrsluhaldi sé metin fullnægjandi er miðað við að unnt sé að rekja uppruna og afdrif allra gripa í hjörðinni á einfaldan og öruggan hátt í samræmi við fyrirmæli laga og reglna þar að lútandi. /HKr.

Ólafur M. Jóhannesson, framkvæmdastjóri Ritsýnar. Mynd / HKr.

Landbúnaðarsýning aftur árið 2021

Stórsýningin Íslenskur landbúnaður verður haldin að nýju árið 2021. Þetta var tilkynnt á dögunum í fréttatilkynningu frá Ritsýn sf. sem heldur sýninguna.

Ólafur M. Jóhannesson, framkvæmdastjóri Ritsýnar, sagði í samtali við Bændablaðið að sýningin í haust hefði tekist einstaklega vel og strax hefðu vaknað spurningar hjá gestum og sýningaraðilum um framhaldið.

Gerð var skoðanakönnun á meðal sýnenda að sögn Ólafs.

„Meirihluti var þeirrar skoðunar að hæfilegt væri að halda sýninguna á þriggja ára fresti. Í ljósi þeirrar niðurstöðu höfum við pantað sýningarsvæði í Laugardalshöllinni árið 2021. Verða sýningardagarnir frá 15. til 17. október og við munum opna fyrir pantanir þegar nær dregur," segir Ólafur. /TB

Jólasveinarnir úr Ingólfsfjalli mættu í miðbæ Selfoss laugardaginn 8. desember til að heilsa upp á bæjarbúa og syngja nokkur jólalög. Þeir komu á Dodge Weapon 1952 árgerð frá Guðmundi Tyrfingssyni en bíllinn var keyptur sem sjúkrabíll frá Varnarliðinu, Guðmundur endurbyggði bílinn og hóf að nota hann í hópferða- og skólaakstur. Weaponinn er skreyttur með jólaljósum ár hvert fyrir utan höfuðstöðvar Tyrfingssonar á Selfossi. Það fór vel um jólasveinana á bílnum þegar ekið var yfir Ölfusárbrú enda mikil tilhlökkun hjá þeim og öðrum fyrir jólunum sem eru á næsta leiti. Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson.

Mjög alvarleg staða í loðdýraeldi vegna langvarandi verðfalls á mörkuðum:

Fimm minkabændur hættir frá því í nóvember

— Einungis 13 loðdýrabú eftir á landinu en voru flest 240 á níunda áratugnum og óvissa um framhaldið

Verð á minkaskinnum hefur verið lágt undanfarin þrjú ár, en árið í ár var verst þar sem söluverðið náði ekki nema um helmingi þess verðs sem kostar að framleiða hvert skinn. Verðfallið er minkabændum erfitt. Fimm minkabændur eru hættir frá því í nóvember og líklegt að fleiri bregði búi á næstu vikum.

Einar E. Einarsson, bóndi að Syðra-Skörðugili og formaður Sambands íslenskra loðdýrabænda, segir að minkarækt hér á landi hafi verið rekin með tapi undanfarin þrjú ár og að slíkt gangi ekki til lengdar.

„Frá því í nóvember til dagsins í dag hafa fimm loðdýrabændur brugðið búi. Við erum þrettán eftir og nokkrir af þeim enn að hugsa sig um hvort þeir eigi að þrauka áfram eða hætta."

Á árunum 1987 til 1989, þegar loðdýrabændur á Íslandi voru flestir, voru þeir 240. Sé litið til fjölda þeirra eftir aldamótin 2000 hafa þeir flestir verið 45.

Einar E. Einarsson, bóndi að Syðra-Skörðugili og formaður Sambands íslenskra loðdýrabænda.

Ásgeir Pétursson, loðdýrabóndi í Helgadal í Mosfellssveit, er einn eftir starfandi í greininni af þeim frumkvöðlum sem lærðu loðdýrarækt í Noregi um 1970 og settu í framhaldinu á fót loðdýrarækt á Íslandi. Hann er orðinn 74 ára, en er ekkert á því að hætta. Mynd / HKr.

Erfiðir tímar

Einar er ómyrkur í máli í bréfi sem hann sendi félagsmönnum SÍL fyrir skömmu. Í bréfinu segir hann meðal annars:

„Þetta eru ekki léttir né einfaldir tímar fyrir minkabændur á Íslandi og eða minkabændur í öðrum löndum. Við höfum ekkert handfast um hvað muni gerast á mörkuðum næstu mánuðina en allar fréttir sem berast eru þó samhljóma um að verulega sé að draga úr framleiðslunni um allan heim. Við vitum að það þarf að gerast svo verðið á markaði hækki. Frá því í júní og til dagsins í dag hefur íslenska krónan lækkað um tæp 12% og vonandi á hún eftir að lækka um nokkur stig í viðbót á komandi mánuðum. Bjartsýni og þol hefur lengi verið einkenni minkabænda og vona ég að svo verði áfram."

Viðleitni til að leysa vandann

Einar segir að það sé komið ákveðið útspil frá ríkisvaldinu sem er fremur lágt miðað við það sem minkabændur fóru fram á en engu að síður viðleitni til að horfa fram á við og finna leiðir til að halda áfram. Einar segir að á fyrri hluta þessa árs hafi verið ákveðið að fara í viðræður við stjórnvöld um aðkomu þeirra að vanda greinarinnar.

„Fyrst var farið af stað með hugmyndir um fóðurniðurgreiðslu eins og gert var á tíunda áratug síðustu aldar. En að afloknu júníuppboði var hins vegar orðið ljóst að samningur um einfalda fóðurniðurgreiðslu yrði ekki nægjanlegur þar sem allt stefni í að skinnaverð ársins yrði nálægt þrjú þúsund krónum sem síðan varð raunin að afloknu septemberuppboði.

Í ágúst kom út minnisblað frá Byggðastofnun um stöðu og horfur í greininni ásamt tillögum til úrbóta. Síðan þá hefur stjórn SÍL unnið að því að fá fylgi við þessar tillögur og sérstaklega þann hluta þeirra sem miðaðist við að gerður yrði þriggja ára samningur við greinina og að á fyrsta ári, eða árið 2018, yrði greitt beint til bænda ákveðinn stuðningur og síðan yrði stuðningur til fóðurframleiðslunnar árin 2019 og 2020. Nú liggur orðið fyrir að þessi hugmyndafræði gekk ekki eftir og að ekki er vilji hjá fjárveitingarvaldinu til að fara í svo stóran pakka, en ýtrustu kröfur í skýrslunni gerðu ráð fyrir 200 milljónum á ári í þessi þrjú ár, eða samtals 600 milljónir á tímabilinu þar sem helmingur færi til bænda og helmingur til fóðurstöðva."

Samþykkt Byggðastofnunar

Í fjárlögum fyrir þriðju umræðu Alþingis kom fram tillaga um 30 milljóna tímabundið framlag til Byggðastofnunar vegna vanda greinarinnar. Jafnframt var þar lagt til að ráðherrar byggðamála og landbúnaðarmála hafi forustu um frekari greiningu á framtíð loðdýraræktar.

Að sögn Einars var málið tekið fyrir í stjórn Byggðastofnunar í síðustu viku en þá lá þar einnig fyrir stjórn bréf frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og þær tillögur sem sveitarstjórnaráðherra og landbúnaðarráðherra hafa samþykkt og kynnt ríkisstjórn. Í ljósi þeirra tillagna samþykkti stjórn Byggðastofnunar á fundi sínum að hefja vinnu við stofnun nýs lánaflokks og að í fyrsta áfanga verði varið að lágmarki 100 milljónum til hans.

Einar segir að framundan sé vinna við skilgreiningu og kröfur til nýja lánaflokksins en að henni eiga að koma auk fulltrúa Byggðastofnunar, fulltrúi ráðuneytis, SÍL og RML.

Hver og einn bóndi þarf svo að sækja um stuðning og verður hver og einn metinn samkvæmt skilmálum og markmiðum lánaflokksins. Það er því ekki sjálfgefið að þessi leið bjargi öllum sem sækja um, að sögn Einars.

Hvað er fram undan?

„Næstu skref verða að fá niðurstöðu í hvað þessi nýi lánaflokkur muni hjálpa mikið, en vonandi mun hann nýtast þannig að hann hjálpi greininni að lifa af. Vissulega hefðum við viljað niðurstöðu sem væri meira í þá átt að gerður hefði verið þriggja ára samningur um stuðning við greinina. Þetta varð hins vegar niðurstaðan og nú vinnum við út frá því.

Í bréfi ráðuneytisins kemur líka fram að koma eigi á fót sérstöku teymi til að vinna með hagsmunaaðilum og greina framtíðarhorfur greinarinnar. Það er jákvætt og vissulega er einnig mjög jákvætt að ríkisvaldið hafi þó þrátt fyrir allt komist að þeirri niðurstöðu að þeir vildu að á Íslandi yrði stunduð áfram minkarækt. Við höldum því áfram á næstu vikum og mánuðum að vinna með stjórnvöldum að uppbyggingu greinarinnar og vonandi fara að taka við betri tímar en verið hafa," sagði Einar að lokum. /VH

Nú er tækifæri að gera góð kaup fyrir áramótin

Eigum úrval dráttarvéla og tækja til afgreiðslu strax á eldra gengi

NEW HOLLAND AGRICULTURE

New Holland T5.105DC

- Mótor: 4 strokka 3,4 ltr. 107 hestafla
- Gírkassi: 24×24 með vökvavendigír
- Vökvadæla: 64 ltr
- 3 vökvaventlar (6 vökvaúttök)
- 3 hraðar í aflúttaki 540/750/1000 sn/mín
- Ökumannshús með loftkælingu
- Loftpúðasæti ökumanns, 6 vinnuljós og 2 blikkljós á þaki
- Rafstýrð stjórnun á beislisbúnaði
- Vökvalyftur undirliggjandi dráttarkrókur og opnir beislisendar
- Dekkjastærð: 440/65R24 framan og 540/65R34 að aftan
- Frambretti og brettabreikkanir að aftan ásamt stjórnbúnaði fyrir lyftu og PTO

Verð: 6.460.000 án vsk
Alö ámoksturstæki: 1.520.000 án vsk.

New Holland T5.120EC

- Mótor: 4 strokka 3,4 ltr. 117 hestafla
- Mótorhitari
- Fjaðrandi ökumannshús með loftkælingu
- Loftpúðasæti ökumanns og farþegasæti með öryggisbelti
- 8 vinnuljós og 2 blikkljós á húsi
- Vökvavendigír og Park Lock stöðuhemill
- Gírkassi 16×16 með sjálfskiptimöguleika
- 84 ltr vökvadæla, 3 vökvaventlar (6 vökvaúttök)
- 3 hraðar í aflúttaki 540/750/1000
- Stjórnun á beislisbúnaði er rafstýrð
- Vökvaútskotinn dráttarkrókur ásamt opnum beislisendar
- Dekkjastærð: 480/65R24 framan og 600/65R34 að aftan
- Frambretti og brettabreikkanir að aftan með stjórnbúnaði fyrir beisli og aflúttak
- New Holland 740TL ámoksturstæki

Verð með ámoksturstækjum: 9.395.500 án vsk.

New Holland T6.165DCT

- Hestöfl: 145/169
- Mótor 4 strokka með mótorhitara „Common Rail" Tier 4B
- Gírkassi „Dynamic Command" 24+24 með 50 km ökuhraða
- Prógramaður sjálfskiptimöguleiki
- Fjaðrandi framhásing
- Stór snertiskjár í innbyggðum sætisarmi ásamt joystick fyrir ámoksturstæki
- 4 rafstýrðir vökvaventlar (8 vökvaúttök) ásamt miðjuventli (4 vökvaúttök)
- Vökvadæla 113 ltr CCLS
- 3 hraðar í aflúttaki 540/750/1000
- Fjaðrandi ökumannshús með loftkælingu
- Loftpúðasæti og farþegasæti
- 12 LED vinnuljós, 2 blikkljós á þaki
- Rafstýrðir og upphitaðir útispeglar
- Rafstýribeisli, opnir beislisendar og vökvayfirtengi
- Útvarp með Bluetooth
- Undirliggjandi og vökvaútskotinn dráttarkrókur
- Frambretti og brettabreikkanir að aftan ásamt stjórnbúnaði á brettum
- Dekkjastærð 480/65R28 framan, 600/65R38 að aftan
- Dráttarkrókur að framan

Verð: 11.160.000 án vsk.
Ámoksturstæki Q5s: 1.830.000 án vsk.

CASE IH AGRICULTURE

CaseIH Puma 175 CVX

- Hestöfl: 180/225
- FPT mótor 6 strokka "Common Rail" 6,7 ltr., Tier 4B með aflauka
- 240 volta hitari á mótor og gírkassa
- Gírkassi "AutoCommand" stiglaus skipting 50k/h
- Fjaðrandi framhásing
- Framlyftibúnaður og framaflúttak
- Stór snertiskjár í innbyggðum sætisarmi ásamt joystick fyrir frambúnað
- ISOBUS 11783 Class3 tengi
- 5 rafstýrðir vökvaventlar (10 vökvaúttök) ásamt miðjuventli með joystick(4 úttök)
- Vökvadæla 160 ltr CCLS
- Mótorbremsa, vökva- og loftbremsur fyrir vagn
- 3 hraðar í aflúttaki 540/540E/1000
- Fjaðrandi ökumannshús með loftkælingu
- 14 LED vinnuljós
- Upphitaðir og rafstýrðir baksýnisspeglar
- Loftpúðasæti fyrir ökumann og farþegasæti
- Útvarp með Bluetooth
- Rafstýribeisli með vökvayfirtengi
- Vökvaútskotinn dráttarkrókur
- Dekkjastærð framan 600/60R30 og 710/60R42 að aftan
- Frambretti og brettabreikkanir að aftan með stjórnbúnaði á brettum

Verð: 15.694.000 án vsk.

Abbey 2500R

- 11,000 lítra haugsuga
- 11,000 ltr vacuumdæla
- 6" sjálffyllibúnaður
- Sjóngler

ABBEY MACHINERY Est'd. 1947

Verð: 2.860.000 án vsk.

Junkkari

Sturtuvagnar		
Gerð	Burðargeta	Verð í kr. án vsk.
J-10	10 tonn	1.190.000
J-13	13 tonn	1.490.000

FELLA

Slátturvélar		
Gerð	Vinnslubreidd	Verð í kr. án vsk.
Ramos 288	2,8 mtr	880.000
Ramos 320	3,0 mtr	1.150.000
Heyþyrlur		
Sanos 5204DN	5,2 mtr	780.000
Sanos 6606DN	6,6 mtr	1.160.000
Sanos 790 Hydro	7,7 mtr	1.220.000
Rakstravélar 1 stjarna		
Juras 426 DN	4,2 mtr	850.000
Juras 456T	4,5 mtr	990.000
Rakstravélar 2 stjörnur		
Juras 801	6,8-7,6 mtr	2.380.000
Juras 880	7,2-8,1 mtr	2.490.000

KRAFTVÉLAR

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnisgata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

FRÉTTIR

Stjórnvöld og bændur í samstarf um náttúruvernd

– Samstarfsyfirlýsing undirrituð í friðlandinu á Hvanneyri

Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, skrifuðu á fimmtudag undir yfirlýsingu um vilja til samstarfs í að vinna að málefnum landbúnaðar og náttúruverndar.

Í samstarfsyfirlýsingunni kemur fram að hún eigi rætur í átaki í náttúruvernd sem byggi á sáttmála ríkisstjórnarinnar. Samstarfinu sé ætlað að ná til verkefna í náttúruvernd á jörðum bænda. Byrjað verður á greiningarvinnu og mögulegar aðgerðir skilgreindar að svo búnu, en gert er ráð fyrir að Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hafi það verk með höndum.

Samstarfsyfirlýsingin var kynnt í aðalbyggingu Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri og þar skrifuðu þeir Sindri og Guðmundur Ingi undir yfirlýsinguna.

Sindri Sigurgeirsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson handsala samstarfsyfirlýsinguna á Hvanneyri. Myndir / smh

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Fagnar samstarfi við bændur

Dagskráin hófst með því að Sæmundur Sveinsson, rektor LbhÍ, bauð gesti velkomna og gaf hann síðan ráðherra orðið. Hann sagði að samstarfsyfirlýsingin tengdist meðal annars verkefnum stjórnvalda í friðlýsingum, sem nú væri unnið að. Umhverfisyfirvöld ættu það í sínum reynslubanka að hafa unnið með bændum í ýmiss konar verkefnum, eins og skógræktar- og landgræðsluverkefnum – til að mynda Bændur græða landið. „Núna er komið að því að taka næsta skrefið, með nýsköpun í náttúruvernd í samstarfi við bændur. Samstarfsverkefnið sem nú verður sett í gang mun ná til eins árs og felur það í sér að kanna erlendis hvað bændur gera þar í náttúruvernd og hvers konar verkefnum hægt sé að hleypa af stokkunum hér á landi. Þau geta verið af ýmsum toga, eins og til dæmis umsjón með friðlýstum svæðum, endurheimt vistkerfa eins og votlendis eða hvað annað sem kemur út úr þessari vinnu,“ sagði Guðmundur Ingi, sem fagnar samstarfi við bændur.

Hann sagði svo að sérstakt ánægjuefni væri að skrifa undir þessa samstarfsyfirlýsingu á Hvanneyri þar sem til fyrirmyndar væri staðið að því að samþætta blómlegan landbúnað við mikilvægar aðgerðir til verndar náttúrunni.

Bændur eru vörslumenn lands

Sindri lýsti ánægju sinni fyrir hönd bænda með þá yfirlýsingu sem verið væri að skrifa undir. Bændur væru vörslumenn lands og stór hluti landsins væri í þeirra umsjón. „Þeir vita flestum betur að þeir hafa skyldur gagnvart landinu. Nýtingin þarf að vera sjálfbær og ekki ganga á rétt komandi kynslóða til að nýta og njóta þess. Það hafa bændur gert meðal annars með því að taka þátt í samstarfi við uppgræðslu lands og ræktun skóga. Verkefnið Bændur græða landið er gott dæmi þar sem hundruð bænda hafa í samstarfi við Landgræðsluna grætt upp stór svæði nú í bráðum þrjátíu ár og gengið vel.

Það hefur vissulega stundum

Sindri Sigurgeirsson.

verið ágreiningur í umræðu um nýtingu á gróðurlendinu, einkum þess sem liggur til fjalla. Þess vegna lögðum við mikla áherslu á það í síðustu búvörusamningum að fjármagn yrði tryggt til mats á gróðurauðlindum sem skilaði sér í flottu verkefni til tíu ára sem gengur undir nafninu GróLind og er í umsjá Landgræðslunnar. Ég bind miklar vonir við þetta verkefni og að það verði til þess að til verði sterkari faglegri grunnur til að fjalla um þessi mikilvægu mál.

Það sem við undirritum hér í dag fjallar um náttúruvernd í víðu samhengi og hvernig bændur og stjórnvöld geta unnið betur saman að þeim. Segja má að með því sé á vissan hátt verið að taka upp þráðinn að nýju. Fulltrúar samtaka bænda sátu í Náttúruverndarráði þegar það var sett á stofn við setningu fyrstu heildarlaga um náttúruvernd 1956 og áttu yfirleitt fulltrúa í ráðinu allt þar til að það var lagt niður árið 2001. Ég þekki ekki forsendur þeirrar ákvörðunar en það er í það minnsta ljóst að í náttúruverndarráði var tryggð bein tenging samtaka bænda við náttúruverndarstarf sem síðan slitnaði,“ sagði Sindri meðal annars í ávarpi sínu.

Ragnhildur Helga Jónsdóttir, bóndi í Ausu í Andakíl og umhverfisfræðingur við Landbúnaðarháskóla Íslands, flutti að síðustu erindi um reynslu sína af náttúruvernd og landbúnaði.

Hún ræddi hvernig landbúnaður og friðlýsingar geti vel unnið saman og stutt hvort við annað, þótt oft væri talað um að þetta væru ósamrýmanlegir þættir. Hún hefur reynslu af því í Andakílnum

Ragnhildur Helga Jónsdóttir, bóndi í Ausu í Andakíl og umhverfisfræðingur við Landbúnaðarháskóla Íslands.

hvernig tekist hefur að blandað þessu vel saman. „Hérna er gott dæmi um það; ekki önnur landnýtingin á kostnað hins, heldur spila þær saman og styður hvor hlutinn hinn. Mikilvægasti hluti friðunar lands getur falist í því að þar sé dagleg umgengni, land sé hirt og nýtt, fyrir utan það að þeir sem eiga og nýta landið tryggja ákveðna verndun svo óviðkomandi séu ekki á þvælingi hingað og þangað og geti þannig spillt lífríkinu,“ sagði Ragnhildur.

Ekki má vanmeta staðbundna þekkingu heimafólks

Hún sagði að þegar friðlandinu í Andakílnum var komið á legg hafi það verið gert að frumkvæði heimamanna. Alla tíð hafi það verið mikill vilji landeigenda að styðja friðlýsinguna. Innan friðlýsingarinnar sé eitt stórt kúabú, nokkur sauðfjárbú og hrossabú, auk þess sem þar sé þéttbýlisstaður og háskólasamfélag. Því sé þetta einstakur staður á Íslandi.

Fuglalíf á svæðinu sé gjarnan rætt þegar fólk hittist á förnum vegi og bændur njóta fuglaskoðunar um leið og búverkunum er sinnt. Það megi alls ekki vanmeta þau verðmæti sem felast í hinni staðbundnu þekkingu heimafólks á slíkum svæðum. Fólk sem lifi í hinum dreifðu byggðum ætti í mun meira mæli að horfa til náttúruverndar sem leið til að auka tekjur sínar. Friðlýst svæði njóti mikilla vinsælda ferðamanna og þá þurfi að þjónusta með ýmsum hætti; til dæmis þurfi þeir að borða og sofa. Hægt sé að selja vörur beint frá býli en einnig ætti staðkunnugt heimafólk að íhuga þann möguleika að taka á móti ferðamönnum og veita þeim leiðsögn um sitt nágrenni og fræða um lífríkið út frá sínu sjónarhorni. Þetta myndi gefa ferðamönnum enn sterkari upplifun af svæðinu.

Ríkið gæti liðkað fyrir

Ríkið gæti hæglega liðkað fyrir og stutt þá landeigendur sem eru til í að þeirra land fari undir friðun af ýmsu tagi. Ragnhildur spurði í því sambandi af hverju ekki væri búið að koma á svipuðu fyrirkomulagi og þekkist í sumum nágrannalöndum okkar, þar sem landeigendur fá greitt fyrir það tjón sem verður á ræktuðu landi af völdum friðaðra fugla. Ef slíkt fyrirkomulag væri hér þá væri mun líklegra að bændur ættu auðveldara með að umbera til dæmis ágang álfta og gæsa.

Ragnhildur sagði að lokum að það væri hennar einlæga von að hægt verði að horfa á landbúnað og náttúruvernd saman og sem greina sem vinni saman. Hætta verði að hugsa um þær sem andstæðar fylkingar þar sem hver klórar augun úr hinum. Það eigi jafnt við um hvers konar nýtingu lands; hvort sem það er til beitar, skógræktar, túnræktar, sem friðland fugla eða hvaða aðrar nytjar sem er. Ábyrgð á hinni villtu náttúru sé á allra herðum og því þurfum við að hugsa um þetta sem tækifæri en ekki sem hömlur og takmarkanir. Til þess þurfi að eiga sé stað samtal og samvinna milli ólíkra aðila sem nýta landið og því voni hún að samstarfsyfirlýsingin sé vegvísir á þeirri leið. */smh*

FEIT MJÓLK ER GÓÐ MJÓLK

FEITUR RÓBOT 16 OG 20

HRÁEFNI 100% ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Kjarnfóðrið inniheldur 16% og 20% hráprótein og hentar vel með blautverkuðum rúllum og próteinsnauðu heyi.

Inniheldur m.a. íslenska kalkþörunga sem eru náttúrulega ríkir af ýmsum steinefnum. Kemur einnig í veg fyrir súra vömb mjólkurkúa við mikla kjarnfóðursgjöf. Einnig er ríflegt magn af sykurrófum ásamt sérgerðri fitu sem eykur fitumagnið í mjólk.

FÓÐURBLANDAN

www.fodur.is

Sendum um allt land

Hafðu samband
5709800

FB Verslun Selfossi
Austurvegur 64a
5709840

FB Verslun Hellu
Suðurlandsvegur 4
5709870

FB Verslun Hvolsvelli
Ormsvöllur 2
5709850

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.500 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara kostar 5.250 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 − **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga: augl@bondi.is** − **Vefur blaðsins: www.bbl.is** − Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621 – **Teikning á forsíðu: Þorsteinn Davíðsson**

SKOÐUN

Orkusjálfbærni

Í aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum er mikil áhersla lögð á að hækka kolefnisskatt. Virðist tilgangurinn helst vera að neyða kaupendur bifreiða til að snúa sér frekar að rafmagnsbílum heldur en að kaupa hefðbundna bíla sem brenna bensíni og dísilolíu. Í sjálfu sér er ekkert út á það ætlunarverk að setja að menn dragi úr loftmengun, en er stjórnmálamönnum algjörlega fyrirmunað að beita annarri hugsun en refsingum til að knýja fram slík sjónarmið?

Það er hægt að fara mun áhrifaríkari leiðir til þess bæði að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda og stórbæta þjóðarhag um leið. Leið sem yrði öllum til góðs, en skaðaði ekki stóran hóp fólks eins og kolefnisskatturinn gerir gagnvart lántakendum, barnafólki, öryrkjum og öldruðum sem og íbúum landsbyggðarinnar.

Þótt áherslan á kolefnisskattinn sé mjög áberandi í aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum, þá er þessi áætlun á margan hátt ágæt. Þar er sérstaklega einn þáttur sem gæti skapað mikla þjóðhagslega hagkvæmni ef rétt er að staðið. Hann er númer níu í aðgerðarplani áætlunarinnar og ber heitið: „Innlend eldsneytisframleiðsla úr plöntum og úrgangi.“ Samkvæmt planinu á að setja í gang vinnu við áætlunargerð í því máli einhvern tíma á árinu 2019.

Ef litið er nánar á möguleikana sem felast í innlendri eldsneytisframleiðslu, þá er kannski ekki endilega þörf á að skipa fjölda nefnda til að ræða það mál og kosta til þess stórfé. Þegar um er að ræða eldsneytisgerð úr innlendum lífmassa og úrgangi, þá kemur aðallega tvennt upp í hugann. Það er framleiðsla á því sem nefnt hefur verið lífdísilolía, m.a. úr repju og öðrum olíuríkum jurtum, og gasframleiðsla úr dýraúrgangi eins og mykju og með gerjun plantna. Það er reyndar til þriðja leiðin sem yrði líka kolefnishlutlaus, en það er að framleiða dísilolíu, bensín og flugvélaeldsneyti úr mó sem nóg er til af á Íslandi og vetni sem auðvelt er að framleiða hér með vistvænum hætti.

Með því að virkja níundu greinina í aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum væri hægt að slá margar flugur í einu höggi og tryggja um leið orkusjálfbærni landsins.

Í fyrsta lagi væri hægt að kolefnisjafna eldsneytisbruna í landbúnaði samhliða því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Í öðru lagi myndi slík framleiðsla styrkja byggðir og gera landbúnað sjálfbærari.

Í þriðja lagi væri hægt að draga hratt úr innflutningi á jarðefnaeldsneyti sem ylli verulegum virðisauka t.d. í landbúnaði og væri um leið atvinnuskapandi.

Í fjórða lagi sparaði innlend framleiðsla á eldsneyti dýrmæt gjaldeyrisútlát og bættu þar með þjóðarhag verulega.

Það eina sem þarf er framkvæmdaáætlun þar sem ríkið býr til hvata til að hrinda slíkum verkefnum af stað af krafti og með góðum stuðningi. – **Það sem þarf EKKI** er að draga úr sjálfsbjargarviðleitni Íslendinga með refsisköttum í formi kolefnisgjalds. Popúlískar innfluttar skyndilausnahugmyndir af þeim toga eru fátt annað en sýndarmennska og friðþæging fyrir stjórnmálamenn sem eru uppteknari af að bjarga heiminum en að sinna þörfum eigin þegna sem kusu þá til starfa.

Að svo mæltu óska ég lesendum Bændablaðsins og landsmönnum öllum gleðilegra jóla með þakklæti fyrir árið sem er að líða. Ég óska þess einnig að árið 2019 færi Íslendingum gæfu og aukið réttlæti, ekki síst til handa öldruðum, öryrkjum og þeim sem neðst standa í þjóðfélagsstiganum.

Hörður Kristjánsson

Nýtum 2019 til eflingar íslensks landbúnaðar

Sindri Sigurgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
sindri@bondi.is

Nú þegar skammt er til jóla og áramóta er siður að rifja upp það sem hæst hefur borið á árinu sem er að líða. Það er sannarlega margt sem gengið hefur á í íslenskum landbúnaði á árinu 2018. Það hafa verið erfiðleikar víða og sést ekki fyrir enda sumra þeirra eins og í sauðfjárrækt og loðdýrarækt.

Afurðaverð í báðum þessum greinum hefur verið í lágmarki síðustu árin og reksturinn neikvæður. Langt er síðan að teknar voru upp viðræður við stjórnvöld um stöðuna en enn sem komið er hefur þeim ekki lokið með ásættanlegri niðurstöðu en samtalið heldur áfram.

Sótt að innlendri framleiðslu

Það hefur verið sótt að innlendri framleiðslu og líkur eru á að svo verði áfram. Tollasamningur við Evrópusambandið tók gildi 1. maí sl. og um næstu áramót og næstu tvenn þar á eftir eykst tollfrjáls innflutningur hingað verulega, á sama tíma og sterk króna og lokaðir markaðir hafa gert okkur erfitt fyrir með útflutning. Hagsmunabarátta heildsalanna í landinu gekk áfram vel á árinu. Eftir að hafa unnið mál fyrir EFTA-dómstólnum þá höfðu þeir einnig sigur fyrir Hæstarétti til að fá hnekkt takmörkunum á innflutningi á ófrosnu kjöti, ógerilsneyddri mjólk og ógerilsneyddum eggjum. Rök um búfjár eða lýðheilsu voru þar að engu höfð því að markaðurinn er öllum slíkum staðreyndum æðri.

Bændur hafa lagt á það áherslu að leitað verði pólitískra lausna til að standa vörð um þá sérstöðu sem felst í okkar viðkvæmu búfjárstofnum og okkar framleiðsluháttum sem felast í lágri tíðni sýkinga og lítilli sýklalyfja og varnarefnanotkun. Það er óljóst hvernig sú vegferð endar en miklu skiptir líka að greina betur á milli innlendrar og innfluttrar framleiðslu á markaði.

Neytendur eru velviljaðir landbúnaði

Neytendur eru velviljaðir íslenskum landbúnaði en þá verður líka að tryggja það að þeir geti fengið að vita hvað þeir eru að kaupa hverju sinni. Þá er ekki bara verið að tala um í stórmörkuðum heldur líka þar sem matvæli eru fram borin – til dæmis á veitingahúsum og í mötuneytum. Ástæða er til að hvetja neytendur til að spyrja eftir upprunanum sé hann ekki gefinn upp. Það er einfaldlega sjálfsögð krafa að þessar upplýsingar liggi fyrir. Stjórnvöld geta þarna stigið fastar fram og lagt þá kröfu á seljendur matvæla að uppruninn liggi ávallt fyrir. Það er líka umhugsunarefni fyrir stjórnvöld hvort ekki sé eðlilegt að hið opinbera setji sér innkaupastefnu sem miðist við ákveðna framleiðsluhætti. Sé ekki hægt að upplýsa um þá ætti hið opinbera í það minnsta að ganga á undan með góðu fordæmi og takmarka innkaup við afurðir þar sem upplýsingar liggja fyrir um lyfja- og varnarefnanotkun, kolefnisfótspor, velferð dýra, aðbúnað starfsfólks og annað sem skiptir máli. Krafa neytenda um meiri upplýsingar fer vaxandi og við eigum að vinna að því að upplýsingagjöf verði hin almenna regla.

Þurfum að huga að fæðuöryggi

Það þarf líka stærri sýn á landbúnaðinn í heild. Það er meiri óróleiki í veröldinni, þó hér sé ekki verið að spá neinum ófriði þá virðist stundum ekki mega mikið út af bregða. Öfgasjónarmið njóta meira fylgis en áður en lausnamiðaðar málamiðlanir síður. Athyglin næst helst með nógu miklum og stórum upphrópunum. Þjóðir heims þurfa um leið að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga og sumir neita enn að horfast í augu við þær. Hvað þýðir þetta allt? Jú, það er skynsamlegt að huga að öryggi þjóðarinnar í víðum skilningi, þar með talið fæðuöryggi. Það er ekki endilega víst að við getum alltaf keypt allt sem við viljum erlendis frá og ættum við ekki að minnsta kosti að hugsa um hvað við ætlum að gera ef einhver slík vandamál koma upp. Reyndar hafa sumir einmitt bent á hlutverk landbúnaðarins í þjóðaröryggismálum. Það gerði til dæmis Ólafur Ragnar Grímsson, fv. forseti landsins, á ráðstefnu um fullveldi og þjóðaröryggi fyrir skemmstu. Það hefur forsætisráðherra líka gert og reyndar er vikið að fæðu- og matvælaöryggi í þjóðaröryggisstefnu landsins sem samþykkt var á Alþingi fyrir rúmum tveimur árum. Það er eitt skref en það á enn eftir að útfæra þá stefnu. Það má ekki gleymast.

Bændur eru fjölmennasti hópur vörslumanna landsins

Fyrir nokkrum dögum skrifuðum við umhverfisráðherra undir sameiginlega yfirlýsingu um samstarf í náttúrverndarmálum. Meiningin er fyrst að láta greina hvernig bændur geta komið meira að skipulegu náttúruverndarstarfi. Bændur eru vissulega fjölmennasti hópur vörslumanna landsins og búa yfir mikilli og verðmætri þekkingu á náttúrunni og öllum hennar síbreytileika. Það hefur stundum verið ágreiningur um þessi mál – sumir verndunarsinnar hafa talið að náttúruvernd og nýting gætu aldrei farið saman og sumir bændur hafa talið að verndun þýddi algert nýtingarbann. Hvorugt er rétt og með þessari yfirlýsingu er ætlunin að leita fleiri sameiginlegra flata á þessu mikilvæga máli. Ég vænti þess að vel takist til.

Að lokum þakka ég lesendum Bændablaðsins samfylgdina á árinu og óska ykkur öllum gleðilegrar jólahátíðar og farsæls komandi árs. Árið 2019 þurfum við að nýta vel til uppbyggingar og eflingar íslensks landbúnaðar. Lifið heil.

ÍSLAND ER LAND ÞITT

Hnífsdalur við Ísafjarðardjúp á milli Skutulsfjarðar og Bolungarvíkur. Þessi mynd var tekin eftir mikla ofankomu í mars árið 1995. Í dag er myndin sérstök fyrir þær sakir að flest húsin í þessum hluta þorpsins eru nú horfin nema Félagsheimilið og nokkur hús þar að auki lengst til hægri á myndinni. Ástæðan er að ákveðið var að slá byggðina á þessum stað af vegna snjóflóðahættu úr fjallinu Búðarhyrnu sem þarna blasir við. Sum hús voru flutt á brott en flest önnur brotin niður, þar á meðal tvær raðhúsalengjur og íbúðarblokk lengst til vinstri á myndinni. Mynd / HKr.

LÍF & STARF

Valgerður Andrésdóttir sameindaerfðafræðingur flytur erindi sitt um sögu mæði-visnurannsókna á Íslandi, á 70 ára afmælisfagnaði Keldna á dögunum.
Myndir / smh

Tilraunastöðin að Keldum fagnar 70 ára afmæli:

Merkilegt rannsóknarstarf á mæði-visnuveirunni

– Sjúkdómurinn upprættur á Íslandi, en hafði áður valdið gríðarmiklum skaða

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum fagnar 70 ára starfsafmæli á árinu. Af því tilefni var haldinn afmælisfagnaður þann 22. nóvember í húsakynnum stöðvarinnar að Keldnavegi 3. Valgerður Andrésdóttir, sameindaerfðafræðingur á Keldum, flutti fræðsluerindi um sögu mæði-visnurannsókna á Keldum síðustu 70 árin. Þar hefur verið safnað saman mestu upplýsingum í heimi, um þennan veirusjúkdóm í sauðfé, auk þess sem þar er talin vera besta aðstaðan til rannsókna á honum.

Að sögn Valgerðar er mæði-visnusjúkdómurinn hæggengur; langur tími líður frá sýkingu og þar til sjúkdómseinkenni koma fram. „Þessi flokkur veira nefnist lentiveirur og tilheyrir HIV, eða alnæmisveiran, einnig þessum flokki. Raunar hafa rannsóknir á mæði-visnuveirunni nýst til skilnings á HIV og hafa rannsóknir á veiruvörnum gegn mæði-visnuveiru leitt í ljós nýja gerð veiruvarna sem geta nýst í baráttunni við HIV," segir Valgerður.

Barst með karakúlkyni frá Þýskalandi 1933

„Mæði-visnuveira barst til landsins með innflutningi á fé af karakúlkyni árið 1933. Þetta var upp úr kreppunni miklu og var ætlunin að hefja skinnaframleiðslu, en skinn af nýfæddum lömbum af þessu kyni eru notuð í svokallaðan persneskan pels, sem var mikið í tísku.

Þetta fé kom úr vottaðri heilbrigðri hjörð á tilraunabúi í Þýskalandi og var haft í einangrun í tvo mánuði. Samt sem áður komu upp á næstu árum nokkrir sjúkdómar sem voru áður óþekktir hér á landi og mátti rekja til karakúlfjárins. Þeirra á meðal voru mæði sem er lungnabólga og visna sem er heilabólga. Veiran reyndist vera bráðsmitandi, en sjúkdómseinkenni komu ekki fram fyrr en eftir langan meðgöngutíma, eða 2–3 ár. Veiran hafði því dreifst á allstóru svæði áður en hún greindist. Fljótlega var svo komið að árleg afföll í sýktum hjörðum voru 20–30 prósent og gekk svo ár eftir ár – og leit út fyrir að sauðfjárbúskapur legðist af á stórum hluta landsins. Var þá farið út í harkalegan niðurskurð til þess að útrýma veirunni og það tókst að lokum. Faraldsfræðilegar rannsóknir benda til þess að aðeins tveir innfluttir hrútar hafi verið sýktir, en áður en yfir lauk höfðu hundrað þúsund fjár drepist úr veikinni og 650 þúsund að auki verið skorin niður. Þessi barátta tók um 25 ár," segir Valgerður um sögu mæði-visnu og skaðann sem veiran olli hér á landi.

Afmælisgestir á bókasafni Tilraunarstöðvarinnar að Keldum.

Nýtist sem módel fyrir HIV

„Ég kom fyrst að Keldum í sumarstarf árið 1971, en hef unnið þar síðan 1985. Það voru stundaðar grunnrannsóknir á mæði-visnuveiru alveg frá upphafi. Á grundvelli þessara rannsókna setti Björn Sigurðsson, sem var fyrsti forstöðumaður Keldna, fram kenningar um hæggenga smitsjúkdóma sem vöktu heimsathygli. Veiran var fyrst einangruð og skilgreind á Keldum, og er alþjóðlegt heiti hennar maedi-visna virus.

Rannsóknirnar beindust einkum að því að rannsaka eðli veirunnar og samskipti við hýsilinn auk meingerðar. Seinna tókst að klóna veiruna hér og var þá hægt að beita erfðatækni í frekari rannsóknum. Á síðustu árum hefur komið í ljós að mæði-visnuveiran nýtist sem módel fyrir HIV sem nú er mest rannsökuð af öllum veirum, en þó er langt frá því að öll kurl séu komin þar til grafar. Enn hefur hvorki tekist að finna bóluefni við veirunni né lækningu.

Þeir sem sýkjast þurfa að taka lyf alla ævi til að halda veirunni í skefjum, en læknast aldrei. Enn er því þörf á rannsóknum á eðli þessara veira," segir Valgerður.

Merk saga mæði-visnurannsókna á Keldum

Valgerður segir að Keldur sé sá staður í heiminum þar sem mest vitneskja er um þessar veirur og best aðstaða til að rannsaka þær. „Þar er gagnreynt kerfi til að rækta veiruna, mótefni hafa verið búin til í áranna rás gegn ýmsum hlutum hennar, og til er safn sýna, frosinna og fixeraðra sem hægt er að taka upp áratugum seinna þegar nýjar aðferðir og nýjar spurningar vakna."

Veiran útbreidd um allan heim

Að sögn Valgerðar er veiran mjög útbreidd í Evrópu – og raunar um allan heim. Óvarkárni varðandi innflutning á búvörum geti verið íslenskum landbúnaði skaðlegur. Hún kannaði nýverið hvort hún myndi finna veiruna í frönskum sauðaosti sem hún keypti í búð hér á landi. „Erfðaefni veirunnar fannst í ostinum, en gera má ráð fyrir að veiran hafi ekki verið lifandi, þar sem osturinn var gerilsneyddur. Mæði-visna er líklega eitt skýrasta dæmið sem við höfum um það hve næmt og berskjaldað íslenskt búfé getur verið fyrir sjúkdómum sem eru landlægir í öðrum löndum án þess að nokkuð sé eftir þeim sé tekið. Mæði-visnuveiran er landlæg í Evrópu, Ameríku, Asíu og Afríku og veldur litlum einkennum í erlendum fjárkynjum. Í Frakklandi, Spáni og Ítalíu eru 50–100 prósent hjarða sýktar. Ég held að það væri mjög óráðlegt að leyfa innflutning á hráu kindakjöti til Íslands frá þessum löndum, því eins og dæmin sanna þá þyrfti ekki nema ein kind að sýkjast til að valda ómældu tjóni." /smh

MÆLT AF MUNNI FRAM 216

Fyrir stakan hálfvitahátt leiddi ég að því líkum að fyrstu þrjár vísurnar í síðasta þætti væru eftir **Pétur Pétursson** lækni á Akureyri.

Þátturinn var einvörðungu helgaður 70 ára afmæli **Gylfa Gunnarssonar**, útgerðarmanns í Grímsey. Þegar gjör er að gáð og skár var skoðað, þá reyndust afmælisvísurnar þrjár ríkar af vinsemd og góðum óskum til handa afmælismanninum, og gátu því tæplega verið Péturs.

Vísurnar þrjár eru enda eftir **Jóhannes á Gunnarsstöðum**.

Þessi dægrin geysist um netheima ljóðkorn eftir **Jónas Friðrik Guðnason**, hagyrðing á Raufarhöfn. Ljóðið nefnir Jónas „Selbiti", og er viss hátíðarblær á kvæðinu, sem er vel við hæfi.

Ekki þarf Selbiti frekari skýringa með:

Í nápleisi skammt frá Norðurpól,
í nístingsgaddi rétt fyrir jól,
í gráleitri skímu frá svikasól
er selur á hjóli að færa stól.

Hann tuðar um kuntur og kramardýr
og kerlingarveröld sem öfugt snýr.
Og hvað hann er sjálfur hress og hlýr
og heiðarlegur og góður fýr.

Og veit að þegar hann völdum nær,
(sem víst hefði átt að ske í gær)
bönnuð verða öll blaðafól
og bannsett upptökusímatól.

Og svo verður flutt í skattaskjól,
þau skemmtilegustu heims um ból.
Og miðfótar- haldin mögnuð jól
við máttuga geisla frá eigin sól.

Ingólfur Ómar Ármannsson fær svo lokakveðskap þessa þáttar. Hér birtast nýjar hugrenningar hagyrðingsins um þá hátíð sem að höndum fer:

Skuggar byrgja hlíð og hól
hnígur sól til viðar.
Senn við höldum heilög jól
hátíð ljóss og friðar.

Mánaljósin leiftra skær
lýsa grund og ögur.
Hélublóm á glugga grær
glitrar mjallarkögur.

Stafar ljóma stjörnuher,
storð er klakabundin.
Frið og gleði færir mér
fögur jólastundin.

Kærleiksríku gildin góð
glæða sálarkynni.
Mannúð vex og vonarglóð
vermir hjartans inni.

Hátíð jóla heims um ból
hýrgar gleðibraginn.
Lyftast fer á lofti sól
og lengja tekur daginn.

Og svo fylgir matseðill með í vísum **Ingólfs Ómars**:

Kæstan ilm í koti finn,
kviknar bros á trýni.
Skötu treð í túla minn
og teyga staup af víni.

Jólakrásir mikils met,
möndlugraut og súpur,
svínahrygg og hangiket,
hreindýr, önd og rjúpur.

Eintóm leti aftrar mér,
allra síst er natinn.
Vambsíður nú orðinn er
eftir jólamatinn.

Dofnar glóðin hjartahlý,
hjúpar myrkrið bólin.
Bráðum skríð ég bólið í,
búinn að rota jólin.

Með jóla- og nýárskveðjum,
Árni Geirhjörtur.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com

FRÉTTIR

Eymundur Magnússon og vörurnar frá Vallanesi verða á sínum stað. Mynd / smh

Jólamarkaður í Hörpu um helgina

Hinn árlegi jólamatarmarkaður í Hörpu verður um næstu helgi, 15.–16. desember. Opið verður frá 11 til 17 báða daga.

Jólamarkaðurinn hefur notið mikilla vinsælda á undanförnum árum, enda skapast þar einstök stemning. Þar ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, því á markaðnum verða flestir af helstu smáframleiðendum íslenskra matvæla.

Þar geta gestir keypt í jólamatinn, allt frá aðventunasli til eftirrétta, en einnig matarhandverk í jólapakkana. /smh

Kombucha Iceland drykkir. Gerjaðte sem inniheldur fjölbreytt úrval af heilsubætandi efnasamböndum. Drykkurinn er náttúrulega kolsýrður og er með bæði sætt og súrt bragð.

Forstjóra Matís sagt upp störfum

Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís, hefur látið af störfum eftir átta ára starf. Þetta var tilkynnt á vef fyrirtækisins í síðustu viku með stuttri fréttatilkynningu frá stjórn.

Samkvæmt heimildum Bændablaðsins var Sveini sagt upp störfum með tölvupósti og gert að hætta strax. Ástæðan er sögð trúnaðarbrestur á milli stjórnar og forstjóra sem megi rekja til lélegrar upplýsingagjafar. Sveinn hafnar því í pistli á Facebook-síðu sinni að upplýsingagjöf til stjórnar Matís hafi verið léleg af hans hálfu. Hann segir hins vegar að ákvörðunin sé tekin og skynsamlegast að horfa til framtíðar.

Í tilkynningu frá stjórn, sem birt er á vef Matís, er Sveini þakkað framlag hans til félagsins. Oddur Már Gunnarsson er starfandi forstjóri en hann hefur unnið hjá Matís frá árinu 2008 sem forstöðumaður viðskiptaþróunar.

Sveinn Margeirsson. Mynd / HKr.

Sjöfn Sigurgísladóttir, sem áður var forstjóri Matís, er núverandi stjórnarformaður. Með henni í stjórn eru Arnar Árnason, Drífa Kristín Sigurðardóttir, Helga Sigurrós Valgeirsdóttir, Sigmundur Einar Ófeigsson, Sigrún Traustadóttir og Sindri Sigurðsson.

Landssamband kúabænda gefur út stefnumótun í nautgriparækt:

Íslensk nautgriparækt verði kolefnisjöfnuð á 10 árum

– Virði nautgripaafurða verði aukið eftir fremsta megni

Landssamband kúabænda hefur nú gefið út stefnumótun í nautgriparækt til næstu tíu ára. Var ákveðið að skipta stefnumótunarvinnunni í tvennt, annars vegar mjólkurframleiðslu og hins vegar nautakjötsframleiðslu. Vinnuhópar skiluðu af sér drögum til aðalfundar samtakanna sem haldinn var á Selfossi í apríl og voru drögin samþykkt þar athugasemdalaust.

Í kjölfarið ákvað stjórn LK að kynna drögin á haustfundum samtakanna og gefa bændum kost á spurningum og tillögum að breytingum og nú hefur afraksturinn verið birtur á heimasíðu LK, naut.is.

Bændur mjög samstíga

„Vinnan gekk vel og ljóst að bændur eru mjög samstiga um hvert skuli stefna með greinina í stórum dráttum. Það er nokkuð mikið um nýjungar í stefnumótun nautakjötsframleiðslunnar og það er eðlilegt í ljósi þeirrar auknu áherslu sem við höfum verið að sjá á þá framleiðslu.

Með tilkomu nýs kjötmats, sérstakra greiðslna í gegnum búvörusamninga og nýju erfðaefni af holdanautakyni, má segja að við séum að upplifa nýja dögun í íslenskri nautakjötsframleiðslu. Á sama tíma eru ákveðnar áskoranir sem við stöndum frammi fyrir þegar kemur að framleiðslukostnaði og samkeppni frá innfluttum matvælum en það er ljóst að við getum gert betur á mörgum sviðum í okkar framleiðslu,“ segir Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri LK.

Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda. Mynd / HKr.

Horft til umhverfis- og neytendamála

Umhverfismál vega sífellt þyngra í samfélagsumræðunni og eru bændur og landbúnaður þar síst undanskilinn. Í stefnumótununum er lögð áhersla á að íslensk nautgriparækt verði kolefnisjöfnuð á næstu 10 árum, dregið verði úr þörf á jarðefnaeldsneyti, þátttaka bænda í umhverfisvernd verði aukinn og áhersla verði lögð á notkun innlendra aðfanga, svo eitthvað sé nefnt.

Eins hafa neytendamál verið bændum afar hugleikin, þá sérstaklega þegar kemur að upprunamerkingum matvæla, hvort sem er í matvöruverslunum, veitingastöðum eða mötuneytum. „Neytendur eiga alltaf að geta fengið upplýsingar um hvaðan matvælin þeirra koma. Það verður sífellt mikilvægara, sérstaklega með meiri vitund neytenda á umhverfisfótspori sem hlýst af flutningum um langan veg, sem og sýklalyfjanotkun í landbúnaði, en hvergi í Evrópu er notað eins lítið af sýklalyfjum í landbúnaði og á Íslandi og í Noregi,“ segir Margrét.

Aukið virði nautgripaafurða

Í stefnumótununum er horft til þess að auka virði nautgripaafurða eftir fremsta megni. Þar er meðal annars horft til vöruþróunar og bætts framleiðsluferlis nautakjöts til að tryggja að allur skrokkurinn, hvort sem er finni vöðvar, hakkefni eða hliðarafurðir nýtist sem best skyldi. Einnig vilja samtökin sjá að regluverk og leyfisveitingar fyrir heimavinnslu verði gerð aðgengilegri.

„Nú þegar stefnumótanirnar hafa verið samþykktar og gefnar opinberlega út verður hafist handa við að vinna að þeim góðu verkefnum sem þar eru lögð til. Einhver eru nú þegar hafin í góðu samstarfi við aðra aðila á borð við RML og Bændasamtökin. Þau eru mikil og metnaðarfull markmiðin sem sett eru þarna fram en ég hef fulla trú á því að með skipulagi og góðri samvinnu sjáum við greininni farnast vel í framtíðinni,“ segir Margrét að lokum.

Garnaveiki hefur greinst í sauðfé í Austfjarðahólfi

– Ekki hefur verið staðfest garnaveiki í hólfinu í rúm 30 ár

Garnaveiki hefur greinst í sauðfé á búinu Þrándarstöðum á Fljótsdalshéraði. Þrándarstaðir eru í Austfjarðahólfi, í hólfinu var garnaveiki á árum áður en ekki hefur verið staðfest garnaveiki í hólfinu í rúm 30 ár. Síðasta staðfesta tilvikið var á Ásgeirsstöðum, Fljótsdalshéraði árið 1986.

Samkvæmt Matvælastofnun uppgötvaðist sjúkdómurinn þegar sjö vetra kind drapst skyndilega og bóndinn kallaði til dýralækni. Grunur um sjúkdóminn vaknaði og hafði dýralæknirinn samband við héraðsdýralækni Austurumdæmis. Tekin voru sýni og send til Tilraunastöðvarinnar á Keldum, þar sem sjúkdómurinn var staðfestur.

Garnaveiki er ólæknandi smitsjúkdómur sem leggst á öll jórturdýr; sauðfé, geitur, nautgripi og hreindýr. Orsökin er lífseig baktería af berklaflokki (Mycobacterium avium s.s. paratuberculosis). Hún veldur bólgum í mjógörn og oft einnig í langa, ristli og lifur. Sýklarnir berast út með saur og geta lifað mánuðum saman í umhverfinu, s.s. við gripahús og afréttargirðingar, í sláturúrgangi og í líffærum skepna sem drepast úti um haga. Sýking verður um munn með saurmenguðu fóðri og vatni. Meðgöngutími í fé er 1–2 ár eða lengri. Hægt er að halda veikinni niðri með bólusetningu lamba á haustin og gefur ein bólusetning ævilangt ónæmi.

Garnaveiki er ólæknandi smitsjúkdómur sem leggst á öll jórturdýr; sauðfé, geitur, nautgripi og hreindýr.

Ekki er vitað hvernig sjúkdómurinn barst að Þrándarstöðum en líkur eru á að hann hafi verið nokkur ár að búa um sig þar. Óhjákvæmilegt er að hefja bólusetningu á fé í varnarhólfinu. Unnið er að öflun faraldsfræðilegra upplýsinga og í framhaldinu verður tekin ákvörðun um hve víðtæk bólusetningin þarf að vera.

Mikilvægt er að bændur í Austfjarðahólfi láti Wija Ariyani héraðsdýralækni vita í síma 530 4800 ef þeir hafa fullorðnar kindur sem hafa verið að dragast upp undanfarin misseri.

Matvælastofnun brýnir fyrir bændum í Austfjarðahólfi að auka smitvarnir og að flytja ekki fé á milli bæja, það á einnig við um hrúta. Auknar smitvarnir eru nauðsynlegar á meðan verið er að rannsaka útbreiðslu veikinnar í hólfinu og þar til fullnægjandi vörnum gegn veikinni hefur verið náð með bólusetningum. /VH

Vélaval færir út kvíar

Vélaval í Skagafirði eykur stórlega þjónustu við bændur landsins, verktaka og fleiri með því að bæta ýmsum vélum og landbúnaðartækjum við fjölbreytt vöruval verslunar okkar í Varmahlíð.

Hér kynnum við öflug og þrautreynd tæki, sum vel þekkt og af góðu kunn í íslenskum búskap en önnur eru að nema hér land á okkar vegum. Þar nefnum við sérstaklega og með stolti til sögunnar pinnatætara, sáningarvélar, áburðardreifara og sand-/saltdreifara frá franska framleiðandanum Sulky, allt tæki sem eru rómuð fyrir að vera sterkbyggð, meðfærileg og tæknilega í fremstu röð.

Vélaval er með umboð á Íslandi fyrir Sulky og sömuleiðis erum við með umboð fyrir haugsugur og keðjudreifara frá HiSpec á Írlandi, haugdælur frá Storth í Bretlandi og síðast en ekki síst liðléttinga frá Giant í Hollandi.

Leikur að læra á Sulky

„Ég hafði ekki áður unnið með tölvustýrðan áburðardreifara eftir GPS-merkjum og var frekar stressaður en það reyndist hreinasti leikur að læra á tækið og enn auðveldara að nota það," segir Jón Elvar Gunnarsson á Breiðavaði í Eiðaþinghá. Bændur þar á bæ keyptu Sulky DX 40 áburðardreifara vorið 2018 og eru afar lukkulegir með tækið.

„Hingað kom fulltrúi framleiðandans, stillti búnaðinn og kenndi okkur á allt saman. Þegar ég hafði borið á tvö til þrjú stykki var ég kominn með svo gott vald á tækninni að ég gat alls ekki ímyndað mér að til væru áburðardreifarar annarra tegunda, auðveldari og einfaldari í notkun en Sulky.

Við bárum á um 100 hektara og nágranni okkar fékk svo lánaða bæði dráttarvélina og dreifarann til að bera á um 70 hektara hjá sér. Hann hafði reynslu af tölvustýrðum dreifara og bar Sulky mjög vel söguna í þeim samanburði.

Tilbúinn áburður er dýr og því skiptir miklu máli að fá sem mesta og besta uppskeru af túnunum fyrir peninginn. Nýi dreifarinn gerir mögulegt að dreifa nákvæmlega áætluðu magni jafnt og skilja hvergi eftir áburðarlausar rendur í túnum. Sulky reyndist draumatæki til vorverkanna!"

Jón Elvar fékk mann frá Sulky í heimsókn til að kenna sér á dreifarann og það tók ótrúlega stutta stund!

Vélaval býður pinnatætara, sáningarvélar, áburðardreifara og sand-/saltdreifara frá Sulky með kynningarafslætti sé pantað fyrir 15. janúar 2019. Uppgefið kynningarverð er birt án vsk og miðast við evru á 140 krónur. Fyrirvari er um innsláttarvillur. ***Við eigum örfá tæki á gamla genginu!***

Pinnatætarar

Tegund	Útbúnaður	Vinnslubreidd/ metrar	PTO	Aflþörf/ hestöfl	Fjöldi rótora	Þyngd kg	Verð
HR 2500.15	550 mm gaddakefli og jöfnunarborð	2,5	1.000	70-140	10	1.150	1.332.320
HR 3000,14	550 mm gaddakefli og jöfnunarborð	3	1.000	70-140	12	1.310	1.662.565
HR 3000,19	550 mm gaddakefli og jöfnunarborð	3	1.000	70-190	12	1.515	2.016.049
HR 3500,22	550 mm gaddakefli og jöfnunarborð	3,5	1.000	90-220	14	1.735	2.438.690
HR 4000,22	550 mm gaddakefli og jöfnunarborð	4	1.000	90-220	16	1.875	2.661.840
HRWS 4000,28	550 mm gaddakefli og jöfnunarborð	4	1.000	120-280	16	2.057	3.610.365
HRWS 5000,28	550 mm gaddakefli og jöfnunarborð	5	1.000	120-280	20	1.990	3.964.493
HRWS 6000,28	550 mm gaddakefli og jöfnunarborð	6	1.000	120-280	24	3.410	4.306.518

Sáningarvélar

Tegund	Útbúnaður	Stútar	Vinnslubreidd/ metrar	Fræhólf/ lítrar	Hleðsluhæð/ metrar	Þyngd	Verð
Tramline SE	Föður	25	3	450/700	1,25/1,43	550 kg	1.096.291
Tramline SE	Diskar	25	3	450/700	1,25/1,43	550 kg	1.174.347
Tramline SX	Fjöður	33	4	1.100-1.350	1,43/1,52	850 kg	1.696.163
Tramline SX	Diskar	33	4	1.100-1.350	1,43/1,52	850 kg	2.151.003

Áburðardreifarar

Tegund	Vinnslubreidd/ metrar	Áfyllingarhæð/ metrar	Þyngd kg	Rúmtak/ lítrar	Verð
DX20	9–18	0,91-1,32	300-340	900-1.500	530.996
DX20 +	12–24	0,91-1,32	305-385	900-2.100	677.989
DX 30	12–36	0,9-1,5	310-430	900-2.700	928.438
DX 30 +	12–36	1,06-1,49	305-400	1.500-3.000	1.005.155
X 40 +	12–44	1,23-1,52	520-565	1.900-3.200	1.244.704
X 40 + ECO	12–44	1,23-1,52	540-585	1.900-3.200	2.063.027

Sand-/saltdreifarar

RS 350	1–10	1,24	90	350	462.729
RS 1000	1–10	1,4	215	1.000	754.166

VÉLAVAL

við Norðurlandsveg
560 Varmahlíð

Opið 9 -17 mánudaga til föstudaga
Sími: 453 88 88 • velaval@velaval.is

FRÉTTIR

Opið fyrir umsóknir í viðskiptahraðalinn „Til sjávar og sveita“:

Tækifæri fyrir frumkvöðla í landbúnaði og sjávarútvegi

Viðskiptahraðallinn „Til sjávar og sveita“ var formlega kynntur í gær í IKEA í Garðabæ. Tilgangur hraðalsins er að stuðla að nýsköpun í landbúnaði og sjávarútvegi með áherslu á sjálfbærni. Icelandic Startups stendur fyrir hraðlinum en hann gengur út á að bjóða frumkvöðlum og fyrirtækjum að útfæra viðskiptahugmyndir undir handleiðslu sérfræðinga.

Á níu vikum er unnið að því með markvissum hætti að móta ný virðisaukandi viðskiptatækifæri fyrir þessar grunnatvinnugreinar þjóðarinnar. Búið er að opna fyrir umsóknir á vefnum tilsjavarogsveita.is en alls verða tíu teymi valin til þess að taka þátt í viðskiptahraðlinum.

Ingi Björn Sigurðsson og Melkorka Sigríður Magnúsdóttir, starfsmenn Icelandic Startups, segja að þetta sé fimmtándi hraðallinn sem sé ræstur undir merkjum fyrirtækisins og fyrirkomulagið hafi fyrir löngu sannað gildi sitt.

Ingi Björn Sigurðsson og Melkorka Sigríður Magnúsdóttir eru starfsmenn Icelandic Startups sem gagnsetja bráðlega viðskiptahraðal fyrir landbúnað og sjávarútveg. Mynd / TB

Ný kynslóð fyrirtækja í landbúnaði og sjávarútvegi

„Þór Sigfússon, eigandi Sjávarklasans, kom með þá hugmynd til okkar í Icelandic Startups að stofna viðskiptahraðal með nafninu „Til sjávar og sveita“ þar sem einblínt yrði á sjávarútveg og landbúnað. Við fórum í þá vegferð að finna bakhjarla og fundum að lokum hugrakkt fólk til þess að vinna með okkur. Innan raða Icelandic Startups er mikil reynsla fyrir hendi sem nýtist vel í framhaldinu. Við ætlum okkur að búa til næstu kynslóð af fyrirtækjum í landbúnaði og sjávarútvegi,“ segir Ingi Björn og bætir við að ef styrkleikar Íslands liggi einhvers staðar þá sé það í þessum gömlu og grónu atvinnuvegum.

Hjálpum fyrirtækjum og hugmyndum að vaxa

Melkorka segir að markmiðið sé að leita að viðskiptahugmyndum sem auka verðmætasköpun í sjávarútvegi og landbúnaði með áherslu á sjálfbærni. „Við hjá Icelandic Startups sjáum um að hjálpa sprotafyrirtækjum á Íslandi að vaxa og dafna. Hraðlarnir eru ein af meginstoðunum í okkar starfi. Þetta er ótrúlega spennandi viðbót við það sem við höfum áður gert,“ segir hún en Icelandic Startups hafa meðal annars rekið hraðla á sviði ferðaþjónustu, tækni og orku.

Melkorka segir að það sé spennandi að takast á við sjávarútveg og landbúnað og gera eitthvað nýtt. „Mig grunar að það séu ótrúlega margir sem lumi á nýjum hugmyndum innan þessara greina. Þegar maður byrjar að skoða fréttir úr landbúnaði og sjávarútvegi sér maður að það er mikil gróska á ferðinni. Okkur langar til að taka nýjar hugmyndir og hjálpa frumkvöðlunum að beina þeim í réttan farveg.“

Sterk umgjörð og níu vikna vinna

Ingi Björn útskýrir vinnuferli hraðalsins á þá leið að allt miði að því að koma hugmyndum í framkvæmd. „Við erum með mjög sterka umgjörð en starf hraðalsins byggir á því að taka hugmynd eða viðskiptatækifæri upp á næsta stall, eins fljótt og mögulegt er. Viðskiptahraðallinn tekur alls níu vikur og hann er haldinn í sjö lotum. Í lotunum er farið í gegnum allt frá vöruþróun og yfir í að fá þekkingu frá fagaðilum. Fyrirtækin eða frumkvöðlarnir fá aðgang að leiðbeinendum, þ.e. fólki sem er sérfræðingar eða með reynslu úr atvinnulífinu. Þannig fá frumkvöðlarnir tækifæri að læra af þeim sem hafa kannski gert mistök eða notið árangurs áður.“

Uppskeruhátíð í lokin

Melkorka segir að unnið sé samkvæmt alþjóðlegum stöðlum og aðferðafræðin hafi sannað sig. „Leiðbeinendurnir gefa endurgjöf á viðskiptahugmyndina þína og við hjá Icelandic Startups hjálpum allan tímann við að móta hugmyndina. Í lokin er haldinn uppskerudagur þar sem teymin kynna sína vinnu fyrir fullum sal af fólki sem gæti jafnvel haft áhuga á að fjárfesta í viðskiptahugmyndinni.“

Opið fyrir umsóknir

Eins og fyrr segir var opnað fyrir umsóknir í gær en stefnt er að því að hefja hraðalinn í aðsetri Íslenska Ferðaklasans við Fiskislóð í Reykjavík 28. mars og ljúka honum 23. maí. Þau Melkorka og Ingi Björn leggja áherslu á að hraðallinn sé ekki eingöngu fyrir nýja aðila eða óstofnuð fyrirtæki heldur getur þátttaka ekki síður gagnast rótgrónum fyrirtækjum sem eru með nýjar og frumlegar hugmyndir.

„Frumkvöðlar eru úr mismunandi áttum og nýsköpun getur verið á mörgum sviðum og á ólíkum stigum. Hún getur falist í því að breyta einhverri vöru örlítið eða skapa eitthvað alveg nýtt. Við viljum fá fólk til að hugsa á þessum nótum og auðvitað fá sem flesta til að sækja um,“ segir Melkorka.

Kostnaður þátttakenda er enginn en viðskiptahraðallinn er fjármagnaður af nokkrum bakhjörlum. Þeir eru IKEA, Matarauður Íslands, HB Grandi og Landbúnaðarklasinn.

Framkvæmdaaðilar eru Icelandic Startups og Sjávarklasinn. /TB

„Kynnum kindina“ hlutskarpast í hugmyndasamkeppninni Lambaþoni:

Kindur sem aðdráttarafl fyrir ferðamenn

Hugmyndasamkeppnin Lambaþon var haldin á dögunum. Keppt var um bestu hugmyndina til að auka verðmætasköpun í virðiskeðju sauðfjár. Vinningshugmyndin ber heitið Kynnum kindina, sem gengur út á að kynna kindur sem aðdráttarafl fyrir ferðamenn og gefa ferðamönnum kost á að upplifa með auðveldum hætti ýmis störf til sveita sem tengjast sauðfé.

Sigurliðið skipuðu Arnþór Ævarsson, Magnea Jónasdóttir og Kári Gunnarsson og hlutu þau 200 þúsund í verðlaun.

Bændur setja inn upplýsingar á matarlandslagid.is

Að sögn Evu Margrétar Jónudóttur, sem er verkefnastjóri fyrir Lambaþon, hefur verkefnið Kynnum kindina fengið enska heitið Sheepadvisor og er hugmyndin að það verði tengt vefnum matarlandslagid.is. „Á svokölluðu dreifnikorti verður hægt að sjá hvaða bær eru tengdir verkefninu og upplýsingum komið á framfæri um hvar sé hægt að bragða á réttum úr íslensku sauðkindinni, hvar vörur úr íslenskri ull eru seldar og hvar viðburðir tengdir sauðfjárrækt eru á döfinni. Þeir bændur sem hefðu áhuga á að tengja sig við Sheepadvisor ættu að geta sett inn rafrænt hvað sé í boði, hvort sem það eru vörur eða þjónusta. Þeir ættu einnig að geta merkt inn hvenær hvað er í boði. Þannig geta þeir í rauninni ráðið vinnutímanum í ferðaþjónustunni og geta þá merkt „unavailable“ ef þeir hafa ekki tíma til þess að sinna ferðaþjónustunni á tilteknum tíma. Þarna gætu þeir skipulagt stærri viðburði og þannig boðið ferðamönnum með í göngur, réttir, rúning og allt hvað eina sem þeim dettur í hug,“ segir Eva Margrét.

Jöfn keppni sex liða

Sex lið kepptu og var keppnin jöfn þar sem hugmyndaauðgi einkenndi verkefnin. Mörg þeirra verða í áframhaldandi þróun.

Tvö af þeim þremur sem standa að Kynnum kindina: Magnea Jónasdóttir og Arnþór Ævarsson á milli þeirra Guðjóns Þorkelssonar, formanns dómnefndar og Evu Margrétar Jónudóttur frá Matís. Mynd / Kristín Edda Guðmundsdóttir

Að atburðinum stóðu Matís, Landbúnaðarháskóli Íslands, Háskólinn á Bifröst, Landgræðslan, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Matvælastofnun, Landssamtök sauðfjárbænda, Samtök ungra bænda, Háskóli Íslands og Icelandic Lamb. Dómnefnd skipuðu Guðjón Þorkelsson, sem var formaður, Arnar Bjarnason, Bryndís Geirsdóttir, Gunnfríður Hreiðarsdóttir og Ragnheiður Héðinsdóttir.

Auglýst var eftir fjórum til átta manna liðum til þátttöku. Hugmyndir voru metnar af dómnefnd samkvæmt eftirfarandi atriðum:

- Hversu mikið eykst verðmætasköpun bónda sem hrindir hugmyndinni í framkvæmd? Hver er ávinningur fyrir neytendur?
- Felur hugmyndin í sér uppbyggjandi tillögur um starfsumhverfi bænda?
- Felur hugmyndin í sér jákvæð umhverfisáhrif?
- Felur hugmyndin í sér þróun nýrra vara eða þjónustu? Hugmyndir um markaðssetningu!
- Slær hjarta liðsins með hugmyndinni? Efnafræðin, orkan og framsetning!
- Hugmyndir mátti setja fram á hvaða formi sem er og voru þær meðal annars metnar út frá því hve auðvelt er að miðla þeim til bænda og almennings á Íslandi. /smh

Einkorna áburður:

Hin fullkomna pakkalausn

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Þökkum viðskiptin á árinu.

Notaðu minni áburð með Yara

Sláturfélag Suðurlands svf. • Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 6000 • yara@yara.is • www.yara.is

FRÉTTIR

Stjórn Vaðlaheiðarganga kynnti opnun vefsíðunnar veggjald.is í Vaðlaheiðargöngum í vikunni, en innheimta veggjalda fer fram á þeirri síðu. Stök ferð kostar 1.500 kronur, en afsláttarkjör fást kaupi menn fleiri ferðir fyrirfram. Ágúst Torfi Hauksson stjórnarmaður, Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri í Þingeyjarsveit, Hilmar Guðlaugsson stjórnarformaður og Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga. Myndir / MÞÞ

Stök ferð um Vaðlaheiðargöng kostar 1.500 krónur:

Vonast til að opna fyrir jól

Þess er vænst að unnt verði að hleypa umferð í gegnum Vaðlaheiðargöng fyrir jól, en formleg gjaldtaka hefst 2. janúar næstkomandi. Göngin verða opnuð með pomp og prakt 12. janúar. Framkvæmdir hafa staðið yfir frá því um mitt ár 2013, eða í fimm og hálft ár.

Vegfarendur sem aka um Vaðlaheiðargöng greiða veggjald. Ekkert gjaldskýli verður við göngin heldur verður gjald innheimt í gegnum vefsíðuna veggjald.is þar sem hægt er að stofna aðgang. Tveir verðflokkar verða í gangi, fyrir bíla undir 3.500 kílóum kostar ein stök ferð 1.500 krónur, 1.250 ef keyptar eru 10 ferðir í einu, 900 krónur ef keyptar eru 40 ferðir og gjaldið fer niður í 700 krónur ef keyptar eru 100 ferðir. Fyrir stærri bíla, yfir 3.500 kílóum, kostar stök ferð 6.000 krónur, en 5.220 krónur ef keyptar eru 40 ferðir.

Vegfarendur geta nú þegar skráð sig á vefsíðuna veggjald.is, en hægt er að skrá allt að þrjú ökutæki á hvert greiðslukort. Þeir sem hyggjast fara um göngin og hafa ekki skráð bifreiðar sínar geta greitt áður en lagt er í hann og allt að þremur tímum eftir hana. Sé ferð ekki greidd að þeim tíma loknum verður veggjaldið innheimt af skráðum eiganda ökutækis að viðbættu þúsund króna álagi. Myndavélar eru í göngunum og taka myndir af númerum bílanna sem um þau fara.

Heildarlengd ganganna með vegskálum er um 7,5 kílómetrar. Vegir að göngunum austan og vestan megin Vaðlaheiðar er rúmlega 4 km.

Með Vaðlaheiðargöngum styttist þjóðvegur 1 frá Akureyri til Húsavíkur um 16 km. /MÞÞ

Samkvæmt tillögu samráðsvettvangs verður farið í viðamikið átak um að hreinsa strendur landsins. Ef fram heldur sem horfir verður meira plast í sjónum en fiskar árið 2050. Mynd / Wikimedia commons

Samráðsvettvangur um aðgerðaáætlun í plastmálefnum skilaði tillögu:

Banna á sölu á tilteknum einnota plastvörum

– Plastaðgerðaráætlun verði tilbúin fyrir landbúnað 1. janúar 2020

Í tillögu samráðsvettvangs um aðgerðaáætlun í plastmálefnum, sem var afhent umhverfis- og auðlindaráðherra í nóvember, er 18 aðgerðir að finna. Ein þeirra gerir ráð fyrir að bannað verði að selja tilteknar einnota plastvörur eftir rúmt ár, eða frá og með 1. janúar 2020. Einnota burðarplastpokar í verslunum verða að fullu bannaðir 1. janúar 2021, samkvæmt tillögunni.

Markmið aðgerðar 1 gengur út á að notkun einnota burðarpoka úr plasti verði hætt. Lögð er til þriggja þrepa áætlun, þar sem í fyrsta þrepi er stefnt að því að engir plastpokar verði afhentir án endurgjalds og er miðað við dagsetninguna 1. janúar 2019. Í næsta þrepi sem á að hefjast 1. janúar 2020 verður skattur lagður á plastpokana og loks verða þeir alveg bannaðir 1. janúar 2021 sem fyrr segir.

Samráðshópurinn afhendir tillöguna. Mynd / umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Dregið úr mengun stranda og hafs

Aðgerð 2 gengur út á að banna sölu á plasthnífapörum, plastdiskum, plaströrum og öðru einnota plasti samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins sem var kynnt í lok maí 2018. Var það gert til að takast á við að draga úr umhverfismengun af völdum tiltekinna tíu plastvara sem oftast finnast á evrópskum ströndum eða í hafi.

„Í tilskipuninni er lagt til að aðildarríkjum verði skylt að draga úr notkun matarumbúða og drykkjarbolla úr plasti, merkja skuli dömubindi, blautþurrkur og blöðrur til að upplýsa um að varan sé úr plasti og hafi neikvæð umhverfisáhrif, ábyrgð sett á framleiðendur tiltekinna vara að sjá um meðhöndlun úrgangs sem af þeim veldur, lagt er til nýtt söfnunarmarkmið fyrir plastdrykkjarvöruumbúðir og ríkjum gert skylt að fara í fræðsluherferðir gegn einnota plasti. Samráðsvettvangur um aðgerðaáætlun í plastmálefnum leggur til að hafist verði handa við að innleiða tilskipun um að draga úr umhverfisáhrifum plasts sem fyrst eftir að tillagan hefur verið samþykkt af hálfu Evrópusambandsins sem áætlað er að verði 2019. Lagt er til að banni við eyrnapinnum, hnífapörum, diskum, rörum, hrærum og blöðruprikum úr plasti, sem lagt er til í tilskipuninni, verði flýtt og innleitt hér á landi frá og með 1. janúar 2020,“ segir í lýsingu á aðgerð 2 í tillögunni.

Plastaðgerðaráætlun fyrir landbúnað

Aðgerð 8 lýsir plastaðgerðaráætlun fyrir landbúnað, iðnað, sjávarútveg og ferðaþjónustu. Markmið hennar er að helstu atvinnugreinar Íslands hafi stefnu um hvernig draga megi úr notkun plasts í greininni. Er atvinnulíf hvatt til að setja sér stefnu og móti í kjölfarið aðgerðaráætlun um hvernig dregið verði úr notkun plasts í landbúnaði, iðnaði, sjávarútvegi og ferðaþjónustu. Gert er ráð fyrir að aðgerðaráætlanirnar verði tilbúnar 1. janúar 2020.

Lagt er til að ráðist verði í markvissa vitundarvakningu um ofnotkun á plastvörum, komið verði á fót sérstökum rannsókna- og þróunarsjóði sem meðal annars styðji við nýjar lausnir sem komið geti í stað plasts, að leidd verði í lög skylda sveitarfélaga og rekstraraðila til að flokka úrgang og að flokkun úrgangs verði samræmd á landsvísu.

Örplast bannað í hreinlætisvörum

Fjórar aðgerðir ganga út á áætlanir um bætta endurvinnslu hjá sveitarfélögum, rekstraraðilum og fyrirtækjum með ýmsum leiðum. Þá á að leggja úrvinnslugjald á allt plast en ekki einungis umbúðaplast, að hreinsun frárennslis verði bætt til að minnka losun örplasts í hafið enda sé skólp hvergi hreinsað á Íslandi með tilliti til örplasts, að hreinlætisvörur sem innihalda örplast verði bannaðar árið 2020 með sama hætti og gert var í Bretlandi fyrr á þessu ári.

Farið verður í viðamikið átak um að hreinsa strendur landsins og að fyrirtækjum og rekstraraðilum verði með miðlægri upplýsingagjöf gert auðveldara fyrir við að velja grænni lausnir fyrir rekstur sinn, til dæmis umhverfisvænni umbúðir undir tilbúna matvöru.

Stefnir í að plast verði meira en fiskar í hafi

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, skipaði samráðsvettvangshópinn 29. júní síðastliðinn til að koma með tillögur um eftirtalin atriði: hvernig dregið yrði úr notkun plasts hér á landi, hvernig bæta mætti endurvinnslu þess og hvernig takast mætti á við plastmengun í hafi.

Samráðsvettvangurinn skyldi enn fremur taka til skoðunar hvaða rannsóknir og vöktun varðandi plast þurfi að ráðast í, koma með tillögur um þær stjórnvaldsaðgerðir sem æskilegt væri að koma í framkvæmd og koma með tillögur um hvernig best verði stuðlað að nýsköpun í vörum sem koma í stað plastnotkunar.

Í tilkynningu úr umhverfis- og auðlindaráðuneytinu kemur fram að í sáttmála ríkisstjórnarinnar sé kveðið á um átak gegn plasti og að hreinsa plast úr umhverfinu og skipan starfshópsins var liður í að fylgja því eftir. Þá hafi ráðherra lagt áherslu á að plastmál sé eitt af hans forgangsmálum. „Tillögurnar sem ég fékk í dag eru blanda af hagrænum hvötum, banni, fræðslu og nýsköpun. Plastfjöllin okkar hækka stöðugt og ef fram heldur sem horfir verður árið 2050 meira plast í hafinu en fiskar. Við verðum að breyta þessu og þora að taka stór skref. Hér í dag hafa einmitt mikilvæg fyrstu skref verið stigin,“ sagði Guðmundur Ingi þegar hann tók við tillögunni.

Hægt er að skoða tillögurnar á Samráðsgáttinni, (á vefslóðinni samrad.is) þar sem hún var til umsagnar. /smh

JÖTUNN
Óskum öllum landsmönnum
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári
með þökk fyrir viðskiptin á því liðna.
JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR
Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

FRÉTTIR

Fagfélög eggja- og kjúklingabænda á Norðurlöndum hittust í Reykjavík:

Góð sjúkdómastaða á Íslandi er öfundsverð í þessum hópi

– segir formaður Félags kjúklingabænda

Ráðstefnan Nordic Poultry var haldin á Grand hótel í Reykjavík í nóvember á vegum alifuglabænda á Norðurlöndum. Ýmis málefni voru til umræðu, en sérstaklega var þó fjallað um sjúkdómastöðu í löndunum en staðan á Íslandi þykir afar öfundverð á öðrum löndum.

Margvísleg málefni á dagskrá

„Það eru fagfélög eggja- og kjúklingabænda á Norðurlöndunum; Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku sem standa að þessu ráðstefnuhaldi sem samanstendur mestmegnis af fræðsluerindum," segir Jón Magnús Jónsson, formaður Félags kjúklingabænda á Íslandi, bóndi á Reykjum og framkvæmdastjóri Ísfugls. „Það má segja að Ísland fljóti bara með, því við erum svo lítil hér. Þessi félagsskapur, það er fagfélögin, hittist alltaf á vorin en þá hefur fólk verið að safna í sarpinn og finna einhver áhugaverð mál til að taka fyrir á ráðstefnunni sem haldin er það haustið. Það geta verið reglugerðir Evrópusambandsins, nýjar aðferðir við að ala upp kjúklinga, það geta verið fóðurrannsóknir og alls kyns praktísk mál.

Á seinni degi ráðstefnunnar er málum skipt sérhæft upp í þrjá flokka; málefni eggjabænda, kjúklingabænda og dýralækna. Það eru engar formlegar umræður í raun um þessi málefni, en það eru þó leyfðar fyrirspurnir að erindum loknum," segir Jón.

Kjúklingur á Íslandi er heilbrigður og vex hratt

Að sögn Jóns eru efni fyrirlestra fjölbreytt; sum mál koma upp aftur og aftur en önnur fari eftir tíðarandanum og hvað sé efst á baugi hverju sinni. „Núna voru það dýravelferðarmál sem voru nokkuð fyrirferðarmikil hjá öllum og hjá okkur kjúklingabændum var líka fjallað um nýjar aðferðir við eldi á dagsgömlum kjúklingum svo dæmi sé tekið. Dýralæknarnir töluðu auðvitað um sjúkdóma og dýravelferðarmál líka – raunar var farið sérstaklega yfir sjúkdómastöðu allra landanna og staðan hjá okkur er sérstakt öfundarefni hjá öðrum löndum. Hér er sýklalyfjanotkun nánast óþekkt og hér vex kjúklingurinn hvað best af öllum löndum í heiminum ásamt Nýja-Sjálandi, sem þýðir að hann er heilbrigðari og vex því hraðar en annars staðar," segir Jón.

Jón Magnús Jónsson, formaður Félags kjúklingabænda. Myndir / smh

Ráðstefnusalurinn var þétt setinn á Grand hótel.

Félög eggja og kjúklingabænda héldu utan um verkefnið. Framkvæmdastjóri félaganna er Hildur Traustadóttir. Lífland lagði til starfsfólk sem sá um öll mál varðandi ráðstefnuhaldið. Eggja- og kjúklingabændur eru afar þakklátir þeim stuðningi.

Hildur Traustadóttir, framkvæmdastjóri félaga eggja- og kjúklingabænda og Hanna Hamina frá Finnish Poultry Association, sem mun halda utan um næstu ráðstefnu í Finnlandi.

Næst haldið í Finnlandi

Norðurlandaþjóðirnar skiptast á með ráðstefnuhaldið; Noregur, Svíþjóð, Danmörk og Finnland halda fundinn tvisvar hver þjóð og eftir það, eða níunda hvert ár, er fundurinn haldinn á Íslandi. Vel var mætt á ráðstefnuna, eða um 150 manns.

Í nóvember á næsta ári verður ráðstefnan haldin í Turku í Finnlandi og mun Hanna Hamina frá Finnish Poultry Association halda utan um það verkefni. /smh

ALHLIÐA VÉLAVERKSTÆÐI

- Allar almennar vélaviðgerðir
- Almenn renni- og fræsivinna
- Rennum og slípum sveifarása
- Málmsprautum slitfleti, t.d. á tjakkstöngum
- Gerum við loftkælingu bíla
- Almenn suðuvinna
- Plönum hedd
- Tjakkaviðgerðir

Hafðu samband í síma 587 1300 og við sérsníðum lausn sem hentar þér!

KAPP ehf
VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI
Miðhraun 2 | 210 Garðabær | Sími 587 1300 | kapp@kapp.is | www.kapp.is

Eiríkur Jónsson, bóndi í Gýgjarhólskoti í Biskupstungum, fékk fyrstu verðlaun fyrir að eiga fallegasta lambhrútinn á Suðurlandi. Það er hrútur númer 164 sem fékk 90,0 stig. Fanney Ólöf Lárusdóttir afhenti honum verðlaunaskjöld.

Eiríkur í Gýgjarhólskoti á fallegasta lambhrútinn á Suðurlandi

Hrútafundir eða haustfundir í sauðfjárrækt á Suðurlandi fóru nýlega fram en haldnir voru fjórir fundir á mismunandi stöðum á svæðinu.

Á fundi í Félagslundi í Flóahreppi 22. nóvember var Þorsteinn Ólafsson dýralæknir með erindi, ásamt Eyþóri Einarssyni frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) og Fanney Ólöf Lárusdóttir hjá RML sá um fundarstjórn og verðlaunaveitingu. Fundurinn var fróðlegur og nokkrar fyrirspurnir komu frá fundarmönnum sem frummælendur svöruðu.

Fram kom að fé hefur fækkað um fimm þúsund á Suðurlandi síðustu ár og hlutfall þeirra sem sæða sínar ær hefur farið stöðugt lækkandi. Þá kom fram að hrútakostur sauðfjársæðingastöðvanna á Vesturlandi og Suðurlandi væri með allra besta móti. Einnig kom fram að blindur hrútur er á stöðinni í Þorleifskoti í Laugardælum, Náli frá Oddsstöðum í Lundarreykjadal, hann er þó ekki fæddur blindur. /MHH

Desembertilboð á eftirtöldum vörum

5 fyrir 4 og önnur tilboð

Hreinn saltsteinn.
Verð 803 kr.

Steinefnasteinn fyrir nautgripi og hesta, uppfullur af vítamínum.
Verð 2.271 kr.

Steinefna- og bætiefnasteinn með háu selen innihaldi. Hentar nautgripum, hrossum og sauðfé.
Verð 1.944 kr.

Saltsteinn með viðbættu seleni, joði og magnesíum.
Verð 1.077 kr.

Universal Schale
Stein- og bætiefnafata með háu seleninnihaldi sem hentar sérlega vel fyrir sauðfé en einnig fyrir nautgripi og hross.
Verð 3.069 kr.

DairyPilot
Viðbótarfóður fyrir nautgripi, hentugt til að viðhalda góðri nyt, heilbrigði og bæta efnainnihald. Styrkir ónæmiskerfið.
Verð 5.625 kr.

Somi-mg
Steinefnafóður fyrir nautgripi, hentar vel í heilfóðurblandara. Helstu eiginleikar eru hátt innihald af seleni og magnesíum ásamt auðmeltanlegum lífrænum snefilefnum.
Verð 3.915 kr.

Phosphoreimer
Stein- og bætiefnafata sem hentar sérlega vel fyrir kýr í geldstöðu. Hátt innihald á magnesíum og D3 vítamíni, eykur kalkupptöku við burð.
Verð 5.331 kr.

Mineraleimer
Stein- og bætiefnafata með háu selen innihaldi. Hentar fyrir nautgripi og hross.
Verð 4.662 kr.

Skituduft fyrir kálfa
Efni sem vinna gegn niðurgangi og koma á jafnvægi. Hægt að blanda í vatn og mjólk.
Verð 10.888 kr.

Mjólkursíur
Mjólkursíur fyrir öll mjaltakerfi.
Verð frá 3.927 kr.

Josera vörur eru á "gamla genginu" og gildir tilboðið á þeim vörum á meðan birgðir endast.

Öll verð eru án vsk!
Tilboðin gilda til 31.12.2018

Propylen glycol
- Súrdoðabrjótur.
Til að fyrirbyggja og bregðast við súrdoða í mjólkurkúm.
Verð 8.790 kr.

Zal Perax
Burstasápa.
Óflugt sótthreinsiefni.
Verð 16.927 kr.

Brite Cip 30
Kerfisþvottaefni fyrir mjaltaþjóna.
Verð 4.677 kr.

Dilac Super
Súrt kerfisþvottaefni til notkunar í mjaltakerfi.
Verð 7.089 kr.

T-CIP 86
Tvívirkt þvottaefni fyrir mjaltakerfi og mjólkurtanka.
Verð 6.847 kr.

Calmag Plus
- Kalk orkuskot
Til að fyrirbyggja og bregðast við bráðadoða.
Verð 9.669 kr.

Varpfóður
Í 20 kg pokum.
Verð 2.137kr.

Kaliber Starterfeed
Er mjög gott framhaldsfóður fyrir kálfa. Gott er að byrja að gefa Kaliber Starterfeed eftir um 6-8 vikur frá fæðingu.
Verð 2.293 kr.

Euro Start
Múslí er gott að gefa kálfunum fyrstu 6-8 vikurnar. Það bætir meltinguna og kemur vambarstarfseminni í gang.
Verð 2.778 kr.

KetoProtect Plus
Súrdoðavörn til að fyrirbyggja súrdoða og koma á orkujafnvægi.
Verð 16.120 kr.

MS Dry Care/Plus
Einstaklega rakadrægt undirburðarduft sem gefur góða lykt.
Plus: sótthreinsandi
Verð 4.476 kr./ Plus 5.637 kr.

Sagballar
18 kg.
Verð 1.363 kr.

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 801 Selfoss
Sími 480 5600
Opið alla virka daga kl. 8 - 17

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
Sími 480 5610
Opið alla virka daga kl. 9 - 17

landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is
Við erum líka á Fésbók!

STEKKUR

Aðventukransinn

Algengur siður hér á landi er að setja upp krans með fjórum kertum á aðventunni. Á Íslandi er þessi siður ekki mjög gamall. Aðventukransar urðu ekki algengir hér fyrr en um 1970. Talið er að aðventukransar eins og við þekkjum þá eigi uppruna í Norður-Þýskalandi.

Orðið aðventa er dregið af latnesku orðunum Adventus Domini, sem þýða „koma Drottins“ og hefst hún á 4. sunnudegi fyrir jóladag. Þessi árstími var löngum og er reyndar víða enn kallaður jólafasta, sem helgast af því að fyrr á öldum mátti þá ekki borða hvaða mat sem var, til dæmis ekki kjöt.

Aðventukransinn er talinn upprunninn í Þýskalandi á fyrri hluta 19. aldar. Þaðan barst hann líklega til Suður-Jótlands og varð algengur í Danmörku eftir 1940. Frá Danmörku barst þessi siður til Íslands. Í fyrstu var aðventukransinn aðallega notaður til að skreyta búðarglugga en á milli 1960 og 1970 fór hann að tíðkast á íslenskum heimilum og er nú orðinn ómissandi hluti þessarar árstíðar.

Hvert kerti aðventukransins hefur sitt heiti. Kertið sem kveikt er á fyrsta sunnudaginn í aðventu kallast spádómakerti, annað kertið Betlehemskerti, þriðja hirðakerti og það fjórða englakerti. Stundum eru kertin nefnd kerti vonarinnar, kærleikans, gleðinnar og friðarins.

Spádómakertið

Fyrsta kertið á aðventukransinum er nefnt eftir fyrirheitum spámanna Gamla testamentisins, en þeir höfðu mörgum öldum áður sagt fyrir um komu frelsarans.

Betlehemskertið

Í Gamla testamentinu segir frá því að frelsarinn muni fæðast í bænum Betlehem. Betlehem – á hebresku Bet Lehem, sem merkir „brauðhúsið“ – stendur við jaðar eyðimerkur Júdeu, í 750 metra hæð yfir sjávarmáli og um 7 kílómetra suðvestur af Jerúsalem. Betlehem er með allra elstu bæjum í Palestínu.

Hirðakertið

Í Biblíunni segir að fjárhirðar hafi fyrstir manna heyrt tíðindin af fæðingu Jesú. Starf hirðisins var afar þýðingarmikið á þeim tíma. Á morgnana byrjaði hann á að kalla fé saman, leiddi það svo í góða haga og að vatni til að svala þorstanum. Fjárhirðirinn verndaði hjörðina fyrir ræningjum og villidýrum, svo sem bjarndýrum, hýenum, ljónum, sjakölum og úlfum. Undir kvöld kom svo fjárhirðirinn hjörðinni inn í byrgið eða réttina og gætti hennar til sólarupprisu.

Englakertið

Engla er getið ríflega 300 sinnum í Biblíunni. Þeir eru ósýnilegar verur, himnesks eðlis, þjónar Guðs og vinna í hans nafni. Þeir voru skapaðir af honum í upphafi og búnir skynsemi og frelsi. Lífssvið þeirra er eilífðin sjálf, ekki tíminn. Þeir vegsama Guð, framkvæma boð hans og eru settir mönnum og dýrum til verndar.

Gleðileg jól. /VH

NYTJAR HAFSINS

RAUÐÁTAN er lítið dýr með stórt hlutverk

Kjartan Stefánsson
kjartanst@simnet.is

Rauðátan er eitt þýðingarmesta sjávardýrið þótt hún sé ekki stór. Fyrir hennar tilstilli höfum við greiðan aðgang að bráðhollri fitusýru í mataræði okkar. Einnig hefur verið sýnt fram á að rauðátan er stórtæk í því að hreinsa koldíoxíð úr yfirborðssjónum.

Gróður jarðar er undirstaða annars lífs á jörðunni, eins og lesendur Bændablaðsins vita manna og kvenna best. Gróður sjávar er sömuleiðis og ekki síður undirstaða lífs, bæði á sjó og landi. Svifþörungar í sjónum eru til að mynda uppspretta omega-3 fitusýra. Þessi fita er orkugjafi annarra lífvera beint eða óbeint. Rauðátan er það sjávardýr sem einkum leggur sér svifþörungana til munns en hún er mikilvæg fæða fyrir fjölmarga nytjafiska. Hollusta fiskmetis okkar að lýsinu ógleymdu rekur sem sagt uppruna sinn til frumframleiðni þörunga í sjónum sem berst til okkar í gegnum nokkra hlekki í fæðukeðjunni. Þar gegnir rauðátan lykilhlutverki og er því ekki úr vegi að líta nánar á þetta merka sjávardýr.

Annað merkilegt hlutverk

Rauðátan hefur ekki aðeins gríðarlega þýðingu í lífríkinu sem orkugjafi en hún gegnir einnig öðru merkilegu hlutverki. Hún er afkastamikil í því að flytja kolefni úr yfirborðsjónum niður í undirdjúpin. Um þennan þátt var lítið vitað fyrr en íslenskur líffræðingur, doktor Sigrún Jónasdóttir, vísindamaður og kennari við danska tækniháskólann (DTU), birti grein fyrir þremur árum í virtu vísindatímariti um þátt rauðátu í tilflutningi kolefnis í hafinu, en greinin vakti mikla athygli í vísindaheiminum.

Niðurstöður úr rannsóknum Sigrúnar og samstarfsmanna hennar breyta fyrri hugmyndum manna um hve mikið magn af gróðurhúsalofttegundinni koldíoxíð hreinsast úr yfirborði sjávar og sekkur í hafdjúpin þar sem það geymist í aldir eða árþúsundir. Sigrún réð sig til dönsku hafrannsóknastofnunarinnar árið 1993 og hefur starfað í Danmörku síðan. Danska hafrannsóknastofnunin var sameinuð tækniháskólanum. Sigrún hefur aðallega stundað áturannsóknir og vistfræðilegar athuganir á sjó. Hún fór snemma að vinna að rannsóknum á rauðátu. Meðal annars hefur hún kannað samspil átu og stofnstærðar fisktegunda. Einnig hefur hún rannsakað fæðu átunnar, sem eru svifþörungarnir í sjónum.

Greinarhöfundur tók viðtal við Sigrúnu á sínum tíma sem birtist í Fiskifréttum. Hér verður efni viðtalsins rifjað upp fyrir nýjan og stærri lesendahóp og bætt við nýjum upplýsingum.

Mesti þéttleiki í Noregshafi

Sigrún stundaði rannsóknir á rauðátunni í nokkur ár á tíunda áratug síðustu aldar og um aldamótin. Þá var verið að kortleggja útbreiðslu og þéttleika rauðátunnar og mæla hve mikil fita var á mismunandi stöðum. Mesti þéttleiki átunnar var á tilteknu svæði í Noregshafi.

Á grundvelli þessara rannsókna og rannsókna sem gerðar voru hér við Ísland og víðar var búið til kort yfir útbreiðslu og þéttleika rauðátu í Norður-Atlantshafi. Ekki liggur nákvæmlega fyrir hve mikið magn er af rauðátu á þessu hafsvæði en ætla má að það sé vel yfir 10 milljónir tonna.

Doktor Sigrún Jónasdóttir. Mynd / HAG

Nær aðeins eins árs aldri

Lífsferill rauðátunnar er um margt sérstakur. Hún er agnarsmátt krabbadýr og vart meira en 2 til 4 millimetrar að lengd. Útbreiðsla hennar er í Norður-Atlantshafi og allt norður í Íshafið. Egg rauðátu klekjast út á vorin í yfirborðssjónum. Hún er þar yfir sumarið og safnar sem mestri fitu sem næringarforða. Fitan er nánast í fljótandi formi og gagnsæ himna yfir. Eftir sumarið lítur átan því út eins og örlítið útbelgt lýsishylki. Um 50% af þyngd dýrsins eru olía en olían er um 80% kolefni. Það er engin furða að fiskurinn sæki í hana því hver einasti biti er orkusprengja.

Rauðátan lítur út eins og örlítið útbelgt lýsishylki eftir sumarið. Um 50% af þyngd dýrsins eru olía og olían er um 80% kolefni. Það er engin furða að fiskurinn sæki í hana því hver einasti biti er orkusprengja. Mynd / Sigrún Jónasdóttir

Að hausti fer rauðátan síðan niður í djúpsjóinn og hægir þá á líkamsstarfsemi sinni. Hún leggst nánast í dvala eins og björn í hýði sínu. Rauðátan í Noregshafinu fer niður á 600 til 1.000 metra dýpi á veturna og er í sjó sem er 0,5 gráðum fyrir neðan frostmark. Að vori fer rauðátan upp á yfirborðið aftur til að hrygna og hringrásin hefst á ný. Fullorðin rauðáta deyr fljótlega eftir hrygninguna. Hún nær því ekki nema eins árs aldri.

Þörungar taka til sín koldíoxíð

Losun koldíoxíðs út í andrúmsloftið við bruna jarðefnaeldsneytis er helsta orsök gróðurhúsaáhrifa í heiminum sem kunnugt er. Frá tímum iðnbyltingarinnar hefur sjórinn tekið við um þriðjungi af öllu koldíoxíði sem losnar út í andrúmsloftið. Koldíoxíð stuðlar að súrnun sjávar sem meðal annars hefur skaðleg áhrif á skeldýr.

Gróður jarðar dregur aðeins úr magni gróðurhúsalofttegunda því hann tekur til sín koldíoxíð og býr um leið til orku með ljóstillífun. Við þá starfsemi lætur gróðurinn frá sér súrefni. Þörungar í sjó stunda ljóstillífun ekki síður en gróður á landi. Þörungar binda mikið magn af kolefni úr sjónum og breyta því meðal annars í fitusýrur.

Haffræðilíkön og ferill kolefnis

Megnið af þörungunum endar á hafsbotninum þegar þessi sjávargróður drepst. Þá flyst líka kolefnið sem er bundið í þeim niður í undirdjúpin og verður þar eftir. Mikilvægt er að vita hvað sjórinn getur tekið við miklu kolefni þegar verið er að meta áhrif þess á loftslagsbreytingar. Innan haffræðinnar hafa verið gerð líkön til að lýsa ferli kolefnis í sjónum. Hér er um þrjú skref að ræða: flæði koldíoxíðs í sjóinn, blöndun þess í yfirborðssjónum og loks botnfallið, eða niðurfallið.

Til þessa hafa haffræðilíkön aðallega gert ráð fyrir botnfalli koldíoxíðs af völdum þörunga. Það var ekki fyrr en Sigrún og samstarfsmenn hennar birtu niðurstöður sínar að ljóst var hvað rauðátan og væntanlega aðrar átutegundir gegna þýðingarmiklu hlutverki í að losa yfirborðssjóinn við þetta mengunarefni.

Tvöföldun frá fyrri hugmyndum

Þótt líkamsstarfsemi rauðátunnar sé hæg í djúpsjónum brennir hún nokkurri fitu þar og andar frá sér koldíoxíði. Misjafnt er hvað rauðátan skilur eftir af koldíoxíði á hverjum stað. Það fer meðal annars eftir hitastigi sjávar. Í kalda sjónum léttist hún um 10 til 20% en í heitari sjó tapar hún meiri þyngd. Sigrún komst að því með útreikningum sem byggjast á gögnum úr fyrri rannsóknum hennar að rauðátan skilar jafnmiklu af koldíoxíði niður í sjávardjúpin og dauðu þörungarnir sem falla til botns. Með því að sýna fram á þetta má tvöfalda það mat sem áður var á því hvað mikið af koldíoxíði fer í djúpin. Þessar niðurstöður skipta mjög miklu máli til að bæta og auka nákvæmni þeirra reiknilíkana sem notuð eru til að segja fyrir um loftslagsbreytingar.

Sama magn og Danir losa á einu ári

Það er ótrúlegt hvað rauðátan hefur mikil áhrif í flutningi koldíoxíðs úr yfirborðssjónum. Rauðátan tekur með sér 1 til 4 grömm af kolefni á ári á hvern fermetra sjávar sem samsvarar um einni teskeið. Í fljótu bragði virðist það ekki vera mikið en útbreiðslusvæðið er stórt og fjöldi rauðáta mikill. Safnast þegar saman kemur. Á hverju ári flytur rauðátan í Norður-Atlantshafi þannig um 1 til 3 milljónir tonna af koldíoxíði niður í djúpsjóinn.

Til að setja þessa tölu í samhengi má geta þess að hún er svipuð og öll kolefnislosun út í andrúmsloftið við brennslu jarðefnaeldsneytis í Danmörku ár hvert. Hér er aðeins um eina tegund átu að ræða á víðáttumiklu svæði í Norður-Atlantshafi. Fleiri átutegundir gegna væntanlega svipuðu hlutverki.

Hæg hringrás á hafsbotni

Koldíoxíð sem fellur niður í hafdjúpin staðnæmist ekki þar um aldur og ævi þótt það hafi vissulega langa viðdvöl. Hringrás kolefnisins heldur áfram í hafinu en með hraða snigilsins. Þar eru að verki botnstraumar sem taka kolefnið með sér og skila því upp í yfirborðsjóinn einhvers staðar annars staðar á hnettinum eftir eitt til tvö þúsund ár. Koldíoxíð sem rauðáta í Norðurhöfum losaði sig við í djúpsjónum fyrir rúmum 1100 árum, þegar Ísland var að byggjast, er því kannski að skila sér þessa dagana inn í blandaða yfirborðsjóinn við Suður-Ameríku!

Sölustaði Varma má finna um allt land, sjá nánar á **www.varma.is**

VARMA
The Warmth of Iceland

AUSTFIRÐINGAR;

ERU EKKI ALLIR AÐ BRAGGAST?

SÍÐASTI DAGUR PANTANNA ER 15 DESEMBER 2018.

HÝSI

Hýsi-Merkúr | Lambhagavegur 6 | 113 Reykjavík | Sími: 534 6050 | Netfang: hysi@hysi.is

HROSS & HESTAMENNSKA

Andrés Pétur Rúnarsson, framkvæmdastjóri Fákasels, sem ætlar að blása nýju lífi í staðinn með sínu fólki. Fákasel er með starfsemi við þjóðveg 1 á milli Hveragerðis og Selfoss. Starfsemin hefur farið mjög vel af stað eftir að nýir eigendur tóku við rekstri staðarins.
Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson

Nýju lífi hleypt í Fákasel í Ölfusi

Starfsemi er hafin á ný í Ölfushöllinni, einni stærstu reiðhöll landsins en í höllinni er íslenski hesturinn kynntur í máli og myndum, auk þess sem veitingastaðurinn Fákasel er í húsinu og eitt af stærstu steinasöfnum landsins sem var áður í Hveragerði. Ölfushöllin er staðsett mitt á milli Hveragerðis og Selfoss og er stærsta reiðhöllin á Suðurlandi og með þeim stærri á landinu. Nýir eigendur ætla að blása lífi í höllina og starfsemina í Fákaseli.

Íslenski hesturinn verður þó í aðalhlutverki í höllinni því sýningar eru haldnar þar daglega fyrir aðallega erlenda ferðamenn. „Það er ýmislegt í gangi hérna, við verðum með hestasýningar í vetur og við erum að fara að byggja þrjátíu og tvö gestahús fyrir ferðamenn, við erum að reyna að kveikja aftur á staðnum," segir Andrés Pétur Rúnarsson, framkvæmdastjóri Fákasels, og bætir við að starfsemin sé á besta stað, aðeins 25 mínútum frá Reykjavík og á hinum fræga Gullna hring.

Sindri bakari og Íris Dröfn, sem eru alsæl á Ingólfshvoli og ekki síst hvað veitingastaðnum í Fákaseli hefur verið vel tekið.

Boðið er upp á reiðsýningar alla daga kl. 17.15 þar sem þau Agnes Hekla Árnadóttir og Högni Freyr Kristínarson sýna gangtegundir íslenska hestsins. Agnes er með hestinn Glanna og Högni með Hástein.

Heimilismatur í hádeginu

Sindri Daði Rafnsson, eða Sindri bakari eins og hann er alltaf kallaður, sem var bakari á Flúðum og Íris Dröfn Kristjánsdóttir, eiginkona hans, hafa flutt sig frá Flúðum á Ingólfshvol þar sem Ölfushöllin er og sjá þar um veitingareksturinn í Fákaseli. „Við erum með hefðbundinn íslenskan heimilismat í hádeginu alla virka daga sem hefur algjörlega slegið í gegn. Þá erum við líka með veislu- og veitingaþjónustu þar sem við sérhæfum okkur í að taka á móti hópum, stórum og smáum. Við erum alsæl hér í sveitinni, umhverfið er frábært og viðtökurnar sem við höfum fengið við veitingastaðnum hafa farið fram úr okkar björtustu vonum," segir Sindri Daði. */MHH*

Bændablaðið
Óskar lesendum og viðskiptavinum um land allt gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs
Næsta blað kemur út 17. janúar 2019

FRÉTTIR

Bæjarráð Fjarðabyggðar:

Mótmæli vegna aukagjaldtöku

Bæjarráð Fjarðabyggðar hefur harðlega mótmælt boðaðri aukagjaldtöku í formi 10% hækkunar á heildartekjum útgerðar, sem lögð verði á uppsjávarstofna, umfram aðrar tegundir sjávarfangs, í frumvarpi um veiðigjöld sem nú er í meðförum Alþingis.

„Með því að hækka heildartekjur um 10% getur reiknistofn veiðigjalds hækkað allt að 50 til 60% sem þýðir í raun að skattstofn er í raun milli 46 til 66% á uppsjávartegundir en ekki 33% eins og boðað er á aðrar fisktegundir“, segir í bókun sem samþykkt var á fundi bæjarráðs Fjarðabyggðar.

Máttarstólpar sem mikið leggja til samfélagsins

Í Fjarðabyggð starfa þrjú stór og öflug sjávarútvegsfyrirtæki sem fjárfest hafa mikið í uppbyggingu og skipakosti í tengslum við veiðar á uppsjávarafurðum. Þessi fyrirtæki eru máttarstólpar í Fjarðabyggð hvað varðar atvinnu, tekjur og samfélagslega uppbyggingu og leggja mikið til íslensks samfélags í formi skatta og verðmætasköpunar til útflutnings.

„Sé það vilji stjórnvalda að leggja á veiðigjöld þá hlýtur það að vera skýlaus krafa að jafnræði sé í slíkri skattlagningu og ekki tekin út ein grein sjávarútvegs og lagt á hana aukin gjöld umfram aðrar að ógleymdu þeirri miklu óvissu sem nú ríkir varðandi stöðu loðnu- og makrílstofnsins,“ segir í bókun bæjarráðs.

Uppbygging í uppsjávariðnaði mun dragast saman

Telur ráðið að slíkt muni verða til þess að fjárfestingar og frekari uppbygging í uppsjávariðnaði muni dragast saman.

Þá minnir bæjarráð á fyrri bókanir sínar um veiðigjöld og þá eðlilegu kröfu að veiðigjöld séu sanngjörn og í takt við afkomu sjávarútvegsins hverju sinni. Einnig ítrekar bæjarráð þá afstöðu sína að viðkomandi sjávarútvegssveitarfélög fái hlutdeild í veiðigjöldum í ljósi þeirra fjárfestinga sem viðkomandi sveitarfélög hafa lagt út í og hvaðan þessi útflutningsverðmæti koma. */MÞÞ*

Þjórsárver:

Tuttugu ára afmæli skötuveislunnar

Í ár eru 20 ár síðan skötuveisla var fyrst haldin í Þjórsárveri í Flóahreppi á Þorláksmessu og verður því fagnað með gestum og gangandi á Þorláksmessu, 23. desember.

Borðhald hefst kl. 12.00 og boðið verður upp á gæða skötu og saltfisk ásamt tilheyrandi meðlæti. Kaffi og konfekt er innifalið í miðaverði. Fullorðnir greiða 2.500 krónur og börn 6–12 ára 500 krónur, yngri börn fá frítt. Skötusveislan er ein stærsta fjáröflunarsamkoma Umf. Þjótanda. */MHH*

Akranes:

Nýr verkefnastjóri atvinnumála

Sigríður Steinunn Jónsdóttir hefur verið ráðin verkefnastjóri atvinnumála hjá Akraneskaupstað og hefur störf þann 1. desember næstkomandi. Alls bárust 27 umsóknir um starfið.

Sigríður Steinunn er rekstrarverkfræðingur að mennt frá Danmarks Tekniske Universitet. Hún vann á árunum 2014–2017 hjá Uno-x Smøreolie sem verkefnaráðgjafi. Þar stýrði hún m.a. lánum til viðskiptavina ásamt innleiðingu á rafrænu innheimtukerfi. Síðustu tvö ár hefur Sigríður starfað hjá Falck Global Assistance sem verkefnastjóri og voru verkefni hennar m.a. bestun alþjóðlegu virðiskeðjunnar og endurskoðun ferla með áherslu á kostnað og verðlagningu. Nú síðast hefur Sigríður starfað í tímabundnum verkefnum fyrir Kaupfélag Skagfirðinga um fýsileika fjárfestingakosta. */MHH*

KUHN áramótatilboð

gildir til 5. Janúar 2019

VÉLFANG - VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is

Frostagötu 2a • 603 Akureyri • velfang@velfang.is

FRÉTTASKÝRING

Losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum eykst stöðugt þrátt fyrir Parísarsamkomulag:

Fullyrðingar og pólitískur „popúlismi“ afvegaleiðir umhverfisumræðuna

– Oft byggt á gögnum sem standast ekki og þau samt notuð til að réttlæta skattlagningu og ýmsar aðrar aðgerðir stjórnvalda

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Þeir eru orðnir harla fáir jarðarbúarnir sem mæla gegn því að draga þurfi stórlega úr loftmengun, plastmengun og sóun auðlinda af öllu tagi ef ekki eigi illa að fara fyrir okkur. Spurningin er hins vegar hvaða tölum sé hægt að treysta í þessari umræðu og hvernig staðið sé að því að ná nauðsynlegum markmiðum.

Þar hlýtur að orka tvímælis hvort rétt sé að beita suma þjóðfélagshópa refsingum meðan þeir sem menga mest og hafa mest pólitísk ítök eru látnir í friði. Þar á meðal eru stórframleiðendur á raforku, skipaútgerðir og flugvélarekstur.

Samkvæmt opinberum tölum koma um 4% allra kolefnismengunar af mannavöldum frá umferðinni á Íslandi, en en af samgöngum í heild 7–19%, allt eftir því hver reiknar. Á heimsvísu eru allir samgönguþættir og flutningar í heild taldir standa fyrir um 12–25% af losun á CO_2 ígildum.

Hér á landi er iðnaður og þar með stóriðjan mun áhrifameiri mengunarvaldur en umferðin. Sem dæmi má nefna að fyrir hvert tonn af áli sem framleitt er á Íslandi með vistvænu rafmagni er brennt um hálfu tonni af kolum í rafskautum álveranna. Í kísilmálmverksmiðjum á Grundartanga og á Bakka við Húsavík er auk þess brennt miklu magni af kolum, koksi og timbri. Um þetta er samt vart talað á sama tíma og öllu púðrinu er eytt í að agnúast út í bíleigendur sem stjórnmálamönnum þykir liggja vel við höggi.

15 stærstu skipin menga meira en allur bílafloti heimsins

Stór flutninga- og farþegaskip brenna gjarnan þungri lítt hreinsaðri olíu á siglingu úti á rúmsjó. Viðurkennt hefur verið af rekstraraðilum slíkra skipa að einungis 15 stærstu skip heimsins losa meira af vetnisoxíði [nitrogen oxid] og brennisteinsoxíði [sulfur oxide] út í andrúmsloftið en allur bílafloti heimsins, sem telur um 760 milljónir bíla. James Corbett, prófessor og sérfræðingur í stefnumörkun í skipaútgerð við háskólann í Delaware, segir stóru skipin því vera mikið heilsufarsvandamál fyrir íbúa strandhéraða.

Endurnýjun á fiskiskipum með nýjum og stórbættum vélbúnaði hefur líkt og endurnýjun bílaflotans dregið mjög úr olíueyðslu og losun CO_2 á síðustu árum. Hins vegar hefur flugumferð um íslenska lofthelgi margfaldast á sama tíma sem og umferð risastórra skemmtiferðaskipa með tilheyrandi útblástursaukningu. Enn sjást samt engin merki þess að taka eigi á þeim málum og væntanlega verður hert refsing bíleigenda bara látin duga.

Raforkuframleiðsla stærsti mengunarvaldurinn af mannavöldum

Samkvæmt gögnum World Resources Innstitue er raforkuframleiðsla stærsti orsakavaldur losunar CO_2 í nær öllum löndum heims. Ísland er þar ein af örfáum undantekningum.

Á árinu 2017 jókst eftirspurn eftir orku í heiminum um 2,1% samkvæmt frétt Reuters sem vitnar í tölur International Energy Agency (IEA). Orkueftirspurnin í heiminum 2017 samsvaraði orkugildi 14.050 milljóna tonna af olíu. Meira en 70% af aukinni orkueftirspurn var mætt með olíu, kolum og gasi, en 30% með endurnýjanlegum orkugjöfum.

Um 65% af raforku heimsins er framleidd með jarðefnaeldsneyti

Á árinu 2017 jókst eftirspurn eftir raforku í heiminum um 3,1% samkvæmt tölum IEA. Þá voru framleiddar 25.570 Terawattstundir (TWst) af raforku [25.570.000.000.000 kílówött]. Þar af var 38% framleitt með kolum, 23% með gasi, 4% með olíu, 10% með kjarnorku og 25% með endurnýjanlegum orkugjöfum. Það þýðir að 65% af raforku heimsins var á síðasta ári framleidd með jarðefnaeldsneyti sem losar CO_2 og fleiri gastegundir út í andrúmsloftið. Hafa ber í huga að hluti af grænu raforkunni svokölluðu, eða sú sem framleidd er með jarðhita, losar líka frá sér CO_2 auk brennisteinsvetnis.

Umræðan oft byggð á alhæfingum og jafnvel röngum upplýsingum

Það eru bæði gömul sannindi og ný að alltaf eru einhverjir stjórnmálamenn tilbúnir að slá um sig með stóryrtum slagorðum og upphrópunum sem byggja á fullyrðingum sem síðan reynast ekki alltaf standast. Þannig hefur það líka verið á Íslandi. Nær alltaf vísa menn í skýrslur og rannsóknir, en því miður þá er æ oftar að koma í ljós að fjölmargar slíkar skýrslur og rannsóknir innihalda alhæfingar sem standast ekki nánari athugun.

Fullyrðingar um CO_2 losun votlendis á Íslandi standast ekki skoðun

Þannig er það t.d. varðandi íslensku mýrarnar. Því hefur einnig verið haldið fram í umræðum og opinberum gögnum að 72% af losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi komi frá framræstu landi, eða 10,3 milljónir tonna. Það þýðir að heildarlosun gróðurhúsalofttegunda ætti þá að vera 13.184.000 tonn. Þetta stemmir hvorki við tölur tveggja af okkar færustu vísindamönnum á þessu sviði, né við rannsóknir t.d. í Ameríku og ekki heldur við tölur Hagstofu og Umhverfisstofnunar um heildarlosun CO_2. Það er sagt að heildarlosunin sé 11.402.000 tonn. Miðað við það væri losun framræstra mýra 8,2 milljónir tonna sem er samt langt frá niðurstöðum sumra vísindamanna.



Árleg losun gróðurhúsaloftegunda á Íslandi miðað við tölur fyrir árið 2012 í svari umhverfisráðherra við fyrirspurn Sigríðar Á. Andersen alþingismanns í október 2015. Þessar tölur hafa verið lífseigar í umræðunni og hafa fjölmargir áhrifamenn flaggað þeim sem dæmi um mikilvægi þess að moka ofan í skurði. Augljóst er að ýmislegt vantar í þessa mynd miðað við stöðuna í dag, eins og stóraukna flugumferð og að tölur um framræst land eru vægast sagt hæpnar.



Í þættinum Kveik sem Sjónvarpið sýndi 20. nóvember sl. var rætt við doktorsnemann Susanne Claudia Möckel. Sagði hún að líklega væri ekki hægt að yfirfæra erlendar rannsóknir yfir á íslenskar mýrar.

Tölur vísindanefndar um losun mýra virðast stórlega ýktar

Árið 2013 var losun gróðurhúsalofttegunda úr framræstu votlendi á Íslandi metin á 11,7 milljónir tonna CO_2 ígilda. Þessi tala byggði á viðmiðum vísindanefndar loftslagssamningsins (IPCC) um losun á flatareiningu. Í viðtali við Bændablaðið í ágúst 2016 sagði fulltrúi Landgræðslunnar að ávinningur af endurheim votlendis væri áætlaður 24,5 tonn af CO_2 ígildum á hektara á ári. Þá er miðað við evrópska staðla. Því hefur einnig verið haldið fram í umræðum um endurheimt votlendis að búið sé að þurrka um 4.200 km^2 lands með framræslu og greftri 32.000 km af skurðum. Það ættu því að vera um 420.000 hektarar. Það þýðir samkvæmt þeirri fullyrðingu að þetta meinta fyrrum votlendi ætti að vera að losa 10,3 milljónir tonna af koltvísýringsígildum (CO_2).

Dr. Þorsteinn Guðmundsson.

Dr. Guðni Þorvaldsson.

Til að þessi fullyrðing standist þarf hver skurður að vera að þurrka að jafnaði 65 metra af votlendi út frá sér beggja vegna og hver fermetri mýrar að losa samsvarandi magn og miðað er við opinberlega og eiga væntanlega uppruna í mælingum á meginlandi Evrópu.

Tveir íslenskir doktorar telja tölurnar stórlega ofmetnar

Dr. Þorsteinn Guðmundsson, prófessor í jarðvegsfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands, og dr. Guðni Þorvaldsson, prófessor í jarðrækt við LbhÍ, telja að endurheimt votlendis í stórum stíl kunni að vera stórlega ofmetna leið til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi.

Þeir félagar hafa ítrekað bent á að efnasamsetning mýra á Íslandi sé önnur en þeirra mýra á meginlandi Evrópu sem losunartölur byggjast á. Mýrar hér innihaldi mun meira af steinefnum úr eldgosum og geti því ekki innihaldið sama magn kolefnis og haldið hefur verið fram.

Ekki hægt að yfirfæra erlenda losunarstaðla á íslenskar mýrar

Nýlegar rannsóknir sem unnið hefur verið að við Landbúnaðarháskóla Íslands, styðja þetta. Í þættinum Kveik sem Sjónvarpið sýndi 20. nóvember sl. var rætt við doktorsnemann Susanne Claudia Möckel sem einmitt er að rannsaka íslensku mýrarnar með tilliti til losunar CO_2. Þar sagði hún að líklega væri ekki hægt að yfirfæra erlendar rannsóknir yfir á íslenskar mýrar.

„Við höfum eldvirknina hér og mjög tíð eldgos þannig að mýrarnar hér á landi eru steinefnaríkari en í öðrum löndum. Þær fá mikið af vindbornum efnum sökum gjóskufalls og líka frá þessum stóru auðnum í landinu og það hefur mikil áhrif á kolefnisbindingu, niðurbrotsferli og kolefnishringrásina í heild. Þannig að ég held ekki að þessir staðlar séu hentugir fyrir íslenskar aðstæður.“ Þá sagði hún að menn vissu hreinlega ekki hvað mýrarnar losuðu mikið, en rannsóknir væru í gangi.

Ekki 4.200 ferkílómetrar heldur líklega 1.600

Þá benda doktorarnir Þorsteinn og Guðni á að algengt sé að 50 metrar séu á milli framræsluskurða hérlendis og áhrifasvæði þeirra sé því ekki meira en 25 út frá skurðbarmi en ekki 65 metrar eins og fullyrðingarnar byggja á. Þannig sé meint framræst votlendi ekki 4.200 ferkílómetrar heldur 38% af því, eða nálægt 1.600 ferkílómetrar. Auk þess má benda á að stór hluti af skurðakerfinu er ekki í gegnum mýrar, heldur oft í gegnum malarkamba til að veita affallsvatni áfram út í ár og flóa.

Misvísandi rannsóknir en á skjön við íslenskar fullyrðingar

Annars eru tölur um losun mýrlendis mjög mismunandi og samkvæmt jarðvegsrannsókn U.S. Geological Survey frá því sumarið 2008 getur það rokkað frá einu og upp í 30 tonn á hektara. Þar segist lífefnafræðingurinn Gail Chmura hjá McGill háskólanum í Kanada telja líklegt að norður-amerísku saltvatnsmýrarnar séu að losa sem nemur 2,1 tonni á hektara. Samkvæmt rannsóknum Háskóla Sameinuðu þjóðanna sem Science Daily greindi frá 21. júlí 2008, þá gætu uppþurrkuð fenjasvæði í

hitabeltinu mögulega verið að losa 40 tonn á hektara á ári á meðan mómýrar séu að losa frá 2,5 til 20 tonn á hektara allt eftir gerð mýra.

Losun þurrkaðra mýra í mesta lagi 3,9 milljón tonn en ekki 10,3

Samkvæmt athugasemdum Þorsteins og Guðna eru íslensku framræstu mýrarnar ekki 420.000 hektarar heldur 160.000 hektarar. Þær eru því ekki að losa að losa 10,3 milljónir tonna CO_2 ígildis út í andrúmsloftið á ári samkvæmt evrópskum stöðlum, heldur 3,9 milljónir tonna.

Rauntalan miðað við eðli jarðvegs þar sem skurðir hafa verið grafnir getur svo hæglega verið mun lægri en þetta auk þess ef kolefnisinnihald mýrarjarðvegs er mun lægra en áður hefur verið miðað við.

Ef tölur Háskóla Sameinuðu þjóðanna frá 2008 væru notaðar þá væru menn að tala um að losun íslensku mýranna gæti verið á bilinu 400.000 til 3,2 milljónir tonn á ári en ekki 10,3 milljónir tonna eins og haldið hefur verið fram.

Þrátt fyrir þetta eru uppi áform um að leggja milljónatugi og jafnvel milljarða króna af opinberu fé til að moka ofan í skurði og endurheimta mýrar sem menn vita bara hreint ekki hvað eru að losa mikið af CO_2. Ef öll talnaspekin í loftslagsumræðunni er í takt við þetta er væntanlega ekki við góðu að búast.

Stærstu mengunarvaldarnir eru fyrir utan sviga

Árlega skilar Umhverfisstofnun „Landsskýrslu“ um losun gróðurhúsalofttegunda (National Inventory Report) til Evrópusambandsins og loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna (United Nation Framework Convention on Climate Change - UNFCCC) í samræmi við skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum.

Losunarbókhald Íslands með gróðurhúsalofttegundir er bókhald um bæði losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis úr andrúmslofti og er unnið í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Losuninni er skipt niður í flokka eftir því hver uppspretta losunarinnar er, orka, iðnaðarferlar og efnanotkun, landbúnaður, úrgangur og landnotkun, breytt landnotkun og skógrækt eða Landuse, landuse change and forestry - LULUCF.

Athygli vekur að losun sem frá landnotkun og skógrækt [LULUCF] fellur ekki undir skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum. Binding kolefnis úr andrúmslofti sem á sér stað t.d. við skógrækt eða endurheimt votlendis er talin fram undir flokknum LULUCF sem flækir málið en Umhverfisstofnun segir samt að Ísland geti talið sér þá bindingu til tekna á móti losun gróðurhúsalofttegunda í öðrum flokkum.

Umhverfisstofnun (UST) birtir á sinni heimasíðu upplýsingar um losunarígildi Íslands á CO_2. Samkvæmt nýjustu rannsóknum virðist sumt í þessum gögnum alls ekki standast eins og varðandi áhrif af metangaslosun í landbúnaði. Helstu uppsprettur losunar á gróðurhúsalofttegundum sem falla ekki undir viðskiptakerfi ESB eru í orkugeiranum (vegasamgöngum og fiskiskipum), og í landbúnaðinum (iðragerjun, nytjajarðvegi og meðhöndlun húsdýraáburðar).

Opinberum tölum ber ekki saman

Uppgjöri á losunarheimildum fyrir fyrsta viðskiptatímabil Kýótó-bókunarinnar, sem fyrir árin 2008–2012 lauk í upphafi árs 2016. Heildarlosun Íslands á tímabilinu var rúmlega 23.356 kílótonn CO_2 ígilda eða 23,3 milljónir tonna. Það þýðir að meðaltali tæplega 4,7 milljónir tonna af CO_2 á ári fyrir utan tölur um losun frá landnotkun [LULUCF]. Það stemmir samt ekki við tölur Hagstofu Íslands um losun koltvísýrings í kílótonnum úr NIR



Á þessu súluriti Hagstofu Íslands sést að útilokað er að meðaltalslosum CO_2 hafi geta náð 4,7 milljónum tonna á ári frá 2008 til 2012, hvorki samkæmt NIR skýrsla Umhverfisstofnunar né í AEA bókhaldinu. Samt er það opinbera niðurstaðan í uppgjöri á losunarheimildum fyrir fyrsta viðskiptatímabil Kýótó-bókunarinnar. Þar segir að heildarlosun á þessum fimm árum hafi verið án landnotkunar samtals 23.356 kílótonn, eða 4.671.200 kt. að meðaltali á ári.

skýrslu Umhverfisstofnunar og AEA bókhaldinu sem nær yfir rekstur íslenskra fyrirtækja og fólks sem hefur búsetu á Íslandi óháð landsvæði og munar þar 20-25%.

Í gögnum Umhverfisstofnunar segir að árið 2016 hafi heildarlosun gróðurhúsalofttegunda 4.669 kílótonn af CO_2-ígildi. (án losunar frá LULUCF), sem er 1,7% samdráttur í losun frá árinu 2015 og 28,5% aukning frá árinu 1990. Mest var losunin árið 2008 eða 5.269 kílótonn af CO_2-ígildi.

Þegar horft er á heildarlosun árið 2016, án LULUCF, má sjá að mest losun kemur frá iðnaðarferlum, næstmest frá orku, svo landbúnaði og minnst losun frá úrgangi. Frá árinu 1990 til 2015 hefur hlutfall losunar frá iðnaðarferlum aukist úr 26% til 42%, hlutfall losunar frá orku hefur minnkað úr 51% í 40% á sama tímabili.

Ýktar tölur um skaðleg áhrif losunar metans frá landbúnaði

Í gögnum Umhverfisstofnunar er sagt að hlýnunarmáttur metans CH_4 sem eins og frá húsdýrum og kúamykju og öðru slíku vegi 25 falt meira en hlýnunarmáttur sambærilegs magns af koltvísýringi CO_2. Samkvæmt nýjustu rannsóknum háskólans í Oxford standast fullyðingar um hlýnunaráhrif metans alls ekki.

Þessi margfeldistala er byggt á skýrslu sem gerð var eftir fyrstu meiri háttar umhverfisráðstefnu Intergovernmental Panel on Climate Change (IPCC) sem fram fór 1990. Þar var reynt að með ígildi mismunandi lofttegunda í koltvísýringi og hlýnunarmátt þeirra í lofthjúpi jarðar. Reyndar hefur hlutfallstalan verið nokkuð á reiki. Ýmist er talað um að margfeldi hlýnunaráhrifa metans sé 21, 25, eða 28 (samkv. GWP_{100}) og jafnvel 72 og 84 þegar talað er um stuðulinn GWP_{20}.

Í skýrslu sem ber heitið *„A solution to the misrepresentations of CO_2-equivalent emissions of short-lived climate pollutants under ambitious mitigation“* og var gefin var út 4. júní í sumar kemur fram að engin leið sé til sem meta þennan hlýnunarmátt á öruggan hátt. Þó er þarna bent á leiðir til að leiðrétta skekkjur í útreikningum. Þar þurfi að taka inn mjög mismunandi líftíma lofttegundanna í lofthjúpnum og því séu útreikningar um hlýnun lofthjúps að óbreyttu til 2030 sem m.a. er miðað við í Parísarsamkomulaginu rangir. Skekkjan geti verið 28-39% sem hlýnunin yrði minni ef t.d. væri tekið tillit til skammlífis metans í lofthjúpnum. Samkvæmt þessu þá eru skaðleg áhrif dýraeldis og landnotkunar á hlýnun lofthjúpsins alls ekki eins mikil og haldið hefur verið fram til þessa.

Þetta getur skipt verulegu máli ef litið er á tölur Hagstofu Íslands sem segir að landbúnaður á Íslandi hafi losað 14.466 kílótonn af metangasi árið 2016 en aðeins

Við erum komin með upp í kok af pólitíkinnni segja forsprakkar gulu vestanna sem mótmælt hafa kolefnissköttum og ýmsu öðru í Frakklandi að undanförnu.

4,6 kílótonn af koltvísýring. Áhrif metanlosunarinnar kunna að vera mun minni en sagt hefur verið.

Refsiskattar settir á bíleigendur meðan aðrir fá frið

Ef skoðaðar eru hástemmdar yfirlýsingar um að draga úr losun koltvísýrings út í andrúmsloftið, þá snýst umræðan á Íslandi og víðar um lönd nær alltaf um bíla. Samt skiptir stóraukin umferð skemmtiferðaskipa um íslenska landhelgi og gríðarleg aukning í farþegaflugi til og frá landinu með milljónir farþega miklu meira máli.

Mörgum stjórnmálamönnum virðist þykja það einfalt og heppilegt að beina baráttunni í loftslagsmálum gegn einkabílnum þó gögn sem opinberuð hafa verið á háttvirtu Alþingi sýni að bílar standa „einungis“ fyrir um 4% af losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum. Þrátt fyrir þá vitneskju hefur verið tekin sú ákvörðun að skattleggja eigendur bíla með brunahreyfla með álagningu kolefnisgjalds. Þannig er íbúum landsins mismunað og þeim refsað sérstaklega sem geta ekki án þessa samgöngumáta verið. Þeir skattar munu enn hækka nú eftir áramótin rétt eins og eigendur þessara ökutækja beri alla ábyrgðina á loftmengun á Íslandi.

Þegar að borga 80 milljarða í ríkissjóð ári

Það virðist algjörlega gleymast að eigendur ökutækja sem ganga fyrir bensíni og dísilolíu og að hluta líka eigendur gasknúinna ökutækja, eru þegar að greiða í samanlögð gjöld af ökutækjum og eldsneyti um 80 milljarða í ríkissjóð á ári. Samt skal enn höggvið í sama knérunn. Í aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar segir hreint út:

„Kolefnisgjald verður áfram hækkað og almenningssamgöngur styrktar í samræmi við samgönguáætlun.“

Frökkum nóg boðið

Í Frakklandi sauð upp úr á dögunum með heiftarlegum óeirðum vegna aukinnar skattlagningar á eldsneyti. Þessar óeirðir, sem kostuðu mörg mannslíf og mikið eignatjón, neyddu stjórnvöld á endanum til að draga álögur á eldsneyti til baka í byrjun síðustu viku. Óeirðirnar hafa síðan haldið áfram og hafa snúist um almennt skilningsleysi eða áhugaleysi stjórnmálamanna á kjörum þeirra sem verst standa í frönsku þjóðfélagi. Það virðist vera að myndast gjá milli stjórnmálanna og almennings víða um lönd. Ljósasta merki þess eru niðurstöður kosninga og uppgangur róttækra hreyfinga sem eru sífellt að koma ráðþrota stjórnmálamönnum á óvart.

Líka verið að refsa þeim sem minnst mega sín

Það virðist oft gleymast í allri þessari skattlagningarumræðu á eldsneyti að stór hluti þjóðarinnar í samfélagi nútímans getur ekki stundað vinnu eða daglegt líf án bifreiðanotkunar. Útilokað er að allur þessi fjöldi skipti umsvifalaust yfir í rafknúna bíla sem eru auk þess mun dýrari þrátt fyrir meðgjöf ríkisins. Með því að refsa þessu fólki og mismuna umfram aðra þegna landsins með stöðugt auknum sköttum, eru stjórnvöld um leið að refsa barnafólki, öldruðum og öryrkjum sem geta ekki án bíla verið. Aukin gjöld á eldsneyti leiða til aukinnar verðbólgu, hækkunar skulda þessara sömu hópa og aukinna erfiðleika þeirra til að komast af.

Landsbyggðaskattur

Varðandi landsbyggðarfólk hefur verið bent á að kolefnisgjaldið sé hreinn landsbyggðarskattur vegna þeirrar staðreyndar að hækkun skatta á eldsneyti hækkar flutningskostnað og vöruverð. Auk þess hækkar þetta kostnað þessa fólks sem, er tilneytt vegna skertrar þjónustu á landsbyggðinni til að sækja sér nauðsynlega þjónustu hjá sjúkrastofnunum og öðrum opinberum stofnunum sem flestar eru staðsettar í Reykjavík.

Með illu skal illt út reka

Sú trú virðist ríkjandi að hægt sé að stöðva með orkuskiptum á skömmum tíma allan akstur bensín- og dísilbíla. Því ferli skal flýtt með refsiskatti á bílnotendur. Engum virðist hins vegar koma til hugar að hægt sé að ná betri árangri með víðtækri samvinnu og án refsinga. Ekki er heldur látið duga að notkun bifreiða á Íslandi fylgi tækniþróun erlendis og bensín- og dísilknúnir bílar hverfi samfara því átakalaust af markaði.

Ný tækni er til sem leysir málið

Þó rafmagnsbílar hafi sér margt til ágætis, þá er ljóst að þeir munu ekki koma til með að leysa af hólmi sendi- og flutningabíla á allra næstu árum. Þar mun dísilvélin áfram verða ráðandi, en það eru líka komnar fram lausnir til að gera slík ökutæki harla umhverfisvæn. Kraftvélar kynntu gasknúinn IVECO sendibíl á dögunum. Vélarnar í þessum bílum eru að grunni til sömu vélarnar og eru í dísilknúnu bílunum. Sama gerð af bíl er því líka til með dísilvél. Þeir kynntu líka sams konar rafknúna sendibíla fyrr á þessu ári.

Munurinn á þessum ökutækjum er sá, að þrátt fyrir mikla meðgjöf frá ríkinu er rafmagnsbíllinn um tvöfalt dýrari og hann getur einungis borið innan við helming af þeim flutningi sem gasknúnu og dísilknúnu bræður hans geta. Þeir hafa heldur enga dráttargetu. Gasknúnu bílarnir eru mjög hljóðlátir, bera sama magn og dísilbílarnir og komast mjög langt á hverri áfyllingu. Eyða auk þess minna eldsneyti á hvern ekinn kílómetra en dísilbílar. Gera meira en að standast ströngustu mengunarkröfur Euro 6 og losa allt að 95% minna CO_2 en dísilbílarnir. Skila engri brennisteinsmengun eða sótögnum út í andrúmsloftið. Þeir eru mun ódýrari í rekstri og eru aðeins ódýrari í innkaupum en dísilknúnu bílarnir.

Þarna er verk að vinna fyrir íslenska stjórnmálamenn. Með því að ýta undir framleiðslu á metangasi í sveitumm landsins væri hægt að stórauka sjálfbærni landbúnaðar og landsins alls.

Stefnt að lausn umferðavanda með enn meiri refsingum

Það er þó ekki bara með kolefnisgjöldum sem vilji er til að beita refsivendinum af fullri hörku. Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa óskað eftir að fá leyfi til þess að innheimta „mengunar- og tafagjöld vegna bílaumferðar“. Er það sagt vegna þess að umferð hefur aukist ár frá ári undanfarin ár. Það er engu líkara en refsióðir stjórnmálamenn séu að ganga af göflunum af hatri út í bifreiðaeigendur.

Það sérkennilega við þessa kröfu er að í höfuðborginni hafa menn látið undir höfuð leggjast í fjölda ára að nota fjármuni frá ríkinu til að fara í nauðsynlegar úrbætur á gatnakerfinu. Þær eru samt lykillinn að því að liðka fyrir umferð, m.a. vegna stóraukinna umsvifa og fjölgunar íbúða í vesturhluta Reykjavíkur. Fyrir þau mistök að draga lappirnar við að laga gatnakerfið að breyttum aðstæðum, vilja menn nú refsa bíleigendum fyrir tafir sem borgaryfirvöld bera fulla ábyrgð á.

15 milljarða tap vegna umferðartafa og svo á að sekta vegfarendur

Samtök iðnaðarins hafa látið reikna út tap þjóðfélagsins vegna tafa í umferðinni á höfuðborgarsvæðinu. Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI var með umfjöllun í Morgunblaðinu sl. fimmtudag. Þar kemur fram að þjóðhagslegur kostnaður umferðartafa á höfuðborgarsvæðinu í fyrra hafi verið yfir 15 milljarðar króna, þar af hafi atvinnulífið tapað um sex milljörðum vegna tapaðs vinnutíma og almenningur um níu milljörðum vegna tapaðs frítíma. Nú vilja borgaryfirvöld bæta um betur og sekta þá vegfarendur og vinnuveitendur sérstaklega sem verða að þola allt þetta tap. - Er ekki allt í lagi hjá þessu fólki?

Þá kemur fram að samtökin áætla að 19 þúsund klukkustundum hafi verið sóað í umferðartafir á höfuðborgarsvæðinu á hverjum virkum degi árið 2017. Það gerir um sex milljónir klukkustunda á ári miðað við algengar forsendur um meðalfjölda farþega í bíl. Yfirfært á hvern borgarbúa jafngildir það því að þrír dagar hafi farið í umferðartafir á árinu.

Í máli Sigurðar kemur fram að vegaframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu hafi verið í frosti frá árinu 2012 og að markmiðið hafi verið að tvöfalda hlut Strætó í umferðinni úr 4% í 8% á tímabilinu frá 2012 til 2022 en nú, sjö árum síðar, hafi hlutfallið hins vegar ekki breyst. Þrátt fyrir þetta sé áformað að verja 42 milljörðum til uppbyggingar borgarlínu til ársins 2033.

LAND & SAGA

Á næsta ári eru liðin 70 ár frá komu 314 Þjóðverja til Íslands:

Þýsku landnemarnir á Íslandi

Á næsta ári eru liðin 70 ár síðan Esjan lagðist við ankeri utan við Reykjavíkurhöfn með 314 Þjóðverja sem hingað voru komnir til að freista gæfunnar eftir lok heimsstyrjaldarinnar seinni. Fleiri Þjóðverjar fylgdu í kjölfarið næsta áratuginn.

Langflestir Þjóðverjarnir sem hingað komu og ílengdust voru konur og eru afkomendur þeirra á landinu yfir fjögur þúsund.

Vegna tímamótanna ætlar þýska sendiráðið á Íslandi að efna til ýmiss konar viðburða tengdum sögu og komu fólksins til landsins á sínum tíma. Herbert Beck, sendiherra Þýskalands á Íslandi, segir að tengsl Íslands og Þýskalands séu mikil og að þau hafi verið það í gegnum aldirnar. Fyrsti biskupinn á Íslandi var vígður í Bremen og Konrat Maurer, sem var brautryðjandi í útgáfu íslenskra þjóðsagna, var Þjóðverji.

„Íslendingar fengu mikið af því salti sem notað var fyrr á tímum til að salta fisk frá Lübeck þaðan sem margir af landnemunum komu. Fyrsta ræðismannsskrifstofa Íslands í Þýskalandi eftir heimsstyrjöldina síðari var einnig í Lübeck og Agnar Siemsen ræðismaður hafði milligöngu um komu fólksins til Íslands, þannig að tengslin við borgina eru mikil.

Sjálfur vissi ég ekki um landnám þessara Þjóðverja á Íslandi fyrr en eftir að ég kom til Íslands sem sendiherra. Áhugi minn á sögu þessa fólks vaknaði strax og ég heyrði að umræðan á Íslandi um landnemana var yfirleitt jákvæð. Flestir Íslendingar sem ég talaði við þekktu til fólksins, kunnu sögur af því, var afkomandi þess eða þekkti einhvern sem var það. Ég ályktaði því sem svo að koma og vera fólksins hljóti að hafa haft talsverð áhrif á Íslandi og Íslendinga.

Við megum ekki gleyma því að Búnaðarfélag Íslands á stóran þátt í komu Þjóðverjanna til landsins á sínum tíma og að finna fólkinu samastað víðs vegar um landið.“

Fjölbreytt dagskrá vegna tímamótanna

Herbert Beck segir að í tilefni þess að 70 ár eru liðin á næsta ári frá komu fyrstu þýsku landnemanna hafi þýska sendiráðið ákveðið að minnast þess á margs konar og fjölbreyttan hátt.

„Auk þess sem við ætlum að halda upp á komu fólksins 1949 langar okkur einnig að fagna öllum þeim Þjóðverjum sem fylgdu í kjölfarið áratuginn þar á eftir. Til að gera þetta sem best hefur víða verið leitað fanga og meðal annars hjá íslenskum sagnfræðingum sem hafa fjallað um aðdraganda komu fólksins og afdrif þess á Íslandi.

Meðal þess sem gert verður til að fagna þessum tímamótum er að sýna kvikmyndir á þýskum kvikmyndadögum sem tengjast þýskum konum.

Goethe-stofnunin á Íslandi stendur fyrir komu þýska blaðamannsins Anne Siegel til landsins en hún hefur skrifað bók, Frauen Fische Fjorde. Deutsche Einwanderinnen in Island, um þýsku konurnar sem hingað komu og tók viðtöl við margar þeirra. Bókin nýtur talsverðra vinsælda í Þýskalandi og hefur selst í yfir hundrað þúsund eintökum og það er verið að þýða bókina yfir á íslensku og væntanlega kemur hún út á næsta ári.

Það verður ljósmyndasýning í Árbæjarsafni og víðar um landið sem tengist landnáminu. Þjóðhátíðardagur Þýskalands á Íslandi verður helgaður landnemunum og það verður alþjóðlegt málþing í samvinnu við Háskóla Íslands á árinu sem tengist málefninu.“

Ferð á forfeðraslóðir

Beck segist eiga von á að atburðanna verði á einhvern hátt einnig minnst á árinu í Þýskalandi og þá ekki síst í Lübeck. „Þjóðverjar eru yfirleitt mjög jákvæðir gagnvart Íslandi og forvitnir um land og þjóð.

Ég hef heyrt að ferðaskrifstofa á Íslandi hafi áhuga á að skipuleggja ferð til Lübeck þar sem afkomendur og aðrir sem áhuga hafa á geti kynnt sér hvaðan landnemarnir og jafnvel forfeður þeirra komu.“

Herbert Beck, sendiherra Þýskalands á Íslandi. Mynd / VH

Þýskaland 1949.

Reynsla sögunnar

Beck segir að hugmyndin sé einnig að skoða landnámið út frá því hvað Íslendingar hafi og geti lært af því. „Þar á ég við áhrif fólksflutninga og búsetu útlendinga í landinu. Auðvitað var samfélagið í lok fimmta áratugar síðustu aldar ólíkt samfélaginu í dag en samt sem áður má draga lærdóm af reynslu fyrri ára og beita reynslunni á jákvæðan og uppbyggjandi hátt.“

Í ljósi sögunnar er áhugavert að allir Þjóðverjarnir sem ílengdust hér á landi voru konur. Karlmennirnir sem hingað komu sneru allir aftur til Þýskalands og sumar konurnar einnig. Konurnar sem settust að hér á landi giftust flestar og áttu börn. Áhrif þeirra á Íslendinga voru ótvíræð. Þær breyttu til dæmis víða mataræði á heimilum, ræktuðu grænmeti til heimanota og margar þeirra ræktuðu pottaplöntur og voru fyrir vikið kallaðar „þýsku blómakonurnar“.

Upplýsingaöflun og fjársjóðsleit

Annað sem sendiráðið hyggst gera að sögn Beck er að safna upplýsingum í máli og myndum um líf fólksins og afkomendur þeirra hér á landi. „Við erum ekki enn búin að útfæra hvernig upplýsingasöfnunin fer fram og sendiráðið sem slíkt mun ekki standa fyrir henni heldur leita sér aðstoðar þeirra sem betur eru til þess fallnir. Við lítum eiginlega á þetta sem fjársjóðsleit þar sem fjársjóðurinn eru sögur, myndir og jafnvel munir sem tengjast sögu komu Þjóðverjanna til Íslands og okkar framlag til þess hluta af sögu Íslands og gjöf til íslensku þjóðarinnar.

Upplýsingar um hvernig upplýsingaöflunin mun fara fram verður kynnt síðar þegar búið er að útfæra hana betur,“ segir Herbert Beck.

/VH

Sprettur
ÁBURÐUR

Við óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári.

Þakkir fyrir ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða með von um góða tíð á næstu árum.

Sealskinz er breskt fyrirtæki sem framleiðir einstaka línu af vatnsheldum vörum fyrir höfuð þitt, hendur og fætur.

Sealskinz notast við 3ja laga einkaleyfisskráða tækni í prjónuðum sokkum, hönskum og húfum til að búa til óaðfinnanlegar vörur sem eru algerlega vatnsheldar en anda engu að síður.

SealSkinz endursöluaðilar

Reykjavík Lífland / Icewear Austurstræti, Þingholtsstræti & Laugavegi / GG Sport / Arctic Trucks / Ellingsen **Þingvellir** Þjónustumiðstöðin **Borgarnes** Lífland **Ísafjörður** SB **Sauðárkrókur** KS **Siglufjörður** SR byggingar **Akureyri** Jötunn / Veiðiríkið / Ellingsen / Icewear **Goðafoss** Fosshóll **Húsavík** Olís **Mývatnssveit** Dimmuborgir **Egilsstaðir** Jötunn **Reyðafjörður** Veiðiflugan **Norðfjörður** Multitask **Vík** Icewear **Hvolsvöllur** Lífland **Gullfoss** Gullfosskaffi **Selfoss** Jötunn

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR 2018

Íslyft sækir í sig veðrið í þjónustu við landbúnaðinn:

Tóku við umboði fyrir John Deere 2017 og eru líka komnir með Avant liðléttingana

Íslyft ehf. í Kópavogi tók við umboði fyrir John Deere dráttarvélar 2017 en þar er um að ræða einn þekktasta framleiðanda dráttarvéla í heiminum sem á að baki um 180 ára sögu.

Íslyft var með stóran bás á landbúnaðarsýningunni í Laugardalshöll í október og kynnti þar m.a. það nýjasta í landbúnaðartækjunum frá John Deere.

„Við áttum von á að þetta yrði góð sýning, en hún var eiginlega betri en við vonuðumst til," sagði Pétur Svavarsson hjá Íslyft. Hann sagði að svona landbúnaðarsýning ætti hiklaust rétt á sér á þriggja ára fresti.

Vel tekið í landbúnaðargeiranum

„Þó við séum með 50 ára gamalt fyrirtæki, þá erum við nýir inni í landbúnaðargeiranum. Það er mjög góð tilfinning að koma inn á þetta svið þar sem við erum með úrvalsmerki. Þá höfum við fengið mjög góðar viðtökur, enda með mjög góðan grunn í tækjaþjónustu."

Með mikla reynslu í lyfturum

Íslyft er einkum þekkt fyrir góða þjónustu við sjávarútvegsfyrirtæki og sölu á lyfturum frá Linde og Merlo skotbómulyftara. Fyrirtækið býður líka upp á ódýrari línu af stöflurum og keyrslutjökkum. Segir Pétur a ð þeir haldi sínu striki varðandi góða þjónustu og það sama eigi við varðandi dráttarvélarnar. Reyndar hefur Íslyft líka verið að hasla sér völl með rafknúna litla vinnubíla frá Goupil. Þar nýtist þeim vel reynslan af rafknúnum lyfturum.

Með John Deere og Avant

„Ég held að John Deere sé hæst skrifaða dráttarvélamerkið í heiminum svo við erum stolt að vera komin með það merki. Svo erum við líka komin með Avant liðléttinga, en við tókum við því umboði í byrjun október. Avant er frumkvöðullinn í liðléttingunum og eru mikið notaðir í landbúnaði. Þetta umboð gerir okkur bara enn öflugri á landbúnaðarsviðinu."

Pétur Svavarsson hjá Íslyft við John Deere 6155R dráttarvél á landbúnaðarsýningunni í Laugardalshöll í október. Mynd / HKr.

Öflugasta dráttarvélin frá John Deere er þessi 620 hestafla 9620RX beltavél. Mynd / HKr.

Fjölmenni var jafnan á bás Íslyft á landbúnaðarsýningunni og fönguðu þessi risavöxnu gljáfægðu grænu tæki líka athygli smáfólksins. Mynd / HKr.

John Deere er sannkallað risafyrirtæki á heimsvísu

Bandaríska fyrirtækið John Deere var stofnað árið 1837. Á síðasta ári velti það 29.738 milljörðum dollara en tekjur af starfseminni voru 4.053 milljarðar dollara. Það er númer 102 á lista Fortune yfir 500 stærstu fyrirtæki Bandaríkjanna 2018 og er númer 394 á heimsvísu. Þá eru starfsmenn samsteypunnar nú nálægt 60.500.

Aðalverksmiðjurnar fyrir Evrópu eru í Mannheim í Þýskalandi. Hjá Íslyft er hægt að fá bæði nýjar og notaðar John Deere vélar og byggður hefur verður upp góður varahlutalager. Þá var samið við þjónustuaðila sem hafa mikla reynslu í viðgerðum á John Deere vélum hér á landi. Þess má geta að Íslyft hefur það að markmiði að handbækur og upplýsingar um vélarnar séu á íslensku.

John Deere framleiðir dráttarvélar í ölum stærðarflokkum. Stærsta vélin er liðskipt fjórhjóladrifin John Deere 9620RX. Hún er með 620 hestafla Cummins QSX 15 lítra mótor og er á beltum. Ólíklegt hlýtur að teljast að slíkur gripur sjáist á íslenskum túnum á næstunni. */HKr.*

Jól SAMSUNG

65“

70.000 KR AFSLÁTTUR

QE65Q7F

SAMSUNG
QLED TV

Jólaverð
kr. 349.900,-

(áður 419.900,-)

Einnig til í 55” og 75”

Gerið góð kaup!

SAMSUNG
RS50
Hvítur kæliskápur

Jólaverð
kr. 159.900,-

(áður 189.900,-)

SAMSUNG
R1
Multi Room hátalari

Jólaverð
kr. 17.900,-

(áður 24.900,-)

SAMSUNG
SAMS23K3523AK/EE
ÖRBYLGJUOFN
Svartur/hvítur 23L 800W

kr. 19.900,-

SAMSUNG
WW70 Þvottavél
7 KG. 1400 SN.
Eco Bubble

kr. 64.900,-

SAMSUNG
DV70 Þurrkari
7 KG. barkarlaus þurrkari.
Varmadæla í stað elements.

kr. 89.900,-

SAMSUNG
NU6025

UHD 4K - PQI 1300 - Smart TV

Jólaverð	43"	89.900,-
Jólaverð	50"	99.900,-
Jólaverð	55"	109.900,-
Jólaverð	65"	169.900,-

SAMSUNG
NU7445

UHD 4K - PQI 1800 - Smart TV

Jólaverð	43”	119.900,-
Jólaverð	50"	139.900,-
Jólaverð	55"	149.900,-
Jólaverð	65"	225.000,-

SAMSUNG
NU8045

Premium UHD 4K - Smart TV - PQI 2600
HDR 1000 - 10 bita skjár

Jólaverð	49"	169.900,-
Jólaverð	55"	189.900,-
Jólaverð	65"	269.900,-
Jólaverð	75"	369.900,-

Netverslun:
ORMSSON.IS

ORMSSON

SAMSUNG SETRIÐ

LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15

ormsson

LÍF & STARF

Dagatal um lífið í Hvammshlíð í Skagabyggð gefið út:

Til fjármögnunar á dráttarvél fyrir bæinn

– Annað upplag er nú uppselt

Caroline Kerstin Mende er fædd í Þýskalandi, er verkfræðingur og grafískur hönnuður sem kom fyrst til Íslands 1989 og réði sig sem vinnukona á Húsatóftum á Skeiðum. Hún hefur verið Íslendingur í hjarta sínu síðan. Hún keypti eyðijörðina Hvammshlíð í Skagabyggð í Austur-Húnavatnssýslu fyrir nokkrum árum og settist þar að og er nú þekkt sem Karólína í Hvammshlíð, en hún bjó áður í Skagafirði. Hún gaf nýverið út dagatal um lífið í Hvammshlíð til að safna fyrir dráttarvélakaupum. Annað upplag þess er nú uppselt.

Karólína hefur hægt og bítandi byggt upp bústofn sinn sem telur nú 50 kindur, fjögur hross og tvo hunda. Með umsvifameiri búrekstri – og eftir óvænt fráfall nágrannans – hefur þörfin á dráttarvél fyrir bæinn orðið brýn.

Dagatalið er búfjárdagatal – með alþýðlegum fróðleik um sögu daganna.

Karólína býr ein í Hvammshlíð í Skagabyggð með 56 gripi. Mynd / úr einkasafni

Heyannir. Gömlu mánaðarheitin og útskýringar á þeim.

Kynnir íslensk búfjárkyn fyrir erlendum ferðamönnum

Karólína hefur á undanförnum árum vakið athygli fyrir bókaútgáfu þar sem hún kynnir íslensk búfjárkyn fyrir ensku- og þýskumælandi ferðamönnum og hvernig daglegt sveitalíf var í gamla daga á Íslandi. „Við fráfall besta nágrannans í heimi, Braga á Þverá, hvarf ekki bara góður og traustur vinur heldur núna vantaði allt í einu tæknilega aðstoð. Það þýddi að ég komst ekki lengur af án eigin dráttarvélar sem bjargar mér og skepnunum mínum," segir Karólína.

„Hérna uppi í miklum snjó og vondum veðrum dugar ekkert nema framdrifsvél í góðu standi, með ámoksturstækjum og gaddakeðjum. Því datt mér í hug að gefa út dagatal á íslensku og þýsku til að fjármagna dráttarvélina."

Daglegt líf og gamlir mánuðir

Að sögn Karólínu hafa viðtökur við dagatalinu verið framar vonum – bæði á Íslandi og í þýskumælandi löndum. „Ég gat því keypt Zetor 7245, árgerð 1990, svo ámoksturstæki, rúllugreip, skóflu og keðjur, auðvitað allt notað og í ódýrari kantinum. Ég á hins vegar eftir að fá reikninginn frá vélaverkstæðinu, þannig að ég vonast til að selja nokkur eintök í viðbót upp í hann.

Dagatalið er í stóru broti – 42 sentimetra breitt – og sýnir á stórum ljósmyndum daglegt líf hér í Hvammshlíð. Þar fær fólk að kynnast vel þeim sem munu njóta góðs af dráttarvélinni. Almanakið býður ekki bara upp á allar algengar upplýsingar eins og „venjulegar" vikutölur, tunglstöðu og auðvitað rauða daga. Það inniheldur líka gömlu mánuðina og merkisdaga – ekki síst gömlu vikutölurnar sem koma oft fram í gömlum bókum og eru enn í dag notaðar af eldri kynslóðum."

Hrærð og þakklát sveitungum sínum

„Á einni blaðsíðu eru líka myndir af Matthildi Hjálmarsdóttur á Hvammstanga og Sigurlaugu Ólafsdóttur frá Miklabæ. Þessar tvær vinkonur mínar hafa ásamt vini mínum, Sigursteini Bjarnasyni í Stafni, veitt mér sérstaklega mikla aðstoð í dagatala- og dráttarvélarmálinu. Auk þess er það hreint út sagt ótrúlegt hvað ég hef fengið góðar viðtökur úr öllum áttum, sérstaklega frá sveitungum mínum. Ég er hrærð og afar þakklát, það er alls ekki sjálfgefið að búa í samfélagi sem er svo jákvætt og uppbyggjandi.

Ábúendurnir í Hvammshlíð, 57 einstaklingar í aldursröð innan tegundar.

Það er það sem gildir og er í rauninni enn verðmætara en dráttarvélin sjálf," segir Karólína. /smh

FabLab smiðja opnuð í Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi

Miðvikudagurinn 28. nóvember síðastliðinn var stór dagur í sögu Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi því þann dag var FabLab smiðja skólans opnuð formlega en um er að ræða stafrænt verkstæði í Hamri, verksnámshúsi skólans.

FabLab Selfoss er samstarfsverkefni Héraðsnefndar Árnesinga, Fjölbrautaskóla Suðurlands, Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, Háskólafélags Suðurlands, Atorku – félags atvinnurekenda á Suðurlandi og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. „Samstarfið er einstakt á landsvísu og vitni um hvað hægt er að gera þegar ólíkir aðilar taka höndum saman um þörf verkefni. Með samhentu átaki framangreindra sex aðila hefur tekist að byggja upp góða aðstöðu fyrir nemendur, kaupa tækjabúnað og auk þess að tryggja rekstur verkstæðisins til næstu þriggja ára," segir Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.

Áttunda og nýjasta FabLab smiðjan er til húsa í Hamri, verknámshúsi Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi.

Það kom í hlut Sigurðar Inga Jóhannssonar ráðherra að opna smiðjuna formlega með því að ýta á takka. Honum til halds og trausts var Magnús Stephensen, forstöðumaður smiðjunnar.

Hvað er FabLab?

Fyrir þá sem ekki vita þá er FabLab (Fabrication Laboratory) stafræn smiðja með tækjum og tólum til að búa til nánast hvað sem er. Smiðjurnar, sem eru átta á Íslandi, gefa ungum sem öldnum tækifæri til að hanna, móta og framleiða með aðstoð stafrænnar tækni og þannig þjálfa sköpunargáfuna og hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd.

Markmiðið smiðjanna er að auka þekkingu skólafólks og almennings á persónumiðaðri framleiðslu og stafrænum framleiðsluaðferðum í iðnaði og nýsköpun. FabLab er líka ætlað að auka áhuga á verk- og tækninámi í grunn- og framhaldsskólum, auka almennt tæknilæsi og tæknivitund og efla hæfni til nýsköpunar í námi og atvinnulífi. /MHH

Fjöldi gesta mætti við vígslu FabLab smiðjunnar.



MENNING & BÆKUR

Finnbogi Hermannsson, rithöfundur og fréttamaður, með nýja skáldsögu – Undir hrauni:

Þýskir flóttamenn hitta fyrir íslenska bændur



Bókaútgáfan Sæmundur gefur út.

Undir hrauni heitir ný skáldsaga eftir Finnboga Hermannsson, rithöfund og fréttamann á Ísafirði. Sagan byggir á sögulegum atburðum hér á landi á stríðsárunum. Aðfaranótt 10. maí 1940 þegar Bretar tóku Ísland herskildi flúðu tveir þýskir skipbrotsmenn úr Reykjavík með senditæki í fórum sínum og tóku sér bólfestu austur í Rangárvallasýslu.

Hér á eftir má lesa kaflabrot um fund þýsku skipbrotsmannanna og rangæskra bænda. „Bændur undir Heklurótum urðu þeirra fyrst varir. Voru þeir að smala til rúnings einn þurran og sólfagran dag þegar þeir tóku eftir fataplöggum sem hengd höfðu verið til þerris á trjágreinar í hólma einum í Rangá. Sá hólmi nefnist Tjörvastaðahólmi. Fór nú margt um hugann hjá bændum og bændasonum sem voru með í för og biðu átekta. Varð úr að hinir eldri mennirnir knúðu drógir sínar út í ána sem var tæplega í kvið. Þegar þeir komu yfrum voru tveir menn að skríða úr tjaldi sínu allskelkaðir að sjá en meira hissa. Þeir höfðu búist við brugðnum byssustingjum þegar þeir heyrðu mannaferðina. Þeim létti stórum í tjaldgættinni að sjá þar bara búandmenn sem héldu í hross sín. Bændur heilsuðu að sveitasið og sögðu til sín. Komust að því að þetta voru Þjóðverjar sem skildu og töluðu ögn íslensku. Sögðust þeir stunda veiðar í ánni og skjóta fugla sér til viðurværis. Veiðistöng lá á tjaldinu og haglabyssa var hvílunautur þeirra við höfðagaflinn. Jafnframt var þar sérkennilegt tæki sem bændum fannst vera senditæki einhvers konar. Við það voru tengdar rafhlöður.

Bændur réðu nú ráðum sínum og veltu fyrir sér erindi mannanna á þessum slóðum. Engin ný bóla að Þjóðverjar væru að þvælast um landið og höfðu verið að rannsóknum það sem af var öldinni. Kom í ljós að þessir voru af Bahía Blanka og höfðu lagst út nóttina sem Bretar hernámu landið 10. maí. Hafði ræðismaðurinn ef til vill haft pata af því að bresk innrás væri yfirvofandi og vildi gera út njósnarmenn?

Í Rangárvallasýslu voru tveir valinkunnir Þjóðverjar og bjuggu á Hellu, annar bókari, hinn skraddari. Ekki hrófluðu Bretar við mönnum þessum. Ef til vill voru það kynni bænda við Þjóðverjana að þeim þótti ekki einboðið að afhenda Bretum drengina úr Tjörvastaðahólma.

Breskir hermenn höfðu komið austur til leitar og miðað nákvæmlega út senditæki piltanna þarna í hólmanum í Rangá. Einnig kom íslenskur túlkur með þeim austur. Sá var þekktastur fyrir þýskukennslu í útvarpinu. Bretar reyndu að fá upplýsingar um Þjóðverjana með fagurgala en ekki nærgangandi pínd sem þeir voru þekktir að. Í minni manna er að þýskukennarinn gaf sveitabörnunum brjóstsykur og reyndi að hæna þau að sér með fleðulegu fasi ef honum tækist að draga eitthvað upp úr þeim. En hvorki gekk né rak. Gistu Bretar og þýskukennarinn í Næfurholti undir Heklufjalli enda ekki í nein önnur hús að venda á þessum slóðum. Gestrisni bændafólks fór ekki í manngreinarálit eða gerði mismun á þjóðerni manna. Aumingja blessaðir mennirnir þurftu einhvers staðar að gista og fá góðgerðir. Þetta var samgróið íslenskri bændamenningu.

SAMTÖK KVENNA UM NÝJA STJÓRNARSKRÁ
Frjáls framlög til samtakanna:
Kt. 691018-0830, banki: 0133 -26 - 020238

Ný stjórnarskrá hefur þegar verið samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Núverandi stjórnarskrá var skrifuð af dönskum karlmönnum. Konur á Íslandi sætta sig ekki lengur við að lúta grundvallarlögum sem þær höfðu hvorki tækifæri né rétt til að taka þátt í að móta.
Þær krefjast nýrrar stjórnarskrár.

LÍF & STARF

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga:

Vilja sjúkraþyrlu á Suðurland

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga áréttaði á fundi sínum fyrir skömmu nauðsyn þess að sem fyrst verði farið í tilraunaverkefni þar sem þyrlur verði notaðar í sjúkraflug.



Stjórnin vill að slík þyrla verði staðsett á Suðurlandi en þá er verið að tala um sjúkraþyrlu sem yrði rekin í samvinnu við sjúkraflutninga Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á landi. Þyrlan yrði með stuttum útkallstíma og sérhæfðum mannskap eins og lækni og hjúkrunarfræðingi. Áætlaður kostnaður er á bilinu 500 til 880 milljónir króna á ári eftir því hvaða þyrla yrði valin til verkefnisins og hvort einn eða tveir flugmenn yrðu í áhöfn. */MHH*

Stóra-Grábrók ris fagurformuð fast við þjóðveginn hægra megin á myndinni. Yfir 75 þúsund manns gengu á Grábrók á einu ári samkvæmt teljara sem settur var upp í nóvember í fyrra. Mynd / HKr.

Ríflega 75 þúsund manns á Grábrók á einu ári

Grábrók i Borgarfirði er vinsæll viðkomustaður. Ár er frá því teljari var settur þar upp en á þeim tíma sem liðinn er hafa ríflega 75 þúsund manns gengið á Grábrók samkvæmt teljaranum. Þetta kemur fram á vef Umhverfisstofnunar.

Þar má finna ýmsar upplýsingar um náttúrufyrirbærið, m.a. að Grábrókargígar hafi fyrst verið friðlýstir sem náttúruvætti árið 1962 en friðlýsingunni hafi verið breytt árið 1975. Gígarnir séu alls þrír. Litla-Grábrók hafi horfið að mestu við framkvæmdir en Stóra-Grábrók rísi fagurformuð fast við þjóðveginn. Þriðji gígurinn er vestar og heitir Grábrókarfell. Gígarnir tilheyra eldstöðvakerfi sem teygir sig langt vestur á Snæfellsnes. Hraun úr gígunum þekur stóran hluta Norðurárdals. Gangandi fólki er heimil för um hið friðlýsta svæði, enda sé merktum slóðum fylgt og snyrtimennsku gætt í hvívetna.

Göngustígurinn upp Grábrók er með manngerðum þrepum. Jón Björnsson hjá Umhverfisstofnun segir að aldrei áður hafi talning með rafrænum hætti verið framkvæmd við Grábrók. Greinilega sé mikil umferð á svæðinu en niðurstaðan sé í takt við hans tilfinningu áður en mælingin fór fram. */MÞÞ*

Vor í Pétursborg

3. - 8. apríl Vor 2
Fararstjóri: Pétur Óli Pétursson

Pétursborg er án efa miðstöð menningar og lista og hafa bókmenntir, tónlist og leiklist þaðan mikla þýðingu um heim allan. Við skoðum m.a. virki heilags Péturs og Páls, dómkirkju heilags Ísaks og Vetrarhöllina. Hér er því margt sem gleður augað og margir hápunktar!

Verð: 174.700 kr. á mann í tvíbýli.
Mjög mikið innifalið!

Bókaðu núna á baendaferdir.is
Sími 570 2790 | bokun@baendaferdir.is | Síðumúla 2, 108 Reykjavík

spör ehf.

Rekaviður á Langanesi. Mynd / VH.

Ríkisstjórnin samþykkir fimm megintillögur:

Efling byggðar við Bakkaflóa

Ríkisstjórnin hefur samþykkt tillögur samgöngu- og sveitarstjórnaráðherra um eflingu byggðar við Bakkaflóa. Tillögurnar voru settar fram í skýrslu nefndar sem ráðherra skipaði til að fjalla um málefni byggðarinnar. Í nefndinni sátu fulltrúar fimm ráðuneyta.

Í skýrslunni er lagt til að aflaheimildir til ráðstöfunar í Bakkafirði verði auknar, vegagerð um Brekknaheiði flýtt, byggðin tekin inn í verkefnið Brothættar byggðir, samfélagssáttmáli gerður milli íbúa, sveitarstjórnar og ríkis og loks að starfsstöð í náttúrurannsóknum verði sett á fót í Bakkafirði.

Nefndin leggur til að ríkið verji allt að 40 milljónum króna á ári í fimm ár til undirbúnings verkefna á Bakkaflóasvæðinu. Fjármunum verður varið til að styðja við ýmis uppbyggingarverkefni í tengslum við tillögur nefndarinnar.

Kostnaður vegna aflaheimilda og vegagerðar eru utan þessa kostnaðar. Fimm megintillögur eru lagðar fram í skýrslu nefndarinnar.

Auknar aflaheimildir

Lagt er til að 150 þorskígildistonnum verði að lágmarki bætt við aflaheimildir til ráðstöfunar í Bakkafirði og óskað eftir samstarfi um nýtingu þeirra. Jafnframt verði kannað hvort ná megi fram jákvæðari áhrifum á samfélagið með því að slá af kröfum um vinnsluskyldu á Bakkafirði fyrir þessar viðbótarheimildir, að minnsta kosti tímabundið.

Bundið slitlag á Langanesströnd

Tekið er undir áform Vegagerðarinnar og eindregið lagt til að lagning bundins slitlags á Langanesströnd hefjist á árinu 2019 og að verkinu ljúki eigi síðar en 2021. Í beinu framhaldi verði hafist handa við vegagerð um Brekknaheiði sem er á samgönguáætlun.

Brothættar byggðir

Lagt er til að byggðin við Bakkaflóa verði tekin inn í verkefnið Brothættar byggðir og verkefnisstjóri ráðinn til að stýra verkefninu. Nefndin leggur til að verkefnisstjóri verði í fullu starfi og hafi búsetu á Bakkafirði ef kostur er.

Samfélagssáttmáli um þjónustu og umhverfismál

Nefndin leggur til að gerður verði samfélagssáttmáli á milli sveitarstjórnar, íbúasamtaka og ríkis. Þar verði meðal annars lýst yfir vilja til að snúa við neikvæðri byggðaþróun og settar fram skuldbindingar hvers aðila fyrir sig. Í umræddum samfélagssáttmála mætti taka á ýmsum málum, svo sem átaki í að efla nærþjónustu og átaki í umhverfismálum.

Starfsstöð í náttúrurannsóknum

Loks er lagt til að skoðað verði að koma á fót starfsstöð í náttúrurannsóknum á Bakkafirði sem hefði það hlutverk að rannsaka lífríki Bakkaflóa, þar með talið lífríki Finnafjarðar og nágrennis. Um væri að ræða útibú frá annaðhvort Náttúrufræðistofnun Íslands eða Náttúrustofu Norðausturlands. */VH*

Lambadagatalið 2019:

Breiðir út fegurð íslensku sauðkindarinnar

Lambadagatalið fyrir árið 2019 er komið út, í fimmta sinn. Það prýðir að venju stórar og fallegar andlitsmyndir af nýlega fæddum lömbum í sínu náttúrulega umhverfi. Myndirnar fanga fegurð þeirra, persónuleika og þá einstöku dásemd sem fólgin er í nýju lífi.

Dagatalið er í A4 stærð (hæð 297 mm og breidd 210 mm) þar sem hver mánuður er á einni blaðsíðu. Það er gormað með upphengju og því auðvelt að hengja það upp þar sem hentar. Á það eru merktir allir hefðbundnir helgi- og frídagar, einnig eru merkingar fyrir fánadaga, komu jólasveinanna, gömlu mánaðaheitin og ýmsa aðra daga er tengjast sögu lands og þjóðar. Dagatalið er því ekki eingöngu fallegt heldur inniheldur líka þjóðlegan fróðleik og er því tilvalið til gjafa, ekki hvað síst jólagjafa. Fallegar myndirnar og þjóðlegur fróðleikurinn veitir dagatalinu líftíma umfram það ár sem venjan er með dagatöl.

Ragnar Þorsteinsson sauðfjárbóndi, ljósmyndari, ásamt ýmsu öðru tilfallandi hefur veg og vanda að útgáfu lambadagatalsins.

Ragnar Þorsteinsson sauðfjárbóndi, ljósmyndari, ásamt ýmsu öðru tilfallandi hefur veg og vanda að útgáfu lambadagatalsins, en flestar myndanna eru teknar á búi hans, Sýrnesi í Aðaldal í Suður-Þingeyjarsýslu. Lambadagatölin hafa hlotið góðar viðtökur. Útgáfan hefur verið fjármögnuð á Karolina Fund þar sem þau eru keypt í forsölu. Megintilgangur útgáfunnar er þó að sögn Ragnars sá að breiða út sem víðast fegurð og fjölbreytni íslensku sauðkindarinnar. */MÞÞ*

Verslaðu jólagjöfina í nýrri vefverslun

..við sendum um land allt.

í faðmi fjölskyldunnar

JOE BOXER®

www.joeboxer.is Kringlan, 2. hæð

Gleðilega jólahátíð

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is
Frostagötu 2a • 603 Akureyri • velfang@velfang.is

ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR 2018

Þór býður bændum og verktökum ýmsar lausnir til að takast á við veturinn:

Metsala á snjóblásurum í haust og greinilega búist við hörðum vetri

–Sölumenn Þórs frumsýndu nýjan og öflugan Dalen-snjóblásara með tenntri tromlu

Þór hf. hefur flutt inn landbúnaðartæki um áratuga skeið. Það eru þó ekki bara dráttarvélar og heyvinnutæki og annað sem því tilheyrir, heldur líka ýmsar gerðir af snjóblásurum til að takast á við íslenskan vetur.

Sumir bændur hafa komið sér upp mjög öflugum dráttarvélum í því augnamiði að sinna verktöku við heyvinnu og önnur verk fyrir kollega sína. Vélarnar nýtast líka til ýmissa annarra nota eins og í vegagerð og snjómokstur. Þar koma menn ekki að tómum kofunum hjá Þór.

Nýr snjóblásari frá Dalen

Á landbúnaðarsýningunni sem haldin var í Laugardalshöll í október síðastliðnum sýndi Þór ýmsan tækjabúnað á stóru útisvæði. Þar á meðal vakti athygli blaðamanns öflugur norskur snjóblásari sem hægt er að tengja framan á dráttarvél.

„Við erum að sýna hér Deutz Fahr og Kubota dráttarvélar og einnig kynna heyvinnuvélar sem við verðum með á boðstólum á næsta ári. Þá erum við að frumsýna þennan nýja snjóblásara frá Dalen sem og Schulte blásara sem við höfum selt mikið af,“ sagði Einar Oddsson, sölustjóri véladeildar Þórs.

Eins og menn búist við snjóþungum vetri

„Það er athyglisvert hvað menn virðast búast við snjóþungum vetri. Ég hef aldrei selt jafn marga snjóblásara í september og október og núna. Ég veit ekki hvort menn eru svona vissir um að það muni snjóa mikið, eða hvort menn eru bara búnir að læra það af reynslunni að það er ekki alltaf hægt að ganga að snjóblásurum vísum á lager þegar allt er komið á kaf,“ sagði Einar.

Hönnun Dalen snjóblásarans er þannig að hann nagar sig inn í snjóstálið með tenntum snigli og ræður því við harðari snjó en snjóblásarar sem menn þekkja með tveim spöðum. Vegna þeirra annmarka sem spaðablásarar hafa þó þeir geti verið mjög afkastamiklir, þá er orðið algengara að hönnuðir nýti snigla þar sem aðstæður eru mjög erfiðar. Í afar breytilegu veðurfari eins og algengt er á Íslandi henta sniglablásararnir því mjög vel.

Einar Oddsson, sölustjóri véladeildar Þórs, og Njáll Haukur Sigurðsson, sölumaður landbúnaðarvéla á Akureyri. Mynd / HKr.

Schulte-SDX-102 snjóblásari.

Kubota vélar á landbúnaðarsýningunni í Laugardalshöllinni.

Deutz Fahr dráttarvélar á sýningarsvæði Þórs.

Þór hefur selt Schulte snjóblásara í áratugi og þá er líka hægt að fá fyrir smávélar eða liðléttinga. Mynd / Schulte

Gríðarlega öflugur

Einar segir að við aðstæður eins og á höfuðborgarsvæðinu, þar sem saltpækill gerir snjó fljótt að hörðum klaka, þá geti Dalen snigilblásari dugað vel til að brjóta niður harðan snjó.

Snjóblásarinn sem Þórsmenn kynntu á sýningunni heitir Dalen 2118 og er gríðarlega öflugur og hægt er að nota hann við allt að 350 hestafla dráttarvélar. Hann er 1.830 kg að þyngd og með 270–280 sentímetra vinnslubreidd. Þá er tennti brotsnigillinn 95 cm að þvermáli og útblástursopið er 90 cm. Gírkassinn vinnur á allt að 1.000 snúningum á mínútu sem gefur blásaranum mikla kastlengd samkvæmt upplýsingum á vefsíðu Dalen í Noregi.

Fleiri gerðir

Schulte snjóblásararnir eru líka afar vel þekkir hér á landi og fást í mörgum útfærslum og stærðum. Þór hefur selt slíka blásara um áratuga skeið og segir Oddur Einarsson framkvæmdastjóri að það megi eiginlega segja að Schulte blásarar séu orðnir hluti af hefðbundnum húsbúnaði í sveitum á Íslandi. Slíkir blásarar eru áfram á boðstólum hjá Þór þó Dalen, sem hefur reyndar líka verið hér á markaði í nokkur ár sé kominn með þennan öfluga nýja snjóblásara fram á sjónarsviðið.

/HKr.

Dalen 2118 er gríðarlega öflugur og hægt er að nota hann við allt að 350 hestafla dráttarvélar. Mynd / Dalen

SÖGUR & SAGNIR ÚR SVEITINNI

Branda



Þegar Ólöf Steingrímsdóttir, bónda á Fossi á Síðu, giftist Páli Erlingssyni í Árhrauni á Skeiðum (síðar sundkennara) þá fékk hún rauðbröndótta kú í heimanmund. Branda kynntist fljótt við heimakýrnar í Árhrauni og hélt sig með þeim, en lítið eða ekkert varð vart við óyndi í henni.

Stórgripahagar eru ekki góðir í Árhrauni, og fara kýr þaðan vanalega fram í Áshildarmýri og Merkurlaut og eru þar saman við kýr frá Skálmholti, Kýlhrauni o. fl. bæjum. Oftast skipta þær sér þó sjálfar á kvöldin og fara hverjar heim til sín.

Kálfur hafði verið alinn í Árhrauni um veturinn. Hann var tjóðraður í túninu um vorið, þangað til hann hafði lært að bíta. Þá hafði Branda verið þar hér um bil

hálfan mánuð er kálfurinn var fyrst rekinn í haga með kúnum. Þær fóru eins og vant var fram í Áshildarmýri og voru þar ásamt öðrum kúm um daginn. Undir kvöld tóku Árhraunskýrnar sig frá og héldu heimleiðis. Tveir unglingar sátu hjá ám í hrauninu og horfðu á kýrnar. Þær gengu hver á eftir annarri heim göturnar, og var Branda öftust. Kálfurinn var ekki með. Nálægt miðri leið stansaði Branda og leit í kringum sig. Hinar héldu áfram, og hún hélt svo áfram á eftir þeim. En brátt stansar hún aftur, lítur í kringum sig og baular. Enginn tók undir. Hún baulaði aftur tvisvar eða þrisvar, og er það var til einskis sneri hún aftur, tók á rás og hljóp sem fætur toguðu fram í Áshildarmýri. Þar voru enn ýmsar kýr, og með þeim var Árhraunskálfurinn. Branda gekk að honum, þefar af honum allt um kring dálitla stund, fór svo aftur af stað, og kálfurinn með henni. Létti hún ekki fyrr en hún kom með hann til heimakúnna.

Unglingarnir sem á horfðu hafa sagt mér þetta, og þekki ég þá vel, bæði að eftirtekt og sannsögli.

Það hefði ef til vill ekki þótt í frásögu færandi þótt einhver af heimakúnum hefði saknað kálfsins og snúið aftur að sækja hann. Og þó hefði verið rangt að gera lítið úr því. En það var ekki svo: þeim hugkvæmdist það ekki. En Bröndu hugkvæmdist það, þó að hún væri nýkomin og ókunnug. Það lýsir yfirburðum hjá henni, og er vottur þess að hugsunin er á mismunandi stigum hjá dýrunum. Það eiga þau sameiginlegt með mönnunum.

/Úr bókinni Forustu Flekkur.

Guðný María Arnþórsdóttir í laginu Hraunsrétt.

Tónlist:

Hraunsrétt

Guðný María Arnþórsdóttir hefur sent frá sér nýtt lag sem heitir Hraunsrétt og, eins og hún segir, samið fyrir frændur sína fyrir norðan.

Í tilkynningu vegna útkomu nýja lagsins segir Kristín María að í myndbandi með laginu sé hún ekki í neinum fjósaræflum eins og oft sé talið að bændur séu í. „Það er allsendis ekki rétt, ég ólst upp í sveit og það með stæl. Það var ekki til nein lopapeysa þar sem ég ólst upp og í anda þess klæðist ég íþróttabuxum og nútíma skófatnaði í myndbandinu.“

Kristín semur sjálf lag og texta og sér um undirleik og söng og heyra má lagið á youtube líkt og aðrar tónsmíðar hennar – https://www.youtube.com/watch?v=ucYUZn-v7g8&t=3s.

Bændablaðið óskar lesendum og viðskiptavinum um land allt gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári

Blaðið kemur næst út 17. janúar 2019

AUÐLINDIR & UMHVERFISMÁL

Langtímaáhrif alaskalúpínu á gróður og jarðveg á Íslandi:

Lúpína viðhelst meðan spírunarskilyrði eru til staðar

Í nýlegri skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands er greint frá niðurstöðum rannsókna á framvindu gróðurs á svæðum þar sem alaskalúpína hafði vaxið og breiðst út um áratuga skeið.

Fram kemur í skýrslunni að með hlýnandi veðurfari og samdrætti í sauðfjárbeit megi búast við að útbreiðsla lúpínu og gróðurs sem fylgir í kjölfar hennar, svo sem skógarkerfils, margfaldist á næstu áratugum og að miklar breytingar verði á gróðurfari og búsvæðum dýra vegna þessa.

Rannsóknirnar fóru fram árin 2011–2014 á 15 svæðum á suður- og norðurhluta landsins. Þær voru endurtekning á rannsóknum sem fóru fram á sömu svæðum um 20 árum fyrr. Höfundar skýrslunnar eru Borgþór Magnússon, Sigurður H. Magnússon og Bjarni Diðrik Sigurðsson.

Lúpína í blóma.

Hver eru áhrif lúpínu?

Markmið með rannsóknunum var að leita svara við spurningum um í hvers konar landi lúpína breiðist út, hvort hún breiðist yfir gróið land, hvaða gróðurbreytingar fylgi henni, hvort hún víki með tímanum og hvaða áhrif hún hefur á jarðveg.

Helstu niðurstöður

Lúpína breiðist yfir fjölbreytilegt land sem er allt frá því að vera nær ógróið, hálfgróið til gróið. Á úrkomusömum svæðum sunnan heiða myndar lúpína, á rýru landi, með tímanum blómríkt graslendi með miklum mosa í sverði. Þar á lúpína erfitt með að endurnýja sig af fræi og hörfar víða með tímanum og skilur eftir sig blómríkt graslendi. Þar sem úrkoma er lítil norðan heiða verður lítill mosavöxtur og næst þetta framvindustig hörfunar ekki á þeim 50 árum sem rannsóknir okkar ná til. Lúpína viðhelst meðan spírunarskilyrði fyrir hana eru til staðar. Norðanlands breiðist lúpína inn á gróið mólendi með fremur ríkum jarðvegi. Þar myndast með tímanum elftingaríkt land með lúpínu og blómjurtum. Lúpína virðist lítið hörfa af því landi enn sem komið er. Hörfun lúpínu getur orðið við það að skógur vex upp í breiðum eftir að plantað er í þær, eða við sjálfsáningu í gisnum breiðum. Þá getur lúpína látið undan við sauðfjárbeit eða úðun með illgresiseyði. Síðan eru dæmi um að skógarkerfill leggi undir sig lúpínubreiður og verði einráður, en hversu lengi hann viðhelst í landi er óljóst.

Niðurstöður milli landshluta

Um sunnanvert landið er úrkomusamara en norðanlands og vaxtarskilyrði betri fyrir lúpínu. Sunnanlands var framvinda í lúpínubreiðum fremur lík frá einu svæði til annars. Þar myndaðist með tímanum graslendi í lúpínunni með tvíkímblaða jurtum og þéttu mosalagi í sverði. Á nokkrum svæðum hafði lúpína gisnað mikið eða hörfað á gömlum vaxtarstöðum en ekki var það alls staðar.

Á Norðurlandi var framvinda misjöfn eftir aðstæðum. Á melum í útsveitum sóttu einkum grastegundir í gamlar breiður en á þurrari svæðum inn til landsins þar sem lúpína var gisnari þróaðist gróður í mólendisátt á gömlum melum og í skriðum. Lúpína breiddist hins vegar auðveldlega yfir gamalt mólendi norðanlands og óx þar vel á moldarríkum jarðvegi. Þar gjöreyddist lynggróður en myndaðist með tímanum elftingaríkt blómlendi í gömlum breiðum. Ekki komu fram jafn skýr merki um hörfun lúpínunnar norðanlands og sunnan, nema í Hrísey þar sem skógarkerfill hafði lagt undir sig gamla lúpínu. Lítið annað en kerfill fannst í því landi.



Alaskalúpína og skógarkerfill. Mynd / Borgþór Magnússon.

Sú tilgáta er sett fram í skýrslunni að hörfun lúpínu sunnanlands stafi af myndun þétts og þykks mosalags og miklum grasvexti undir lúpínunni sem veldur því að það tekur fyrir endurnýjun hennar af fræi. Með tíð og tíma ganga plönturnar úr sér og drepast ein af annarri og hverfur lúpínan úr landi. Á Norðurlandi er mosa- og grasvöxtur í lúpínubreiðum miklu minni en sunnanlands. Þar tekur því síður fyrir endurnýjun lúpínu af fræi er árin líða.

Alaskalúpína hefur breiðst mjög út á friðuðum svæðum um allt land á undanförnum áratugum. Víða hefur verið gripið til aðgerða til að hefta útbreiðslu hennar, með misjöfnum árangri. Lúpína hefur aðeins numið brot af því landi sem hún er fær um. Líklegt er að sandar og aurar sunnan jökla og mólendissvæði á Norðurlandi séu stærstu flæmin sem lúpína mun breiðast um, dragi þar úr eða taki fyrir sauðfjárbeit.

Lúpínan hefur verið skilgreind sem ágeng, framandi tegund hér á landi og er dreifing hennar bönnuð á svæðum yfir 400 m hæðar. */VH*

Dularfullur fisksjúkdómur í Þýskalandi, Austurríki og Sviss hefur valdið heilabrotum:

Silungadauði rakinn til víruss sem drepur líka lax í Norður-Atlantshafi og Kyrrahafi

Á hverju sumri drepst brúnn silungur í tonnatali í ám og vötnum í Suður-Þýskalandi, Austurríki og Sviss. Nú hefur þverfaglegt teymi frá Tækniháskólanum í München (TUM) komist að því að orsök þessa dularfulla silungadauða er áður óþekktur vírus sem herjar m.a. á lax í Norður-Atlantshafi og Kyrrahafi.

Staðirnir sem silungadauðans hefur orðið vart í fyrrnefndum löndum eru alltaf þeir sömu ár eftir ár og fórnarlömbin eru í öllum tilvikum brúnn silungur. Á nokkrum dögum eftir smitun verður roð þeirra mjög dökkt og síðan drepast fiskarnir. Vísindamen hafa reynt að grafast fyrir um þennan fjöldadauða í silungastofninum án árangurs um áratugaskeið þar til nú.

Með því að beita óvenjulegum rannsóknaraðferðum hefur prófessorinn og líffræðingurinn Ralph Kühn og rannsóknarteymi hans í Tækniháskólanum í München tekist að bera kennsl á sjúkdómsvaldinn sem veldur þessu dökknunarheilkenni [the proliferative darkening syndrome - PDS] á roði brúnna silunga.

Brúnn silungur (brown trout) sem Íslendingar þekkja sem urriða.

„Stærsta áskorunin var að komast að því hver væri þessi sjúkdómsvaldur sem enginn þekkti deili á. Menn voru alls ekki vissir um hvort þetta var af völdum víruss, baktería eða vegna eitrunar í umhverfinu," segir Kühn. Í tíu ár héldu vísindamenn áfram að leita að orsökinni. Settar voru upp tilraunastöðvar við ána Ille nærri Obersdorf í Þýskalandi þar sem þessa sjúkdóms hafði aldrei orðið vart. Önnur stöð var sett upp neðar á vatnasvæðinu nærri Kempten þar sem brúnn silungur drapst á hverju sumri. Á báðum stöðum settu rannsakendur upp fiskabúr sem vatn var leitt í úr ánum. Þeir veiddu fisk til að setja í búrin á tímabilinu frá maí og fram í september og tóku úr þeim húð- eða roðsýni sem voru síðan fryst og send í rannsókn í Tækniháskólanum.

Jens-Eike Täubert rannsakar tilfelli sýkingar af PDS heilkenni í brúnum silungi. Mynd / Dýralíffræðideild TUM

Orsökin reyndist vera vírus

Athuganir vísindamanna bentu til að PDS þróaðist í þrem áföngum. Í upphafi virtust fiskarnir heilbrigðir. Síðan byrjuðu innyfli að breytast eins og lifur og nýru. Í þriðja fasa sjúkdómsins fór roð fiskanna að dökkna og fljótlega eftir það drápust þeir. Vegna þessarar þróunar sjúkdómsins fór okkur fljótlega að gruna að orsök heilkennisins væri veirusjúkdómur," sagði Kühn.

Skyldur vírus sem drepur lax í Atlantshafi og Kyrrahafi

Til að einangra vírusinn í sýnunum beittu vísindamennirnir nútíma sameindaerfðafræðilegum aðferðum sem þekktar eru sem „næstu kynslóðar tækni". Hægt er að ná fram mjög nákvæmum greiningum með slíkri tækni. Beittu vísindamennirnir einnig tölvutækninni til að finna nákvæmlega þessa sjúkdómsvaldandi veiru í fyrirliggjandi gagnabanka. Var genamengið í þessum vírus síðan borið saman við þekkta vírusa og gátu þannig ákvarðað erfðamengi sjúkdómsvaldsins. Kom þá í ljós að veiran er skyld veiru sem veldur smiti í laxi í Norður-Atlantshafi og í Kyrrahafi og veldur þar miklu tjóni.

Næsta skref er að rækta veiruna á rannsóknarstofu og kanna orsakirnar fyrir því af hverju hún finnist bara í ákveðnum hluta vatnakerfis í Ölpunum og í hvaða mæli viðskipti með fisk getur breytt út sjúkdóminn. */HKr.*

VIÐ ÞÖKKUM VIÐSKIPTAVINUM OKKAR 30 FARSÆL ÁR Í REKSTRI OG HORFUM STOLTIR FRAM VEGINN.

REKI EHF HÖFÐABAKKA 9 110 REYKJAVÍK

www.reki.is SÍMI: 562 2950

Dagatalskubbar - og jólapappír

Dagatalskubbar
Mánaðartöl
Dagatalsspjöld
Jólagjafapappír
Jólakort
Merkimiðar

GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
www.gudjono.is · Sími 511 1234

Sjá nánar á heimasíðu www.gudjono.is

Að búa til ofurlítinn skemmtigarð



Íslensk garðsaga – landslagsarkitektúr til gagns og prýði eftir Einar E. Sæmundsen

Einstakt yfirlitsverk um sögu og þróun íslenskrar garðhönnunar.

HIÐ ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAG
HAGATORGI · SÍMI 588 9060
hib@hib.is · www.hib.is

Bændablaðið *Smáauglýsingar 56-30-300*

Næsta blað kemur út 17. janúar

VÍKURVAGNAR EHF.

HESTAKERRUR - GRIPAVAGNAR

HESTAKERRA

HB 610 - FYRIR 5-6 HESTA

VERÐ

2.490.000 með vsk.

GRIPAFLUTNINGAKERRA

TA 510 - FYRIR 4-5 HESTA

VERÐ - 1.620.000 með vsk.

TA 510 – FYRIR 4-5 HESTA MEÐ MILLIGÓLFI

VERÐ – 1.895.000 með vsk.

TA 510 – FYRIR 5-6 HESTA MEÐ MILLIGÓLFI

VERÐ – 1.995.000 með vsk

VÍKURVAGNAR EHF.

STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI

Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

Styrkir úr Landbótasjóði Landgræðslunnar árið 2019

Landgræðsla ríkisins auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki úr Landbótasjóði Landgræðslunnar, en sjóðurinn úthlutar árlega styrkjum til margvíslegra landbótaverkefna til félagasamtaka, bænda, sveitarfélaga og annarra umráðahafa lands.

Við ákvörðun um styrkveitingar er m.a. lögð áhersla á:

- Stöðvun hraðfara jarðvegsrofs og gróðureyðingar
- Endurheimt gróðurs og jarðvegs
- Að landnýting verði sjálfbær

Við mat á umsóknum er ennfremur tekið tillit til þess hvort gerð hafi verið landgræðslu- og landnýtingaráætlun til a.m.k. 3ja ára fyrir það svæði sem ætlunin er að vinna á.

Styrkur til einstakra verkefna getur að hámarki numið 2/3 af áætluðum kostnaði þess að mati Landgræðslunnar. Landgræðslan veitir ráðgjöf við framkvæmd þeirra verkefna sem sjóðurinn styrkir og hefur jafnframt eftirlit með framvindu þeirra og metur árangur.

Umsóknareyðublöð og úthlutunarreglur sjóðsins eru á heimasíðu Landgræðslunnar land.is/umsoknareydublod/ Einnig er hægt að nálgast þessi gögn og fá nánari upplýsingar á hérðassetrum Landgræðslunnar og á skrifstofu Landgræðslunnar í Gunnarsholti.

Umsóknarfrestur er til **4. janúar nk**. og umsóknir skal senda á netfangið **land@land.is** eða til Landgræðslu ríkisins, Gunnarsholti, 851 Hella.

Landgræðsla ríkisins
Gunnarsholt
851 Hella
www.land.is

Landgræðsla ríkisins heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið og vinnur samkvæmt lögum um landgræðslu að stöðvun jarðvegs- og gróðureyðingar, gróðureftirliti og gróðurvernd. Enn fremur að fræðslu, leiðbeiningum, rannsóknum og þróunarstarfi á þessu sviði.

LÍF & STARF

Hljómsveitin Legó í Öxarfirði heldur uppi stuðinu:

Lóa litla á Brú fær alla út á gólfið

Strákarnir í Legó í góðum fíling.

Sveitaball, það jafnast ekkert á við sveitaball. Almennileg íslensk sveitaböll eru á undanhaldi og þar með talið hljómsveitirnar sem þar héldu uppi stuðinu helgi eftir helgi. Í Öxarfirði er þó ein slík en það eru drengirnir í hljómsveitinni Legó. Þeir hafa spilað saman frá því upp úr aldamótum og skemmt á þorrablótum, brúðkaupum, ættarmótum og öðrum viðburðum.

Það var létt yfir þeim félögum þegar blaðamaður Bændablaðsins hitti þá fyrir í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn á haustdögum. Þar var verið að stilla upp fyrir dansleik um kvöldið, stilla hljóðfæri, míkrófóna og hljóðkerfi. Þessu fylgja ótal snúrur og dót, sem allt þarf að vera á sínum stað en þeir sjá sjálfir um hljóð og ljós.

Í dag skipa sveitina Tryggvi, Hafsteinn, Sigurður, Jóhannes (Jonni) og Friðrik. Hafsteinn og Tryggvi hafa spilað saman frá því um tvítugt þegar hljómsveitin varð til en þeir búa báðir í Öxarfirði. Þegar þeir byrjuðu árið 2001 voru Sigurður Tryggvason, faðir Tryggva, og Valþór, frændi þeirra, með í sveitinni og spilaði Siggi Tryggva með þeim lengst af þótt hann sé núna hættur að þenja harmonikkuna með þeim á böllum.

Fyrsta „giggið“ þeirra saman var fyrir þorrablót á Kópaskeri, að sögn Tryggva var það eiginlega bara þannig að sá gamli spilaði á nikkuna lög sem hann kunni og þeir fylgdu á eftir. En hvaðan skyldi nafnið koma?

„Þegar við byrjuðum sem hljómsveit þá var það eiginlega bara svoleiðis að það var búið að ráða okkur á ball og þurfti að auglýsa, en við vorum ekki með neitt nafn. Við vorum heima í stofu hjá mér og á textavarpinu var frétt um Legó-framleiðendur, það var nú ekki flóknara en það.“ segir Hafsteinn og Tryggvi bætir við að þeim hefði líka fundist þetta vera smá tilvísun í Egó, hljómsveit sem er Íslendingum að góðu kunn.

Þeir segja að það sé kannski óhætt

Hér spilar Legó undir hjá Leikfélagi Þórshafnar árið 2011 lagið Gaggó vest en á sviðinu er það Kristín Heimisdóttir sem syngur.

að segja frá því núna en í upphafi var Valþór of ungur til að mega vera á böllunum þannig að þeir voru að smygla honum inn, sem eftir á sé frekar fyndið að hugsa til.

Hljómsveitin Legó, Hafsteinn Hjálmarsson, Tryggvi Sigurðsson, Sigurður Jóhannes Jónsson og Friðrik Jónsson. Hressir og hæfileikaríkir strákar sem hafa gaman af því að skemmta fólki.

Laumufarþegi í hljómsveitarkerrunni

Það er ákveðinn sjarmi yfir sveitaböllunum en hvað með svokallaðar grúppíur, skyldu þeir hafa lent í vandræðum með þær?

„Nei … eða jú, þessi þýska sem var svo hrifin af Jonna,“ segir einn og allir skella upp úr, nema Jonni sem segir þetta ekkert eiga erindi í Bændablaðið. Smá eftirgrennslan leiddi þó í ljós að eftir eitt spilerí í Skagafirði var ein þýsk dama svo ákveðin í að komast með þeim að hún reyndi að fela sig í hljómsveitarkerrunni.

Tryggvi sagði að Hafsteinn væri samt mesti skandallinn hvað þetta varðaði, hann átti að vera segullinn en svo væri hann bara kominn með bumbu, alveg ótækt. Hafsteinn sagði það vera samantekin ráð hjá konunni sinni, að fita hann svo hann kæmi alltaf heim aftur. Já, það er greinilega ekki leiðinlegt hjá þessum drengjum þegar þeir koma saman.

Breitt lagaval

Að spila fyrir breiðan aldurshóp getur verið snúið. Jonni segir að markmiðið sé að skemmta fólki frá 16–96 ára sem sé ákveðin kúnst, í raun sé mun auðveldara að finna lög sem tæma húsið heldur en þau sem henta öllum. Það sé afar erfitt að ætla að spila lagið sem allir vilji heyra. Hafsteinn bætir við að þó séu lög sem virki bara alltaf, eins og Lóa litla á Brú, það sé eitthvað við það lag sem fái alla út á gólfið. Þeir segja að prógrammið sé ansi breitt hjá þeim og þeir hafi aldrei ætlað að vera neitt gömlu dansa-band þótt þeir kunni þau lög alveg og taki inn á milli.

Sum lög hafi þeir prófað áður og hent út, sem núna ganga upp eftir að Friðrik byrjaði með þeim á gítar þannig að þetta er svolítið rúllandi. Hljómsveitin spilar nokkrum sinnum á ári, mest að gera á þorrablótum en alltaf eitthvað að sumri, brúðkaup, afmæli eða ættarmót.

Tryggvi segir að þeir hafi aldrei farið í að markaðssetja sig heldur taki bara það sem dettur inn, hann bætir sposkur við að kannski verði brjáluð eftirspurn núna eftir þetta viðtal og þá sé auðvelt að finna þá bara í símaskránni, þeir eigi nóg af lausum helgum. Þeir hafa þó spilað víða og segja að oft sé skemmtilegast að spila á litlum stöðum þar sem sé góð aðstaða og persónuleg stemning. Nefna þar Láruna á Seyðisfirði þar sem þeir spiluðu í sumar. Eins sé alltaf gaman að spila í Þórsveri á Þórshöfn, enda hafa þeir ósjaldan troðið upp þar. Þeir segja helsta gallann hvað það sé langt á milli þeirra, enda búa þeir ekki allir í Öxarfirði. Þetta sé líka meira hobbí, enda allir í annarri vinnu og Hafsteinn líka í sauðfjárbúskap.

Besta tónlistarmyndband Íslands

Auk þess að spila á böllum hafa þeir spilað undir leiksýningar hjá barnaskólanum í Öxarfirði sem þeir segja mjög gaman, þá nefna þeir einnig sýningu sem sett var

Skjáskot úr myndbandinu Bobbingurinn sem vakti mikla kátínu á porrablóti á Kópaskeri.

upp með Leikfélagi Þórshafnar fyrir nokkrum árum þar sem þeir spiluðu undir.

Nokkrum sinnum hafa aðrir tónlistarmenn slæðst með þeim fyrir tilviljun og ekki, s.s. Andrea Gylfa, Stebbi Jak og Hera Björk. Jonni segir að þeir hafi eitt sinn verið að spila á Fjallakaffi í Möðrudal, þar hafi Andrea Gylfa verið, hann réttir henni hljóðnema og hún fer að radda. Svipurinn á Hafsteini hafi verið óborganlegur þegar hann leit til hliðar og sá hver var þar að syngja.

Hljómsveitarmeðlimir eiga sér allir sterkar rætur í tónlist en eru að mestu sjálfmenntaðir, Tryggvi segist hafa farið í nám í klassískum gítar og hann muni þann dag, eintala, mjög vel. Það hafi nú verið öll formlega menntunin. Mest spila þeir eftir eyranu.

Það er ekki annað hægt en spyrja þá úti tónlistamyndband sem vakti mikla lukku á þorrablóti á Kópaskeri fyrir nokkrum árum. Það árið var eitthvað dauft yfir skemmtanahöldum og drifu þeir sig í að halda sjálfir þorrablót. Þá þarf að sjálfsögu að hafa skemmtiatriði en einnig var Pétur Jóhann grínisti þar veislustjóri.

„Plottið í myndbandinu var að Miley Cyrus hefði stolið laginu okkar og var spunnið út frá því. Við vorum búnir að taka eitthvert efni sjálfir og Ottó Gunnarsson (kvikmyndagerðarmaður og brottfluttur Kópaskersbúi) ætlaði að klippa, hann ákvað svo að koma bara sjálfur og taka efnið og úr varð stórgott myndband, held þetta sé bara besta tónlistarmyndband sem hefur verið gert," segir Hafsteinn og bætir við að hann hafi hreinlega aldrei í lífinu hlegið svona mikið eins og þessar vikur þar sem þetta var í vinnslu.

Lagið sem um ræðir er „Wrecking ball" og í tónlistarmyndbandinu er söngkonan lítið klædd og svo nakin, að sveifla sér á járnkúlu. Þetta víluðu þeir ekki fyrir sér, – „þetta var bara ógleymanlegt, þegar pabbi var í tökum þá var 15 stiga frost og kuldinn í hlöðunni eftir því, hann sleikti sleggjuna og fraus fastur," segir Tryggvi og hlær. Hann segist aldrei hafa heyrt svona hláturöskur eins og á þorrablótinu þar sem þetta var sýnt og þegar sá gamli sveiflaðist nakinn um á kúlunni hafi Pétur Jóhann stunið upp milli hláturrokanna; – „hvaða maður er þetta eiginlega?" Það er óhætt að segja að myndbandið sé gott skemmtiefni, en það má finna á youtube og heitir Bobbingurinn.

Ýmis skrautleg atvik

Félagarnir gefa nú ekki mikið uppi um stök atriði í tengslum við sveitaböllin en segja að það hafi þó vissulega ýmislegt gerst sem ekki sé allt prenthæft. Einu sinni hafi Siggi Tryggva þurft að ná einum áköfum ballgesti niður af sviðinu en sá hafi eiginlega bara fengið sólafar í andlitið. Þá segja þeir að þeir hafi orðið vitni að því þegar bóndi einn hafi rotað vinnumann sem lét heldur ófriðlega og lét sér ekki segjast, bóndi hélt áfram að skemmta sér og náði svo bara í kappann að balli loknu.

Eitt sinn enduðu þeir ball á Þórshöfn á laginu Smells like a teen spirit og fengu hálfgerðar skammir fyrir, hópslagsmál brutust út þá og var gantast með það að þeir hefðu betur tekið rólegt vangalag í lokin svo ófriðarseggirnir hefðu fundið frið í kvenmannsfaðmi frekar en standa í þessu veseni. Þá hafa þeir lent í ýmsum vandræðum er varða veður og færð, enda oft að spila á þorranum.

Þeir félagarnir hafa aðeins verið að semja tónlist sjálfir en segja það ekkert sem þeir hafi spilað opinberlega. Eftir spjallstund við Bændablaðið var slegið í og dunaði dansinn fram á nótt. Góður rómur var gerður að meðal ballgesta sem skemmtu sér prýðisvel við undirleik Legó.

/Gréta Bergrún Jóhannesdóttir

Bændablaðið *Smáauglýsingar 56-30-300*
Næsta blað kemur út 17. janúar

LESENDABÁS

Verðlagning í vanda

Opinber afskipti af verðlagningu á afurðum landbúnaðarins á sér langa sögu hér á landi og nær hún allt aftur á fjórða áratug síðustu aldar. Afurðasölulögin sem sett voru árið 1934 ollu harðvítugum deilum, einkum mjólkursölulögin sem sett voru til að koma skipulagi á markað fyrir mjólkurafurðir. Um þær deilur má lesa í 3. bindi Landbúnaðarsögu Íslands.

Tilgangur laganna var þríþættur hvað mjólkina varðaði: Að draga úr sölu- og dreifingarkostnaði, að hindra offramboð mjólkur og að tryggja öryggi og heilnæmi vörunnar með gerilsneyðingu. Meginatriði laganna voru eftirfarandi:

1. Skipting landsins í sölusvæði, þar sem framleiðendum var óheimilt að selja mjólk út fyrir sitt sölusvæði.
2. Álagning verðjöfnunargjalds á neyslumjólk og rjóma sem varið skyldi til uppbótar á vinnslumjólk. Mjólk sem framleidd var á ræktuðu landi innan sama kaupstaðar var undanþegin verðjöfnunargjaldinu.
3. Skipan fimm manna verðlagsnefndar innan hvers sölusvæðis, skipuð fulltrúum mjólkurbúa á svæðinu, fulltrúa sveitarstjórnar og oddamanns sem skipaður var af landbúnaðarráðherra, skyldi ákveða mjólkurverð á hverju sölusvæði.
4. Að öll mjólk skyldi gerilsneydd.
5. Að ríkisstjórnin skyldi skipa mjólkursölunefnd fyrir allt landið, til að hafa á hendi stjórn mjólkursölumála samkvæmt lögunum. Í nefndina skyldi Mjólkurbandalag Suðurlands skipa tvo fulltrúa, Samband íslenskra samvinnufélaga einn mann, bæjarstjórn Reykjavíkur einn mann og Alþýðusamband Íslands einn mann og ráðherra landbúnaðarmála tvo menn og var annar þeirra formaður.

Í krafti laganna var svo Mjólkursamsalan í Reykjavík stofnuð og tók hún til starfa 15. janúar 1935, einungis átta dögum eftir að lögin voru endanlega staðfest á Alþingi. Með stofnun Framleiðsluráðs landbúnaðarins árið 1947 var verðlagsmálum landbúnaðarins komið í það horf sem það hefur verið lengst af síðan þá, eða eins og segir í lögum 94/1947 „Við útreikning framleiðslukostnaðar og verðlagningu á söluvörum landbúnaðarins á innlendum markaði í heildsölu og smásölu skal samkvæmt ákvæðum 4. gr. byggt á verðgrundvelli, sem fenginn er með samkomulagi milli þriggja fulltrúa. sem tilnefndir eru af stjórn Stéttarsambands bænda, og þriggja fulltrúa frá þessum félagssamtökum neytenda: Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna, Sjómannafélagi Reykjavíkur. Nefndinni til aðstoðar eru hagstofustjóri og formaður búreikningaskrifstofu landbúnaðarins. Verði samkomulag með öllum nefndarmönnum, er það bindandi.

Af þessu má ráða, að aðkoma verkalýðshreyfingarinnar að verðlagningu mjólkur á sér langa sögu en ef marka má yfirlýsingu launþegahreyfingarinnar frá í maí 2018, hefur hún endanlega sagt sig frá því verkefni að tilnefna fulltrúa í verðlagsnefnd búvara. Þar með lýkur vegferð sem staðið hefur í rúmlega 80 ár.

Átján ára verðlagsgrundvöllur

Núgildandi verðlagsgrundvöllur kúabús tók gildi í ársbyrjun 2001, fyrir réttum átján árum. Leysti hann af hólmi verðlagsgrundvallarbú sem var 22 kýr og framleiddi innan við 80.000 lítra. Forsendur núgildandi grundvallar eru þó eldri en sumarið 1998 hafði einn höfunda þessa pistils þann starfa á bútæknideild RALA sem þá var, að gera vinnumælingar hjá bændum við mjaltir, heyskap og ýmis önnur búverk. Mörg af þeim fjósum sem mælingarnar fóru fram í eru enn

Baldur Helgi Benjamínsson.

Jóhann Nikulásson.

Sigurður Loftsson.

í framleiðslu en þeim hefur öllum verið breytt í grundvallaratriðum, með vinnuhagræðingu og aukna gripavelferð að leiðarljósi.

Núverandi grundvallarbú framleiðir 188.000 ltr mjólkur og gerir ráð fyrir að til þess þurfi 40 kýr. Þegar grundvöllurinn tók gildi árið 2001 þótti það mjög stórt, en þá var meðalinnlegg kúabúa hér á landi tæpir 110.000 lítrar á ári og meðalársnyt skv. skýrsluhaldi 4.894 kg. Árið 2017 var meðalinnleggið komið í 260.000 lítra og ársnytin var 6.159 kg. Stækkun búanna á tímabilinu er því tæp 140% og afurðaaukningin á hverja kú er 25%. Þegar rýnt er í einstaka liði grundvallarins kemur ýmislegt fróðlegt í ljós. Til dæmis er vinnuliður hans rúmlega 91 kr/ltr, eða meira en sem nemur núgildandi lágmarksverði mjólkur eins og það leggur sig.

Við blasir því að kostnaðarsamsetning og aðfanganotkun kúabúa hefur gerbreyst á undanförnum árum, samhliða aukinni tæknivæðingu og mikilli stækkun búanna. Efast má um að núverandi grundvöllur sé lengur „bú af hagkvæmri stærð“ eins og segir í búvörulögunum. Nýkjörinn stjórnarformaður Auðhumlu svf. lýsti þeirri skoðun sinni í viðtali við Bbl. 26. september sl. að mjólkurverð til bænda væri of lágt. Þar segir hann ennfremur „miðað við verðlagsgrundvöll kúabúa þá erum við að fá of lágt verð en hann er tæpar 11 milljónir í mínus miðað við nýjustu útreikninga. Þessar forsendur varðandi grundvallarbúið eru reyndar í endurskoðun og verður fróðlegt að sjá hvað kemur út úr því.

Aukinn innflutningur er síðan byrjaður að mynda verðþrýsting á ákveðna vöruflokka sem verður krefjandi að glíma við“. Vandséð er hvernig þetta tvennt getur farið saman og þar með hvaða tilgangi endurskoðun verðlagsgrundvallar þjónar í því umhverfi sem þarna er lýst. Hitt er brýnna, að samtök bænda og félög í þeirra eigu geri gangskör að því að afkoma framleiðenda og nýting aðfanga sé vöktuð, eins og gert er ráð fyrir í núgildandi samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar.

Af því að árið 1998 er nefnt hér að framan, má bæta því við að það ár voru sauðfjárafurðir verðlagðar í síðasta skipti samkvæmt þáverandi verðlagsgrundvelli sauðfjárbús, 400 vetrarfóðruðum kindum. Ástæðan var m.a. sú að afurðastöðvar stóðu ekki lengur undir lágmarksverðinu vegna aukinnar samkeppni á kjötmarkaði og breytinga á neysluvenjum landsmanna. Það markaði upphafið að endalokum kvótakerfis í kindakjötsframleiðslu.

Dýrt misvægi

Ein stærsta áskorun opinberu verðlagningarinnar á ákvörðum lágmarksverðs til bænda, er hið mikla misvægi á neyslu helstu efnaþátta mjólkurinnar, fitu og próteins. Þetta misvægi er nú 15 milljónir lítra, fitunni í hag og hefur aldrei verið meira. Tilvitnun í ársskýrslu forstjóra MS fyrir árið 2017, þar sem hann sagði m.a. að „MS er í raun að tapa um 790 milljónum króna á síðustu 13 milljón lítrunum sem fyrirtækið kaupir innan greiðslumarks. Ljóst er að MS getur ekki til lengdar tekið á sig þennan kostnað eða hækkað verð á öðrum vörum til neytenda til þess að standa straum af kostnaðinum“ skal hér áréttuð. Þrátt fyrir mikil fundahöld í haust hafa enn ekki komið fram neinar tillögur um hvernig skuli tekið á þessu viðfangsefni þegar þessi pistill er ritaður í fyrstu viku desembermánaðar og eru aðeins nokkrir dagar í að nýtt verðlagsár hefjist. Það rennir stoðum undir þá kenningu að slá eigi þessum vanda enn um sinn á frest.

Að fleyta rjómann

Annað snúið viðfangsefni fyrir mjólkuriðnaðinn er hið feikilega misræmi í framlegð einstakra vara sem bundnar eru verðlagsákvæðum. Þar eru rjómi og smjör augljósustu dæmin. Opinbert heildsöluverð á rjóma er 918 kr/ltr og í líter af rjóma þarf fitu úr ca. 9-10 lítrum af mjólk. Heildsöluverð á 1 kg af smjöri er 834 kr/kg og í það þarf fitu úr rúmlega 20 lítrum af mjólk. Það kemur því ekki á óvart að nær allir þeir aðilar sem stunda úrvinnslu á mjólk hafa framleitt rjóma en aðeins einn aðili framleiðir smjör. Ostur er dæmi um framlegðarháa vöru en á þeim markaði er fyrirsjáanleg verulega aukin samkeppni með tilkomu tollasamnings Íslands og ESB. Sú samkeppni mun gera það enn snúnara fyrir mjólkuriðnaðinn að standa undir lágmarksverði til bænda en orðið er. Útilokað er að bregðast við aukinni samkeppni á kvikum markaði með slíkt fyrirkomulag verðlagningar á megin þunga afurðanna.

Verðlagning óháð afkomu

Undanfarna áratugi hefur afurðaverð til kúabænda ekki tekið mið af afkomu þess sem markaðsfærir afurðirnar. Sú mikla hagræðing sem orðið hefur í mjólkuriðnaðinum á undanförnum árum, hefur að miklu leyti skapað það svigrúm sem verið hefur til leiðréttingar á afurðaverði til bænda. Sú hagræðing er að mestu leyti búin og færð hafa verið rök fyrir því að þar hafi að einhverju leyti verið gengið of langt, með því að skerða verulega getu iðnaðarins til nauðsynlegrar endurnýjunar. Tæplega verður undan því vikist öllu lengur að koma á aukinni tengingu milli afkomu mjólkuriðnaðarins og afurðaverðs til bænda.

Fyrirmynd úr öðrum greinum

Í gildandi samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar sem undirritaður var 19. febrúar 2016 segir svo um verðlagningu: „Opinber aðili skal setja markaðsráðandi afurðastöð tekjumörk á innlendum markaði. Tekjumörk skulu taka mið af breytilegum og föstum kostnaði auk arðsemi sem skilgreind er af opinberum aðila. Bókhaldslegur aðskilnaður skal vera á innlendri og erlendri starfsemi markaðsráðandi afurðastöðvar“. Slík tekjumörk eiga sér fyrirmynd í öðrum geirum samfélagsins, s.s. raforku og fjarskiptum. Aðalfundur LK 2018 samþykkti áskorun til stjórnar um að ljúka útfærslu tekjumarkaleiðarinnar, á stjórnarfundi Landssambands kúabænda þann 30. maí sl. var samþykkt ályktun og hljóðar sá hluti hennar sem snýr að verðlagningu svo: „Stjórn LK telur ljóst að ójafnvægi í sölu á prótein- og fitugrunni verði ekki mætt öðruvísi en með nokkrum samverkandi aðgerðum. Sem fyrsta skref þarf að útfæra og virkja 12. grein samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar, þar sem kveðið er á um breytt umhverfi verðlagningar. Með því að veita afurðastöðvum heimild til þess að verðleggja vörur sínar út á markað, innan ákveðinna tekjumarka, má ætla að staða iðnaðarins taki miklum breytingum til hins betra. Leggur stjórn LK höfuðáherslu á að þessi leið nái fram að ganga. Samhliða þessu þarf að ráðast í markaðs- og söluátak á próteinríkum vörum.“ Undir þessa

álykturn skal tekið en jafnframt lýst vonbrigðum með að ekkert skuli hafa gerst frekar á því rúmlega hálfa ári sem liðið er frá því hún var samþykkt. Það vakti athygli á fundum haustsins hversu mikið tómlæti nýir forsvarsmenn mjólkuriðnaðarins sýndu verðlagningarákvæðinu í gildandi samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar og þeim lausnum sem í því felast.

Að horfa fram á veg

Ekki þarf að fjölyrða um hinar gífurlegu þjóðfélagsbreytingar sem orðið hafa frá því á miðjum fjórða áratug síðustu aldar. Það sem einkennir þær er að hraðinn verður meiri og meiri; líklega hafa breytingarnar á síðustu 25 árum verið meiri en á 60-70 árum þar á undan. Við höfum farið frá þjóðfélagi hafta yfir í samfélag þar sem valfrelsi er kjörorð dagsins. Brotthvarf launþegasamtakanna frá verðlagningunni gerbreytir samfélagslegri skírskotun hennar. Verði ekki gerðar nauðsynlegar breytingar á fyrirkomulagi verðlagningar og þannig brugðist við aukinni samkeppni og alveg nýjum markaðsforsendum, er raunveruleg hætta á að innlend framleiðsla verðleggi sig út af markaði og honum verði í ört vaxandi mæli sinnt af kúabændum í nálægum löndum.

Baldur Helgi Benjamínsson
Jóhann Nikulásson
Sigurður Loftsson

JÓLAGJAFIR
SENDUM FRÍTT UM LAND ALLT
Klukkan
HAMRABORG 10
& KLUKKAN.IS

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 17. janúar

Vagnar og stálgrindahús frá WECKMAN Steel

STÁLGRINDAHÚS
Fjöldi stærða og gerða í boði



RÚLLUVAGNAR – LÖNDUNARVAGNAR
Stærð palls 2,55 x 9,0 m

SKESSUHORN 2012

STURTUVAGNAR
Burðargeta 6,5 – 17 tonn

þak og veggstál galvaniserað og litað
- Bárað
- Kantað
- Stallað

Fjöldi lita í boði

H. Hauksson ehf
Víkurhvarfi 5 • Kópavogi • Sími 588 1130
hhaukssonehf@simnet.is

Vandaðir og endingargóðir dreifarar

Eigum til sölu örfáa RAUCH MDS dreifara á gamla verðinu
Verð frá 487.000 kr. án vsk.
Tryggðu þér eintak í tíma!

Erum einnig að taka niður pantanir fyrir stærri gerðir dreifara Axis 20.2 - 50.2
Einn allra fullkomnasti tölvustýrði dreifarinn á markaðnum í dag.

Héraðsprent

Búvís
Akureyri · Sími 465 1332
www.buvis.is

Sigríður Huld fékk eitt sinn það verkefni að mála málverk eftir gamalli ljósmynd af tveimur eldri bændum og gömlum Willys-jeppa. Það verk heitir Afarnir og segir hún að það hafi verið einkar gaman að mála það.
Myndir / Úr einkasafni Sigríðar Huldar Ingvarsdóttur

Sigríður Huld Ingvarsdóttir ólst upp í Bárðardal og býr í Uppsala í Svíþjóð:

Íslenska sveitin veitir mér innblástur í listsköpuninni

Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is

„Íslenska sveitin hefur undanfarin ár veitt mér mikinn innblástur í listinni. Náttúran er engu lík, íslenski hesturinn hefur ævinlega verið mér ofarlega í huga en nú í ár hef ég í æ meira mæli unnið verk sem tengjast íslensku sauðkindinni," segir Sigríður Huld Ingvarsdóttir listamaður, sem býr í Uppsala í Svíþjóð en ólst upp í Hlíðskógum í Bárðardal. Hún segist vera heppin að geta haft listina að aðalstarfi, en meðal þess sem hún leggur fyrir sig er að mála myndir af dýrum fyrir fólk.

Foreldrar Sigríðar Huldar ráku sauðfjárbú að Hlíðskógum í Bárðardal, þau áttu einnig nokkra hesta og örfáar kýr þegar hún var mjög ung að árum.

„Ég er algjört náttúrubarn og það má líka skilgreina mig sem dýrasjúka, mér leið alltaf best þegar ég var hlaupandi um berfætt í sveitinni að bralla eitthvað með hundinum eða á hestbaki og að teikna. Það voru mínar bestu stundir," segir hún. Og bætir við að hún hafi frá unga aldri stefnt að því að verða listamaður, bóndi eða starfa við eitthvað sem tengist dýrum.

„Mamma er mjög listræn og afasystir mín, Ragna Hermannsdóttir, var listamaður sem ég leit upp til," segir Sigríður Huld.

Þokki átti erfitt uppdráttar í bænum

Að loknu grunnskólanámi hóf hún nám á listanámsbraut Verkmenntaskólans á Akureyri. Umskipti urðu í lífi fjölskyldunnar á þeim tímapunkti, en foreldrar hennar seldu jörð sína að Hlíðskógum og fluttu til Akureyrar.

„Þar með fauk eiginlega bóndadraumurinn út um gluggann," segir hún en mjög erfitt hafi verið að flytja búferlum af æskuslóðum og setjast að á mölinni þó vissulega hafi munað um að geta áfram búið í foreldrahúsum meðan á framhaldsskólanámi stóð og fyrir það sé hún þakklát. „Við tókum nokkra hesta með okkur í bæinn og það auðveldaði mér flutninginn," segir hún en í hópnum var hestur hennar, Þokki.

„Hann átti frekar erfitt uppdráttar í bænum, bar enga virðingu fyrir girðingum, hliðum og lokuðum hurðum þannig að lögregla þurfti á stundum að hafa af honum afskipti. Úr varð að betur færi á að flytja hann aftur í Bárðardal og vinkona mín, Anna Guðný Baldursdóttir, sem nú er bóndi á Eyjardalsá, tók hann í fóstur. Ég hef því tækifæri til að heimsækja hann á sumrin og bregða mér á hestbak."

Fyrsta einkasýningin í gömlu heimasveitinni

Eftir stúdentspróf frá VMA stundaði Sigríður Huld nám við Myndlistaskólann á Akureyri. Sumarið eftir útskrift úr skólanum bauðst hanni að hengja upp nokkur verk í Kiðagili í Bárðardal þar sem rekin er ferðaþjónusta.

„Það má eiginlega segja að ég hafi haldið mína fyrstu einkasýningu í gömlu sveitinni minni," segir hún en sama sumar kynntist hún manni sínum, Kára Sveinbjörnssyni, sem var þá um haustið að flytja til Svíþjóðar til að stunda þar meistaranám við Uppsala-háskóla. Sjálf vann hún í verslun á Akureyri þann vetur og stundaði list sína með til hliðar. Annað kom svo ekki til greina en elta ástina út til Svíþjóðar og sótti hún um nám við The Swedish Academy of Realist Art í Stokkhólmi.

„Íslenska sveitin hefur undanfarin ár veitt mér mikinn innblástur í listinni. Náttúran er engu lík, íslenski hesturinn hefur ævinlega verið mér ofarlega í huga en nú í ár hef ég í æ meira mæli unnið verk sem tengjast íslensku sauðkindinni," segir Sigríður Huld Ingvarsdóttir listamaður sem býr í Uppsala í Svíþjóð en ólst upp í Hlíðskógum í Bárðardal.

„Þetta er einkaskóli, skólagjöldin há, þannig að ég seldi nánast allan fataskápinn minn og bætti við mig vinnu," segir hún og var himinsæl með að komast inn í skólann.

„Það var spennandi fyrir mig að flytja til útlanda en jafnframt svolítið stressandi líka. Kári var þegar kominn út og ég hafði heimsótt hann nokkrum sinnum, svo ég var ekki alveg ein og ókunnug í nýju landi," segir Sigríður Huld sem kunni strax vel við sig hjá frændum okkar Svíum. Námið var eins og draumur segir hún, en í skólanum var verið að kenna tæknina á bak við það að mála og teikna raunsætt, líkt og gömlu meistararnir gerðu.

„Þetta er strangt nám og mikið handverk, það var bannað að notast við ljósmyndir, heldur átti að vinna allt út frá raunveruleikanum, en markmiðið var að kenna nemum að mála hlutina eins og maður sér þá."

Kenndi hér og þar í tvö ár

Fljótlega eftir útskrift úr skólanum var starfsemi hans flutt til suðurhluta Svíþjóðar, Simrishamn á Skáni. Þannig háttaði til að einn nemandinn hafði ekki tök á að flytja með, svo sá hinn sami réð Sigríði Huld sem sinn einkakennara. Næstu tvö ár eftir brautskráningu sinnti hún kennslu og fór á nánast hverjum degi á milli Uppsala og Stokkhólms, sem er um eins og hálfs tíma ferð en gat einnig unnið að sínum eigin verkum samhliða. Einnig fór hún suður á Skán og kenndi við skólann sem og

Merin Toppa og María Anna, vinkona Sigríðar Huldar, en merin er í eigu Elínar Guðnýjar.

kenndi hún á kvöldnámskeiðum í Stokkhólmi.

„Eftir tveggja ára þeyting milli staða ákvað ég að nóg væri komið, tók pásu í kennslunni og hef helgað mig listinni heima hjá mér í Uppsölum,“ segir hún.

Sigríður Huld hefur öll sín ár í Svíþjóð farið heim til Íslands yfir sumarið og unnið í versluninni Bakgarðurinn sem nú er við hlið Jólagarðsins í Eyjafjarðarsveit. Síðastliðið sumar ferðaðist hún með 56 kíló með sér, en þá hélt hún tvær sýningar á verkum sínum hér á landi.

„Listin er mitt aðalstarf, ég er mjög heppin að hafa svo góðan stuðning að það gangi upp að ég einbeiti mér alfarið að henni,“ segir hún. „Það er ekki sérlega auðvelt að byggja upp starfsferil sem myndlistarkona, í því liggur mikil vinna og gróðinn er ekki ýkja mikill fyrsta kastið. Fæstir gerast listamenn til að verða ríkir. Það er gríðarleg vinna á bak við það að starfa við listsköpun og að mörgu þarf að hyggja, þetta er stanslaus vinna. Það er ekki bara listsköpunin sjálf, heldur þarf einnig að huga að markaðssetningu, eiga samskipti við viðskiptavini, verðleggja verkin sín, sækja um styrki og sýningarrými, það er af nógu að taka. Þetta er raunar eins og að reka fyrirtæki, mikið hark en algjörlega þess virði. Stundum er þetta frekar einmanalegt starf, ég eyði löngum stundum ein á minni vinnustofu, ég hugsa að ef við hefðum ekki fengið okkur hund fyrir tveimur árum væri ég líkast til orðin enn skrítnari en ég er!“ segir Sigríður Huld.

Íslenska sveitin veitir innblástur

Hún segir að undanfarin ár hefði íslenska sveitin veitt sér mikinn innblástur í sinni listsköpun.

„Það var ekki fyrr en ég flutti til útlanda að ég uppgötvaði að mitt uppeldi var aðeins öðruvísi en gengur og gerist hér um slóðir. Þegar ég fór að rifja upp atburði úr minni æsku fannst fólk eins og ég hefði alist upp í ævintýraheimi á öðrum tíma. Sveitin fyrir norðan var svo gjörólíkur heimur miðað við stórborgir nútímans að á milli var himinn og haf,“ segir Sigríður Huld. Hún bætir við að náttúran á Íslandi sé engu lík og að íslenski hesturinn hafi alltaf verið ofarlega í huga sér. Hún hefur mikið nýtt sér góðvild vinkvenna sinna sem hafa setið fyrir á myndum, lánað hesta sína og sig sjálfar í módelstörfin.

„Ég hef undanfarið unnið mikið með ljósmyndir og hef teiknað og málað ófáar myndir af hestum fyrir fólk, það er mikið um pantanir af því tagi hjá mér.

„Ég reyni eftir bestu getu að mála einmitt það dýr sem myndin er af, stundum fæ ég reyndar fleiri en eina mynd að vinna með. Það hefur komið fyrir að eigandi dýrsins hafi brostið í grát þegar hann fær myndina í hendurnar, það held ég að séu einlægustu viðbrögð sem listamaður getur fengið.“

Sigríður Huld fékk eitt sinn það verkefni að mála málverk eftir gamalli ljósmynd af tveimur eldri bændum og gömlum Willys-jeppa. Það verk heitir Afarnir og segir hún að það hafi verið einkar gaman að mála það. Verkið fékk hún lánað til að hafa á sýningu í Menningarhúsinu Bergi á Dalvík á liðnu sumri en gömlu mennirnir bjuggu í Svarfaðardal og margir sem þekktu þá.

Dáleiðandi að mála ullina

„Eftir að ég málaði þetta verk fékk ég þá hugmynd að fara í gegnum öll gömlu myndaalbúmin hjá foreldrum mínum. Það sem greip mig við þá iðju voru gamlar myndir af sauðfé, nostalgían helltist yfir mig og löngun til sveitarinnar. Upp frá því hef ég málað margvísleg verk þar sem sauðfé er í aðalhlutverki, en ég leitast alltaf við að ná fram tilfinningunni fyrir andrúmsloftinu í mínum verkum,“ segir Sigríður Huld. Henni datt eitt sinn í hug að taka upp gæruskinn sitt, smellti því á vinnuborðið og málaði eftir því.

„Ég hafði áður notast við gærur, en þá sem aukaatriði í portrettmyndum af konum, til að fá smá valkyrjuþema inni í myndirnar. Það er næstum dáleiðandi að mála ullina. En eins og oft gerist leiðir eitt af öðru og nú er ég komin með heila seríu af myndum sem ég kalla Gærur, en þetta er mín leið í átt að meira abstrakt raunsæi í mínum verkum,“ segir hún.

Áhugasamir geta kynnt sér verk Sigríðar Huldar nánar á heimasíðu hennar www. www.huldfineart.com, en hana er einnig að finna á Facebook og instagram.

Sigríður Huld hefur málað margvísleg verk þar sem sauðfé er í aðalhlutverki.

LÍF & STARF

Hrútasýning Borgarfjarðardala 2018:

Besti hyrndi lambhrútur var frá Oddsstöðum og allir þrír efstu kollóttu hrútarnir komu frá Hægindi

– Besti misliti lambhrúturinn kom frá Múlakoti og besti veturgamli hrúturinn kom frá Kjalvararstöðum

Árleg hrútasýning fjárræktarfélaganna í Lundarreykjadal, Reykholtsdal, Hálsasveit og Andakíl var haldin að Hesti í Andakíl fimmtudagskvöldið 18. október síðastliðinn. Sýndir voru 26 lambhrútar í flokkum hyrndra, kollóttra og mislitra og komu 8 veturgamlir hrútar til dóms.

Dómarar kvöldsins voru þeir Lárus Birgisson og Árni Bragason. Sýningin tókst vel og var boðið upp á kræsingar, kaffi og öl.

Efstu hrútar í flokki hyrndra lambhrúta. Sigurborg Hanna Sigurðardóttir á Oddsstöðum heldur í sigurvegarann, þá Ármann Bjarnason á Kjalvararstöðum og Sigvaldi Jónsson í Hægindi. Myndir / Sigurborg Hanna

Besti hyrndi lambhrútur Borgarfjarðardala er frá Oddsstöðum

Flokkur hyrndra lambhrúta var afar öflugur þetta haustið en eftir mikið þukl og heilabrot dómaranna varð niðurstaðan kunngjörð.

Í fyrsta sæti var Bjartssonur nr. 6 undan Kveiksdóttur frá Oddsstöðum í Lundarreykjadal, úr ræktun Guðbjargar Ólafsdóttur og Sigurðar Odds Ragnarssonar. Hrúturinn hlaut 89,5 stig, þar af 19 fyrir læri.

Annað sætið kom í hlut sonarsonar sæðingahrútsins Guðna nr. 46 frá Kjalvararstöðum í Reykholtsdal en hann hlaut einnig 89,5 stig og þar af 19,5 fyrir læri.

Í þriðja sæti var hrútur frá Hægindi í Reykholtsdal nr. 227, sonarsonur Svima, og hlaut hann 88 stig, þar af 19 í læri.

Þrír bestu kollóttu lambhrútarnir eru allir frá Hægindi

Sigvaldi Jónsson, Björg María Þórisdóttir og sonur þeirra, Ólafur Auðunn Sigvaldason í Hægindi, komu sáu og sigruðu í flokki kollóttra lambhrúta og áttu þar þrjá efstu. Allir hrútarnir eru synir sæðingahrúta.

Í fyrsta sæti var Kollssonur nr. 77 með 88 stig, þar af hlaut hann 9,5 fyrir bringu- og útlögur.

Í öðru sæti var Serkssonur nr. 90 en hann hlaut einnig 88 stig, þar af 18,5 fyrir læri.

Þriðja sætið kom svo í hlut hrúts nr. 78 en hann hlaut 89 stig, þar af 9,5 fyrir malir og 18,5 fyrir læri. Þess má geta að hrútar nr. 77 og 78 eru albræður undan Amelíu 16-647 sem er komin út af sæðingahrútnum Sprota.

Baldur Árni Björnsson í Múlakoti átti besta mislita lambhrútinn

Í keppni um bestu mislitu lambhrútana hlaut Baldur Árni Björnsson í Múlakoti í Lundarreykjadal fyrstu verðlaun fyrir golsubotnóttan hrút nr. 82 en hann hlaut 87 stig og þar af 18,5 fyrir læri. Faðir hans er sæðingahrúturinn Drangi en móðirin er útaf sæðingahrútunum Kalda og Þorsta.

Í öðru sæti var móbaugóttur Bjartssonur nr. 5 frá Kjalvararstöðum sem hlaut 87,5 stig, þar af 9,5 fyrir bak og 19 í læri.

Þriðja sætið hlaut svartur Tinnasonur nr. 93 frá Hægindi en hann stigaðist uppá 87,5 stig þar af 9,5 fyrir bringu- og útlögur sem og malir.

Besti veturgamli hrúturinn kom frá Kjalvararstöðum

Í keppni um besta veturgamla hrútinn hlaut Ármann Bjarnason á Kjalvararstöðum fyrstu verðlaun fyrir Burknasoninn Börk 17-022 en móðurfaðir hans er sæðingahrúturinn Saumur. Börkur hefur komið sterkur út sem lambafaðir á Kjalvararstöðum í haust þar sem niðurstöður fyrir 26 dilka gáfu að meðaltali 12,6 í einkunn fyrir gerð, það verður því gaman að fylgjast með framvindu Barkar á komandi árum.

Annað sætið kom í hlut Trausts 17-788 frá Hesti sem er kominn út af sæðingahrútunum Krafti, Hroka og Bursta.

Í þriðja sæti var Bjarmi 17-112 frá Hægindi en hann er undan Bjarti og á ættir að rekja til sæðingahrútsins Hriflons. */SHS*

Að sjálfsögðu voru hrútarnir þuklaðir. Hér er verið að þukla efstu hrúta í flokki hyrndra lambhrúta.

Ólafur Auðunn Sigvaldason tekur við bikar fyrir kollóttu hrútana fyrir hönd fjölskyldunnar. Við hlið hans er Björg María Þórisdóttir og Sigvaldi Jónsson sigursælir eigendur kollóttra hrúta. Sveinn Hallgrímsson á Vatnshömrum veitir verðlaun.

Átta veturgamlir hrútar tóku þátt í sýningunni. Efstur stóð Börkur 17-022 frá Kjalvararstöðum í Reykholtsdal. Hér má sjá Sigurð Odd á Oddsstöðum, Helga Elí á Hesti, Björgu Maríu í Hægindi, Árna á Skarði, Sigvalda í Hægindi, Sigurborgu Hönnu á Oddsstöðum og Ármann á Kjalvararstöðum halda í hrúta.

Efstu hrútar í flokki mislitra lambhrúta. Baldur Árni Björnsson í Múlakoti heldur í sigurvegarann, þá Ármann Bjarnason á Kjalvararstöðum og Björg María Þórsdóttir í Hægindi.

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

Dreifbýlisskipulag

Dreifbýlisskipulag er tiltölulega nýtt á Íslandi og fram til 2010 var aðeins þéttbýli skipulagsskylt á Íslandi. Það er ekki fyrr en með skipulagslögum nr. 123/2010 sem sveitarfélögunum er skylt að skilgreina hvernig landi í dreifbýli er ráðstafað en fram til þess var það merkt sem landbúnaðarland.

Miklar breytingar eiga sér stað í sveitarfélögum landsins, þar sem hefðbundinn búskapur er á undanhaldi en ferðaþjónustan vex hratt. Þessar breytingar kalla á meira skipulag og uppbyggingu innviða. Samþætta þarf náttúruvernd og uppbyggingu í sveitarfélaginu. Mikilvægt er að vanda til verka þegar skipulagsmál eru annars vegar og vinna þau í sátt með íbúum.

Skipulag er stjórntæki sem sveitarfélög geta notað til að stýra uppbyggingu og bregðast við breyttum aðstæðum. Í kjölfar sveitarstjórnarkosninga í vor eru mörg sveitarfélög að skoða aðalskipulag sitt og velta vöngum yfir því hvort og þá hvernig þau þurfi að breyta því.

Á dögunum hélt Landbúnaðarháskólinn námskeið um dreifbýlisskipulag. Fjallað var um skipulag í dreifbýli og valinkunnir fyrirlesarar veltu upp ólíkum sjónarmiðum og þörfum mismunandi landnotkunar.

Stefna stjórnvalda, heimsmarkmið og aðrir skuldbindandi alþjóðasamningar sem Ísland er aðili að, marka í raun stefnuna í landnotkun á Íslandi. Í Landskipulagsstefnu 2015–2026 er sett fram stefna um skipulag í dreifbýli.

Fyrr á tímum var hefðbundinn landbúnaður ráðandi í sveitum landsins en nú er öldin önnur og víða er um blandaða starfsemi að ræða. Bættar samgöngur og nýir sjálfbærir orkugjafar eins og t.d. heimavirkjanir, sólarsellur og vindmyllur hafa ýtt undir þessa þróun. En hvernig er tekið á þessum þáttum í skipulagsvinnu? Stjórnvöld hafa sett lög og reglugerðir sem fjalla um hvern málaflokk fyrir sig þannig að lagumhverfið sem snýr að skipulagsvinnu er orðið bæði margþætt og flókið.

Grunnur allrar landnýtingar er landið sjálft og þá vakna ýmsar spurningar um landið: Til hvaða nota hentar það best? Er það ræktanlegt eða hentar það betur undir eitthvað annað? Er þörf á að nýta það? Er landið aðgengilegt? Er það einstakt og kallar á verndun eða friðun?

Eignarhald á landi skiptir miklu máli þegar kemur að ákvörðun um hvernig eigi að nýta það. En hver á land á Íslandi? Hvaða hömlur setja lög og reglur á eignarréttinn? Hvað er almannaréttur?

Fjallað var um landgæði og ólíka landnotkun, landbúnað, gott ræktanlegt land, skógrækt, landgræðslu og votlendi. Hvað á að nýta og hvað á að friða? Á að kortleggja gott ræktanlegt land og taka það frá svo það verði ekki nýtt undir óafturkræfar framkvæmdir? Á að moka ofan í alla skurði á Íslandi til að jafna kolefnissporið? Hvernig á að stýra ferðamannastraumnum og hvar viljum við byggja upp áfangastaði? Verða vindmyllur hluti af íslensku landslagi í framtíðinni? Munu þjóðgarðar og önnur friðlýst svæði stækka? Þessar spurningar og fleiri er nauðsynlegt að ræða þegar verið er að endurskoða aðalskipulag sveitarfélaganna.

Sveitarfélögin eiga að marka sér stefnu í aðalskipulagi sínu um hvað þau vilja leggja áherslu á. Einhverjir sveitarstjórnarmenn eru kannski hræddir við að setja fram stefnu með endurkjör í huga. Með skýrri stefnu geta sveitarfélögin rökstutt af hverju þau leyfa sumar framkvæmdir en hafna öðrum.

Sigríður Kristjánsdóttir
dósent við LbhÍ

Frá námskeiði um dreifbýlisskipulag í Landbúnaðarháskóla Íslands.

Bændur athugið!

Við minnum á að lokafrestur til að panta KUBOTA heyvinnuvél á áramótatilboði okkar er **31. desember næstkomandi**.

Þeir sem panta vél fyrir þann tíma fá hana samsetta og keyrða heim á hlað sér að kostnaðarlausu.

Einnig er vert að ítreka það, að með því að panta vél tímanlega er tryggt að hægt verður að afhenda hana á réttum tíma fyrir slátt á komandi sumri.

Verðlista yfir KUBOTA heyvinnuvélar var dreift inn á sérhvert lögbýli landsins í lok október. Hafi hann ekki borist þér getur þú haft samband við sölumenn okkar og fengið hann sendan um hæl.



Einnig er hægt að hlaða honum niður á heimasíðu okkar, www.thor.is eða á Facebook síðu landbúnaðardeildar: Þór hf. - Landbúnaður

ÞÓR HF

REYKJAVÍK: Krókháls 16 Sími 568-1500
AKUREYRI: Baldursnesi 8 Sími 568-1555
Vefsíða: www.thor.is

2018 Framúrskarandi fyrirtæki

FÓLK & FYRIRTÆKI

Fyrirtækið South Door er með þrjú hótel í rekstri á Suðurlandi sem leggja metnað í nýtingu hráefnis úr sínu héraði:

Áhersla lögð á samfélagslega ábyrgð og að skapa hagvöxt á starfssvæði hótelanna

– Framkvæmdastjórinn Arnar Ólafsson reiknar með samþjöppun á markaðinum á næstu misserum

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Arnar Ólafsson er framkvæmdastjóri fyrirtækisins South Door sem rekur hótel- og veitingastaði á Hellu og á Skógum. Hann segir að smám saman sé verið að útvíkka starfsemina en mikil áhersla sé lögð á samfélagslega ábyrgð starfseminnar og að hótelin og starfsmenn þeirra borgi gjöld til sveitarfélaganna sem þau starfa í.

Hótelin sem Arnar á og rekur eru Árhús á Hellu, sem er með 35 smáhýsi og veitingasal, Hótel Hella, sem er með 43 herbergi og Hótel Skógar undir Eyjafjöllum sem er með 12 herbergjum og góðum veitingastað og býður auk þess upp á sauna og heitan pott. Einnig er rekin Veitingasala í Fossbúð í Skógum. Hann segist hafa tekið við rekstrinum á þessum stöðum sem ekki hafi verið í sérlega góðri stöðu, en verkefnið hafi snúist um að yfirtaka reksturinn og koma honum á betri veg.

Auk Arnars og konu hans, Helgu Kristínu Böðvarsdóttur, sem eru aðaleigendur, þá standa Einar Sigurðsson og Ármann Einarsson frá Þorlákshöfn líka á bak við reksturinn.

Arnar Ólafsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins South Door, fyrir framan veitingastaðinn Árhús sem er samnýttur af gestum 35 smáhýsa og Hótels Hellu.

Hluti af 35 smáhýsum Hótels Árhúsa á Hellu.

Hótel Hella.

Hótel Skógar.

Fossbúð á Skógum.

Býst við samþjöppun á hótel- og veitingamarkaðinum

„Þessi þrjú hótel mynda nú samstæðu sem heitir South Door og eru allar einingarnar reknar undir þeim merkjum. Við höfum nú komist úr því að vera með fyrirtæki í frekar erfiðum rekstri í að vera með nokkuð blómleg hótel.

Við sjáum fram á samþjöppun á markaðinum og horfum því fram á útvíkkun á okkar hugmynd. Það er gríðarmikið af stökum einingum í hótelrekstri í dag og má segja að umhverfið sé svipað og var í sjávarútveginum 1984. Af því að ég er sjálfur alinn upp í Þorlákshöfn, þá man ég vel eftir hvað þá voru margir bátar í höfninni. Síðan hefur orðið mikil þróun í þeirri grein og hagræðing.“

Ekki gott að reka gistiþjónustu á rómantískum forsendum

Arnar segir að viss rómantík hafi ríkt í kringum sjávarútveginn fyrir 1984 og svipað hafi verið upp á teningnum þegar margir sáu tækifæri í því að fara í hótelrekstur fyrir nokkrum árum. Fólk hafi séð fyrir sér að eldri hjón sem jafnvel væru hætt á almennum vinnumarkaði gætu sett upp lítið sætt gistiheimili úti á landi og haft í því notalegan rekstur. Þá án þess að ætla sér kannski að græða á því mikla peninga. Fólk áttaði sig bara ekkert á hvað þetta útheimtir mikla vinnu.

Arnar segist hafa það á tilfinningunni að gistirekstur sem hafinn var á rómantískum forsendum sé miklu algengari en sá sem byggður var á raunhæfum rekstraráætlunum. Þess vegna sigli menn í strand og því verði grisjun á þessum markaði. Hann segist sjálfur ekki tilbúinn til að taka að sér rekstur á mjög litlum hótelum.

Lágmarksstærð 40 herbergi

„Ég held að lágmarkshótel sé 40 herbergi. Það er sú eining sem ætti að geta staðið undir sér. Það þarf að geta tekið hóp úr rúmlega einni stórri rútu. Þá vill maður vera með nokkur herbergi fyrir utan það forseld í það sem maður kallar „self-drive“. Slíkt væri mjög heppileg samsetning þar sem ákveðinn kjarni gesta stendur undir hluta af þjónustunni sem er þá á öðrum álagstíma en gestirnir úr rútunni.“

Samfélagsleg ábyrgð einn af grunnþáttum í starfseminni

Arnar er menntaður fjármálafræðingur og segir að samfélagsleg ábyrgð sé mjög mikilvæg hvar sem menn ákveða að stunda sinn rekstur. Þátttaka í samfélaginu, sér í lagi á litlum stöðum úti á landsbyggðinni, sé mjög mikilvæg og bæði til góðs fyrir viðkomandi sveitarfélag og starfsemina sjálfa. Þetta hafi hann m.a. lært í hagfræðihlutanum af sínu námi í Bandaríkjunum.

Það er enginn hagvöxtur í Harlem

„Kennarinn okkar spurði okkur nemendurna hvort við vissum af hverju það hafi enginn hagvöxtur verið í Harlem í yfir 100 ár. Það gat enginn svarað þeirri spurningu í 100 manna bekk. Þetta er samt bæjarhluti sem telur sjálfsagt um eina milljón manna. Kennarinn útskýrði þetta fyrir okkur og sagði ástæðuna vera að öll viðskiptin sem fram færu í hverfinu væri við félög sem væru í eigu manna sem bjuggu ekki í Harlem og flyttu því alla framlegðina af starfseminni út í þessum bæjarhluta. Framlegðin af viðskiptunum, sem er annað nafn yfir hagvöxt, varð því eftir í öðrum bæjarhlutum en Harlem.“

Áhersla á að nýta hráefni frá bændum og útgerðarmönnum í nærsamfélaginu

„Við leggjum áherslu á að nýta hráefni úr héraði sem til fellur í okkar nærsamfélagi. Það er kjöt og grænmeti frá bændum og fiskur frá útgerðarmönnum á svæðinu.

Það hefur því verið okkar útgangspunktur í starfseminni að horfa til þess af hverju það var enginn hagvöxtur í Harlem og vinna gegn því að sú saga endurspeglist á okkar starfssvæði.“

Allir starfsmenn greiða til sveitarfélaga á starfssvæði sínu

„Alveg frá því við stofnuðum fyrirtækið South Door hefur það verið okkar grundvallarsjónarmið að halda hverri einustu krónu, sem mögulegt er, úr rekstrinum inni á viðkomandi svæði. Það er nefnilega þannig að því oftar sem hver króna skiptir um hendur inni á svæðinu því mun meiri hagvöxt skapar hún á staðnum.

Þess vegna höfum við skráð allt starfsfólkið okkar með heimilisfesti á Suðurlandi og helst í því sveitarfélagi þar sem starfsemin er. Sjálfur býð ég á Eyrarbakka, eins og ég hef gert frá árinu 2001, og bókarinn er með heimilisfesti á Selfossi. Aðrir starfsmenn eru annaðhvort skráðir í Rangárþingi ytra eða í Rangárþingi eystra.

Þeir borga sitt útsvar til þessara

sveitarfélaga. Þetta er yfirleitt ungt og barnlaust fólk. Það er því afskaplega hagkvæmt fyrir sveitarfélögin þar sem það þarf ekki aukaþjónustu eins og leikskóla eða annað.

Það er hins vegar lítið talað um hvað þetta fólk er okkur dýrmætt og er að skapa okkur mikinn hagvöxt í gegnum skatta og útsvar sem það greiðir til samfélagsins. Það kaupir hér líka mat og aðra þjónustu og borgar af því staðgreiðsluskatta.“

Líka greitt í lífeyrissjóð og verkalýðsfélag á svæðinu

„Við höfum tekið þetta dæmi aðeins lengra. Allir okkar starfsmenn borga í lífeyrissjóð Rangæinga, sem er eini lífeyrissjóðurinn sem er með starfsemi á okkar svæði. Allir starfsmennirnir og ég þar meðtalinn, borgum félagsgjöld til Verkalýðsfélags Suðurlands sem er með starfsemi á Hellu. Þetta eru um 500 þúsund krónur á mánuði.

Þótt sumir myndu segja að ég sé með þessu að styrkja mótherja minn í launabaráttunni, þá lít ég ekki svo á. Þegar ég þarf að fá túlkun á samningum eða einhverjum reglum, þá fer ég bara upp í verkalýðsfélag. Ég sest bara niður með framkvæmdastjóra eða formanni félagsins og fæ þær leiðbeiningar sem ég þarf á að halda, eða aðstoð ef ég þarf að leysa einhver mál gagnvart starfsmönnum. Ég lít svo á að báðir aðilar hafi hag af þessu fyrirkomulagi.“

Keyptu Hótel Skóga 2011

„Við keyptum Hótel Skóga 2011 og var þetta þá í raun bara sumarhótel sem lokað var í um 8 mánuði yfir vetrartímann. Fyrsta rekstrarárið var 2012 og þá byrjuðum við strax á að hafa hótelið opið allan ársins hring. Þá var líka komið að viðhaldi og byrjuðum við á ýmsum lagfæringum. Við leigðum til okkar Fossbúð sem er eiginlega félagsheimilið í Skógum sem var liður í að búa til úr þessu heilsárs rekstrargrundvöll.“

Hótel Árhús keypt 2013 og Hótel Hella 2014

„Árið 2013 sannfærðumst við um að kaupa líka Hótel Árhús á Hellu sem var komið á mjög erfiðan stað í rekstri. Þar hafði verið skipt um eigendur 2012. Það var greinilegt að menn höfðu farið þar dálítið fram úr sér og var staðan orðin mjög erfið þegar við komum að málum og stefndi í gjaldþrot. Við vorum þá fengnir að borðinu og ákváðum að taka slaginn. Fórum við strax í að taka til í rekstrinum og reyna að auka tekjur.

Í kjölfarið á þessu, eða árið 2014, kaupum við Hótel Hellu sem þá var líka í erfiðum rekstri. Við tókum við hótelinu í apríl sama ár og þá voru litlar sem engar bókanir komnar fyrir sumarið. Mig minnir að fyrsta rekstrarárið hafi verið í kringum 16% nýting á hótelinu og tekjurnar eftir árið ansi rýrar.“

Úr 16% í 65% nýtingu á skömmum tíma

Arnar segir að 16% nýting sé alls ekki ásættanleg í svona rekstri því til að teljast gott þurfi nýtingin að vera í kringum 65%. Hann segir að slíkt nýtingarhlutfall geti alveg gengið ef ekki er á bak við gríðarmikil þjónusta. Í svona rekstri snúist þetta allt um hvernig menn skilgreini hlutina. Fjögurra og fimm stjörnu hótel kalli t.d. á það að barþjónn sé allaf tiltækur sem þýði vaktavinnu. Morgunverður á slíku hóteli kalli líka á vaktavinnu sem og móttaka sem þurfi að vera til taks allan sólarhringinn. Þá kalli þrif á fjögurra stjörnu hóteli líka á vaktavinnu og hraðari endurnýjun á öllum rúmfötum og öðru. Þegar hótel er skilgreint sem þriggja eða jafnvel tveggja stjörnu, þá horfi málið svolítið öðruvísi við.

Öflugur kjarni menntaðra kokka frá Ungverjalandi sinnir matseldinni hjá South Door-hótelunum. Þar eru nú rúmlega 30 starfsmenn, en þeir eru um 40 yfir háannatímann á sumrin.

Mikil samlegðaráhrif

– Eru mikil samlegðaráhrif á þjónustunni í hótelrekstrinum á Hellu?

„Já, samnýtingin er gríðarmikil, en þarna erum við með 200 rúm í 43 herbergjum á Hótel Hellu og í 35 bústöðum í Árhúsum. Bústaðirnir eru með frá tveimur rúmum upp í sex.

Á Hellu er sameiginlegt þvottahús sem þvær 300 kg af þvotti á dag þegar hótelin eru fullnýtt. Sama er með þrifin. Þá erum við með sameiginlegt „prep“, eða forvinnslueldhús. Það er því mikil samnýting á kokkum, matreiðslufólki og öðrum starfsmönnum. Þá er sami maður sem sér um sölu á gistingu til ferðaskrifstofa og á netinu.“

Náðu stöðugleika og tvöfölduðu veltu á fjórum árum

– Ykkur hefur tekist að koma rekstrinum á réttan kjöl eða hvað?

„Já, við erum búnir að tvöfalda okkur í veltu á fjórum árum. Hagnaður fyrir afskriftir er kominn yfir 100 milljónir króna. Þetta er því farið að standa vel undir lánum, nauðsynlegu viðhaldi og öðru. Það er því kominn stöðugleiki í reksturinn eins og maður vildi sjá og síðan er bara að viðhalda þessum stöðugleika. Að það sé góð nýting á gistiaðstöðunni, meðalverð og afkoma séu góð. Þegar því er náð er hægt að fara að auka gæðin á hótelunum, kannski úr tveim í þrjár stjörnur þótt maður vilji samt ekki fara með þau í fjórar stjörnur.

Ástæðan fyrir því er að ég tel að markaðurinn sé ekki nógu stór til að reka þessar einingar sem fjögurra stjörnu hótel. Eins kallar þetta markaðssvæði miklu fremur á tveggja til þriggja stjörnu hótel. Það eru önnur hótel að sinna hærri klassa, eins og Hótel Rangá sem er með 60 herbergi og Icelandair Hótel Vík sem er mjög flott hótel á landsbyggðinni.“

Ýmsir vaxtarmöguleikar

Arnar segir að ýmsir vaxtarmöguleikar séu fyrir hendi í þeirra starfsemi.

„Sem dæmi erum við komin með talsverða starfsemi á veitingastaðnum Fossbúð við Skógafoss. Þar væri hægt að bæta við með aukinni útsjónarsemi og markaðssetningu. Í öðrum þáttum er líka alltaf hægt að gera betur.“

Áhætta falin í háum gæðastaðli og hárri verðlagningu

– Er kannski of mikið um að hótelrekendur séu að horfa á hágæðaþjónustu með tilheyrandi hárri verðlagningu?

„Jú, ég tel svo vera. Ef menn eru með háa verðlagningu þá þarf að styðja það með mikilli og góðri þjónustu. Það felst bara meiri áhætta í rekstrinum eftir því sem verðlagið hækkar.“

Segir Arnar að í þessu sé síðan annar þáttur varðandi verðlagninguna sem blasi ekki beinlínis við. Ef rekstraraðilar eru með hótel sem er í gæðaflokki yfir þrem stjörnum og með veitingastað í háum gæða- og verðflokki, þá kallar það á að nýtingin sé góð. Ef aðsóknin minnkar dugar ekki að lækka verð til að bjarga rekstrinum.

Bendir Arnar á dæmi af hóteli á Suðurlandi sem var í þessari stöðu. Verð á gistingunni var lækkað, en þá dó veitingastaðurinn. Lækkun á gistiverði bjargaði því ekki málinu. Ástæðan er að ferðafólk sem er að kaupa ódýra gistingu er ekki að kaupa mat á dýrum veitingastöðum. Slíkir ferðamenn hegða sér öðruvísi og bjarga sér meira sjálfir með mat og drykk en þeir sem sækjast eftir meiri þjónustu.

„Þessir gestir eru ekki tilbúnir að kaupa margrétta máltíð með forrétt, aðalrétt og eftirrétt og kokteil að auki. Þeir eru fullkomlega sáttir við hagstætt verð á gistingu og að fá sér banana uppi á herbergi. Það er bara hið besta mál, en menn verða að hafa þetta í huga þegar þjónustan er skipulögð í kringum gistinguna á hótelum sem eru listaðar í verðflokki með tvær eða þrjár stjörnur. Þangað kemur allt annar kúnnahópur en á fjögurra stjörnu hótelin. Það er því ekki auðvelt að stíga skrefið til baka þegar menn eru komnir upp í fjögurra stjörnu rekstur. Við höfum aldrei farið upp í þann klassa, þó við séum t.d. með mjög gott hótel í Skógum og á Hellu. Þar erum við sátt við nýtinguna og samnýtum veitingastaðinn í Árhúsum sem er í 300 metra fjarlægð.“



Sama starfsfólkið er ár eftir ár og borgar að meðaltali 38 þúsund krónur í fæði og húsnæði.

Girnilegur matur þótt stjörnurnar séu ekki fleiri en þrjár.

Gengur mjög vel að fá starfsmenn

– Hvernig gengur að fá starfsmenn á hótelin?

„Það hefur gengið afskaplega vel síðustu ár. Ég fór auðvitað í gegnum ákveðna lærdómskúrfu í þessum efnum þegar ég byrjaði. Í upphafi tók ég við starfsmannahóp, en eftir einhvern tíma var það fólk allt horfið á braut. Nú erum við með rúmlega 30 starfsmenn og þeir eru um 40 yfir háannatímann á sumrin.

Maður lærði að það þarf að byggja upp ákveðinn kjarna starfsfólks sem er allt árið um kring og síðan að ráða aðra í kringum þann hóp. Við höfum t.d. mannað eldhúsin hjá okkur með kokkum frá Ungverjalandi. Þetta eru allt vel menntaðir kokkar og færir á sínu sviði og miklir fagmenn. Með þessum mannskap hefur myndast ákveðinn stöðugleiki, en við þurftum þá líka að hugsa fyrir góðu íbúðarhúsnæði fyrir þetta fólk.

Á Hótel Skógum keyptum við íbúðareiningar úr gámum sem við settum þar upp. Á Hellu keyptum við íbúðarhús þar sem fólk leigir bara herbergi og nýtir sameiginlega aðstöðu. Örfáir kjósa hins vegar frekar að vera einir út af fyrir sig og búa í herbergjum á Hótel Hellu. Það eru starfsmenn sem eru eldri en hinir sem búa saman og vilja hafa það rólegt eftir vinnu í stað þess að fá sér kannski bjór með vinnufélögunum.“

Lítið rukkað fyrir fæði og húsnæði

„Lykillinn að því að halda í mannskapinn er því að bjóða upp á húsnæði sem er gott og hentar ólíkum einstaklingum. Einnig að rukka lága leigu og taka lítið fyrir fæði. Í okkar tilfelli eru starfmennirnir að jafnaði að borga 38 þúsund krónur fyrir fæði og húsnæði. Þau eru kannski að fá 400.000 útborguð laun og hafa því tækifæri til að spara pening. Í staðinn fáum við fyrsta flokks starfsfólk sem við höldum ár eftir ár. Ein manneskja sem er búin að vera hjá okkur í fjögur ár er t.d. komin með 15 milljónir króna í sparnað.

Starfsmenn okkar fara svo heim til sín í frí og segja þá auðvitað sína sögu og þá er ekki verra fyrir okkur að afspurnin sé góð.“

Miklir kostir að vera á landsbyggðinni

Arnar segir að það sé mikill kostur falinn í því að reka svona starfsemi úti á landi, líka fyrir starfsmennina. Það er færra sem glepur og því auðveldara að komast af og mögulega safna pening. Sumir hafi þó kosið að yfirgefa þau og halda á vit ævintýranna í Reykjavík. Hann hafi þá reynt að aðstoða þá með vinnu í gegnum kunningja sína í veitingageiranum í höfuðborginni. Því miður hafi það ekki alltaf gengið upp, kostnaðurinn sé allur mun meiri og menn hafi stundum freistast til að lifa hátt í borginni. Því hafi þeir svo oftar en ekki farið peningalausir heim til sín aftur eftir tveggja til fjögurra ára vinnu.

„Það er annar taktur úti á landi og hingað kemur starfsfólk sem hugsar oft öðruvísi en það sem sækist eftir að vera á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Arnar Freyr Ólafsson.

SJÚKDÓMAVARNIR & UMHVERFISMÁL

Afar mikilvægt framtak í vörnum gegn „ANTHRAX"-smiti að frumkvæði Sigurðar Sigurðarsonar dýralæknis:

Merkingu á 152 miltisbrunagröfum er lokið

– Ábyrgðin nú í höndum opinberra stofnana að viðhalda vitneskju um grafir dýra sem drepist hafa af miltisbrandi

Sumarið 2017 og einnig 2018 fóru Sigurður Sigurðarson, dýralæknir á Selfossi, og Ólöf Erla Halldórsdóttir, kona hans, um landið og merktu miltisbrunagrafir, en þær eru um allt land. Reynslan hefur sýnt hvað mikilvægt er að þekkja og merkja grafirnar.

Árið 2004 drápust þrír hestar á Vatnsleysuströnd úr miltisbrandi, en þar var 130 ára gömul gröf sem ágangur sjávar hafði raskað og smit borist í bithaga. Sigurður hófst þá handa við að kortleggja þá staði þar sem vitað var að miltisbrandsgrafir voru og jafnframt leita heimilda um gleymdar grafir.

Getur lifað í jarðvegi nær endalaust

Sýkillinn sem veldur miltisbrandi myndar dvalargró og lifir nær endalaust niðri í jörðinni en virðist verða hættulítill í yfirborðinu í grennd við grafirnar eftir fáar vikur væntanlega fyrir áhrif sólarljóss og veðrunar. Ef jörð er raskað t.d. við skurðgröft, ræktun, vegalagningar, byggingar og flagmyndun sem verður við nauðbeit hrossa svo að hræ dýranna eða hlutar þeirra kunna að koma upp á yfirborðið er hætta á ferðum. Ef jörðin er látin óhreyfð, þar sem miltisbrunagrafirnar eru er engin smithætta. Veikin er þekkt í flestum suðlægum löndum, sums staðar er hún skæð og algeng. Á Spáni finnast um 40–60 ný tilfelli árlega.

Barst til Íslands með ósútuðum húðum frá Afríku 1865

Sýkingin barst til Íslands með innfluttum ósútuðum húðum um 1865, fyrst og fremst frá Afríku. Veikin kom fyrst upp í Miðdal í Mosfellssveit. Árið 1866 fórust á þeim bæ 20 stórgripir (12 hross og 8 nautgripir) og árið eftir 4 hross og 2 naut og auk þess 3 lömb og 2 hundar, sem snuðruðu í hræjunum. Sagnir benda til þess að hún hafi líka gert usla hér á landi á 17. öld (Hamrar í Grímsnesi).

Síðast fannst miltisbrandur hér á landi árið 2004 á Sjónarhóli í Vatnsleysuströnd. Þá hafði sjórinn brotið sjávarkamb og dreift efni úr honum yfir beitiland 4 hrossa, sem þar voru. Þrjú hrossanna drápust skyndilega, en 4. hrossið veiktist og var lógað. Sagnir herma að 130 árum áður hafi skepna, sem dó úr miltisbrandi, verið grafin í sjávarkambinum á Sjónarhóli.

Næst áður fannst miltisbrandur 40 árum fyrr (1965) á Þórustöðum í Ölfusi. Þar hafði rask verið gert á mógrafasvæði við túnið, skurðir grafnir og jörð plægð vegna ræktunar á fóðurkáli. Í mógrafirnar á að hafa verið fleygt hræjum af hjörð, sem fargað var vegna miltisbrands um 1900.

Að minnsta kosti 10 manns hafa látist af miltisbrandi á Íslandi

Smithætta er fyrir flestar dýrategundir með heitu blóði og fyrir fólk. Að minnsta kosti 10 manns hafa látist af þeim sökum hér á landi og margir tugir manna hafa veikst, sem tekist hefur að lækna.

Merking á miltisbrunagröfum eftir landshlutum

Auðkenni	Landshlutar	Fjöldi staða	Fjöldi grafa
A1 – A100	Suðurland	32	44
A101 – A200	Vesturland og Vestfirðir	31	36
A201 – A300	Norðurland frá Hrútafirði að Jökulsá á Fjöllum	16	21
A301 – A400	Austurland að Hornafjarðarfljótum	41	45
A401 – A500	Suðausturland frá Hornafjarðarfljóti að Markarfljóti	4	6
	Alls	124	152

Heimild: Sigurður Sigurðarson dýralæknir





Sigurður að merkja miltisbrunagröf í Meiri-Tungu í Holtum 17. júlí 2017. Númerið er AB1. Bókstafurinn A stendur fyrir Anthrax, sem er hið erlenda heiti á miltisbrandi. Áletrun er varanlegri en fyrr. Notaðar eru plötur úr ryðfríu stáli, sem festar eru á stólpana með draghnoðum og sjálflýsandi límborðar.

Áður en menn þekktu veikina og ráð gegn henni, dóu þúsundir manna erlendis úr miltisbrandi. Skepnur sem drápust úr miltisbrandi voru grafnar djúpt og girt í kringum grafirnar. Ef jörðin er látin óhreyfð, á stöðum sem merktir hafa verið, þá er hættan engin.

Þekktar eru um 150 grafir á um 120 stöðum. Merkingarnar eru nú varanlegri en áður þ.e. stálplata með ágröfnu númeri, sem gæti enst í 100 ár og endurskinslímborði, sem gæti enst í 20 ár. Síðasta merkið rákum við Ólöf í jörð í haga Neslands á Seltjarnarnesi í október 2018. Þar veiktust 15 hross haustið 1870 og 10 þeirra dóu úr miltisbrandi

Merkin eru hvítur sívalur stólpi, 50 cm hár og 7 cm í þvermál á jarðföstum teini (kambstál).

Fjöldi staða og bæja þar sem veikin hefur fundist eða má ætla að hún hafi fundist eru tilgreindir hér að ofan eftir landsvæðum og einnig hvernig merkingum hefur verið háttað á hverju svæði. Fjölda staða og bæja þarf að taka með fyrirvara. Bókstafurinn A stendur fyrir -Anthrax-, sem er hið erlenda heiti á miltisbrandi.

Varð ljóst að hér á landi voru miltisbrunagrafir tifandi tímasprengjur

„Ég fór að undirbúa merkingar á gröfunum árið 2004. Þá hafði ég verið á ráðstefnu í Svíþjóð, þar sem fjallað var um miltisbrand í villtum dýrum. Þar hitti ég menn frá Suður-Afríku, sem sögðu mér að þeir þekktu dæmi þess að miltisbrunasýking hefði lifað í 200 ár. Mér varð þá ljóst að hér á landi væri miltisbrunasýking frá skepnum, sem grafnar hefðu verið í jörðu um allt land, eins og tifandi tímasprengjur," segir Sigurður Sigurðarson.

Unnið á eigin kostnað auk fjölmargra sem lagt hafa verkefninu lið

„Eftir að ég hætti störfum hjá

Drepsár af völdum miltisbrandssýkingar í mönnum.

Ólöf Erla Halldórsdóttir og Sigurður Sigurðarson dýralæknir hafa gert víðreist um landið til að merkja staði þar sem grafin hafa verið dýr sem drepist hafa af miltisbrandi. Hafa þau gert þetta að frumkvæði Sigurðar sem telur sér skylt að koma á framfæri allri vitneskju sem hann hefur um þessa staði til komandi kynslóða. Þannig verði hugsanlega hægt að koma í veg fyrir að í ógáti verði hróflað við þessum stöðum sem gæti haft skelfilegar afleiðingar í för með sér.

Mynd / HKr.

yfirdýralækni um 2006 hefur þetta starf þ.e.; öflun upplýsinga, staðsetning, merking og skráning að mestu verið sjálfboðavinna mín, en kostnaður sem undirritaður hefur greitt úr eigin vasa vegna þessa verks er kominn í 950.000. Í þeirri upphæð eru engin vinnulaun, enda hafði ég ætlað mér að láta eftirlaunin mín duga til þess.

Í fyrravor var ég orðinn vondaufur um að geta lokið þessu verkefni, einkum vegna daufra undirtekta og æpandi þagnar stjórnvalda við beiðni minni um aðstoð. Þá gekkst Guðni Ágústsson, fyrrum landbúnaðarráðherra, fyrir því að útvega bíl og eldsneyti svo að fara mætti á milli miltisbrunastaðanna til að merkja og safna upplýsingum. Guðni er sá sem mestan skilning hefur á þessu verkefni mínu og hve nauðsynlegt það er. Heiður og þökk sé honum fyrir það. Svo fékk ég Ólöfu konu mína til að vinna með mér við merkingarnar, en það var og er ómetanlegt.

Ýmsir fóru að styrkja þetta verkefni þegar þeir fréttu af því og fjölmargir hafa lýst ánægju sinni. Hjartans þökk. Það hjálpaði okkur Ólöfu af stað. Bílaumboðið BL lagði til fjórhjóladrifinn bíl og N 1 lagði til eldsneyti. Baldur Baldursson, BB-skilti ehf., gekk fram af drengskap og krafti við að koma þessu verkefni af stað og fengu ýmsa góða menn til að styðja það t.d: Micro ryðfrí sérsmíði, Wurth, Verkfæralagerinn, Arkir ehf. o.fl. og Björn Jenson rennismiður hefur lánað rafmagnsborvél og draghnoðatöng. Mjólkursamsalan, Bændasamtökin, Sláturfélag Suðurlands og Kaupfélag Skagfirðinga hafa styrkt þetta verkefni. Hjartans þakkir til þessara aðila allra.“

Hlutverk annarra að taka við ábyrgðinni

„Ég geri mér ljóst, að ég mun ekki geta tekið þetta verkefni með mér yfir í aðra heima.

Aðrir verða að taka við ábyrgðinni. Ég hef nú rætt við Matvælastofnun. Hún tekur því vel að taka við starfi mínu og eftirliti og gera tillögur um reglugerð, sem tryggi öryggi merkinganna og endurnýjun merkja, sem kunna að falla út af eða týnast, en sem betur fer virðist merkingarlag okkar traust og endingargott.“

Merki troðin í svaðið af hrossum

„Hrossum verður þó að halda frá slíkum merkjum. Slíkt eftirlit og ábyrgð verður í fyrstu lotu að falla á ábúendur og eigendur jarða, þar sem grafirnar eru og hætta fyrir umhverfið. Því miður hafa ekki allir þessir aðilar áttað sig á nauðsyn þess og sum merki hafa týnst eða verið troðin í svað af hrossum,“ segir Sigurður. */SS/HKr.*

Gró miltisbrands geta lifað í jarðvegi í hundruð ára

Miltisbrandur er sjúkdómur sem sýkill að nafni Bacillus anthracis veldur. Það eru einkum grasbítandi dýr sem taka þennan sjúkdóm en menn geta þó af og til sýkst af honum. Sjúkdómar sem finnast í dýrum en geta jafnframt lagst á menn eru nefndir súnur (zoonosis).

Sýkillinn getur myndað dvalagró eða spora. Sporarnir geta lifað í hundruð ára í rökum og súrum jarðvegi og segir Sigurður Sigurðarson dæmi um allt að 500 ár. Á yfirborði endist miltisbrandur hins vegar ekki lengi m.a. vegna áhrifa sólarljóss og súrefnis.

Af þessum ástæðum getur miltisbrandur verið alvarlegt vandamál í búfjárrækt. Stærð sporanna, sem eru 2–6 míkron (míkrómetrar, milljónustu partar úr metra) í þvermáli, gerir þá kjörna til að setjast á slímhúð í öndunarvegum manna og dýra. Sporarnir loða hins vegar við jarðveginn en það dregur úr líkum á því að menn smitist með beinum hætti frá jarðvegi. Þegar sporar komast hins vegar í hýsil þar sem skilyrði eru hagstæð breytast þeir í það form sem sýkillinn hefur þegar hann er að vaxa. Sýkillinn ber með sér eituretfni eða toxín sem er afar skaðlegt og veldur drepi.

Einkenni

Einkenni miltisbrands ráðast að nokkru af því hvernig smitið berst. Algengasta smitleið sýkilsins til manna er gegnum húð sem er rofin. Þeir sem meðhöndla sýkt dýr eða afurðir sýktra dýra eru í mestri hættu. Sýkillinn veldur kýlum sem síðar rofna og eru þá með svörtum sárbotni vegna dreps. Húðsýking er vægasta mynd sýkingarinnar og leiðir til dauða í 20% tilfella ef hún er ekki meðhöndluð. Meðgöngutími húðsýkingar er 3–5 dagar.

Neysla mengaðrar fæðu getur leitt til sýkingar í meltingarfærum eða hálsi. Einkenni í byrjun eru almenns eðlis en geta síðan þróast yfir í alvarleg einkenni frá meltingarfærum eða hálsi með fylgjandi blóðþrýstingsfalli og dauða. Í mönnum kemur sýkingin oftast eftir neyslu kjöts af sýktu dýri. Meðgöngutími sýkingar er 3–7 dagar.

Loks geta sporar sýkilsins borist í öndunarveg og þaðan komist í eitilvef og valdið þar sýkingu, drepi og blóðsýkingu. Þetta er sú smitleið sem helst er notuð til að dreifa miltisbrandi í hernaði og hryðjuverkastarfsemi. Við náttúrulegt öndunarfærasmit hafa starfsmenn í ullariðnaði reynst í mestri áhættu.

Fyrstu einkenni lungnasmits eru lík inflúensu með hita, vöðvaverk, höfuðverk, þurrum hósta og smávægilegum óþægindum fyrir brjósti sem vara í örfáa daga. Næstu 1–3 daga eftir upphafseinkenni líður sjúklingi betur en versnar svo skyndilega með háum hita, andnauð og losti. Oft má sjá bjúg á brjóstkassanum og geta sjúklingar fengið blæðandi heilahimnubólgu. Meðgöngutími frá lungnasmiti þar til einkenni gera vart við sig er oftast 1–6 dagar en getur verið lengri, allt að 43 dagar.

Heimildir:
Vísindavefurinn – Sigurður Sigurðarson og embætti landlæknis

HROSS & HESTAMENNSKA

Hestarnir Lýsingur og Alur hafa mikla sérstöðu:

Einstakt litaafbrigði alhvítra hesta komið fram í íslenska hrossastofninum

– Ekki hafa áður verið svona hestar í íslenska hrossastofninum sem hafa komist á skrár

Á haustráðstefnu Fagráðs í fyrra gerði annar höfundur þessarar greinar stuttlega að umræðuefni samsett litmynstur í hrossum. Þetta beindist einkum að samtvinnun litförótts og arfhreins slettuskjótts. Þannig hross eru afar fátíð og þau tvö hross sem upp hafa komið á síðustu árum voru seld úr landi fljótlega eftir fæðingu.

Þannig uppákomur sýna okkur að erlendis er vakað yfir sérstæðum og fágætum litum og litasamsetningum í hrossastofninum hér heima. Þeir gripir sem áhuga vekja meðal litaáhugafólks eru hremmdir, nánast án þess við tökum eftir því hér heima. Þannig var til dæmis áhugi á Ellerti frá Baldurshaga strax á folaldsári hans. Sem betur fer sáu eigendur hans við áhuganum og skynjuðu sérstöðu hans og ljáðu ekki máls á sölu. Nú þarf að vinna enn frekar úr því máli.

Alhvíti hesturinn Alur með móður sinni Kolku frá Ártúnum 2017. Kolka er fædd 2012. Hún er ljósmóálótt, vindótt og blesótt.
Myndir / Páll Imsland

Alhvít hross

Það sem hér verður hins vegar gert að umræðuefni eru alhvít hross, einstaklingar sem eru fæddir alhvítir.

Núna eru til tveir ógeltir ungir folar þannig fæddir, alhvítir glaseygir. Þeir eru þó ekki fölir á lit, albínóar eða hvítingjar, þeir bera ekki leirlitargen, eins og föl hross gera sem eru rjómagul fremur en hvít. Þeir Lýsingur frá Reykjavík, eign Jens Pétur Högnasonar, og Alur frá Ártúnum, eigna Páls Imsland, eru báðir fæddir alhvítir og hafa ekki breyst að þessu leyti síðan þeir fæddust. Alur er á annan vetur en Lýsingur er á fjórða vetur og hefur eignast fölöld.

Ættirnar að þessum folum gefa til kynna hvernig litaerfðum þeirra er háttað. Í báðum tilvikum benda ættirnar til þess að þessir folar séu bæði skjóttir á hefðbundinn hátt og hjálmskjóttir og verður það betur skýrt hér á eftir.



Hinn alhvíti og glaseygi Lýsingur 2015. Nú er hann kominn á fjórða vetur og hefur eignast mörg fölöld.

Skjóttu mynstrin

En nú þegar skjóttu mynstrin í íslenska hrossastofninum eru orðin þrjú, er nauðsynlegt að greina skýrt á milli þeirra. Hér verða helstu einkenni mynstranna þriggja rakin stuttlega.

Hefðbundið skjótt

Fyrst ber að telja hefðbundið skjótt, mynstur sem er mjög fjölbreytilegt. Það erfist með ríkjandi erfðum, þannig að skjótt hross á ætíð að minnsta kosti annað foreldrið skjótt.

Lágmarkshvít hross eru gjarnan sokkótt og kannski með örlítinn hvítan flekk einhvers staðar á skrokknum. Á hinum enda skjótta rófsins eru svo höttótt hross, sem eru alhvít nema að hausinn er dökkur. Algengast er þó að skjótt hross séu einhvers staðar milli þessara öfga, séu til dæmis toppótt, vængskjótt, kápótt eða kúfótt og þar fram eftir götunum. Hvítu flekkina er oftast að finna milli höfuðs og tagls, auk þess sem skjótt hross eru mjög gjarnan sokkótt.

Alur veturgamall í rigningunni sumarið 2018.

Hross sem eru arfhrein um hefðbundið skjótt mynstur líta iðulega út mjög svipað arfblendnum skjóttum hrossum, en þau hafa þó sterkari tilhneigingu til að sýna syrjur. Syrjur eru litlir óreglulegir litblettir frekar en flekkir sem koma fyrir inni á hvítum svæðum. Syrjur eru þó ekki bundnar við arfhreint skjótt, og geta komið fyrir í hvaða hvítum flekk sem er.

Slettuskjótt eða hjálmskjótt

Slettuskjótt, eða hjálmskjótt er annað mynstur sem stjórnast af öðrum erfðum en hefðbundið skjótt. Birtingarmynd slettuskjótta mynstursins er ólík hjá arfblendnu og arfhreinu slettuskjóttu.

Faðir Lýsings, Lykill frá Skjólbrekku, er rauðskjóttur og hringeygur.

Faðir Als, Óður frá Ártúnum 2018.

Hross sem eru arfhrein um slettuskjóttar erfðir verða hjálmskjótt. Hausinn er hvítur framan í, allt frá því að vera breiðblesóttur í að vera hjálmóttur, hvítt undir kverk og upp fyrir augu. Augnliturinn er einnig einkennandi, lithimnan er ísblá þannig að hrossið er ýmist hringeygt eða glaseygt. Fætur eru sömuleiðis hvítir, gjarnan alla leið upp undir kviðinn sem einnig er oft hvítur. Hvíti liturinn getur teygt sig upp síðurnar og jafnvel í stöku tilvikum alla leið yfir bakið. Það er því yfirleitt hálsinn, makkinn og bakið, lendin og taglið og mismikill hluti síðanna sem er dökkt.

Hross sem eru arfblendin um slettuskjótt eru einhvers staðar á milli þess að vera hjálmótt og einlit. Einkennin eru margvísleg, en birtast fyrst og fremst í hvítu hausmynstri, hvítu á fótum og ísbláum lit í augum. Hausmynstrin geta verið glámblesa, breiðblesa, hamarblesa, skakkblesa, þráðarblesa, tvístjarna, stórstjarna, jafnvel smástjarna og þar fram eftir götunum. Þau geta jafnvel verið án hvíts hausmynsturs. Stundum eru fætur allir dökkir, en þeir geta einnig verið með hvítu, allt frá hvítum flekk í hófbotni eða undir hófskeggi og upp í hásokka, á einum fæti eða fleirum. Arfblendin slettuskjótt hross geta haft aldökk augu, en vagl í auga, hringur eða ægishjálmur (hvít augnhvíta en ekki brúnleit) eða glasaugu eru algeng.

Ýruskjótt

Nýjasta skjótta mynstrið í hrossastofninum hér á Íslandi, það sem upp kom með Ellerti frá Baldurshaga 2013, hefur verið nefnt ýruskjótt. Enn sem komið er eru ýruskjóttu einstaklingarnir það fáir að við vitum lítið um hverjir mynsturmöguleikarnir eru á heildina litið, en ef við tökum mið af þeim fimm ýruskjóttu einstaklingum sem til eru í dag lýsir mynstrið sér í háum hvítum sokkum, breiðri blesu, vagli eða hring í augum og ýrðum lit um skrokkinn, þar sem blandast saman hár af dökkum lit og hvítum. Ýringin er sterkari undir kviðinn, en yfirlínan dekkri. Hrossið er því í heildina dekkra ásýndum ofanvert en neðanvert. Eftir á að koma í ljós hvaða möguleika þetta nýja mynstur hefur fram að bjóða eftir því sem einstaklingunum sem það bera fjölgar.

Litaþróun alhvítra hrossa

Eins og að ofan segir benda ættir alhvítu folanna Als og Lýsings til

Lýsingur með móður sinni, Draumadís frá Melum, sem fædd er 1998 sem er dökkjörp, glámblesótt, leistótt og hringeyg.
Myndir / Páll Imsland

þess að þeir séu bæði hjálmskjóttir og skjóttir á hefðbundinn hátt. Mæður þeirra beggja bera erfðir fyrir slettuskjóttum lit, og feður þeirra eru hefðbundið skjóttir með slettuskjótt einkenni að auki. Ekkert foreldranna ber erfðir fyrir leirlitum.

En ólíkt öðrum skjóttum hrossum bera þessir tveir alhvítu folar engan lit. Hvernig má það vera?

Einfaldast er að hugsa sér þetta þannig að á fósturskeiði sé fylið í raun litlaust, en þegar fóstrið þroskast myndast á því litflekkir, þessir litflekkir eru margir. Þeir stækka, tengjast og leggjast hver yfir annan með vaxandi þroska fóstursins, þannig að lokaútkoman verður einlitt folald. Þannig fær folald lit sinn.

Hvítu mynstrin verða þannig til að suma af þessum litflekkjum vantar og þeir þroskast ekki hjá fóstrinu. Ef hross er sokkótt, þá urðu litarflekkirnir sem hefðu gefið löppunum lit ekki til. Ef hross er blesótt, þá vantar litarflekkinn sem hefði gefið lit framan á hausinn o.s.frv.

Þannig getum við séð viss mynstur í því hvernig skjóttu litirnir verða til. Hjá hjálmskjóttu hrossi sem er mikið hvítt þroskuðust ekki litflekkir á fótum, kvið, síðum og haus. Höttótt hross (mikið hvítt hefðbundið skjótt) þroskaði ekki litflekki hér og þar á búknum en gerði það hins vegar á hausnum.

Lýsingur í stóðinu sínu sumarið 2017.

Í tilfellum Als og Lýsings hefur samspilið af þessum tveim litflekkjamynstrum orðið þannig á fósturþroskastiginu að engir litflekkir urðu til. Þeir þroskuðu aldrei lit og eru enn alhvítir.

Sönnun erfðanna

Lærdómsríkasta leiðin til að sanna, að erfðir folanna, Lýsings og Als séu svona blanda tveggja skjóttra mynstra, er að láta þá eignast afkvæmi. Alur er of ungur til þess að hafa eignast afkvæmi enn en Lýsingur er búinn að eignast tíu afkvæmi.

Lýsingur eignaðist þessi tíu fölöld nú í sumar er leið með átta einlitum og tveim skjóttum hryssum austur á Hæringsstöðum í Flóa. Í stuttu máli sagt bera öll fölöldin hvít mynstur. Þrjú folaldanna bera einkenni þess að vera arfblendin slettuskjótt. Þau eru einlit á skrokkinn en með grófar blesur, eða stjörnur, leista og hafa ísblátt í augum. Hin sjö fölöldin bera ýmislega mynstraðar blöndur af slettuskjóttu og hefðbundnu skjóttu. Öll fölöldin tíu hafa fengið slettuskjóttar erfðir frá Lýsingi eins og vera ber þar sem er arfhreinn hjálmskjóttur.

Þessi niðurstaða sem fölöldin sýna kemur greinilega upp um erfðaeiginleika Lýsings hvað litmynstur varðar, þetta alhvíta ástand er sem sagt samsett úr hjálmskjóttu og höttóttu (hefðbundnu skjóttu).

Fágæti og erfðaauður

Mér vitanlega hefur ekki áður verið svona hestur í íslenska hrossastofninum sem hefur uppgötvast og komist á skrár og upplýst hefur verið hvernig á lit hans stendur. Ugglaust hefur samt fæðst svona hross áður.

Lýsingur er búinn að sanna sínar litaerfðir. Alur er hins vegar ekki faðir ennþá, en hann er ógeltur og vonandi fær hann að sanna sig . Af foreldrum hans að dæma þá er hann sömuleiðis bæði hjálmskjóttur og höttóttur.

Þessir tveir hestar sýna okkur ljóst að það eru möguleikar í litum í íslenska hrossastofninum sem ekki eru á allra vitorði og það eru flækjur í erfðunum. Mynsturmöguleikar eru fyrir hendi sem ekki eru auðséðir af því sem áður hefur verið ritað um íslensk hross og þeir eru ekki auðskráðir í litskráningakerfið í VF.

Litirnir eru erfðaauður í stofninum. Erlendis er áhugi á fágætum litum á fölöldum hér heima. Slík fölöld hafa tilhneigingu til að hverfa úr landi svo þau verða ekki að liði í ræktun hér heima á Íslandi. Það má öllum vera ljóst að það er markaður fyrir hendi fyrir hross í fágætum litum og sjaldséðum litasamsetningum. Við þurfum hins vegar að vanda betur þessa litaræktun og verðleggja hana mun hærra en gert hefur verið, sinna þessum markaði og efla um leið afrakstur ræktunarinnar hér heima, skjóta fleiri stoðum undir starfsemina í hrossageiranum.

Páll Imsland
Freyja Imsland

Ætt Lýsings frá Reykjavík

Lýsingur frá Reykjavík, f. 2015, alhvítur (líklegast rauður að grunnlit)
F: Lykill frá Skjólbrekku, 2009, rauðskjóttur hringeygur
FF: Baugur frá Víðinesi, 2001, rauðskjóttur hringeygur
FFF: Hróður frá Refsstöðum, 1995, rauðblesóttur sokkóttur
FFM: Gáta frá Hofi, 1984, rauðskjótt
FM: Ófeig frá Skjólbrekku, 1992, móbrún
FMF: Eilífur frá Sveinatungu, 1977, leirljós
FMM: Sokka frá Kárastöðum 1978, brúnsokkótt
M: Draumadís frá Melum, 1998, dökkjörp glámblesótt leistótt hringeyg
MF: Glitfaxi frá Kílhrauni, 1995, jarpvindóttur
MFF: Mjölnir frá Sandhólaferju, 1981, rauðjarpur
MFM: Dögg frá Kílhrauni, 1987, jarpvindótt
MM: Bógadýr frá Grundarfirði, 1981 jarpskjótt
MMF: Brúnblesi frá Hoftúnum, 1975, brúnblesóttur
MMM: Indíra frá Hnjúki, 1969, jarpskjótt

Ætt Als frá Ártúnum

Alur frá Ártúnum, f. 2017, alhvítur (grunnlitur óþekktur, líklegast brúnn, móálóttur, móvindóttur eða móálóttur vindóttur)
F: Óður frá Ártúnum, 2010, brúnhöttóttur tvístjörnóttur hringeygur með svart í tagli
FF: Óðinn frá Eystra-Fróðholti, 2004, jarpur
FFF: Sær frá Bakkakoti, 1997, móálóttur
FFM: Særós frá Bakkakoti, 1992, jörp
FM: Hetta frá Ártúnum, 2002, brúnskjótt höttótt hamarblesótt syrjótt með svart í tagli og ægishjálm
FMF: Skrúður frá Framnesi, 1993, brúnskjóttur
FMM: Gína frá Ártúnum, 1996, fagurjörp
M: Kolka frá Ártúnum, 2012, ljósmóálótt vindótt blesótt
MF: Landi frá Skarði, 2002, ljósmóálóttur
MFF: Vígar frá Skarði, 1997, móálóttur
MFM: Skessa frá Svínafelli, 1996, fífilbleik litförótt stjörnótt
MM: Glyrna frá Ártúnum, 2007, móvindótt hringeyg
MMF: Rúmur frá Forsæti, 2003, móvindóttur skjóttur
MMM: Gjöf frá Ártúnum, 2003, brún

Nokkrir afkomenda Lýsings.

Gamli traktorinn

Ekilslaus dráttarvél

Hugmyndin um sjálfstýrandi og ekilslausan traktor kom fyrst fram skömmu fyrir miðja síðustu öld og því ekki ný af nálinni. Ekkert varð úr framleiðslu slíkra véla á þeim tíma enda tæknin ekki til staðar. Hugmyndin lifði og undanfarin ár hafa orðið miklar framfarir í framleiðslu slíkra dráttarvéla.

Það getur verið þreytandi að sitja á traktor allan daginn og halda einbeitingunni við það sem verið er að gera, ekki síst þegar verkið er tilbreytingarlaust og tímafrekt. Erlendis þar sem akrar eru stórir getur tekið marga sólarhringa að plægja, sá og uppskera einn og sama akurinn vegna stærðar hans. Tækin sem eru notuð eru því gríðarlega stór og oft mörg saman í halarófu til að flýta verkinu sem mest.



Sjálfur minnist ég þess að hafa dreymt um sjálfstýrandi og ekilslausa dráttarvél þegar ég var að slá á gömlum Massey Harris Ferguson með slátturgreiðu og síðar á Zetor með PZ slátturþyrlu í sveitinni hjá afa og ömmu. Oft fannst mér verkið tímafrekt og þar sem ekki var hægt að lesa vísindaskáldsögur við sláttinn leyfði ég mér að dreyma um dráttarvélar framtíðarinnar. Dráttarvélar sem mundu slá sjálfar meðan ég sæti uppi á hól í sólinni og fíladi náttúruna.

Forritun og skynjarar

Undanfarin ár hafa orðið gríðarlegar framfarir í þróun ekillausra dráttarvéla enda sjálfstýringartækninni fleygt fram. Í dag er hægt að forrita dráttarvélarnar til að fara yfir ákveðin svæði og vinna ákveðin verk á ákveðnum tíma. Skynjarar koma í veg fyrir að traktorarnir keyri á hluti, menn og dýr sem verða á vegi þeirra. Hvað þá að þeir keyri á girðingar eða út í skurð eða móa.

Í dag eru unnið að þróun dráttarvéla sem eru það sem er kallað hálfsjálfvirkar eða fullkomlega sjálfvirkar. Hálfsjálfvirku dráttarvélarnar þurfa, eins og nafnið gefur til kynna, meira eftirlit en þær alsjálfvirku og eru hugsaðar fyrir minni býli. Einnig er í þróun tækni sem er þannig að ekill stjórnar fremstu vélinni í

púlíunni en tækin sem á eftir koma eru hálfsjálfvirk og fylgja þeirri fremstu.

Dregin af vindu

Hugmyndin um ekilslausa dráttarvél kom fyrst fram árið 1940 þegar uppfinningamaðurinn Frank W. Andrew gerði tilraun til að búa til eina

slíka. Andrew sá fyrir sér dráttarvél eða dráttarplóg sem tengdur væri við vindu handan við akurinn sem átti að vinna og átti vindan að draga ekilslausa dráttarvélina eða plóginn yfir akurinn sem væri plægður um leið.

Bifreiða- og dráttarvélaframleiðandinn Ford gerði einnig tilraun til að hanna ekilslausa dráttarvél. Traktorinn fékk vinnuheitið Sniffer en fór aldrei í framleiðslu. */VH*

UTAN ÚR HEIMI

Technion Israel Institute of Technology og Ben Gurion-háskóli:

Ný uppgötvun í vetnistækni sögð geta umbylt bílaiðnaðinum

Tvær stofnanir í Ísrael hafa nú tekið upp samvinnu við að finna betri lausn á notkun vetnis sem orkugjafa í ökutæki en hingað til hefur verið mögulegt. Er sú lausn talin muni verða lykillinn að því að maðurinn verði ekki lengur háður notkun jarðefnaeldsneytis.



Samkvæmt því sem fram kemur á vefsíðu EdgyLabs þá eru ísraelsku stofnanirnar sem koma að þessu verkefni Technion Israel Institute of Technology og Ben Gurion-háskóli í Negev (BGU). Hafa þessar stofnanir nú tekið saman höndum um tækninýjung sem vísindamenn þar á bæ telja að muni valda straumhvörfum í nýtingu á vetni. Hafa þeir þegar birt fræðigrein um málið í Nature Communication sem ber heitið „Two-site H2O2 photo-oxidation on haematite photoanodes“ (https://www.nature.com/articles/s41467-018-06141-0).

Ólíkt fyrri aðferðum við að umbreyta vetni í raforku í gegnum efnarafal, þá byggir þessi á að nýta sólarljósið og að nýta aðra efnafræði til að framkalla skilvirkari aðferð við efnahvarf vetnisins. Fyrri aðferð við að umbreyta vetni í raforku er svonefnd Exeter aðferð sem styðst við notkun á „lanthanum iron oxide“ upplausn í efnarafalinn en ísraelsku stofnanirnar segjast nota „heildrænni“ eða víðtækari nálgun. Þeirra hugmynd er að líkja meira eftir þeim efnahvörfum sem verða í sólorkustöðvum. Telja þeir sig þannig vera að taka í gagnið þann týnda hlekk sem vantar til að framleiða raforku með skilvirkum hætti úr sólarljósinu. Þannig verði til náttúrulegri aðferð við að framleiða raforkuna sem er öfugt við fyrri manngerðar lausnir sem mjög eru háðar notkun á málmum.

Kljúfa vatn með nýrri aðferð

Til að finna lausnina byrjuðu vísindamennirnir alveg frá grunni við að kljúfa vatn í vetni og súrefni. Við slíka klofnun verða til tvo vetnisatóm á móti hverju einu súrefnisatómi. Vísindamennirnir skoðuðu þá hvað gerðist ef tvö vetnisatóm og tvo súrefnisatóm væri látin oxíderast með ljós-efnafræðilegu inngripi (photo-chemical). Þannig sneru vísindamennirnir tækninni til að framleiða vetni á haus. Reyndar hefur lengi verið talað um að ef hægt væri að finna ódýra leið til að framleiða vetni með „photovoltic“ efnahvörfum þá yrði losun koltvísýrings (CO2) ekki lengur vandamál.

Sagður stór vinningur fyrir bílaframleiðendur

Að kljúfa vatn með Photoelectro-chemical (PEC) aðferð er frábær lausn til að framleiða vetni að mati vísindamannanna. Telja þeir að þetta geti orðið stóri vinningurinn fyrir bílaframleiðendur.

Kostur vetnisknúinna bíla er að frá þeim stafar engin koltvísýringsmengun, aðeins vatn. Þeir standast allar ströngustu kröfur sem t.d. Kaliforníuríki gerir til ökutækja og það er fljótlegt að setja á þá eldsneytið, ólíkt hleðslu á rafbílum.

Toyota veðjar enn á vetnið

Bílaframleiðandinn Toyota hefur haldið fast við þá hugmyndafræði að vetnisknúnir bílar séu framtíðarlausnin. Hafa þeir þar m.a. boðið upp á Toyota Mirai vetnisbílinn. Á síðasta ári tilkynnti Toyota að fyrirtækið hygðist koma upp algjörlega endurnýjanlegri verksmiðju sem byggði á notkun vetnis. Þá hefur olíurisinn Shell gengið til liðs við Toyota í þessu verkefni ásamt fjármagni frá Kaliforníuríki.

Hægt er að vinna vetni á ýmsan hátt úr vatni, plöntum, skít og t.d. metangasi sem stígur upp úr ruslahaugum. Um þetta má meðal annars fræðast á heimasíðu Toyota um Mirai bílinn. */HKr.*

Ólögleg skógareyðing í Gana vegna kakóræktunar.

Kakóframleiðsla í Afríku:

Skógar felldir í þjóðgörðum

Þrátt fyrir undirskrift samninga og stór orð um verndun skóga í Gana og Fílabeinsströndinni í Vestur-Afríku halda framleiðendur kakós áfram að fella skóga og fara þannig á bak orða sinni um verndun skóga.

Áætluð ólögleg skógareyðing vegna kakóræktunar í suðvesturhluta Fílabeinsstrandarinnar einni það sem af er þessu ári er talin vera tæpir 14 þúsund hektarar, sem er jafngildi um 15 þúsund knattspyrnuvalla.

Stór súkkulaðiframleiðslufyrirtæki og stjórnvöld í Gana og Fílabeinsströndinni halda áfram að styðja við framleiðslu kakóbauna og um leið styðja við ólöglega skógareyðingu þrátt fyrir undirskrift alþjóðasamninga um friðun skóga. Fyrirtækin sem ásökuð eru um að kaupa kakóbaunir frá Gana og Fílabeinsströndinni sem ræktaðar eru á landi í þjóðgörðum þar sem skógar hafa verið felldir ólöglega eru meðal annarra Mars, Nestlé og Monndelez, sem allt eru stórir framleiðendur súkkulaðis.

Gervihnattamyndir sýna að margar nýjar og stórar skógarlendur í löndunum tveimur hafa á liðnum árum verið felldar og teknar undir kakórækt.

Verst er ástandið sagt vera á Fílabeinsströndinni og talið að landið hafi misst allt að 90% af skóglendi sínu frá 1960.

Kakórækt í löndunum tveimur er aðallega stunduð af smábændum sem hvattir eru til að halda ræktuninni áfram af milliliðum. Bændunum er sagt að þeir geti ræktað baunirnar hvar sem er án hættu á lögsókn. Bændurnir, sem eru fátækir, fá lágar greiðslur frá milliliðunum sem selja baunirnar svo til fulltrúa vestrænna súkkulaðifyrirtækja sem selja baunirnar með mörg hundruð- eða þúsundföldum hagnaði.

Auk þess sem verið er að fella skóga er gengið á búsvæði margra dýrategunda með ræktuninni. */VH*

MAST Matvælastofnun

Undanþága vegna svæðisbundins stuðnings 2019

Matvælastofnun er heimilt að víkja frá skilyrðum um svæðisbundinn stuðning skv. reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt nr. 1183/2017 ef framleiðandi sýnir fram á með sannanlegum hætti að þjóðvegur að lögbýli þar sem hann stundar sauðfjárrækt hafi lokast vegna snjóa, skriðufalla og vatnavaxta í meira en átta klukkustundir í senn á sólarhring í fimm daga á ári síðastliðin tvö ár.

Sækja skal um slíka undanþágu til Matvælastofnunar með tölvupósti á johanna.magnusdottir@mast.is eigi síðar en 10. janúar 2019.

Fylgja þarf með staðfesting á ófærð frá Vegagerð eða sveitarfélagi.

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
- Iðnaðarhurðir
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð
- Bílskúrshurðir
- Hurðir í trékarma
- Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VÖGNAR HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Námsstyrkir 2019

Framleiðnisjóður landbúnaðarins auglýsir eftir umsóknum um námsstyrki vegna ársins 2019.

Í boði eru styrkir til háskólanema í landbúnaðarvísindum sem komnir eru í seinni hluta mastersnáms. Veittir verða allt að sex styrkir, allt að upphæð 1 milljón kr. hver.

Forgangs njóta þeir umsækjendur sem sýna fram á í umsókn sinni að námið sé líklegt til að stuðla að eflingu landbúnaðar í náinni framtíð. Einnig er horft til þess hversu vel verkefnið fellur að verksviði sjóðsins. Í því samhengi er horft bæði til vals námslínu, sem og efnisvals lokaverkefna. Einnig er horft til gæða umsóknar í heild sinni. Við forgangsröðun umsókna mun stjórn sjóðsins jafnframt leitast við að styrkirnir dreifist á sem flest fræðasvið landbúnaðar, að því gefnu að umsóknir uppfylli áðurnefnd skilyrði.

Umsóknum skal skilað á sérstökum umsóknareyðublöðum sem er að finna á heimasíðu sjóðsins, **www.fl.is.** Mikilvægt er að vanda til gerðar umsókna og gera grein fyrir öllum efnisatriðum sem farið er fram á í umsóknareyðublöðunum. Stjórn sjóðsins áskilur sér rétt til að leita til utanaðkomandi fagaðila og/eða umsagnaraðila við mat umsókna.

Umsóknarfrestur er til 4. janúar 2019 (póststimpill gildir).

Umsóknum skal skilað til *Framleiðnisjóðs landbúnaðarins*, Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu *Framleiðnisjóðs landbúnaðarins,* Hvanneyri. Sími 430-4300 / netfang fl@fl.is.

Styrkir þessir eru auglýstir með fyrirvara um fjárheimildir Alþingis til sjóðsins fyrir árið 2019.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins
Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnesi
Sími 430-4300

HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS

Blóm og fræflar saffrans.

Saffran – dýrasta krydd í heimi

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Kryddið og litarefnið saffran er unnið úr haustblómstrandi krókus. Plantan telst seint til helstu nytjaplantna heims en saga hennar er áhugaverð. Saffran er dýrasta krydd í heimi.

Áætluð heimsframleiðsla á saffran árið 2017 til 2018 er um 450 tonn en talið að uppskeran verði um 500 tonn 2019. Íran er langstærsti framleiðandi saffran í heiminum með yfir 90% markaðshlutdeild. Aðrir framleiðendur eru Spánn, Indland, Grikkland, Aserbaídsjan, Marokkó, Ítalía og Bandaríki Norður-Ameríku. Eins og gefur auga leið flytur Íran út mest af saffran en þar langt á eftir í magni koma Spánn, Indland og Grikkland. Stærstu innflytjendur saffran í heiminum eru Spánn, Frakkland, Ítalía, Bandaríkin Norður-Ameríka og Sameinuðu arabísku furstadæmin. Danmörk er í þrítugasta og áttunda sæti þegar kemur að innflutningi á saffran en Ísland er í áttugasta og áttunda af þeim 166 löndum í heiminum sem flytja inn mest saffran.

Talið er að saffran sé ræktað á tæplega 100 þúsund hekturum lands í heiminum.

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands voru flutt inn 807 kíló af saffran til Íslands árið 2017. Mestur var innflutningurinn frá Spáni, 434 kíló, Danmörku, 175 kíló og 71 kíló frá Bandaríkjum Norður-Ameríku og Þýskalandi.

Sé það rétt að flutt séu til landsins 807 kíló af saffran á ári er það um 0,18% af heimsframleiðslunni og mikið magn miðað við að saffran er dýrasta krydd í heimi. Reyndar er hægt að fá saffran í mörgum gæðaflokkum og lækkar verðið eftir því sem gæðin eru lakari.

Laukur saffrankrókussins er um þrír sentímetrar í þvermál, eilítið flatur og um tveir til tveir og hálfur sentímetrar á hæð. Laukurinn er ljósbrúnn að lit og ystu lagið þurrt og örlítið skrælnað.

Nýsprottin saffranblóm tilbúin til tínslu.

Selt sem saffran

Planta sem kallast safflúr, litunarþistill eða litunarkollur á íslensku en Carthamus tinctorius á latínu hefur lengi verið notuð og seld sem saffranlíki. Plantan er einkum ræktuð vegna fræjanna sem olía með gullnum litblæ er unnin úr. Úr blómunum er unnið rauðgult litarefni sem notað er til að lita vefnað og matvæli í staðinn fyrir saffran. Líklega væri best að kalla þessa plöntu seltsemsaffran á íslensku.

Einnig er þekkt að þurrkuðum krónublöðum morgunfrúar sé blandað við saffran til að drýgja það.

Haustkrókur (Crocus sativum).

Ættkvíslun Crocus

Um níutíu tegundir laukjurta tilheyra ættkvíslinni Crocus. Uppruni þeirra er við Miðjarðarhafið um Mið-Asíu til Kína. Krókusar eins og við þekkjum þá blómgast snemma á vorin en einnig eru til tegundir sem blómstra á sumrin og á haustin. Krókusinn sem saffran er unnið úr er haustblómstrandi.

Crocus sativum, eins og saffrankrókusinn kallast á latínu, er talinn ræktunarafbrigði C. cartwrightianus og finnst ekki villtur í náttúrunni nema sem slæðingur frá ræktun.

Saffrankrókus

Laukur saffrankrókussins er um þrír sentímetrar í þvermál, eilítið flatur að neðan, og tveir til tveir og hálfur sentímetrar á hæð. Laukurinn er ljósbrúnn að lit og ystalagi þurrt og örlítið skrælnað. Upp af lauknum vex einn, stundum tveir, 10 til 30 sentímetra hár blómstöngull. Blöðin fimm til ellefu, dökkgræn, mjólensulaga og 15 til 25 sentímetra að lengd. Blómin ilmandi, með sex krónublöðum sem yfirleitt eru lillablá. Frævur gular en fræflarnir, yfirleitt þrír, appelsínugulir eða rauðir. Fræbelgir aflangir og hærðir, tveir til þrír sentímetrar að lengd. Fræin óreglulega hnöttótt, þrír til fjórir millimetrar í þvermál. Myndar sjaldan fræ því mörg yrki eru geld.

Ólík yrki

Líkt og með allar plöntur sem hafa

verið lengi í ræktun á mismunandi stöðum eru til ótal mörg og ólík afbrigði og yrki á saffrankrókus í ræktun. Ólík staðbrigði jurtarinnar eru mismunandi að gæðum, stærð og hvað uppskeru varðar.

Dæmi um yrki eru 'sargol' frá Íran sem ber bragðsterka og rauða fræfla, 'pushali' ber einnig rauða fræfla en er ekki eins bragðsterkt. Yrkið 'bunch' ber mikið af gulum frævum og aðallega nota til litunar. Frá Spáni koma yrki eins og 'coupé' sem líkist írönska 'sargol' yrkinu auk 'rio', 'sierra' og 'standart' sem öll eru ólík að gæðum. Spænska yrkið 'mancha' þykir eitt besta saffran sem völ er á og er ræktun þess bundið við eitt hérað á Spáni og vernduð með lögum.

Ástæða þess að saffran er dýrt

Saffran sem krókusinn er kenndur við er unnið úr fræflum plöntunnar og það þarf fræfla úr allt að 200 þúsund blómum í eitt kíló af þurrkuðu saffran. Önnur ástæða fyrir háu verði saffran er að fræflarnir eru handtíndir og gríðarleg vinna sem felst í því. Uppskerutíminn er stuttur, um fjórar vikur, og hefst yfirleitt um miðjan október. Auk þess er best að tína fræflana snemma á morgnana áður en hitinn rýrir gæði þeirra.

Því þarf engan að undra að saffran sé eitt dýrasta krydd í heimi og kosti um 1.400 krónur grammið.

Uppruni og saga

Elstu minjar um notkun á saffran sem litarefnis er að finna í 50 þúsund ára gömlum hellamyndum af dýrum þar sem nú er Írak.

Uppruni saffrankrókussins er talin vera á eyjunni Krít en gæti allt eins verið Íran. Plantan eða hlutar hennar hafa lengi verið notaðir til litunar og sem krydd.

Hugsanlegt er að apar hafi í eina tíð verið þjálfaðir til að safna fræflum blómanna eins og fornar veggmyndir í rústum hallar í Knossos á Krít sýna. Myndirnar sýna meðal annars ungar stúlkur og apa vera að tína krókusablóm. Ein myndin, sem talin er vera frá 16. eða 17. öld fyrir Krist, sýnir mínóíska gyðju safna saffranblómum og tína af þeim fræflana sem hugsanlega hafa verið notaðir í lækningaskyni. Þess ber að geta að aldursgreiningum veggmyndanna ber ekki saman og telja sumir þær mun eldri og vísa til þess að Krítarmenning nái aftur til 7000 fyrir upphaf okkar tímatals.

Minjar eru um ræktun á saffran við borgirnar Derbena og Isfahan í Íran frá tímum Persaveldis. Saffranþræðir hafa fundist ofnir í hátíðarklæði og líkklæði konunga og háaðals frá þeim tíma

Ræktun saffran breiddist út um Litlu-Asíu og þaðan allt austur til Kína og Indlands. Heimildir um ræktun og verslun með saffran eru skráðar með fleygrúnum á steintöflu frá Persíu frá tíð Asenappar konungs á sjöundu öld fyrir Krist en þess konungs er getið í Esrabók 4:10 í Gamla testamentinu.

Sagan segir að Alexander mikli hafi baðað sig í saffranfræflum til að græða sár sín eftir að hann lagði undir sig Persaveldi. Sama er sagt um Kýrus mikla Persakonung sem var uppi á sjöttu öld fyrir Krist og batt enda á herleiðingu Gyðinga í Babýlon, eins og fram kemur í Esrabók 1: 1-14 Gamla testamentisins.

Í Mesópótamíu var saffran eyrnamerkt til litunar og lyfjagerðar og sagt kynörvandi sem vellyktandi smyrsl. Talið er að Súmverjar, sem voru menningarþjóð í suðurhluta Mesópótamíu 3000 árum fyrir Krist, hafi brennt saffran við helgiathafnir. Hin forna borg Azupiranu á bökkum fljótsins Efrat, sem liggur samsíða fljótinu Tígris um Mesópótamíu, var kölluð saffran-borgin 2300 árum fyrir Krist.

Saffrans er getið í egypsku Eber handritunum sem skráð voru á papýrus um 1550 fyrir upphaf okkar tímatals. Sagt er að Kleópatra drottning af Egyptalandi hafi sett fjórðung úr bolla af saffran út í baðvatnið sitt til að fá gullinblæ á húðina og ilma vel.

Grikkir og Rómverjar til forna þekktu vel til saffrans og fluttu Rómverjar mikið magn af því frá Grikklandi á blómaskeiði Rómaveldis þar sem það var notað sem gult eða rautt litarefni og til að krydda vín. Saffran var brennt sem reykelsi við hátíðlegar athafnir og fleygt fyrir fætur keisarans til að sýna honum virðingu. Auk þess sem saffran var stráð yfir ástarfleti nýgifts hefðarfólks til að auka úthald þess og frjósemi. Pliny gamli sagði saffran gott til allra handa lækninga, kynörvandi og bæta svefn.

Um tíma voru Ítalir nær einráðir með ræktun og verslun á saffran í Evrópu og skömmtuðu það gegnum Feneyjar til að halda verðinu uppi.

Ekki fer mörgum orðum um ræktun eða notkun á saffran frá falli Rómaveldis þar til að Márar leggja undir sig Spán á áttundu öld og hefja ræktun þess þar.

Sagan segir að enskur pílagrímur hafi stolið saffrankrókuslauk í Trípólí á Ítalíu á 13. öld eftir Krist og smyglað honum úr landi í göngustaf sínum. Breski læknirinn Roger Bacon, sem var uppi á 13. öld og var stundum kallaður læknirinn undursamlegi, taldi saffran draga úr öldrun. Frakkar hófu ræktun á saffran á 14. öld og seldu mikið af því til páfagarðs og háaðalsins sem vildi halda sér ungum og unglegum sem lengst.

Þegar Þjóðverjar hófu ræktun á saffran á 15. öld settu þeir í lög um að dauðarefsing lægi við sölu á sviknu saffran. Í Nuremberg voru menn til dæmis brenndir á báli á torgum ásamt sviknu saffran sem þeir reyndu að pranga inn á kaupendur. Í öðrum tilfellum voru þeir grafnir lifandi. Árið 1670 gaf þýski læknirinn Johann Ferdinand Hertodt von Todtenfeld út 300 síðna bók á latínu sem nefnist Crocologia þar sem lækningamáttur saffran er dásamaður og honum lýst.

Verð á saffran fór í hæstu hæðir þegar svarti dauði herjaði í Evrópu 1347 til 1370 þar sem það var talið lækning við pestinni. Eftirspurn var mun meiri en framboð, aðallega vegna viljaleysis Araba til að selja Evrópumönnum saffran vegna átaka sem tengdust krossferðunum til Landsins helga. Verslun með saffran var því gríðarlega ábatasöm og um leið áhættusöm. Þegar verðið var sem hæst rændi hópur aðalsmanna sendingu með 363 kílóum af saffran sem var á leiðinni til Basel í Sviss. Átökin milli aðalsmannanna og kaupmannsins sem átti sendinguna urðu mjög hatrömm þar sem aðalsmennirnir töldu sig í fullum rétti til að gera sendinguna upptæka af heilsufarsástæðum. Átökin stóðu í fjórtán daga og eru kölluð saffranstríðið og enduðu með því að aðallinn þurfti að skila góssinu.

Reyndar hefur þjófnaður á saffran alltaf verið algengur, hvort sem það hefur verið flutt landleiðina eða þá að sjóræningjar hafa ráðist á kaupskip.

Í Evrópu endurreisnartímans var saffran sagt lækna ergotisma, sem er sjúkdómur sem stafaði af sýktu korni. Frá þeim tíma segir að nota megi saffran í litlu magni svipað og ópíum til að sveefa börn.

Líklegast er að saffran hafi borist til Asíu með kaupmönnum eftir silkileiðinni. Samkvæm sögnum í Kasmír barst saffran til landsins á 11. eða 12. öld með tveimur útlendingum sem ráfuðu til landsins. Skömmu eftir komuna veiktust ferðamennirnir en bæjarforingja og tveimur helgum mönnum tókst að lækna þá. Í þakklætisskyni gáfu ferðamennirnir bjargvættum sínum nokkra saffranlauka og er þeirra enn minnst í dag á uppskerutíma saffran í Kasmír.

Mögulegt er að saffran hafi borist til Kína með innrásarher Mongóla eftir stutt stopp þeirra í Persíu. Saffran er nefnt í kínverskri lækningabók frá þriðju öld eftir Krist en bókin er sögð vera afrit af annarri og mun eldri bók.

Undanfarin ár hefur Evrópusambandið beitt sér fyrir því að fá bændur í Afganistan til að rækta saffran í staðinn fyrir ópíum.

Í Austurlöndum fjær er saffran notað til lækninga, litunar og til að krydda hrísgrjón. Saffranlaukurinn er í dag ræktaður víða um heim og ræktaður til framleiðslu í Bandaríkjum Norður-Ameríku og í minna mæli Eyjaálfunni.

Nafnaspeki

Á persnesku kallast saffran zarparan og á arabísku za'fran sem þýðir yrði gulur og vísar til litunar eiginleika jurtarinnar. Frakkar tóku upp arabíska heitið á tólftu öld og kölluðu kryddið safran sem varð að safranum á latínu. Ítalir tala um zafferano, Portúgalar um açafrão og Spánverjar azafrán sem líklega kemur úr arabísku. Á pólsku kallast jurtin szafran, finnsku saframi en þýsku og skandinavískum málum er heitið safran og þekkist sá ritháttur einnig á íslensku.

Latneska ættkvíslarheitið Crocus er talið vera lánsorð úr semitísku máli sem talað var í Babýloníu og Assýríu fyrir Krists burð. Líklega armenska orðið kurkema sem á arabísku varð kurkum og síðan krokos á grísku. Gæti einnig verið komið úr sanskrít, kunkumam. Tegundarheitið sativum þýðir að plantan sé ræktuð.

Í Ilíonskviðu þýðir Sveinbjörns Egilssonar saffran sem sóllauk og gerir Steingrímur Thorsteinsson það einnig í þýðingu sinni á 1001 nótt. Árið 1926 tók orðanefnd Verkfræðingafélagsins saman orðalista með tillögum að íslenskum orðum í stað erlendra á ýmsum nýjungum. Þar er lagt til að saffran verði eftirleiðis kallað safur og beygist eins og hafur.

Saffran í goðsögum og helgiritum

Saffrangult er sagt vera tákn sólarinnar og standa fyrir uppljómun og visku og mikið notað í kufla búddískra munka. Liturinn var einnig smurður á handleggi og brjóst giftra kvenna á Indlandi. Í hindúisma er saffrangulur blettur á enni táknguðsins Krishna.

Samkvæmt grískum goðsögnum svaf Seifur æðstiguð í rúmi með saffrandýnu. Í grískum goðsögnum segir einnig að Hermes, guð viðskipta, íþrótta og ferðalaga, hafi óviljandi sært vin sinn Krókus banasári og að upp af blóði hans hafi saffrankrókusinn vaxið með sínum rauðu fræflum.

Í goðsögninni um leitina af gullna reyfinu segir að Jason hafi fundið saffran í garði lostans.

Saffran er nefnt í 4:14 Ljóðaljóðanna í Gamla testamentinu þar sem segir „nardus og saffran, ilmreyr og kanel, myrru og alóe og allar dýrustu ilmjurtir." Áhugavert er að engin þessara jurta óx í Landinu helga á ritunartíma Ljóðaljóðanna og eru því allt dýrar innfluttar plöntur á þeim tíma.

Ræktun

Yrki af haustkrókus hafa verið á boðstólum hér á landi en hvort þau séu vænleg til að tína af fræfla til saffranvinnslu skal ósagt látið. Laukarnir þrífast best í sendnum jarðvegi þar sem sólar nýtur. Yfirleitt er nauðsynlegt að endurnýja laukana reglulega.

Saffran á Íslandi

Í Fjallkonunni 1893 segir um saffran í þýddri grein sem kallast Kaffi og áfengisvín og fjallar um nautnaefni: „Saffran er nú brúkað í gulan lit, en var fyrrum mesta dýrindis krydd. Kvoðukynjað efni, sem nefnt er djöfulsdrykkur, þykir Persum góðgætis krydd, og má það aldrei vanta þar hjá heldra fólki, en Evrópumenn finna það þegar á lyktinni af því, að það er óhæfilegt til matar fyrir þá. Fleira þessu líkt mætti telja. Evrópumönnum þykir ekki laxerolía bragðgóð, en Kínverjar hafa hana til matar."

Í fyrsta bindi Blöndu frá 1918 segir frá tilraun til fóstureyðingar „hann hafði brúkað meðöl til að eyða fóstri, er hann átti með vinnukonu, ættaðri úr Mosfellssveit. Þessi meðöl voru saffran, kvikasilfur og kamfóra." Tekið skal fram að fóstureyðingin tókst ekki og fæddi vinnukonan lifandi og heilbrigt barn.

Þegar líða tekur á tuttugustu öldina fer að bera á saffran í mataruppskriftum í blöðum og tímaritum en minna virðist fara fyrir því í hillum matvöruverslana.

Saffrantínsla í Íran.

Hugsanlegt er að apar hafi verið þjálfaðir til að tína saffran eins og þessi veggmynd frá Krít bendir til.

Crocologia. Þýsk lækningabók sem einungis fjallar um lækningamátt saffran.

Verð á saffran náði hæstu hæðum á tíma svarta dauða í Evrópu þar sem það var talið geta læknað pestina.

Safflúr, litunarþistill eða litunarkollur (Carthamus tinctorius) hefur lengi verið seldur og notaður sem saffranlíki.

FÓLK & FYRIRTÆKI

Atlantsflug komið með heilsárstarfsemi á Skaftafellsflugvelli:

Með þrjár flugvélar og þyrlu og byggja upp ferðaþjónustumiðstöð í jaðri þjóðgarðsins

Jón Grétar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Atlantsflugs, hefur rekið útsýnisflug frá Skaftafellsflugvelli ásamt eiginkonu sinni, Sveinbjörgu Eggertsdóttur, síðan 1995. Fram til þessa hefur það verið árstíðabundið en nú er að verða breyting á því með heilsársrekstri auk þess sem búið er að taka í notkun nýja og glæsilega flugstöð með flugskýli fyrir allt að sex til sjö flugvélar.

„Frá því að við byrjuðum á þessu 1995 vorum við með útsýnisflug frá Skaftafelli frá því í júní og kannski fram í september, en ekkert yfir vetrartímann. Við höfum síðan rekið viðhaldsverkstæði á Reykjavíkurflugvelli fyrir atvinnuvélar samhliða þessu og það hefur líka verið okkar vetrarvinna. Þannig höfum við m.a. sinnt viðhaldsþjónustu á þyrlunum fyrir Norðurflug í níu ár," sagði Jón Grétar í samtali við Bændablaðið.

„Síðan 1998 höfum við verið þarna með einfalda afgreiðslu í sumarhúsi við flugvöllinn. Í fyrra tókum við svo þá ákvörðun að gera breytingar á rekstrinum og fara út í heilsársstarfsemi í Skaftafelli. Þeirri ákvörðun fylgir að við færum alla okkar starfsemi austur og hættum viðhaldsþjónustunni í Reykjavík. Fyrir austan munum við sinna viðhaldinu fyrir okkur sjálf auk þess sem við sinnum viðhaldi fyrir eitt grænlenskt flugrekstrarfyrirtæki."

Atlantsflug er nú komið með glæsilega aðstöðu við flugvöllinn í Skaftafelli. Þar er bæði flugskýli og farþegaafgreiðsla. Myndir / Atlantsflug

Stefnt að frekari uppbyggingu í Skaftafelli

Hugmyndin um uppbyggingu í Skaftafelli hefur síðan undið upp á sig og miðar nú við að skapa þarna aðstöðu sem býður ferðaþjónustufyrirtækjum sem vilja nýta sér hana og eru að sinna þessu svæði. Hefur rekstraraðilum í þessari grein þegar verið kynntur þessi möguleiki á samstarfi.

Segir Jón að ef á þurfi að halda geri skipulagið ráð fyrir mögulegum stækkunum og hægt sé að byggja á fimm lóðum á svæðinu. Þá sé heimilt að byggja tvær jafn stórar eða stærri byggingar en nýja flugskýlið er nú.

Veitingasala og bensínstöðin í Freysnesi flyst á flugvallarsvæðið

Ráðgert er að bensínstöð og veitingasalan sem verið hefur í söluskálanum í Freysnesi komi líka inn á þetta svæði við flugvöllinn.

„Við erum þar í samstarfi við hótel- og landeigendur í Freysnesi, þær Önnu M. Ragnarsdóttur, Jón Benediktsson og Laufeyju Lárusdóttur um að mynda á flugvallarsvæðinu kjarna fyrir ferðatengda starfsemi á svæðinu sem er rétt fyrir utan landamerki þjóðgarðsins," segir Jón.

„Þá getur þjóðgarðurinn sinnt því hlutverki sem hann á að gera án þess að þar séu ferðaþjónustuaðilar líka með aðsetur líkt og hann hefur þegar boðað."

Hjónin Jón Grétar Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sveinbjörg Eggertsdóttir, eigendur Atlantsflugs.

Einnig með aðstöðu á Bakkaflugvelli

Auk aðstöðunnar í Skaftafelli þá hefur Atlantsflug verið með aðsetur á Bakkaflugvelli yfir sumarið og flogið þaðan yfir Eyjafjallajökul, Mýrdalsjökul, Þórsmörk og fallegu hálendissvæðin þar innar í landinu eins og Landmannalaugar og Lakagíga. Að sögn Jóns hefur svo líka verið flogið til Vestmannaeyja.

Flugskýlisbygging búin að vera á prjónunum síðan 2009

„Við erum búin að vera með það á prjónunum að byggja flugskýli í Skaftafelli síðan 2009 í landi Freysness. Fyrst þurfti að gera breytingu á aðalskipulagi og í framhaldi af því þurfti að fara í gerð deiliskipulags."

Með tvær flugbrautir

„Þarna erum við með 15 hektara land undir flugvallarsvæði á einkalandi sem við leigjum af landeigendum í Freysnesi sem við höfum átt gott samstarf við. Á þessu svæði erum við með tvær flugbrautir, aðra 600 metra og hina 1.000 metra. Það er hægt að fara með lengri brautina í 2.000 metra ef þörf verður á en á deiliskipulagi er nú gert ráð fyrir 1.500 metra braut.



Nýja flugskýlið getur rúmað allt að sjö vélar.

Auk þriggja flugvéla í flota Atlantsflugs er nú líka komin þyrla sem skapar félaginu breiðari grunn í starfseminni.

Við erum því mjög vel sett með gott rými í kringum okkur og aðflugsaðstæður mjög góðar. Við erum að vísu ekki með aðflugsvita, en einn af þremur helstu flugstefnuvitum (VOR) landsins er á Ingólfshöfða sem er ekki langt frá okkur."

Flugskýli, farþegaafgreiðsla og skrifstofur byggðar á 14 mánuðum

„Ég lét mæla út fyrir skýlinu í ágúst 2017 og við hófum framkvæmdir 1. september sama ár. Byggingin var svo komin upp og kláruð á 14

mánuðum. Þarna er um að ræða 880 fermetra byggingu, þar af er flugskýlið 540 fermetrar. Síðan er 220 fermetra farþegaafgreiðsla og snyrtingar og 120 fermetra skrifstofuhæð þar fyrir ofan.

Við fluttum þarna inn um miðjan nóvember síðastliðinn og opnuðum þá afgreiðslu fyrir okkar viðskiptavini. Nú erum við að flytja verkstæðið austur. Við fengum innri úttekt í lok nóvember og nú eru flugmálayfirvöld að ljúka við að taka út aðstöðuna.“

Jón segir að markaðssetningin hafi frá upphafi verið í þeirra eigin höndum. Fyrst með uppsetningu á skilti upp við veg og dreifingu bæklinga til ferðamanna, en nú síðari ár á netinu.

„Síðustu fjögur árin hefur orðið stöðug aukning í fyrirframbókunum í gegnum starfsmenn okkar í markaðssetningu og sölumálum. Svo er þetta að breytast enn frekar með auknu samstarfi við aðra aðila í ferðaþjónustu.“

Þyrla Atlantsflugs með farþega að skoða fegurð íslenska hálendisins. Félagið hefur fengið ýmsar viðurkenningar fyrir sína starfsemi í ferðaþjónustu á Suðurlandi og nýjust er Luxury Travel Guide-viðurkenning sem ferðaþjónustufyrirtæki ársins 2018/2019.

Með þrjár flugvélar og líka komin með þyrlu

„Við erum með eina tveggja farþega vél og tvær aðrar sem taka sjö og níu farþega hvor. Svo erum við með eina öfluga eins hreyfils vél sem tekur fimm farþega, en hún er mest notuð og hentar m.a. vel fyrir ljósmyndara. Nú erum við líka að hefja rekstur á þyrlu sem tekur fimm farþega og ekki hefur verið áður á þessu svæði. Þyrlan kom til okkar í lok nóvember, en þetta er alveg nýtt í okkar starfsemi og munum við bjóða upp á ýmsar nýjungar tengt þessu þyrluflugi. Þyrlur skapa okkur breiðari grunn og hægt er að fljúga þeim við aðrar aðstæður en venjulegum flugvélum.“

Hann segir að allt viðhald á flugvélum og þyrlu sé einnig í þeirra höndum, en það getur verið stór póstur í svona rekstri. Þá segir Jón að lítill greinarmunur sé auk þess gerður í regluverkinu og skriffinnskuskyldum á rekstri lítilla félaga eins og Atlantsflugi og risaflugfélaga á borð við SAS, KLM eða British Airways.

„Við erum með sama doðrantinn til að fara eftir og sömu reglurnar.“

Frábær vitnisburður flugfarþega

Boðið er upp á mismunandi verð samkvæmt gjaldskrá í samræmi við fjölbreytt leiðaval í útsýnisfluginu. „Við höfum reyndar alltaf lagt áherslu á að við erum ekki að selja ferðir heldur upplifun. Besti vitnisburðurinn um það er það sem fólk skrifar á ferðasíðu eins og Trip Advisor.“

Af handahófi veljum við umsögn Andy Mumford frá Lissabon í Portúgal sem skrifaði m.a. eftirfarandi á Trip Advisor 2. september síðastliðinn:

„Ég flaug með Atlantsflugi í júlí sem leiðsögumaður fyrir ljósmyndaravinnuhóp til Íslands. Mín upplifun var stórkostleg. Í gegnum e-mail samskipti reyndust þau sérlega hjálpleg við að skipuleggja flug yfir ár og hálendið. Svo þegar flogið var reyndist flugmaðurinn hafa einstaklega mikla þekkingu á svæðinu. Flaug hann varlega með okkur þvers og kruss eftir leiðinni sem ákveðin var til að tryggja að fólkið beggja vegna í vélinni fengi gott útsýni og missti ekki af neinu.

Flugið var frábært og útsýnið algjörlega ótrúlegt svo maður stóð á öndinni yfir fjölbreytileikanum í landslaginu. Ég fer þangað aftur á næsta ári og mun örugglega fara í annað flug með Atlantsflugi.“

Miklir möguleikar í mikilfenglegri náttúru

„Við sjáum í þessu mikla möguleika enda eru að koma um ein milljón ferðamanna í Skaftafell á hverju ári. Þá hefur staðurinn gríðarlega sérstöðu með mikilfenglega náttúru í návist við fjölda eldfjalla,“ segir Jón.

Talandi um eldfjöll, eru þau að hafa áhrif á ykkar starfsemi eins og t.d. vegna hugsanlegs eldgoss í Öræfajökli?

„Já, við erum inni í rýmingaráætlun almannavarna, en þar erum við rétt utan við hugsanlegt flóðaáhrifasvæði ef til eldgoss kemur. Hins vegar veit enginn hvar mögulegt gos gæti komið upp, það eru fleiri þekkt eldfjöll nær okkur á svæðinu en Öræfajökull, eins og megineldstöðin í Kjós í Morsárdal. Svo er stutt í Grímsvötn og Lakagíga svo eitthvað sé nefnt.“

Mögulegt gos í Öræfajökli farið að vekja athygli útlendinga

Jón segir að áhyggjur vísindamanna af Öræfajökli og stöðugir skjálftar og landris hafi vakið athygli m.a. út fyrir landsteinana.

„Við fórum ekki að taka eftir þessu fyrr en um vorið 2017 og það þótti mjög óvenjulegt og skjálftavirknin er enn til staðar. Þetta er farið að vekja athygli erlendis, við vorum með fólk frá þýskri sjónvarpsstöð uppi á Öræfajökli sunnudaginn 2. desember, en þau eru að vinna umfjöllun um eldstöðina.

Við höldum eins og aðrir á svæðinu samt bara okkar striki. Það getur allt eins verið að þessi virkni stöðvist, en það veit enginn með vissu hvað þarna kann að gerast.

Svo höfum við verið að fylgjast mjög náið með því sem er að gerast í Grímsvötnum, svo eru Esjufjöll, Kverkfjöll, Bárðarbunga, Askja og Lakagígar.“

Undanfarin ár hafa menn mjög horft á auglýsingagildi eldgosa á Íslandi. Þar varð gosið í Eyjafjallajökli heimsfrægt á svipstundu, enda lokaði það flugumferð um tíma í allri Evrópu. Er þá ekki nærtækast að líta svo á að næsta gos hafi bara enn betri áhrif á ferðamannþjónustuna?

„Ég veit það nú ekki. Ég læt mér nægja að vísa í orð jarðfræðingsins Þorsteins Sæmundssonar sem sagði við mig í vor, þegar við vorum að fljúga með hann upp á Svínafellsheiði, að við Íslendingar værum búnir að vera heppnir með ansi margt sem tengist eldsumbrotum á síðustu árum. Hann vildi meina að mikið lán hafi verið á okkur varðandi það hvar hafi gosið, á hvaða tímum og hvað við höfum fengið hagstæðar vindáttir. Þetta er ekki sjálfgefið,“ segir Jón.

Flugskýlið mun verja flugvélaflotann

Hann segir fólk á þessu svæði taka þessu með ró og það ætli þau líka að gera. Hins vegar sé ein af ástæðum fyrir byggingu flugskýlisins ekki síst sú að þannig geti þau varið flugvélarnar fyrir ösku jafnt sem veðri ef til eldgoss kæmi einhvers staðar í nágrenninu.

Lognið í Skaftafelli gerði þenslumæli óvirkan

„Annars er mjög oft logn þarna í skjóli jökulsins og veðrið getur verið jafn gott og það getur verið slæmt þegar mikið blæs,“ segir Jón. Nefndi hann til staðfestingar á sögu sinni um lognið að á dögunum hafi þau flogið upp Svínafellsheiði vegna sjálfvirks þenslumælis Veðurstofu Íslands sem þar er staðsettur og sem var hættur að virka. Voru menn helst á því að hann hefði fokið út í veður og vind. Búnaðurinn var hins vegar á sínum stað og föstudaginn 30. nóvember fóru aftur að berast merki frá mælinum. Þá kom í ljós að það hafði verið svo mikið logn á heiðinni um nokkurn tíma að vindrafstöð snerist ekki til að hlaða inn á rafhlöður. Þá var líka of dimmt til að sólarrafhlöður dygðu til að framleiða nægt rafmagn. Þetta hefur verið fært til bókar í sveitinni til sannindamerkis um lognið á svæðinu. Stuttu seinna kom reyndar hvellur með allt að 70 metra vindi á sekúndu á flugvellinum /HKr.

MENNING & LISTIR

Sigurður Sigurðarson dýralæknir við hljóðfærið og væntanlega að sinna faglegu erindi í farsímanum sínum.

Lífslög Sigurðar dýralæknis

– Tveir diskar og 60 lög sem samin voru á 60 árum

Sigurður Sigurðarson dýralæknir hefur gefið út Lífslög Sigurðar dýralæknis sem inniheldur 60 sönglög á tveim geisladiskum sem hann hefur samið á 60 árum, eða frá 1958 til 2018. Textar fylgja lögunum og 43 þeirra eftir Sigurð sjálfan en aðrir eftir kunningja hans.

Til liðs við sig hefur hann fengið 28 söngvara, þar á meðal Diddú, Bergþór Pálsson og grunnskólabörn. Þá eru á diskinum kvæðamenn og m.a. María Jónsdóttir á Kirkjulæk, sem varð 100 ára 15. apríl síðastliðinn. Þykja öll lögin á plötunni mjög falleg og tekið er til þess að þau séu líka sérlega söngvæn.

Hópur kunningja og vina

„Flestir söngvararnir á plötunni eru kunningjar mínir eða í ætt við mig," sagði Sigurður í samtali við Bændablaðið. „Ég hef notað mér það óspart."

Landslið söngvara

Um sönginn á plötunum sér eftirfarandi listafólk:

Hörpukórinn á Selfossi með einsöngvurum undir stjórn Guðmundar Eiríkssonar syngur 3 laganna, Eldeyjarkórinn undir stjórn Arnórs Vilbergssonar með einsöng flytur eitt lag og Álftagerðisbræður eitt lag undir stjórn Stefáns R. Gíslasonar.

Alþekktir og minna þekktir söngvarar, alls 28, syngja 1–3 lög hver.

Yngstu söngvarar eru grunnskólanemar, 11 og 12 ára, og þeir elstu kvæðakonur, önnur nær því 100 ára og hin rúmlega 100 ára.

Hér er saman komið landslið söngvara. Þeir eru flestir úr hópi ættingja, fornvina eða kunningja Sigurðar. Stemmur eða kvæðalög eru 4, einn sálmur. Kórlög eru 5. Hitt eru einsöngslög.

Landslið söngvara:

Kolfinna Sjöfn Ómarsdóttir grunnskólanemi, Lambhaga Rangárvöllum.
Ragnar Bjarnason – tónlistarmaður, Ferjuvaði 7 í Reykjavík.
Hjördís Geirsdóttir, söngvari og fjörkona frá Byggðarhorni í Flóa.
Álftagerðisbræður, Sigfús, Gísli, Pétur og Óskar.
Ingimar Halldórsson frá Akranesi, trésmiður og kvæðamaður, Reykjavík.
Egill Árni Pálsson, söngvari og söngkennari, Reykjavík.
Þorvaldur Þorvaldsson, trésmiður og kvæðamaður, Reykjavík.
Jón Hólm Stefánsson, bóndi og fasteignasali, Gljúfri, Ölfusi.
Gunnar Örn Guðmundsson dýralæknir, Hvanneyri.
Marta Kristín Friðriksdóttir úr Reykjavík, söngnemi í Vín.
Signý Ólöf Stefánsdóttir skólanemi, Gili, Ölfusi.
Sigrún Hjálmtýsdóttir óperusöngkona, Túnfæti, Mosfellsbæ.
Gísli Stefánsson söngvari, Selfossi.
Ragnheiður Ólafsdóttir, tónlistarkennari og kvæðakona, Álftanesi.
Þuríður Sigurðardóttir söng- og listakona frá Laugarnesi.
Óskar Pétursson frá Álftagerði, söngvari og bifvélvirki, Akureyri.
Þórður Brynjarsson menntaskólanemi, Refsstöðum Borg.
Viktor Kári Garðarsson grunnskólanemi, Selfossi.
Snorri Hjálmarsson bóndi, hestam. söngvari og hjálpari, S-Fossum, Borg.
Sigurður Torfi Guðmundsson, Garðabæ, dómvörður í Landsrétti.
Signý Sæmundsdóttir, söngvari og tónlistarkennari, Reykjavík.
Bergþór Pálsson óperusöngvari í Reykjavík.
Jón Magnús Jónsson, bóndi á Reykjum í Mosfellsbæ.
Gissur Páll Gissurarson óperusöngvari, Reykjavík.
Steindór Andersen, sjómaður, kvæðamaður og smiður, Hafnarfirði.
Þór Sigurðsson, setjari og hestamaður Akureyri.
María Jónsdóttir frá Kirkjulæk og Guðríður B. Helgadóttir frá Austurhlíð, listamenn báðar.
Oddur Jónsson óperusöngvari, Hæðarbyggð 5, Garðabæ.

LÍF & STARF

Kristín S. Bjarnadóttir í Sigluvík, hún er hjúkrunarfræðingur og starfar við fagið en stundar að auki þó nokkra útgáfustarfsemi undir nafninu Blúndur og blóm, m.a. dagatöl og kort af ýmsu tagi og Hulda Ólafsdóttir, grafískur hönnuður sem rekur félagið Hjartalag. Kristín og Hulda stóðu fyrir útgáfugleði í Sigluvík nýverið.

Útgáfugleði í Sigluvík á Svalbarðsströnd:

Alsæl og þakklát inn að hjartarótum yfir viðtökunum

– segir Kristín S. Bjarnadóttir hjá Blúndum og blómum

„Ég er alsæl og þakklát inn að hjartarótum. Það er alls ekki sjálfgefið þótt maður fái hugmynd í kollinn um að búa til sýningu með 19 þátttakendum inni á heimili sínu að viðbrögðin verði svona fram úr björtustu vonum," segir Kristín S. Bjarnadóttir í Sigluvík á Svalbarðsströnd, sem efndi til Útgáfugleði á heimili sínu nýverið og bauð öðru handverks- og listafólki að vera með. Á bilinu 8–900 manns lögðu leið sína í Sigluvík og skoðuðu það sem til sýnis var.

Kristín hefur mörg undanfarin ár gefið út fimm mismunandi gerðir af dagatölum með eigin ljósmyndum og texta, auk korta, m.a. jólakort, samúðarkort og tækifæriskort, en útgáfan er undir nafninu Blúndur og blóm. Hún hefur jafnan blásið til útgáfuhátíðar þegar ný dagatöl og kort líta dagsins ljós og undanfarin ár fengið Huldu Ólafsdóttur í Hjartalagi til liðs við sig. Nú spýttu þær stöllur heldur betur í lófana og voru alls 19 sýnendur hér og hvar um íbúðarhúsið í Sigluvík.

Kristín er hjúkrunarfræðingur með sérhæfingu í líknarhjúkrun og starfar við sitt fag hjá Heimahlynningu á Akureyri. Eiginmaður hennar er Birgir Hauksson, kjötiðnaðarmaður hjá Kjarnafæði. Þau hjónin hafa undanfarinn áratug séð um stofnútsæðisræktun á gullauga kartöflum, en þau tóku við af tengdaforeldrum hennar og eru með ræktunina í Fífilgerði í Eyjafjarðarsveit. „Við erum bæði alin upp í sveit og á þeim tíma sem kartöflurækt var mikil, fór fram á mörgum bæjum við Eyjafjörð," segir Kristín sem er frá Svalbarði á Svalbarðsströnd en Birgir er frá Fífilgerði.

Sigluvík er á Svalbarðsströnd, um 10 mínútur tekur að aka þangað frá Akureyri.

Kristín gefur m.a. út fimm mismunandi vegg- og borðdagatöl en Hulda hefur aðstoðað við uppsetningu undanfarin ár.

Fimm mismunandi dagatöl

„Ég hef alla tíð haft óbilandi áhuga á að fegra umhverfi mitt, föndra og finna gömlum lúnum hlutum nýtt hlutverk. Út frá því áhugamáli kviknaði áhugi á að stilla upp og taka myndir af ýmsu gömlu, bæði úti og inni, og eiginlega varð það kveikjan að því að ég fór að gefa dagatölin út," segir Kristín. Fimm mismunandi gerðir dagatala eru í boði, notalegar stemningmyndir prýða þau öll, auk þess sem Kristín semur texta til innblásturs fyrir hver mánaðamót. Bæði er um að ræða borð- og veggdagatöl, þau eru í tveimur stærðum auk Skipulagsdagatals fjölskyldunnar, en það hefur þann eiginleika að hver og einn innan fjölskyldunnar á sinn dálk til að fylla inn í fyrirfram og þannig hafa allir á heimilinu sömu yfirsýn við væntanlega viðburði. Þá gefur Kristín út Íslenska barnadagatalið, sem er ríkulega myndskreytt með ljósmyndum af íslenskum dýrum og fleiru áhugaverðu, m.a. myndamerkingum, leiðbeiningar og brosandi límmiðar til að merkja inn gleði- og tilhlökkunardaga. „Þannig verður fókusinn sjálfkrafa á það jákvæða í tilverunni," segir Kristín. Dagatölin er hægt að fá í gjafapakkningu og hafa þau verið vinsæl til gjafa.

Miðlum birtum og bjartsýni

Kristín nýtir ljósmyndir af dagatölunum einnig í útgáfu tækifæriskorta og sendir frá sér 12 ný kort á hverju ári. Tilganginn segir hún vera að miðla birtu og bjartsýni. Jólakort með kveðju og samúðarkort með hlýjum orðum eru einnig í boði. „Þetta hefur eftir því sem árin líða undið svolítið upp á sig og orðið umfangsmeira," segir hún. Þar kemur samstarfið við Huldu við sögu, en hún er grafískur hönnuður og hefur m.a. aðstoðað við uppsetingu á verkum Kristínar. „Við höfum hjálpast að um árin og byggt í kringum okkur ágætt tengslanet, en með því að stækka Útgáfugleðina svo um munar langar okkur að útvíkka það. Samkomur af þessu tagi veita alltaf mikinn innblástur, þær efla mann og styrkja," segja þær Kristín og Hulda en einkar vel tókst til með útgáfugleði ársins 2018 þannig að aldrei er að vita hvað verður næst.

/MÞÞ

Íslenskir bændur senda landsmönnum öllum óskir um gleðileg jól.

Við þökkum samskiptin á árinu og vonum að árið 2019 verði ykkur gæfuríkt.

Bakkakot
Borgarfirði
Sindri, Kristín og fjölskylda

Baugsstaðir 3 og 5
Árnessýslu
Þórarinn, Ólafía, Sjöfn, Guðmundur, Ólafía yngri og Eyvindur

Bryðjuholt
Hrunamannahreppi
Þórunn og Samúel

Bölti, Svínafelli 3
Öræfasveit
Ragnheiður Magnúsdóttir
og Benedikt Þór Steinþórsson

Fagradalsbleikja ehf.
Mýrdalshreppi
Ragnhildur Jónsdóttir
og Jónas Erlendsson

Finnastaðir 1
Eyjafjarðarsveit
Gunni, Svana, Aldís og Eyþór

Fjöll 1
Kelduhverfi
Óli, Rósa, María, Þórdís

Fjölræktarbúið Skerðingsstöðum
Dalasýslu
Jón Egill, Bjargey, Alexandra, Ragnheiður, Sigurdís, Ólafur

Fjölskyldan á Hæli
Húnavatnshreppi
Jón Kristófer og Ásdís Ýr

Fjölskyldan á Loðmundarstöðum
Mýrdalshreppi
Einar Freyr Elínarson,
Sara Lind Kristinsdóttir og börn

Fjölskyldan á Snartarstöðum
Lundarreykjadal
Jóhann Páll, Guðrún María,
Heiðdís Guðrún og Arnfríður Birna

Fjölskyldan Hofi
Svarfaðardal
Árni og Hanna

Fjölskyldan Káraneskoti
Kjósarhreppi
Jóhanna Hreinsdóttir,
Guðmundur Magnússon og Atli Snær

Fjölskyldan Mýrum 3
Húnaþingi vestra
Karl Guðmundsson og
Valgerður Kristjánsdóttir

Fjölskyldan Skipholti III
Hrunamannahreppi
Bjarni Valur og Gyða Björk

Fjölskyldan Stíflu
Vestur-Landeyjum
Sævar og Jóhanna

Fjölskyldubúið Gunnbjarnarholti
Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Arnar Bjarni, Berglind og börn

Heimavöllur ehf.
Hvammi Eyjarfjarðarsveit
Helga Hallgrímsdóttir
og Hörður Snorrason

Hörgsland 2
Skaftárhreppi
Anna Harðardóttir
og Sigurður Kristinsson

Kartöflu- og sauðfjárbúið Áshóli
Grýtubakkahreppi
Sveinn Sigtryggsson,
Anna Bára Bergvinsdóttir og dætur

Kúabúið Garðabýlið
Kolbeinsstaðahreppi í Borgarbyggð
Fjölskyldan á Mið- og Syðstu-Görðum

Lágafell og Bakland Lágafelli
Austur-Landeyjum
Halldór Áki, Sæunn Þóra og börn

Randversstaðir
Breiðdal
Guðmundur Elísson og
Guðný Helga Guðmundsdóttir

Rauðbarðaholt
Dalasýslu
Monika Björk Einarsdóttir
og Halldór Gunnarsson

Refsstaðir
Borgarfirði
Brynjar og Anna Lísa

Reykir
Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Birna og Rúnar

Sauðfjárbúið Fagradal
Mýrdalshreppi
Ragnhildur Jónsdóttir
og Jónas Erlendsson

Sauðfjárbúið Hnefilsdal
Jökuldal á Fljótsdalshéraði
Búhnyllan Halldóra Hildur
og Búhnullurinn Stefán Hrafn

Sauðfjárbúið Ytri-Bakki
Ytri-Bakka við Hjalteyri
Vikar Mar

Seljatunga
Flóahreppi
Haukur og Herdís

Stangarlækur 1
Grímsnesi
Ragna, Kristín Lilja,
Sigurbjörn Leó og Birgir Leó

Vaðlar - blandað bú
Önundarfirði
Erna Rún Thorlacíus og Árni Brynjólfsson

Valdasteinsstaðir
Hrútafirði
Áslaug & Máni

Vorsabær
Rangárþingi eystra
Björgvin Guðmundsson og fjölskylda



SÆMUNDUR

Bjarni Harðarson
Í GULLHREPPUM
★★★★ Morgunblaðið

Í Gullhreppum segir frá þjóðsagnapersónunni séra Þórði í Reykjadal og hinu mikla veldi Skálholtsstaðar á 18. öld.

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

Auglýsing um styrki til varna gegn landbroti fyrir árið 2019

Landgræðsla ríkisins auglýsir eftir umsóknum um styrki til varna gegn landbroti. Um er að ræða styrki sem veittir eru til slíkra verkefna skv. lögum nr. 91/2002 um varnir gegn landbroti.

Styrkirnir eru veittir til hvers konar verkefna til varnar því að vatnsföll eyði mannvirkjum eða gangi á gróið land. Við forgangsröðun verkefna er m.a. höfð hliðsjón af verðmæti þeirra mannvirkja eða lands sem landbrot ógnar.

Umsóknarfrestur er til 28. febrúar 2019.

Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar eru á heimasíðu Landgræðslunnar, **www.land.is/umsoknareydublod-2/**. Einnig er hægt að hafa samband við Landgræðsluna í Gunnarsholti, sími 488 3000, og héraðssetur Landgræðslunnar um land allt.

Umsóknum skal skila til Landgræðslu ríkisins, Gunnarsholti, 851 Hellu eða á netfangið land@land.is.

Landgræðsla ríkisins, Gunnarsholti, 851 Hellu
Sími: 488 3000 - Netfang: land@land.is

MENNING & BÆKUR

Flóra Íslands – blómplöntur og byrkningar:

Falleg og fróðleg Flóra

Flóru Íslands eru gerð góð skil í samnefndri bók sem Vaka-Helgafell sendi nýlega frá sér. Bókin sem er bæði falleg og fróðleg er í stóru broti og inniheldur myndir, lýsingar og fróðleik um allar æðplöntur sem teljast til íslensku flórunnar.

Hörður Kristinsson, Jón Baldur Hlíðberg og Þóra Ellen Þórhallsdóttir eru höfundar að nýútkominni Flóra Íslands – blómplöntur og byrkningar. Bókin er stór og yfirgripsmikil og þar er fjallað um allar 467 æðplöntur í íslensku flórunni í máli og myndum. Auk þess sem í inngangi er sagt frá plöntum sem lífverum, meðal annars byggingu, lífsferli og þróun þeirra og rannsóknum á íslenskum gróðri. Hörður og Þóra eru höfundar textans en Jón Baldur gerði myndirnar.

Jón Baldur Hlíðberg.

Þóra Ellen Þórhallsdóttir.



Langur aðdragandi

Þóra Ellen Þórhallsdóttir, grasafræðingur og prófessor við Háskóla Íslands, segir að hún hafi komið síðust af þeim þremur að vinnu bókarinnar. „Satt best að segja er erfitt að rekja upphafið að tilurð bókarinnar og kannski má segja að upphafið sé útgáfa Plöntuhandbókar Harðar árið 1986. Í þeirri bók er að finna lýsingar á íslenskum plöntum og útbreiðslukortum. Lýsingarnar eru miklu ítarlegri í Flóru Íslands og þar er mun meira sagt um plönturnar."

Jón Baldur Hlíðberg myndlistarmaður segir ljóst að það hafi verið unnið að gerð Flóru Íslands af hálfu grasafræðinga alla tíð þannig séð. „Mér skilst að hugmyndin að þessari útgáfu af Flóru Íslands hafi komið fram fyrir aldamótin 2000 hjá Herði og Náttúrufræðistofnun. Sjálfur hef ég gengið með þessa hugmynd í þrjátíu ár og langað að gera myndir í fjórar bækur um íslenska náttúru, spendýr, fiska, fugla og plöntur sem núna eru allar komnar út. Um 2005 lágu leiðir okkar Harðar saman og þá fórum við að ræða saman um hvort við ættum að vinna saman að gerð bókar um flóru Íslands en áköf og einbeitt vinna að henni hefur staðið í tíu ár."

Íslenskar flórur

Þóra segir að fyrsta Flóra Íslands hafi komið út 1901 og sé skrifuð af Stefáni Stefánssyni og endurútgefin 1924 og 1948. „Þegar kemur fram á seinni helming tuttugustu aldarinnar setti Hið íslenska náttúrufræðifélag á laggirnar nefnd sem átti að undirbúa nýja útgáfu af flórunni, en af því varð þó ekki. Bók Stefáns er hugsuð sem handbók sem fólk tekur með sér og notar til að greina plöntur úti í náttúrunni og fyrst þegar farið var að tala um að gefa úr nýja Flóru Íslands var stefnt að 4. útgáfu af Flóru Stefáns. Hugmyndin um að gefa út svona stóra bók er ekki svo gömul."

Frá síðustu endurútgáfu á Flóru Stefáns hafa komið út að minnsta kosti þrjár flórur eða plöntugreiningarbækur, Íslensk ferðaflóra eftir Áskel Löve, Íslensk flóra með litmyndum eftir Ágúst M. Bjarnason og Íslenska plöntuhandbókin eftir Hörð Kristinsson. Allt eru þetta góðar handbækur sem ætlað er að hjálpa fólki við að greina plöntur.

„Flóra landsins er aftur á móti stórt fyrirbæri," segir Jón Baldur, „sem verður ekki gerð veruleg skil nema í stórri og ítarlegri bók."

Vatnslitamyndir unnar eftir eintökum sem Jón safnaði sjálfur

Jón Baldur segir að þegar farið var af stað með gerð bókarinnar hafi hann langað til að finna sjálfur sem flestar plöntur til að greina og vinna myndirnar eftir.

„Mér tókst það að mestu leyti þannig að langflestar myndirnar eru unnar eftir eintökum sem ég fann og bar heim í hús. Myndirnar eru allar vatnslitamyndir og málaðar með penslum og stærðin á myndunum er mismunandi. Puntgrösin eru til dæmis máluð í allt að þrefaldri stærð til að ná fínleika þeirra, aðrar myndir eru í hlutföllunum einn á móti einum en myndir af smærri plöntuhlutum, hulstrum og hlífum sem dæmi nota ég víðsjá til að greina smáatriðin og stækka þau.

Ég var því mikið á ferðinni á sumrin við að safna plöntum og eins og fjölskyldan getur staðfest hef ég ekki farið af landinu yfir sumartímann í fjölmörg ár. Satt best að segja held ég að ég eigi það sameiginlegt með Herði og Þóru að verkefnið átti hug okkar allan um tíma."

Að sögn Þóru Ellenar vann hún bókina samhliða kennslu við Háskóla Íslands og öðrum verkefnum, „oft á kvöldin og um helgar þegar næði gafst".

Verkaskipting við vinnslu á texta

Þóra Ellen segir að verkaskipting milli hennar og Harðar hafi verið þannig að Hörður skrifar plöntulýsingarnar og segir frá greiningareinkennum. Útbreiðslukortin byggja á gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar sem Hörður hafði lengst af umsjón með. Mjög margir hafa lagt skráningar á plöntum inn í gagnagrunninn en Hörður á þar langdrýgstan skerf.

„Hörður rekur hverjir skráðu tegundina fyrst og hvar og segir frá fundarstöðum plantnanna og nytjum fyrr á tímum. Ég er aftur á móti með vistfræðina, æxlunarlíffræðina og afleidd efni og nútíma nytjar."

Val á plöntum í bókina

Í bókinni er fjallað um allar 467 æðplöntur sem finnast í flóru landsins. Þóra Ellen segir að innlendar tegundir séu taldar þær sem voru ílendar hér á landi um 1750. Þar er byggt á Íslensku plöntutali Náttúrufræðistofnunar Íslands sem Hörður gaf út árið 2008 en í því er skilgreint hvaða tegundir teljast til hinnar innlendu flóru.

„Tímasetningin miðar við iðnbyltinguna í Evrópu þegar flutningar eru miklir og samgöngur snaraukast og fólk fer að flytjast milli heimshluta."

Þóra Ellen segir að auk innlendra tegunda séu einnig í bókinni algengir ílendir slæðingar og tegundir eins og alaskalúpína sem er fyrir löngu orðin ílend í landinu."

Jón segir að þrátt fyrir að hann sé ekki grasafræðingur telji hann að tegundavalið í bókinni sé mjög lógískt og gefi góða mynd af flóru landsins eins og hann kynntist henni á söfnunarferðum sínum.

Að sögn Þóru Ellenar getur verið erfitt að átta sig á tegundum í ritum sem skrifuð eru fyrir tilkomu tvínafnakerfis Linnes. „Stundum gengur sama tegundin undir mörgum nöfnum eða að sama heiti er notað yfir ólíkar plöntur þannig að það getur reynst erfitt að greina plöntur eftir nafngiftum þeirra í gömlum ritum. Í flóru Stefáns frá 1901 er komið skikki á nöfn íslenskra plantna sem í bókinni eru og þau hafa að mestu haldist óbreytt síðan þá."

Skemmtileg og góð samvinna

Þóra Ellen og Jón Baldur segjast bæði vera afskaplega ánægð með bókina og hreykin af sínum hlut í gerð hennar. Bæði segjast þau í sjálfu sér vera fegin að verkefninu sé lokið og að það taki önnur verkefni við.

Gullstör.

Ljósalyng.

Jón er búinn að lofa sjálfum sér því að halda áfram að mála flóruna með því að mála nýjar tegundir eftir því sem þær bætast við. „Samvinnan við Hörð og Þóru Ellen er búin að vera mjög góð og auðvitað söknuður í henni."

Þóra Ellen segir að sér hafi þótt afskaplega gaman að vinna bókina og samvinnunni sem henni fylgdi. „Sérstaklega hafði ég gaman af því að skrifa almennu kaflana fremst í bókinni. Þeir eru viðbót sem ég er mjög glöð yfir að var bætt við en eru ekki í hefðbundnum flórum."

Eins og allar stórar bækur var Flóra Íslands lengi í vinnslu og margir sem hafa komið að gerð hennar. Meðal þeirra sem lagði mikið til bókarinnar er hönnuður hennar og setjari, Alexandra Buhl, sem vann að henni frá upphafi og skilaði afskaplega fallegu verki. Auk þess sem útgefandinn Vaka-Helgafell hefur lagt gríðarlegan metnað í bókina og vandað útgáfu hennar á allan hátt. /VH

Hörður Kristinsson grasafræðingur:

Langur aðdragandi

Hörður Kristinsson grasafræðingur er annar af tveimur textahöfundum Flóru Íslands. Hann skrifar lýsingar á plöntunum, heldur utan um útbreiðslukort þeirra og segir frá plöntunytjum til forna.

Aðspurður segir Hörður erfitt að segja hversu lengi bókin hafi verið í vinnslu. „Ætli það hafi ekki verið þegar ég ákvað fyrst að læra grasafræði. Ég man eftir fundi sem ég átti árið 1980 með grasafræðingunum Eyþóri Einarssyni og Jóhanni Pálssyni ásamt Jóni Gunnari Ottóssyni hjá Náttúrufræðistofnun þar sem við vorum að ræða um möguleikann á því að koma út fjórðu útgáfu af Flóru Íslands efir Stefán Stefánsson. Í framhaldi af fundinum unnum við lista um hvaða plöntur ættu að vera í bókinni en samvinnan um útgáfuna fór ekki mikið lengra en það.

Ég gaf út Plöntuhandbókina 1986 og hún dró á vissan hátt úr þörfinni fyrir endurútgáfu Flóru Stefáns. Um síðustu aldamót var ég búinn að safna miklu af gögnum um útbreiðslu plantna og stóð til að gefa út bók með upplýsingum um útbreiðslu plantna og útbreiðslukortum.

Árið 2005 rötuðum við Jón Baldur Hlíðberg saman og fljótlega eftir það fórum við að vinna, með hléum, að þeirri Flóru Íslands sem var að koma út."



Hörður Kristinsson.

Hörður segir að frá upphafi hafi verið stefnt að því að hafa myndirnar sem glæsilegastar og textann á alþýðlegu máli þannig að bókin mundi gagnast sem flestum til fróðleiks.

Aðkoma Þóru Ellenar jók enn á gagnsemi bókarinnar þar sem hún hefur víðari og aðra sýn á ýmislegt sem tengist grasafræði og ekki síst vistfræði hennar," segir Hörður Kristinsson, grasafræðingur og annar höfundur Flóru Íslands.

/VH

Snækobbi.

Fjallabláklukka.

Óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

GÓLFLAUSNIR MALLAND

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Lykil fjármögnun

JÖTUNN VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

KLETTUR

Skanva.is

MHG VERSLUN

N1

STRÚKTÚR
www.struktur.is

ORMSSON

VAGNAR & ÞJÓNUSTA

VÉLAVAL
www.velaval.is

VÍKURVAGNAR EHF.

vélundarhús.is

STREYMI heildverslun

SUZUKI

LÍFLAND
Stofnað 1917

IceFAKTA ehf.
Icefakta

DRONEFLY
AERIAL VIDEOGRAPHY/PHOTOGRAPHY

Landsvirkjun

MENNING & BÆKUR

Jarðvegur, myndun vist og nýting:

Jarðvegur í sinni fjölbreyttustu mynd

Jarðvegur er hvarvetna ein af undirstöðum búsetu en oft hefur jarðvegur landa eða landsvæða mikla sérstöðu og það á til dæmis við um Ísland. Bókin Jarðvegur, myndun vist og nýting er í senn almennt fræðirit um íslenskan jarðveg þar sem leitast er við að vitna í nær allar heimildir þar sem fjallað hefur verið um íslenskan jarðveg á seinustu áratugum og um leið grundvallarrit til kennslu í jarðvegsfræði á háskólastigi.

Höfundur bókarinnar er Þorsteinn Guðmundsson, doktor í jarðvegsfræði frá háskólanum í Aberdeen, og var kennari og síðan prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands. Hafði áður starfað við háskólann í Freiburg og tækniháskólann í Berlín í Þýskalandi. Þorsteinn er ritstjóri Icelandic Agricultural Sciences.

Í bókinni er í meginatriðum fjallað um jarðvegsmyndun og tengsl við umhverfið, eðliseiginleika jarðvegs, næringarefni, ræktun og landnýtingu. Auk þess sem fjallað er um álag á jarðveg, flokkun hans, bæði innlenda og alþjóðlega og mat á jarðvegi og landi. Bókin er bæði handhægt og aðgengilegt uppsláttarrit fyrir þá sem koma að ákvörðunartöku um skipulag og nýtingu lands og fyrir alla sem hafa áhuga á náttúru Íslands. Útgefandi er Háskólaútgáfan.

Dr. Þorsteinn Guðmundsson.

Aðdragandi og tilgangur bókar

Þorsteinn segir að allt frá því hann hóf kennslu í jarðvegsfræði við Búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri hafi hann hugsað sér að koma saman efni saman um jarðveg sem hentaði háskólastigi í faginu.

„Ég fann reyndar strax að efni um jarðveg á íslensku væri nauðsynlegt og nemendur sóst í og óskað eftir íslensku kennsluefni. Í fyrstu tók ég saman fylgirit með fyrirlestrunum sem náði yfir hluta efnisins. Fljótlega varð mér ljóst að í raun væri nauðsynlegt að hafa bókina almennari þannig að hún næði einnig til þeirra sem vinna með jarðveg og nýtingu landsins og að vera með rit sem gæfi gott yfirlit yfir allar rannsóknir sem gerðar hafa verið á íslenskum jarðvegi seinustu áratugina. Þetta hefur leitt til þess að ritun bókarinnar hefur tekið mörg ár.“

Sérstaða jarðvegs á Íslandi

„Jarðvegur allss taðar í heiminum hefur einhverja sérstöðu og það sem ræður sérstöðunni eru þættir eins og úr hvaða bergi hann er myndaður, loftslag þar sem úrkoma og hiti skipta miklu máli, landslag, gróður og sá tími sem jarðvegurinn hefur haft til að myndast.

Sérstaða jarðvega á Íslandi er fyrst og fremst að berggrunnurinn er að mestu basalt, gosefni, þar sem bæði fast berg og aska eru einkennandi. Þannig sker Ísland sig algjörlega frá nágrannalöndum og þó víðar væri leitað. Eldfjallaeyjar í Atlantshafi eru til dæmis Kanaríeyjar og Azoreyjar en þar er loftslag mun hlýrra og að hluta mjög þurrt og gróður allt annar.

Oft er einfaldlega sagt að á Íslandi sé eldfjallajarðvegur en hann er ekki eða vart til í okkar nágrannalöndum.“

Hvar er jarðvegur?

„Ég hygg að allir hafi einhverja hugmynd um hvað jarðvegur er og margir allgóða. Þó hygg ég að hugmyndir margra séu allyfirborðskenndar í orðsins fyllstu merkingu þar sem snerting okkar við jarðveg er einmitt yfirborð jarðar.

Til að skerpa á hvað jarðvegur er og hvernig hann myndast er í fyrsta hluta bókarinnar fjallað um jarðvegsmyndun, hvernig jarðvegur verður til og hvað er að gerast neðan yfirborðs í þessu efsta lagi jarðar sem plöntur og fjölbreytt líf þrífst í.

Í öðrum hluta bókarinnar er fjallað um hæfileika jarðvegs til að geyma og miðla vatni, lofti og næringarefnum og það er það sem hefur mest áhrif á hvaða gróður þrífst í jarðveginum og hvað hægt er að rækta.

Margir mundu tala um þetta sem frjósemi jarðvegsins og hvað þyrfti að gera til að viðhalda henni en einnig verðum við að vita hvað verður um næringarefni sem borin eru á. Enda hefur það ekki bara áhrif á ræktað land heldur á öll vistkerfi á landi. Í öðrum hluta er einnig komið að því hvernig jarðvegur hlýnar og kólnar sem fylgir lofthita en þó með seinkun, jarðvegurinn hlýnar seinna á vorin og kólnar hægar á haustin.“

Mat á jarðvegi

Þorsteinn segir að í þriðja hlut bókarinnar taki hann saman nokkra eiginleika jarðvegs saman í einföldum töflum og leggi grunn að því til hvaða þátta þarf að taka við mat á jarðvegi og þegar meta skal land til hinna ýmsu hlutverka sem hann gegnir.

„Þessi nálgun er hugsuð fyrir alla sem vinna með landið og þurfa að leggja mat á jarðveg. Í þessum hluta er einnig fjallað um framræslu og ræktun, álag á jarðveg, jarðvegsrof, þjöppun og skaðleg efni.

Þekkingu á rofi hefur fleygt fram en lítið hefur verið fjallað um þjöppun og skaðleg efni en nauðsynlegt er að vera vel meðvitaður um og hafa viðmiðanir til að vinna með.

Í lok bókarinnar er fjallað um mat á landi og flokkun eftir því til hvers megi nýta það til ræktunar eða annarra hluta,“ segir Þorsteinn.

/VH

Gunnar í Hrútatungu:

Genginn ævivegur

Gunnar Sæmundsson sauðfjárbóndi í Hrútatungu er forystumaður í sinni sveit og sat í stjórn Búnaðarfélags Íslands. Í ævisögu Gunnars er sagt frá uppvaxtarárum Gunnars og farsælum ferli hans í þágu bænda, auk þess sem fjallað er um mannlíf og náttúru í Hrútafirði.

Í eftirfarandi texta í bókinni er gripið niður þar sem fjallað er um setu Gunnars í stjórn Búnaðarfélags Íslands:

„Það reyndist mér afar lærdómsríkt að sitja í stjórn Búnaðarfélagsins. Ég fann til vanmáttarkenndar þar sem ég hafði enga búnaðarmenntun og einsetti mér að fara varlega fyrst í stað, hafði skoðanir á málum en reyndi að vanda mig. Ég fann líka fyrir því að Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri leit niður á mig í fyrstu. Það tókst aftur fljótlega góður kunningsskapur milli okkar Egils Jónssonar. Hann hringdi mikið til mín. Þessi kunningsskapur entist meðan báðir lifðu. Það þróaðist síðan svo að Jón Helgason fór að hafa meira samband við mig og vinskapur okkar jókst jafnt og þétt. Við áttum gott samstarf meðan við sátum saman í stjórn Búnaðarfélagsins. Ég áttaði mig á því hvílíkur mannkostamaður hann var. Hann var fastur fyrir, dugnaðarforkur og feikilega drjúgur að koma málum sínum fram.

Jónas Jónsson hafði verið meira en búnaðarmálastjóri síðustu fjögur árin á undan vegna þess að Hjörtur á Tjörn gekk ekki heill til skógar og var ekki verulega virkur formaður, með fullri virðingu fyrir honum. Því var Jónas allt í öllu.

Gunnar Sæmundsson við snjómokstur á Holtavörðuheiði 1968.



Þarna breyttist þetta. Jónas áttaði sig á því að Jón Helgason væri áhrifamikill stjórnandi. Það bar eitt sinn til, snemma á fyrsta starfsárinu, að upp kom mál sem Jónasi líkaði stórilla en Jón fylgdi. Jónas reiddist heiftarlega, rauk upp og tilkynnti að hann segði af sér sem búnaðarmálastjóri og strunsaði út. Ég sat við borðsendann á móti Jóni og velti því fyrir mér hvernig þetta myndi fara. Hermann og Magnús sátu eins og dæmdir en Egill Jónsson brosti og sagði: „Gott að hann er farinn,“ Þeim Jónasi samdi aldrei.

Jón Helgason haggaðist ekki í stólnum og hélt áfram fundi eins og ekkert hefði í skorist. Ég var alveg hissa en þagði. Hermann og Magnús sátu að mestu hljóðir. Það liðu svo u.þ.b. tíu mínútur. Þá opnuðust dyrnar, inn gekk Jónas með allt öðrum svip, baðst afsökunar á framkomu sinni og dró öll sín ummæli til baka. Enginn sagði neitt.

Jónas sá að hann hafði hlaupið á sig og var tilbúinn að koma til baka. Ég kynntist honum vel þegar fram í sótti. Vissulega var hann nokkuð fljótur að skipta skapi en það fór fljótt úr honum aftur. Mannlegu kostirnir voru miklir. Um Jónas vil ég segja að ég held að það séu fáir menn á seinni árum sem hafa staðið jafn fast á málstað íslensks landbúnaðar og hann. Og hann var gegnheill í því. Ég tel að ekki hafi allir áttað sig á þessu. Ég held líka að ritstörf Jónasar muni halda nafni hans lengi á lofti.

Þessi fundur varð mikill tímamótafundur. Ég held að við höfum allir virt Jón Helgason miklu meira eftir þetta. Stjórnarsamstarfið varð í heild sinni gott og margt breyttist. Stéttarsambandið hafði verið ráðandi í félags- og kjaramálum bænda. Búnaðarfélagið var talið vera á niðurleið. Nú var kominn nýr formaður og ný stjórn, stjórn sem fór að hafa skoðun á öllum málum er vörðuðu landbúnað. Ákveðið var að fara í hringferð um landið og halda fundi með stjórnum og starfsmönnum búnaðarsambandanna heima í héraði.

Þeir sem fóru allan hringinn voru Jón Helgason, Jónas Jónsson, Magnús á Gilsbakka og ég. Stefán Skaftason, ráðunautur á Húsavík, var með okkur megnið af leiðinni og fjallaði um ný atvinnutækifæri í sveitum á fundunum.

Útgefandi er Sæmundur.

LÍF & STARF

Frá afhendingu gjafar Kvenfélags Villingaholtshrepps til Sólvalla á Eyrarbakka. Talið frá vinstri: Fanney Ólafsdóttir með dóttur sína Lilju, Elín Bjarnveig Sveinsdóttir, Sólveig Þórðardóttir formaður, Kristín Stefánsdóttir, Ingibjörg Gunnarsdóttir, forstöðukona á Sólvöllum, Þórdís Kristinsdóttir, sem situr í stjórn Sólvalla, og á gjafabréfinu heldur Laufey Guðmundsdóttir, 98 ára, heiðursfélagi í Kvenfélagi Villingaholtshrepps og heimilismaður á Sólvöllum.
Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson

Kvenfélag Villingaholtshrepps:

Gaf Sólvöllum á Eyrarbakka bakstrapott og hitabakstra

Kvenfélagskonur úr Kvenfélagi Villingaholtshrepps komu færandi hendi á Dvalarheimilið Sólvelli á Eyrarbakka föstudaginn 7. desember.

Þar færðu konur úr félaginu heimilinu að gjöf Thermalator bakstrapott, sex hitabakstra og fleira nytsamlegt.

Gjafirnar munu koma sér mjög vel en á Sólvöllum eru um tuttugu heimilismenn.

/MHH



LÍF & STARF

100 ára afmæli fullveldis Íslands:

Sunnlendingar fengu „Umhverfis Suðurland“ í afmælisgjöf

Umhverfis Suðurland er áhersluverkefni á vegum sóknaráætlunar Suðurlands og er gjöf sveitarfélaganna fimmtán á Suðurlandi til íbúanna í tilefni af 100 ára fullveldisafmæli Íslands.

Verkefnið gengur út á öflugt árvekni- og hreinsunarátak þar sem íbúar, fyrirtæki og sveitarfélög í landshlutanum eru hvött til enn meiri flokkunar og endurvinnslu en nú er, auk þess sem ætlunin er að ráðast í enn meiri almenna tiltekt í landshlutanum og stefnan er sett á að gera Suðurland að umhverfisvænasta landshlutanum. Ingunn Jónsdóttir í Flóahreppi og Kristín Vala Þrastardóttir hjá Nýheimum á Höfn halda utan um verkefnið. Þær eru með marga samstarfsaðila á svæðinu. Ingunn svaraði nokkrum spurningum um verkefnið.

– Hvað kemur til að það var ákveðið að fara út í þetta verkefni?

„Mörg sunnlensk sveitarfélög hafa staðið framarlega þegar kemur að umhverfismálum, byrjuðu snemma að flokka rusl og almennt látið sig þessi mál varða. Umhverfismál er STÓRA málið í dag eins og sést á fjölmiðlaumfjöllun og á ársþingi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga haustið 2017 en þá var ákveðið að fara af stað með verkefni sem myndi fókusa á umhverfismál. Formlega fór verkefnið af stað í vor og stendur að minnsta kosti fram á vorið 2019 en okkar von er sú að verkefnið haldi áfram í einhverri mynd enda ekki hægt að horfa á umhverfismál sem átaksverkefni heldur mál sem við verðum að fara að taka alvarlega alla daga ársins í allri okkar hegðun.“

Árvekniverkefni

– Hvað hafið þið verið helst að gera og hvernig hefur gengið?

„Verkefnið er í grunninn svokallað árvekniverkefni sem gengur út á almenna fræðslu um umhverfismál í mjög víðu samhengi og að hvetja Sunnlendinga til breyttrar og bættrar hegðunar þegar kemur að þessum stóra málaflokki. Við settum strax í loftið vefsíðu þar sem hægt er að fræðast um umhverfismál, lesa fréttir og skoða viðburðardagatal og sú síða tengist að sjálfsögðu einnig Facebook-síðu með sama nafni.

Við sendum einnig út mánaðarlegt fréttabréf þar sem við leggjum áherslu á eitt ákveðið þema fyrir hvern mánuð og leggjum til hugmyndir hvernig hægt er að vinna með þessi þemu og hvetjum sveitarfélögin, félagasamtök og íbúagrasrótir til þess að standa fyrir viðburðum á sínu svæði sem við svo aðstoðum við að koma á framfæri og miðla fréttum af,“ segir Ingunn.

– Þið eruð með sérstakt verkefni í verslunum á svæðinu, út á hvað gengur það og hvernig viðbrögð hafið þið fengið við því ?

„Já, við erum endalaust að reyna að hugsa upp leiðir til þess að vekja athygli á verkefninu og hvað það stendur fyrir. Eitt af stóru umhverfismálunum er að hvetja fólk til þess að vera meðvitaðir neytendur og okkur datt í hug að það gæti verið góð leið til þess að ná til fólks að setja upp lítil fróðleiksmolaskilti í verslunum þar sem við t.d. bendum á að „það þurfi helmingi minna af þvottaefni en maður heldur“ og að „brúnir bananar séu bestir í búst“ og fleira í þeim dúr. Þessi skilti hanga hér og þar um verslanirnar og vonandi vekja fólk til umhugsunar um leið og það minnir á verkefnið sjálft. Það skemmtilega var að þegar við fórum af stað til þess að ræða við þær keðjur sem eru með verslanir á Suðurlandi, kveiktu þær á hugmyndinni og vildu allar vera með. Það eitt og sér segir okkur líka hversu stór umhverfismálin eru þegar verslanir sjá sér hag í því að taka þátt.“

Ingunn Jónsdóttir, annar af verkefnisstjórum „Umhverfis Suðurland“, segist vera nokkuð umhverfissinnuð, hún flokkar t.d. sitt rusl, keyrir um á rafmagnsbíl og notar fjölnota poka svo eitthvað sé nefnt. Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson

Fróðleiksmola frá verkefninu má víða finna í verslunum á Suðurlandi til að vekja fólk til umhugsunar þegar það er að versla.

Sunnlendingar eru hvattir til að taka til hendinni í sínu nærumhverfi í verkefninu „Umhverfis Suðurland“. Hér er Ingunn með hluta af samstarfsfólki sínu í Fjölheimum á Selfossi.

Nýtnivika

– Þið eruð líka með skemmtilegt verkefni núna, „Nýtnivika á Suðurlandi“, út á hvað gengur það og hvernig hefur til tekist?

„Þema nóvembermánaðar var „notað og endurnýtt“ en þar erum við líka að horfa til annarra viðburða og verkefna sem verið er að vinna úti um allan heim í umhverfismálum. Dagana 17.–25. nóvember var í gangi „evrópska nýtnivikan“ sem miðar að því að fólk líti sér nær og skoði hvað það á nú þegar áður en það fer að kaupa nýtt. Má laga/breyta/bæta það sem fyrir er og draga þannig úr sóun hluta sem enn eiga inni líftíma. Þessa daga stóð t.d. starfsmannafélag Fjölheima á Selfossi fyrir fataskiptimarkaði. Hann gekk út á það að fólk gat komið með föt á markaðinn og skilið eftir og tekið önnur í staðinn, allt ókeypis. Fólk gat líka komið og fengið föt eða bara skilið eftir föt, allt eftir því hvað hentaði og þau föt sem urðu eftir í lokin voru færð Nytjamarkaðinum á Selfossi. Á Höfn var haldinn svokallaður Viðgerðarhittingur en þá getur fólk komið saman og fengið aðstoð við að gera við hluti eða fatnað og lært hvernig á að bera sig að við slíkt, bæði mjög skemmtileg verkefni sem tókust vel.“ segir Ingunn.

– 1. desember var merkilegur dagur hjá verkefninu, hvað var gert í tilefni dagsins?

„Það er rétt en 1. desember er fullveldisafmælið en það er einmitt kveikjan að þessu verkefni. Hugmyndin var að Suðurland „færi í sparifötin“ fyrir afmælið og hvöttum við fólk til þess að hreinsa til í sínu nánasta umhverfi. Enn og aftur þá snýst okkar þáttur mest um að kveikja í öðrum til þess að fara af stað og við sjáum ekki betur en að þó nokkur félagasamtök og sveitarfélög hafi gripið boltann á lofti. Skipulögð var strandhreinsun í Vík og plokkarar í gulum vestum sáust meðfram þjóðvegum og göngustígum.“

Spennandi verkefni á nýju ári

– Er eitthvað meira fram undan á þessu ári og ertu farin að skipuleggja eitthvað á nýju ári?

„Við munum halda áfram að koma með nýtt þema fyrir hvern mánuð og svo erum við með eitt mjög spennandi verkefni á prjónunum sem vonandi fellur í kramið. Ég vil ekki segja of mikið en það gengur út á að hjálpa fólki að stíga sín fyrstu skref við að verða umhverfisvænni í sínu daglega lífi … en kannski með smá tvisti!“

Áhersla á að íbúar sveitarfélaganna séu meðvitaðir um þetta verkefni

– Hvernig hefur gengið að fá sveitarfélögin til að taka þátt og hvað leggja þau aðallega til verkefnisins?

„Við leggjum áherslu á að íbúar sveitarfélaganna séu meðvitaðir um þetta verkefni og sendum fréttabréfið á öll sveitarfélög og formenn umhverfisnefnda sveitarfélaganna. Við höfum einnig verið að bjóða sveitarfélögunum að setja „hnapp“ inn á heimasíður sínar sem tengist beint á Umhverfis Suðurland-síðuna og þau eru nokkur komin með slíkt. Það er mjög misjafnt hversu virk sveitarfélögin eru og mörg eru að gera ýmislegt þó þau láti okkur ekki alltaf vita af því. En dropinn holar steininn og því sýnilegri sem við erum því meiri krafa ætti að koma frá íbúunum sjálfum um að þeirra sveitarfélag taki á sínum umhverfismálum,“ segir Ingunn enn fremur.

–En hvað er skemmtilegast við verkefnið?

„Hingað til hefur verið skemmtilegast að sjá hin ýmsu félaga- og grasrótarsamtök íbúa um allt Suðurland taka boltann og skipuleggja alls konar viðburði í tengslum við þemun okkar. Þá erum við að tala um strandhreinsunarviðburði og aðra hreinsunarviðburði í tengslum við Alheimshreinsunardaginn í september; diskósúpuviðburði í tengslum við matarsóunarþema í október og núna fataskiptimarkaði og viðgerðarviðburði í tengslum við nýtni og endurnýtingarþemað í nóvember. Fyrir mig persónulega þá hefur þetta verkefni gert mig meðvitaðri á svo miklu stærri skala en áður, sem er bæði skemmtilegt en líka erfitt. Það er svo auðvelt að pæla bara ekkert og halda áfram að lifa lífinu eins og allt sé bara í góðum gír. En þegar maður veit betur þá er það ekki lengur hægt,“ segir Ingunn að endingu. /MHH

MENNING & BÆKUR

Heyannir - Um baráttu þjóðar fyrir lífi sínu:

Álagablettir í engjum og túnum

Fræðimaðurinn Þórður Tómasson sem kenndur er við Skóga undir Eyjafjöllum sendi nýlega frá sér bók um heyannir á Íslandi. Í bókinni fjallar Þórður um heyskap fyrri alda og fléttar saman þjóðfræði og atvinnusögu landsmanna.

Í bókinni lýsir Þórður verkfærum og vinnubrögðum, heytorfi, reipum og reiðingum, engjaheyskap, veðurboðum og margvíslegum siðum og orðfæri sem tengdist heyönnum. Sagt er frá konum sem gengu að slætti og sömuleiðis frá tækninýjungum eins og „rakstrarkonum“ sem festar voru framan á ljái, að ógleymdum hestasláttuvélunum sem ruddu sér til rúms í upphafi síðustu aldar. Höfundur leitar víða fanga, bæði í rituðum heimildum og hjá fjölmörgum heimildarmönnum, og textinn er kryddaður sögum, vísum og kvæðum. Útgefandi er Bókaútgáfan Sæmundur.

Ákvæðablettir eða álagastaðir

Hér er gripið niður í bókinni þar sem fjallað er um ákvæðastaði í engjum og túnum.

„Ákvæðablettir eða álagastaðir eru dreifðir um allt Ísland og um þá er völ fjölda heimilda á víð og dreif. Hér verður greint frá skyldum sem lítt hefur verið gaumur gefinn í íslenskri þjóðfræði og hljóta að eiga fornar rætur. Alfarið tengjast þeir heyönnum og eiga sér einkunnir kenndar við þerri, regn (rosa) og fok. Ég kýs að nefna þá ákvæðabletti.

Huldufólk og dularverur hafa helgað sér marga staði og lengst af hélt þjóðin til mestra muna rétt þeirra í heiðri. Um þetta eru fjölmörg vitni í þjóðsögum og þjóðfræðaritum. Ég færi hér nokkur fram úr því umhverfi sem er mér nærtækast.

Þegar Jón sonur Jóns Ísleifssonar fálkafangara, var ókvæntur, var hann eitt sumar kaupamaður á Hörgslandi á Síðu hjá Jóni hospítalshaldara Jónssyni, Vigfússonar frá Varmahlíð. Í túninu í Hörgslandi er hóll einn, sem kallaður er Álfahóll og var það forn trú að ekki mætti slá hólinn. Því ef það væri gert kæmu veður svo mikil að skaði yrði að og hafði hóllinn ekki verið sleginn í manna minnum. Jón kaupamaður hafði litla trú á slíku og einn morgun þegar sláttumennirnir voru út komnir og voru að slá í kringum hólinn, var veður heiðríkt og stillilogn. Þá talar Jón kaupamaður um að það mundi gera lítið til þó hann slægi nokkuð lítið upp í hólinn, því honum þætti hann grasmikill. Vinnumennirnir vildu það ekki, en húsbóndinn var ekki út kominn. En svo fór að Jón réði og sló nokkuð upp í hólinn. Síðan settust þeir niður hjá hólnum og fóru að brýna og var blálogn enn. Á meðan þeir eru að brýna, fer að hvessa í einu kasti. Hey var mikið úti, bæði flatt og í sæti. Hvessir hann nú svo snögglega að hey fer óðum að fjúka. Í þessu bili kemur húsbóndinn út til þeirra og fer að tala um við þá að heyið muni ætla að fara allt út í veðrið. En vinnumenn segja að það sé von til því Jón kaupamaður hafi slegið upp í hólinn þó þeir hafi varað hann við að gera það. Jón kaupamaður situr agndofa og fer að hugsa með sér að þetta sé þó eitthvað óskiljanlegt og víst muni heyskaðinn allur sér verða kenndur. Og eftir litla þögn stendur hann upp, tekur orf sitt og segir hátt svo allir heyra, að ef nokkur vera sé í hólnum eða hér nærri sem orsakað hefði þennan mikla storm þá sé hún eins máttug til að láta lygna aftur, og ef hún ekki geri það þá skuli hann nú þegar slá allan hólinn og berja hann að utan eins og hann geti, hvað sem á eftir komi, og er illur í skapi og býr sig þegar til að fara að slá hólinn. En að þessum orðum töluðum fer heldur að draga úr veðrinu og bráðlygnir svo á skammri stundu og varð enginn heyskaði, var logn og heiðríkja eftir um daginn.



Almennt talað var djúp virðing borin fyrir álagablettum. Brot gegn þeim heyrðu til undantekninga. Bóndi í slægjuþröng lét þá í friði. Í Barðstrendingabók 1942 (bls. 89) segir frá Móbergi á Rauðasandi, býli í mikilli landkreppu: „Álagablettur er þar í landinu, grösugur mjög, sem ekki má slá, eftir gamalli trú og þykir ekki góðri lukku stýra er út af er brigðið.“

SORPSTÖÐ SUÐURLANDS

Land undir urðunarstað

Sorpstöð Suðurlands bs. óskar eftir landi undir urðunarstað til kaups eða leigu. Æskileg staðsetning er á svæðinu frá Hellisheiði í vestri að Jökulsá á Sólheimasandi í austri. Æskilegt er að landið sé vel staðsett gagnvart samgöngum á landi og dreifikerfi raforku, en fjarri vatnsverndar- og útivistarsvæðum. Lágmarksstærð lands er 30 ha. Á staðnum yrði tekið við almennum úrgangi til urðunar, þó ekki lífrænum úrgangi. Áætlaður rekstrartími er 30 ár en leigutími að lágmarki 60 ár ef um leigu yrði að ræða.

Áhugasamir hafi samband við Stefán Gíslason hjá Umhverfisráðgjöf Íslands ehf. í síma 862-0538 eða á stefan@umis.is í síðasta lagi fimmtudaginn 20. desember nk. Hann veitir einnig allar nánari upplýsingar.

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**

Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Gluggar og hurðir fyrir íslenskar aðstæður

Í yfir 20 ár hefur Viking Window AS selt tréglugga og hurðir á Íslandi

Viking
VIKING WINDOW AS

Gluggar og hurðir með eða án álkápu, allir RAL litir í boði að innan og utaverðu
Afhendist glerjað og tilbúið til uppsetningar
Afgreiðslutími 5-8 vikur
Sjá nánar á: viking.ee

Nánari upplýsingar gefur Ólafur í síma 480 0009

Aflvélar ehf. • Vesturhrauni 3 • 210 Garðabær
Sími: 480 0000 • aflvelar.is • sala@aflvelar.is

AFLVÉLAR

ÚR SMIÐJU SKJALDFANNARBÓNDA

Dreifar frá Djúpi

Stundum slær maður inn skakkt símanúmer. Síðast þegar það henti mig varð fyrir svörum bóndi austur á Hornafirði. Þegar ég hafði aðspurður kynnt mig virtist hann vita á mér öll deili. Sagðist hann hafa þann fróðleik mest úr Bændablaðinu og saknaði þess hvað langt væri síðan ég hefði þar látið í mér heyra.

Þar sem mér hefur oft fundist sjálfum að bændafólk mætti gera mikið, mikið meira af því að tjá sig í þessu málgagni sínu um sitt nærumhverfi, athyglisverða viðburði og áhugamál, ákvað ég að taka Hornfirðinginn á orðinu og stinga niður penna.

Indriði Aðalsteinsson, bóndi á Skjaldfönn við Ísafjarðardjúp.

Músafárið gengið yfir

Í fyrrahaust greindi ég hér frá yfirgengilegu músafári og var veiðin á þeim komin vel á sautjánda hundrað undir jól þegar bókhaldi var hætt. Voru þá eiturdauðar mýs og kattarétnar því til viðbótar. Heyrúllur voru stórskemmdar, renndur við jörð eða gólf, nánast burt nagaðar og vonlaust verk að hreinsa skemmt hey úr og því allt gefið. Aðeins tvær ær fengu fóðureitrun og náðu báðar heilsu aftur með lyfjagjöf.

Nú er sveiflan á hinn veginn. Nánast músalaust og vandséð hvað veldur nema þá að áðurnefnt gjöreyðingarstríð hafi borið þennan árangur.

Kötturinn Mjölnir

Á öllum sveitabæjum þar sem músaplágan er næsta árviss er brýnt að hafa góðan veiðikött. Auðvitað verður að loka þá inni að sumrinu svo að þeir gangi ekki of nærri fuglalífi. Hér hafa oft verið öflugir kettir og er þar skemmst að minnast fressins Mola sem fékk svo nafnbótina Minka-Moli eftir að hann varð sannur að sök um að hafa banað þrem minkum sem komu í heimsókn í hlöðuna til hans.

Nú er annað og ekki minna stórveldi hér á vettvangi upprunninn í Garðabæ. Heitir sá Mjölnir og lætur sér fátt fyrir brjósti brenna. Því til sönnunar skal hér tíunda atvik síðkvölds í október. Ég sat við eldhúsborðið sauðfjárbókhald, glugginn opinn en það var logn og blíða úti og svarta myrkur. Þá barst að utan þvílíkt hvæs að erfitt var að ímynda sér að það gæti komið úr kattarbarka. Þegar ég gægðist hljóðlega út um dyr, stendur Mjölnir í hlaðkantinum undir ljósastaurnum og horfist í augu við fullorðinn ljósmórauðan ref sem stendur í miðri ljóskeilunni fimm til sex metra frá kantinum. Áður en ég gat seilst í byssu, sló rebbi aðeins undan. Þá stökk Mjölnir niður af kantinum og rebbi tók til fótanna og hvarf út í myrkrið með köttinn á hælunum.

Ekki leist mér gæfulega á þessa landvörslu hjá Mjölni og átti allt eins von á að ég sæi hann ekki meir, en næsta morgun hafði hann skilað sér óskaddaður.

Rjúpa og refir

Í vor og sumar bar meira á rjúpu en líklega síðustu tvo áratugi. Vöknuðu vonir um að rjúpnastofninn á þessum fyrrum gjöfulu rjúpnalendum við Djúp væri að ná sér aftur á strik. Því miður reyndist það óskhyggja. Þá sjaldan fyrri veiðihelgarnar að skyttur sæju ummerki eftir rjúpu í nýsnævi, hafði rebbi verið þar á ferðinni líka. Síðasta veiðihelgin var fádæma hagstæð hvað allar kringumstæður snerti, en það vantaði bara fuglinn.

Þegar vanir menn á slíkum dögum eru að ná þrem til fjórum rjúpum og sjá lítið meira, segir það allt sem segja þarf. Rjúpan er aðalfæða refa allan ársins hring, sé hún á annað borð í boði. Síðan 1994 hefur ríkisrefurinn að norðan hellst yfir okkur Djúpmenn haust hvert og ber verndurum sínum í umhverfisráðuneyti fagurt vitni.

Skelfilegur fjárdauði

Rétt við þjóðveginn vestan Djúps, sunnanvert við Mjóafjörð er ríkisjörðin Eyri. Á Inn-Djúps áætlunarárunum 1970 til 1974 voru reist þar fjárhús, en jörðin er fyrr allnokkru komin í eyði. Nokkru innan er ferðaþjónustubærinn heydalur en nokkru utar eru Látrar, þar sem Stefán Sigmundsson býr með sauðfé. Þar voru heimtur afar slæmar í haust og í eftirleit sá hann á Eyrartúni sauðkind afar smávaxna sem við styggð leitaði skjóls í fjárhúsum. Þegar inn var komið gaf svo á að líta hræ af níu ám og fjórum lömbum sem höfðu lokast inni. Líklega snemma í júlí að mati dýralæknis sem kallaður var á vettvang. Einnig styður það þessa tímasetningu að lömb sem heimtust undan dauðu ánum voru flest aumingjar og þriðjunginn vantar enn.

Fregnir af þessum ömurlega atburði hafa farið of hljótt, því það eru mörg eyðibýlin í landinu sem geta skapað svipaðar slysagildrur og á Eyri og til þess eru vítin að varast þau.

Kindur leita grimmt í hús, undan úrkomu, flugnavargi, eða bara til að komast í skugga. Víst er að tjón Stefáns á Látrum, nýgræðings í röðum okkar Djúpbænda, er verulegt og óvíst að búfjártryggingar bæti hann og hver ábyrgð ber á afleiðingum slíks, hvort það er jarðeigandi, eða jarðarleigjandi. Fólk sem heimsækir hús á eyðijörðum þarf líka að vera vel á verði. Gólf og veggir geta brostið og innréttingar hrunið. Svo bætast við milljónir útlendinga og þar eru misjafnir sauðir í mörgu fé. Gæti ekki einhver slíkur hafa átt hlut að máli á Eyri og skilið við fjárhúshurðina óðruvísi en hann kom að henni.

Smávegis af túristum

Þó túrisminn sé ekki allt um lykjandi hér við Djúp verður hans samt vart með ýmsum hætti. Hafa þarf vit fyrir útlendingum, losa bíla þeirra úr sköflum og keldum og bjarga þeim þegar þeir lenda í hremmingum. Ég er búsettur á vegarenda og til að draga úr ónæði og yfirtroðslum, setti ég upplýsingaskilti á heimreiðarhlið, að vísu aðeins á íslensku, ásamt því að hafa þar gott snúningspláss. Samt er hliðið stundum opnað og tekinn stór snúningshringur úti á túni eins og viðkomandi viti ekki af afturábak gírnum.

Eyri í Mjóafirði. Mynd / Ingvar Jakobsson

Þegar ferðamenn langar fram í dal og fá til þess leyfi, þá liggur leiðin í gegnum hagagirðingu sem geymir hrúta og stundum kviðrifnar og vanfærur. Þó áhersla sé lögð á að loka hliðunum af viðkomandi, kann enginn lengur að binda réttan hnút, eða stinga stikuenda í vírlykkju. Nógu eru smalamennskur hér erfiðar og mannfrekar. Þó vandræðapeningur af þessu tagi sleppi ekki út og á fjall. Því er það að verða regla að kanna hnútafærni áður en leyfi til dalaferðar er veitt. En stundum er alls ekki verið að ómaka sig við að biðja um leyfi.

Heimavarnarliðið

Um hádegi á Jónsmessu 2016 komu tveir stórir torfærujeppar brunandi yfir ristarhlið og síðan gegnum áðurnefnd heimreiðarhlið og slökuðu lítið á hraðanum á hlaði eða húsasundum og hurfu í reykmekki fram í dal. Nú vildi svo vel til að hér voru grenjaskyttur á mínum vegum sem voru að ferðbúast til grenjaleitar fram í dalbotn. Voru þeir meira en fúsir til að minni beiðni að slá tvær flugur í einu höggi og reka þessa yfirgangsmenn öfuga til baka. Þegar þeir komu á smalaslóðarenda er áðurnefndur stefnuvargur kominn inn í Hrynjandisskóg sem dregur nafn af á sem hrynur niður bratta hlíð og er hann ígildi Teigsskógs þess sem nú er frægastur slíkra á landi hér. Þegar aðkomumenn sjá í sjónaukum sínum eftirförina og að þeim stefna þungvopnaðir menn í felubúningum, hverfa þeir þegar í skóginn. Mínum mönnum þótti nú vandast málið og voru þó fljótlega svo heppnir að ganga fram á Frakka sem var sæmilega enskumælandi og viðurkenndi að vera forsprakki hópsins. Honum var allmjög brugðið, en gat þó ekki leynt aðdáun sinni á hvað íslenska heimavarnarliðið væri fljótt að bregðast við. Mínir menn voru ekkert að leiðrétta þann misskilning, en skipuðu honum að kalla á sína menn. Það bar engan árangur, því bæði var sá franski raddlaus af skelfingu og fossdunur og vatnaniður yfirgnæfandi. Var á tekið það ráð til að undirstrika alvöru málsins að skjóta af haglabyssu upp í loftið og heimtust þá Fransmenn fljótlega til fyrirliðans. Var þeim þá kynnt rétt hegðun gagnvart bændum á þessum slóðum og að landeigandi ætlaði af góðmennsku sinni að láta vera að sekta þá, en nú skyldu þeir hypja sig hvað Frakkar gerðu hið snarasta.

Læt ég hér staðar numið að sinni og óska mínu fólki árs og friðar og öllum lesendum Bændablaðsins.

Indriði Aðalsteinsson
bóndi á Skjaldfönn við Ísafjarðardjúp

Kaupmenn og Klausturdónar

Eftirfarandi vísa varð til vegna Kastljósþáttar þar sem málpípa verslunarauðvaldsins, Ólafur Stephensen, var að reyna að verja innflutning á hráu kjöti.

Það löngum var sagt að köld væri kaupmannslundin
til klækjabragða notuð mörg vökustundin
og til þess að geta nú safnað gróða án grensu
skal gæta oss á kamfílóbakter og svínaflensu.

Og þessi vísa skýrir sig væntanlega sjálf:

Að ganga í klaustur var góður siður
þar gafst þér umhyggja, hvíld og friður
nú þingmannsdónar þar vondir vaða
og valda þjóðinni hrygg og skaða.

MENNING & LISTIR

Skrautleg ævi Maggnúsar Víkings Grímssonar rakin frá 1951–2018:

Talinn galinn

Í bókinni Talinn galinn má lesa sjálfsævisögu Maggnúsar Víkings Grímssonar frá fæðingu hans til dagsins í dag. Maggnús er um margt sérkennilegur maður og hefur alls ekki leitast við að láta lífshlaup sitt falla að venjum, frekar má segja að hið óvenjulega hafi oftar höfðað til hans, jafnvel svo að stundum hefur hann jafnvel verið „talinn galinn“ af samferðafólki sínu og ekki að ástæðulausu.

Maggnús segir sögu sína frá frumbernsku í Þingvallasveit þar sem hann lifði á því sem landið og vatnið gáfu, svo sem murtu, hundasúrur, kræki- og bláber og berjalyng og lýkur sögunni við ellilífeyrisaldur. Hann er hreinskiptinn og eyðir ekki tíma í umbúnað um frásagnir af mönnum og málefnum heldur segir frá því sem hann hefur upplifað. Oftlega eru dregnar fram spaugilegar hliðar málefna og manna, hann hlífir engum og allra síst sjálfum sér og gerir ekki upp sakir við þá sem hafa á einhvern hátt brugðist honum heldur miklu frekar opnar hann sýn inn í sitt eigið lífshlaup en skorast þó á engan hátt undan því að fjalla um viðkvæm mál í lífi sínu án þess að draga nokkuð undan.



Þetta er að nokkru leyti saga sem spannar ólíka tíma, allt frá veru í vinnuskúrum til stórkostlegra veislna í glæsihöllum meðal fyrirmanna því að Maggnús er höfðingjadjarfur og laus við alla minnimáttarkennd en hefur einnig samkennd með þeim sem minna mega sín og kjörum þeirra.

Guðni Ágústsson, fyrirverandi ráðherra, hefur sagt um Maggnús að í honum búi margir menn og allir stórir í sniðum, og segja má að engum manni sé Maggnús líkur. „Einn af hans bestu eiginleikum er sá að hann verður jafnan skemmtileg blanda þess hóps eða manna sem hann er með hverju sinni, þar birtast þeir stundum hlið við hlið, sá „galni,“ eða bróðir hans, sá „klári.“ Frumlegur í hugsun og uppátækjum setur hann stóran svip á umhverfið meðal vina sinna. Ég hlakka til að lesa þessa bók Maggnúsar Víkings „Talinn galinn“ já, lítið er varið í menn nema þeir séu eitthvað galnir.“

Bókin er 360 blaðsíður í stóru broti, skreytt fjölda mynda og teikninga. /VH

Bændablaðið
Kemur næst út
17. janúar 2019

LÍF & STARF

Verið var að færa hross í skjól á bænum Litlu-Brekku í Hörgársveit eftir að vonskuveður skall þar yfir á dögum.
Myndir / Vignir Sigurðsson

Eyjafjörður:
Snjórinn ekki á sínum „vanalegu“ stöðum

Töluvert fannfergi hefur verið á völdum stöðum í Eyjafirði undanfarnar tvær vikur, en gera má ráð í ljósi hlýinda í gær og dag að eitthvað láti undan.

Sigurgeir Hreinsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Eyjafjarðar, segir stöðu mála varðandi snjóinn fremur skondna.

„Frammi í Svarfaðardal, þar sem oft er mesti snjórinn, er nánast autt en allt á kafi í snjó á Dalvík og næsta nágrenni. Sama er upp á teningnum í Hörgárdal, þar er svo gott sem autt fram í dal en mun meira snjómagn eftir því sem nær dregur sjónum,“ segir Sigurgeir. /MÞÞ

ON hraðhleðsla á Flúðum liður í bættri þjónustu við ferðamenn

Það ríkti mikil tilhlökkun síðastliðinn föstudag þegar þau Guðmundur Sigurhansson og Margrét Runólfsdóttir á Icelandair hóteli opnuðu fyrstu ON-hlöðuna á Flúðum með því að hlaða Hyundai Kona EV, fyrsta rafknúna smájeppann í Evrópu.

Hlaðan stendur við Icelandair hótelið og blasir við um leið og komið er inn í bæinn. Það eru hjónin Guðmundur Sigurhansson og Margrét Runólfsdóttir sem eiga og reka hótelið og hafa gert síðan 2001.

„Við lítum fyrst og fremst á ON-hlöðuna sem bætta þjónustu við ferðamenn sem heimsækja svæðið, jú og auðvitað við íbúa hér í hreppnum og nærsveitum,“ segir Guðmundur.

„Hlaðan á Flúðum er búin hraðhleðslum af tvennum toga og hefðbundinni hleðslu. Hrunamannahreppur leggur mikla áherslu á eflingu umhverfismála og einn liður í þeirri vegferð er að ferðafólk eigi nú betur með að ferðast á vistvænum bílum um svæðið sem er í takti við sýn heimamanna,“ segir Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri Hrunamannahrepps.

„Hér er margt að skoða og gríðarlega stór hluti ferðamanna á leið hér um. Það er sjálfsagt mál og ekki síst samfélagsleg ábyrgð okkar að bjóða upp á öfluga hleðslu fyrir þá sem huga að umhverfinu,“ segir Margrét. Hlaðan á Flúðum er sú 47. í röðinni, en eitt af markmiðum Orku náttúrunnar er að rafbílaeigendur geti ekið áhyggjulausir um landið, vitandi hvar næstu ON hlöðu er að finna.

Margrét Runólfsdóttir og Guðmundur Sigurhansson á Icelandair hóteli opnuðu fyrstu ON-hlöðuna á Flúðum með því að hlaða Hyundai Kona EV, fyrsta rafknúna smájeppann í Evrópu.
Myndir / Guðjón Hugberg

Nice & Mónakó

28. febrúar - 8. mars Vetur 1
Fararstjóri: Hólmfríður Bjarnadóttir

Glæsileg ferð á frönsku rivíeruna eða Côte d'Azur þar sem við njótum lífsins og tökum þátt í hátíðahöldum heimamanna á blómahátíð í Nice og upplifum ævintýralega sítrónuhátíð í Menton. Fetum í fótspor kvikmyndastjarna í Cannes og látum suðrænan blæ leika um okkur í furstadæminu Mónakó.

Verð: 238.800 kr. á mann í tvíbýli.
Mjög mikið innifalið!

Bókaðu núna á baendaferdir.is
Sími 570 2790 | bokun@baendaferdir.is | Síðumúla 2, 108 Reykjavík
spör ehf.

Finnbogi Hermannsson
UNDIR HRAUNI

Spennandi frásögn sem byggir á raunverulegum atburðum þegar tveir þýskir skipbrotsmenn flúðu undir breska hernum upp í Hekluhraun og unnu þar í púlsvinnu fyrir Selsundsbónda. Sagnaþulurinn Finnbogi fer á kostum.

JÓLAMATURINN Bjarni Gunnar Kristinsson matreiðslumeistari

Laxa-sashimi, gljáð jólaskinka – og perur soðnar í kir royal

Bjarni Gunnar matreiðslumeistari er kominn í hátíðarskap og gefur hér lesendum nokkrar girnilegar hugmyndir að réttum og meðlæti sem hentugt er að geta gengið að um hátíðirnar sem fara nú í hönd.

Laxa-sashimi með engifer og soja

Það hafa ekki allir tíma til að grafa lax og hér er því hugmynd að sushi-ættuðum laxarétti sem er kryddlagður á nokkrum mínútum og skreyttur með tilbúnu sushi-engifer, kóríander og chili.

Hráefni

- 1 kíló flökuð og hreinsuð laxflök
- Sushi-engifer, þunnt sneiddur (kemur tilbúinn)
- Kóríander
- Tvær agúrkur, skrældar og rifnar
- Þurrkaðar chili-flögur, eftir smekk

Engifer- og sojadressing

Hráefni

- Eitt þriggja sentimetra stykki (15 g) engifer, skrældur og fínt rifinn
- 60 ml sojasósa
- 2 msk. lime safi
- ½ msk. sesamolía
- 1 tsk. sykur

Aðferð
Til að gera engifer- og sojadressingu, setjið engifer, soja, lime -afa og börk, sesam-olíu og sykur í skál og hrærið til að blanda saman. Setjið til hliðar.

Skerið laxinn í eins sentimetra þykkar sneiðar með því að nota beittan hníf. Setjið laxinn á borðplötu og toppið með engifer og kóríander. Berið fram með agúrku, chili-flögum og dressingu – einfalt og fljótlegt!

Gljáð skinka, sætur trönuberjagljái og blóðappelsínur

Hráefni

- Ein svínaskinka án puru, um 1–1,2 kíló
- 2 stk. laukur
- 2 rif hvítlaukur
- 3 sentimetrar ferskur engifer
- 5 negulnaglar
- 10 svört piparkorn
- 1 tsk. stjörnuanís
- 1 tsk. kóríander fræ
- 100 g hunang
- 1½ dl balsamicedik,
- 1 l trönuberjasafi
- 1 msk. tómaturpuré
- ½ lítra kjúklingasoð
- 100 g afgangs soðgrænmeti
- Auk þess 100 g smjör eða olía til steikingar
- sjávarsalt
- ferskur pipar
- 1 msk. sinnep
- ólífuolía

Aðferð
Takið lauk og hvítlauk og skerið í smáa bita. Afhýðið engifer og saxið. Setjið kryddið í pott ásamt lauk og engifer, með góðri slettu af smjöri eða olíu og steikið létt þar til laukurinn er orðinn mjúkur. Bætið við hunangi, ediki, trönuberjasafa, tómatmauki og kjúklingasoði (vatn og kjötkraftur) og bakið með skinkunni.

Kveikið á ofni og stillið á 140 gráður. Bakið í um þrjár og hálfa klukkustund þar til 63 gráðu kjarnhita hefur verið náð. Hellið soðinu stöðugt yfir skinkuna, að minnsta kosti á hálftímafresti. Ef safinn er alveg gufaður upp, er hellt meira vatni yfir skinkuna.

Takið smá sinnep og smyrjið yfir skinkuna, ausið leginum yfir og hækkið svo upp í 175 gráður til að brúna kjötið; gera skinkuna gullna og fallega.

Svo er allur safinn færður í pott og soðinn niður í ákjósanlega þykkt og framreiddur með kjötinu – sem er bæði gott kalt eða heitt.

Ásamt blóðappelsínum (alveg eins og bragðið og venjulegar en eru skornar upp í kringum jól og áramót) eða mandarínum.

Kartöflur í steinseljupestói með ristuðum sólblómafræjum og geitaosti

– fyrir sex manns

Hráefni

- 1 kíló af kartöflusmælki eða skrældum forsoðnum kartöflum
- 100 g steinseljupestó (heimalagað eða í dós blandað við fersk saxaða steinselju)
- 20 g af ristuðum sólblómafræum

Aðferð
Kartöflur eru soðnar í söltu vatni.

Kartöflur kældar eða notaðar stofuheitar.

Blandað með pestó og stráð yfir með ristuðum sólblómafræjum og rifnum geitaosti.

Rauðrófusalat með fennel, og mozzarellaosti

Hráefni

- 2 kíló rauðrófur
- sjávarsalt fyrir suðuvatnið
- 9 dl kampavínsedik (eða hvítvíns-/rauðvínsedik)
- 5 dl vatn
- 16 g salt
- 400 g sykur
- 4 stjörnuanís
- ½ dl sulta eða berjasafi
- 6 svört svört pipar korn
- Sex sentimetrar fersk piparrót í sneiðum

Skolið rauðrófurnar án þess að skræla þær og setjið í pott með vatni og salti. Látið suðuna koma upp og sjóðið í 20–30 mínútur þar til þær eru mjúkar, en passið líka að sjóða þær ekki of lengi. Gott er að prófa að stinga með litlum hnífi inn í þær til að athuga hvort þær eru soðnar, þær eiga að vera mjúkar en ekki of soðnar. Því er einnig mikilvægt að rauðrófurnar séu af svipaðri stærð svo suðutími sé sá sami.

Þegar rauðrófurnar eru orðnar mjúkar eru þær skolaðar undir köldu vatni og þá ætti að vera hægt að nudda hýðið auðveldlega af. Hægt er að nota hanska ef þið viljið ekki að hendurnar verði rauðar. Þegar þær eru orðnar kaldar eru þær settar í krukkur eða í plastílát með loki.

Færið allt í löginn í pott, nema piparrót, og látið suðu koma upp. Þá takið af hitanum bætið að svo búnu piparrótinni við í sneiðum (ef piparrótin fær að sjóða kemur biturt bragð). Hellið heitum leginum yfir rauðrófurnar, lokið krukkunni vel og látið liggja í þrjá daga í kæli áður en þær eru borðaðar.

Ábending: rauðrófur geta legið í sex mánuði í ísskápnum þegar þær hafa verið meðhöndlaðar með þessum hætti og bragðið batnar bara með tímanum.

Gerið svo gott salat með geitaosti – eða jafnvel mozzarellaosti – og hnetum, fersku salati og kryddjurtum.

Gott er að byrja jólaundirbúninginn snemma og framreiðið þetta salat með þunnskornu fennel fyrir stökkt anísbragð og ferskleika rétt áður en gesti ber að garði.

Rósakál og strengjabauna-salat með sítrónu- og timjandressingu

Hráefni fyrir rósakál

- 700 g litlir rósakáls hausar
- salt fyrir suðuvatnið
- 50 g smjör
- flögusalt
- svartur pipar
- 1 msk. hunang
- 1 msk. sítrónusafi

Hráefni fyrir kryddlög

- Safi og ½ lífræn sítróna
- 1 dl kaldpressuð góð ólífuolía eða íslensk repjuolía
- ½ teskeið hunang
- sjávarsalt
- ferskur malaður svartur pipar
- salat að eigin vali
- 1 lítil handfylli fersk steinselja
- strengjabaunir
- 1 stk. laukur

Skolið rósakálið, skerið af neðsta hluta rótarinnar – sem er smá stilkur – og fjarlægðu ytri blöðin (þau eru góð hrá). Geymdu bestu ytri laufin fyrir salat og settu þau í kalt vatn. Fleygðu ljótu laufunum. Setjið kjarnana á pönnu með sjóðandi saltvatni og látið sjóða (sumir vilja skera í minni bita). Sjóðið í eina til tvær mínútur eða þar til þau eru mjúk, en ekki of elduð. Kryddið með smjöri, salti, pipar, hunangi og sítrónusafa. Kælið.

Rósakáls- og strengjabaunasalat.

Blandið auka salatdressingu; með sítrónusafa og sítrónubörk, olíu og hunangi. Smakkið með salti og pipar – og garðablóðbergi.

Salat
Skerið eða saxið steinseljuna. Skolið salatið og hellið vatni af salatblöðum og færið upp á fat. Blandið kryddinu saman og saxið jafnvel smá lauk og bætið steinselju og hráu laufunum af rósakálinu ásamt létt soðnum eða steiktum strengjabaunum og snúðu öllu saman við kryddblöndunarlaugin – og berið salatið fram annaðhvort heitt eða kalt.

Piparkökupinnar

Hráefni

- 250 g sykur
- 2 dl ljóst síróp
- 1 msk. kanil
- ½ msk. engifer
- ¼ msk. negull
- ¼ tsk. pipar
- 250 g smjör
- 1 msk. matarsódi
- 2 egg
- 650–800 g hveiti

Aðferð
Kalt smjör er sett í skál.

Sykur og síróp sett í pott og suðan látin koma varlega upp. Þá er kanil, engifer, negul og pipar hrært vel saman við. Svo er matarsódanum bætt út í og allt hrært hratt og vel saman. Blandið smjörinu í skálinni saman við og hrærið vel þar til allt smjörið hefur bráðnað og blandan hefur kólnað niður.

Næst er eggjunum bætt út í og þeim hrært vel saman við blönduna. Svo er hveitinu bætt smátt og smátt út í þar til deigið er orðið þétt og slétt. Deigið geymt í kæli, í helst yfir nótt.

Þegar nota á deigið er það hnoðað örlítið og svo flatt út með kökukefli, með smá hveiti.

Gott er að setja bökunarpappír undir deigið. Piparkökurnar eru mótaðar í stangir eða stungið út og bakað við 200 gráður í um 5-10 mínútur (fer eftir stærð piparkakanna).

Panettone

Panettone er fræg jólakaka eða sætabrauð; 12-15 sentimetrar, oftast um 1 kíló. Það er langt ferli að gera Panettone og felur í sér að hefa deigið, sem er súrdeig sem lengst, fordeigið eitt tekur nokkra daga – og gefur kökunni sína einkennandi léttu og loftkenndu áferð.

Kakan inniheldur sæta þurrkaða ávexti eins og appelsínur, sítrónu og sítrónubörk – og rúsínur bæði þurrar og líka sem hafa legið í vökva. Mörg önnur afbrigði eru fáanleg, til dæmis með súkkulaði. Í sumum héruðum Ítalíu er það borið fram með *crema di mascarpone* (rjóma úr mascarpone-eggjum) og sætum líkjör eins og amaretto. Ef mascarpone-ostur er ekki fáanlegur er *zabaione* stundum notað sem staðgengill.

Á fyrri hluta 20. aldar tóku tveir bakarar í Mílanó að framleiða kökuna í miklu magni á Ítalíu. Árið 1919 byrjaði Angelo Motta að framleiða samnefnda tegund af kökum. Það var líka Motta sem gjörbylti hefðbundnu panettone með því að láta deigið hefast þrisvar sinnum – í næstum 20 klukkustundir áður en það er eldað. Sú aðferð gefur kökunni sýna þekktu léttu áferð.

Soðnar perur í kir royal með stjörnuanís. Myndir / BGK

Í lok síðari heimsstyrjaldarinnar varð panettone ódýrt fyrir alla og fljótt allsráðandi í jólaundirbúning landsins.

Ítölsk matvælafyrirtæki og bakarí framleiða 117 milljón kökur fyrir hver jól og kökurnar er líka hægt að kaupa á Íslandi, til dæmis í Costco og Sandholt bakarí.

Súkkulaði panna cotta með jólakökukruðerii

Hráefni

- 800 g nýmjólk
- 200 g rjómi
- 80 g sykur
- 12 g matarlím (leggja í kalt vatn) eftir viktun
- 210 g gott súkkulaði

Aðferð
Hitið mjólk, rjóma og sykur að 50 gráðum.

Látið síðan sykurinn saman við og bætið matarlími við sem búið er að vinda umfram vatn úr (kreista).

Hellið yfir bráðið súkkulaði og hrærið rösklega.

Gott er að nota rafmagns töfrasprota til ná blöndunni alveg sléttri – og gangið úr skugga um að engar loftbólur séu til staðar.

Hellið í heit glös (um 30 gráður) og setjið síðan í kæli með plastfilmu yfir.

Takið panettone jólabrauð eða enska jólaköku og skerið eða rífið í bita og bakið í ofni við 150-160 gráður í nokkrar mínútur og gerið kökumylsnu til að setja á toppinn.

Súkkulaðisósa

Hráefni

- 120 g nýmjólk
- 30 g agavesíróp
- 72 g vandað súkkulaði

Aðferð
Látið mjólkina sjóða með sírópinu

Hellið litlu magni af heitri mjólk yfir brætt súkkulaðið og hrærið.

Blandan þín ætti að lokum að hafa teygjanlega áferð og glansandi útlit.

Ljúkið með því að bæta við afganginum af vökvanum meðan mjólkin er enn heit og blandaðu í töfrasprota þar til þú hefur fullkomna sósu.

Leyfið að geymast í kæli eða framreiðið heita við 65 gráður.

Soðnar perur í kir royal með stjörnuanís

Kir royal er hátíðlegur drykkur sem samanstendur af sólberjalíkjör – sem settur er í botninn á kampavínsglasi – og síðan er fyllt með freyðivíni. Auðvelt að gera fjölskylduvæna útgáfu með berjasafa og/eða sultu og sódavatni.

Flott og einfalt er að gera frosið perukrap með því að blanda saman innihaldinu úr einni niðursoðinni perudós og frysta. Skafa svo krapið yfir kalda eða jafnvel heita peruna með bragðgóðu sýrópinu og jafnvel litlum marengstoppum og rifsberjum til skrauts.

Hráefni

- Tvær stórar perur eða fjórar litlar perur. Skrældar, skornar til helminga og kjarna- og fræhreinsaðar.
- Þrjár matskeiðar sykur
- Tveir bollar prosecco freyðivín eða annað vín eða safi
- 1/2 bolli Crème de Cassis sólberjalíkjör, oftast notaður í kir royal (má skipta út fyrir sultu eða fer skum/frosnum hindberjum)
- Krydd að eigin vali, stjörnuanís, vanilla eða kanill

Aðferð
Skrælið og fjarlægið kjarna peranna, en fjarlægið ekki stilkinn.

Hellið prosecco freyðivíni eða ávaxtasafa í miðlungsstóran pott.

Þegar það byrjar að sjóða skal bæta við sykri og Creme de Cassis líkjör (eða sultu). Léttsjóðið.

Setjið perurnar í pott með flata hlutann niður í pottinn. Eldið í um fimm mínútur og bætið síðan við kryddi.

Sjóðið þar til perurnar eru mjúkar. Hægt er að athuga hvort þær eru tilbúnar með því að stinga í þær með beittum hnífi.

Takið perurnar úr pottinum og setjið á fat.

Sjóðið vökvann lengur þar til hann verður að þykku bragðgóðu sírópi.

Hellið ofan á perurnar og framreiðið með perukrapi eða vanilluís.

Á JÓLABORÐIÐ

Dugar ekkert minna en FORSETAMARENGS!

Kökubloggarinn Lilja Katrín Gunnarsdóttir, sem heldur úti blogginu blaka.is, gaf nýverið út sína fyrstu kökubók sem er full af áhugaverðum og girnilegum uppskriftum.

Kökubloggarinn Lilja Katrín Gunnarsdóttir gaf nýverið út sína fyrstu uppskriftabók, Minn sykursæti lífsstíll, sem er sneisafull af girnilegum uppskriftum og góðum ráðum fyrir alla sem gaman hafa af því að baka. Hér deilir hún með lesendum Bændablaðsins góðum og einföldum uppskriftum fyrir jólahaldið að konfekti, íseftirrétti og forsetamarengs.

„Ég gjörsamlega elska jólin og ég held að það tengist því sterkum böndum að þetta er eini árstíminn þar sem er leyfilegt að baka eins og vindurinn án þess að vera dæmdur af sínu nærumhverfi. Það fíla ég. Mitt eftirlæti er að baka smákökur og baka ég þær allt árið um kring. Þær eru bara svo sætar og dúllulegar og svo er hægt að henda nánast hverju sem er í smákökudeig og það verður gott. Þannig að ég reyni að nýta það sem fellur til, afganga af jólanammi til dæmis, til að búa til smákökur," útskýrir Lilja Katrín og segir jafnframt:

„Þegar kemur að eftirréttum á jólum þá hef ég brennt mig á því að reyna að gera eitthvað ótrúlega flókið og merkilegt sem fólk sýnir svo takmarkaðan áhuga – sérstaklega börnin. Þannig að í ár ætla ég að breyta til. Er við fjölskyldan sátum saman um daginn og gæddum okkur á púðursykurmarengs eftir sunnudagsmatinn þá var það bara ákveðið. Það var ekki flókið – umræddur marengs nefnilega kláraðist á um það bil tveimur mínútum. Þannig að púðursykurmarengs með rjóma, karamellubitum og karamellusósu verður í eftirrétt á aðfangadag.

Auðvitað verður einnig nóg af heimagerðu konfekti á boðstólum, enda veit ég fátt skemmtilegra en að föndra konfekt langt fram á nótt. Svo endar það yfirleitt þannig að ég bý til 1001 tegund og fæ svo taugaáfall á Þorláksmessu yfir því að það sé ekki nóg til. Þá hendi ég í nokkrar konfekttegundir í viðbót og skil svo ekkert í því af hverju mittismálið stækkar með hverri mínútunni sem líður. En það eru nú bara einu sinni jól."

Heslihnetur og Nutella

„Konfektið Ferrero Rocher er nánast aldrei til á mínu heimili og það er mjög einföld ástæða fyrir því: Það hverfur á svipstundu! Þannig að ég ákvað bara að búa það til sjálf og sjá hvernig heimilisfólkinu líkaði við það. Í stuttu máli: Það elskaði Ferrero Rocher-ið mitt!

Í Ferrero Rocher-konfektið er Nutella og heslihnetur ásamt muldu ískexi aðaluppistaðan.

Ferrero Rocher

Hráefni:

1 bolli mulið ískex (helst með súkkulaðifyllingu)
1 bolli saxaðar heslihnetur
1/2–3/4 bolli mjúkt Nutella
1/3 bolli brætt dökkt súkkulaði
1/2 tsk. brætt smjör
1/3 bolli saxaðar heslihnetur

Aðferð:

Blandið ískexi, 1 bolla af heslihnetum og Nutella vel saman í skál. Blandan á að vera klístruð.

Skellið blöndunni í ísskáp í 30 mínútur og leyfið henni að jafna sig.

Búið til litlar kúlur úr blöndunni og raðið á smjörpappírsklæddan disk. Setjið þær inn í frysti í 15 mínútur.
Bræðið dökka súkkulaðið og smjörið saman í örbylgjuofni í þrjátíu sekúndur í senn. Hrærið alltaf á milli hverra þrjátíu sekúndna. Bætið heslihnetunum út í.

Veltið frosnum kúlunum upp úr súkkulaðiblöndunni og setjið á smjörpappír á meðan þær storkna. Þetta er lítil uppskrift en það er lítið mál að tvöfalda eða þrefalda hana. Þessar er líka gott að frysta svo maður hafi alltaf smá kruðerí við höndina til að gúffa í sig!"

Segðu það með ístertu

„Ég gæti borðað ís hvar og hvenær sem er og ég held að besta vinna sem ég hafi nokkurn tímann unnið hafi verið þegar ég vann í framleiðslusal Emmess ís og mátti borða eins mikinn ís og ég vildi! Mér finnst þess vegna sjúklega gaman að búa til minn eigin ís og prófa mig áfram með alls kyns samsetningar. Þetta er ein af týpunum sem er fullkomlega ómótstæðileg.

Ísterta með ástaraldini og hvítu súkkulaði sómir sér vel sem eftirréttur á jólunum.

Ísterta með ástaraldini og hvítu súkkulaði

Botn – Hráefni:

7 vöfflu ísform, grófmöluð
1 msk. púðursykur
4 msk. brætt smjör

Aðferð:

Hitið ofninn í 180°C og takið til hringlaga form, sirka 20 sentímetra stórt.

Setjið vöffluformin og púðursykur í matvinnsluvél og blandið saman þar til blandan minnir á mylsnu. Bætið smjörinu saman við og hrærið vel saman.

Þrýstið blöndunni í botninn á forminu og bakið í 10–15 mínútur. Leyfið botninum að kólna alveg.

Fylling – Hráefni:

1/2 dós sæt dósamjólk (sweetened condensed milk)
100 g hvítt súkkulaði, brætt
kjöt úr 3 ástaraldinum (plús 1 ástaraldin til að skreyta með)
300 ml rjómi

Aðferð:

Byrjið á því að þeyta rjómann og setja til hliðar.

Blandið síðan mjólkinni, hvíta súkkulaðinu og ástaraldini saman í skál.

Bætið rjómanum saman við og blandið varlega saman með sleif eða sleikju.

Skellið blöndunni ofan á botninn og sléttið úr henni. Frystið í að minnsta kosti 7 klukkutíma, helst yfir nótt. Skreytið síðan með ástaraldini og finnið sumarbragðið!"

Forsetamarengs

„Ég varð að tileinka forseta vor, Guðna Th. Jóhannessyni, eina af uppskriftunum í þessari bók, einfaldlega út af því að hann gaf mér ómetanlegan styrk í bökunarmaraþoninu. Mér finnst hann líka mjög nettur forseti og gæti alveg trúað því að hann væri mikill marengskarl. En hver elskar ekki marengs?

Marengs

Hráefni:

4 stórar eggjahvítur
1/4 tsk. cream of tartar
1 1/4 bolli sykur
1/2 msk. maíssterkja
2 msk. kakó

Aðferð:

Hitið ofninn í 150°C og takið til bökunarplötu. Klæðið hana með smjörpappír og setjið til hliðar. Ef þið viljið, getið þið teiknað 2 jafnstóra hringi á pappírinn með penna eða blýanti og snúið honum svo við þannig að þið sjáið hringina í gegn. Þetta er hægt að gera til að tryggja að marengsbotnarnir verði jafnstórir.

Takið til skál sem er laus við öll óhreinindi og fitu. Mér finnst best að þurrka innan úr henni með pappírsþurrku. Setjið eggjahvíturnar í skálina og þeytið þær þar til þær freyða vel.

Bætið cream of tartar út í á meðan þið þeytið og stífþeytið eggjahvíturnar.

Blandið sykri, maíssterkju og kakói saman í annarri skál. Á meðan þið hrærið eggjahvíturnar, blandið þið kakóblöndunni saman við, einni matskeið í einu.

Þeytið í um 5 mínútur þegar þetta er búið til að tryggja að allt sé vel blandað saman.

Dreifið blöndunni í tvo stóra hringi á smjörpappírnum og reynið að hafa þá jafnstóra. Bakið í 1 klukkustund og 45 mínútur. Ekki opna ofnhurðina á meðan. Slökkvið á ofninum og opnið hurðina aðeins þegar bökunartíminn er liðinn og leyfið marengsinum að kólna inni í ofninum.

Rjómi – Hráefni:

300 ml rjómi
4 msk. kakó
1 msk. flórsykur
handfylli af bláberjum

Aðferð:

Þeytið rjómann, kakóið og flórsykurinn saman þar til rjóminn er stífþeyttur.

Skellið 3/4 af rjómanum á milli marengsbotnanna þegar þeir eru orðnir kaldir og setjið restina ofan á kökuna. Skreytið með bláberjum – eða hverju sem þið viljið. */ehg*

Forsetamarengsinn er tileinkaður forseta vor, Guðna Th. Jóhannessyni, sem studdi Lilju Katrínu þegar hún hélt bökunarmaraþon fyrir nokkrum árum.

RML
RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS
Við sérhæfum okkur í þinni starfsemi

Óskum bændum, búaliði og landsmönnum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þökkum kærlega fyrir viðskiptin á liðnu ári og hlökkum til áframhaldandi samstarfs.

Stjórn og starfsfólk
Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

BÆNDUR ATHUGIÐ

Framleiðnisjóður landbúnaðarins kallar eftir umsóknum 2019

Framleiðnisjóður landbúnaðarins er leiðandi stuðningsaðili við þróunar- og nýsköpunarstarf landbúnaðarins og kallar nú eftir umsóknum um styrki til verkefna á sviði nýsköpunar og þróunar á bújörðum á vegum bænda (B flokkur).

Forgangs njóta þau verkefni sem fela í sér verulega nýbreytni, sem líkleg eru til að leiða af sér umtalsverða atvinnusköpun og þar sem stuðningur sjóðsins hefur verulega þýðingu.

Umsóknum skal skilað á sérstökum umsóknareyðublöðum sem er að finna á heimasíðu sjóðsins, **www.fl.is.**

Mikilvægt er að vanda til gerðar umsókna og gera grein fyrir öllum efnisatriðum sem farið er fram á í umsóknareyðublöðunum. Sjóðurinn leggur ríka áherslu á að vanda skuli til gerðar fylgigagna umsókna, s.s. stofnkostnaðar- og rekstraráætlana.

Umsóknafrestur er til 7. febrúar 2019 (póststimpill gildir).

Umsóknum skal skilað til *Framleiðnisjóðs landbúnaðarins*, Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu sjóðsins. Sími 430-4300 / netfang fl@fl.is.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins
Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnesi
Sími 430-4300

SKÓGRÆKT & LANDGRÆÐSLA

Því meira aðdráttarafl sem landið er grænna

Stór hluti Íslands er rofið land. Víðerni landsins eru verðmæti og um þau þarf að standa vörð eins og önnur náttúruverðmæti. Engum blöðum er um það að fletta að hingað sækir fólk hvaðanæva að úr heiminum til að njóta náttúrunnar og ekki síst víðlendra svæða þar sem lítið eða ekkert sést af mannvirkjum.

Gjarnan gleymist þó að eitt sinn var Ísland miklu betur gróið en nú er. Þá voru víðernin græn. Nú eru þau víða svört. Spyrja má sig að því hvort svarti liturinn hafi það aðdráttarafl sem helst laðar til landsins ferðafólk í milljónatali. Sækja ferðamenn síður í þau svæði þar sem land hefur verið grætt upp með lággróðri, kjarri eða skógum?

Pétur Halldórsson.

Hreinn Óskarsson.

Valahnúkur í Þórsmörk í maí 1953. Mynd / Einar Þór Guðjohnsen

Valahnúkur í Þórsmörk sumarið 2018. Mynd / Hreinn Óskarsson

Binding gróðurhúsalofttegunda

Þótt ítarlegri rannsóknir skorti benda mælingar á öndun að og frá þurrlendisvistkerfum til þess að frá rýru og rofnu landi á Íslandi losni mikið af gróðurhúsalofttegundum út í andrúmsloftið. Þar er gamall jarðvegur að rotna, jarðvegurinn sem fóstraði gróðurinn á þessum svæðum meðan þau voru græn. Með því að græða slík svæði upp má ekki aðeins draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi, heldur snúa losun landsvæðanna yfir í bindingu.

Nokkur ferðaþjónustufyrirtæki taka þegar þátt í uppgræðslu- og skógræktarverkefnum og nýta þá leið til kolefnisjöfnunar. Fræða þarf ferðamenn um hvernig gróðurþekja og jarðvegur landsins hefur eyðst frá landnámi. Það er mikilvægt svo þeir skilji betur hversu nauðsynlegt er að græða upp land og rækta skóg, ekki aðeins til kolefnisjöfnunar heldur til að byggja upp jarðveg og gróður og breiða skóglendi út á ný.

Skógareyðing er eitt alvarlegasta umhverfisvandamál heims

Uppgræðsla auðna og rofsvæða á Íslandi er nauðsynlegt og verðugt framlag landsins til sameiginlegrar baráttu jarðarbúa gegn loftslagsbreytingum. Skógareyðing er eitt alvarlegasta umhverfisvandamál heims. Þar eiga Íslendingar sína sök. En fyrir þá sök má bæta, meðal annars með því að örva útbreiðslu birkis og víðis á víðernum landsins. Það yrðu dásamleg víðerni.

Dimmuborgir og Skaftafell eru góð dæmi um vinsæla ferðamannastaði þar sem snúið hefur verið við jarðvegs- og skógareyðingu. Þessir staðir eru meðal vinsælustu ferðamannastaða á landinu.

Það sama má segja um Þórsmörk. Nú styttist í að unnið hafi verið að beitarfriðun og uppgræðslu á Þórsmerkursvæðinu í heila öld. Þegar það starf hófst um 1920 blasti við að Þórsmörk og nærliggjandi afréttir yrðu að eyðimörk. Þeirri þróun var snúið við og nú er Þórsmörk orðin grænni á ný. Aðdráttarafl hennar verður því meira sem hún verður grænni.

Meðfylgjandi myndir segja meira en mörg orð. Þá eldri tók Einar Þór Guðjohnsen árið 1953 og þá yngri Hreinn Óskarsson í sumar sem leið. Með framlögum til uppgræðslu og skógræktar getur ferðaþjónustan gert margt í einu, bundið kolefnið sem losnar vegna starfseminnar, endurheimt horfin vistkerfi og aukið vitund ferðamanna fyrir umhverfisvernd. Því meira aðdráttarafl sem landið er grænna.

Pétur Halldórsson
kynningarstjóri Skógræktarinnar
Hreinn Óskarsson,
sviðstjóri samhæfingarsviðs Skógræktarinnar

„Bjarnarfoss í Staðarsveit – aðgengi fyrir alla allt árið“ hlaut umhverfisverðlaun Ferðamálastofu árið 2018

Verkefnið „Bjarnarfoss í Staðarsveit – aðgengi fyrir alla allt árið“ hlaut Umhverfisverðlaun Ferðamálastofu árið 2018 sem voru afhent á dögunum. Verkið var unnið á árunum 2015–2016 og er gott dæmi um hvernig heimafólk og sveitarfélag, með liðsinni Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða, hafa unnið faglega að uppbyggingu áningarstaðar þar sem allir geta notið fallegrar náttúru. Staðurinn er nú aðgengilegur allt árið.

Bjarnarfoss er tignarlegur foss sem fellur fram af hamrabrúninni upp af Búðum á Snæfellsnesi. Fossinn, ásamt stuðlabergshömrum beggja vegna og gróskumiklum brekkum neðan þeirra, er á náttúruverndarskrá Vesturlands. Fossinn blasir við vegfarendum sem fara um þjóðveginn á sunnanverðu Snæfellsnesi og því ekki að undra að hann hafi dregið til sín ferðafólk í auknum mæli.

Snæfellsbær sótti um í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og fékk 10 milljóna króna styrk til að gera göngustíg, göngubrú, áningarstað, bílastæði og skilti. Áður hafði sveitarfélagið fengið tæpa hálfa milljón til hönnunarvinnu. Markmið styrkveitinganna var að vernda viðkvæma náttúru og bæta aðgengi ferðamanna að fossinum.

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri í Snæfellsbæ, og Margrét Björk Björnsdóttir veittu verðlaununum viðtöku fyrir hönd Snæfellsbæjar og eru hér með Skarphéðni Berg Steinarssyni ferðamálastjóra. Mynd / Snæfellsbær

Göngustígurinn er lagður þannig að hann liðast eftir landinu. Notast var við svokallaðar eco-grindur sem eru lagðar í yfirborð stígsins og þær síðan fylltar með ofaníburði, þannig að auðveldara væri að fara um stíginn t.d. á hjólastól eða með barnakerru. Göngubrúin yfir gilið neðan við fossinn er gerð úr viðardrumbum og fellur vel inn í landslagið. Áningarstaðirnir eru síðan teknir út úr stígnum eftir legu landsins en þeir eru lagðir með náttúruhellum. Þar er einnig að finna áningarborð. Gott bílastæði er við upphaf stígsins og gamla brúin við veginn var endurgerð samkvæmt upprunalegum teikningum frá árinu 1949. /MHH

LESENDABÁS

Eðlilegur munur á sæðingagjöldum?

Ástæða þess að ég tek mér penna í hönd nú er sú að ég var nýverið að skoða þann mun sem er á sæðingagjöldum hjá kúabændum milli svæða hérlendis. Ég bý á Vesturlandi, þ.e. á svæði Búnaðarsamtaka Vesturlands sem sjá um kúasæðingar frá Kjalarnesi í suðri, Borgarfirði, Snæfellsnesi, Dölum og allt til Vestfjarða í norðri. Þetta er víðfeðmt svæði en þó ekkert víðfeðmara en t.d. á Suðurlandi þar sem Búnaðarsamband Suðurlands rekur kúasæðingar allt frá Hellisheiði í vestri allt austur á Hérað.

Hérlendis rekum við nokkur fyrirtæki sem sjá um kúasæðingar eða líklega ein sex talsins fyrir um 26 þús. kýr. Það lætur því nærri að meðalfjöldi kúa á rekstraraðla sé 4.300 talsins. Miðað við 1,9 sæðingar á kú til jafnaðar ætti heildarfjöldi sæðinga að vera nálægt 49 þús. á ári eða rétt rúmlega 8.200 á hvern rekstraraðila.

Sæðingastarfsemin í landinu nýtur stuðnings samkvæmt samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar dags. 19. feb. 2016 og í 20. gr. reglugerðar nr. 1181/2017 um stuðning í nautgriparækt er kveðið á um skiptingu þessa stuðnings:

Greiðslum vegna kynbótastarfs skal Matvælastofnun ráðstafa með eftirfarandi hætti:

1. 85% árlegra framlaga skal ráðstafa til aðila sem reka starfsemi í nautgripasæðingum. Framlagið skal greitt með 12 jöfnum mánaðarlegum greiðslum og skiptist milli viðtakenda á grundvelli magns innveginnar mjólkur á starfssvæði viðtakenda í næstliðnum mánuði. Þannig er framlagi vegna janúar skipt á grundvelli framleiðslu í næstliðnum desembermánuði.

2. 15% árlegra framlaga skal ráðstafa til jöfnunar á sæðingakostnaði til aðila sem reka starfsemi í nautgripasæðingum. Framlagið skal greitt með 12 jöfnum mánaðarlegum greiðslum og skiptist milli aðila með eftirfarandi hætti:
   a. *65% fjárhæðarinnar skiptist samkvæmt fjölda stöðugilda frjótækna sem starfa fyrir hvern aðila.*
   b. *20% fjárhæðarinnar skiptist samkvæmt heildarfjölda ekinna kílómetra pr. sæðingu á starfssvæði hvers aðila. Ekki er þó greitt fyrir fyrstu 20 kílómetra sem eknir eru vegna hverrar sæðingar.*
   c. *10% fjárhæðarinnar skiptist samkvæmt fjölda sæðinga á starfssvæði hvers aðila.*
   d. *5% fjárhæðarinnar renna til Nautastöðvar Bændasamtaka Íslands til að standa straum af kostnaði við þjálfun frjótækna.*

Heimilt er að ráðstafa allt að 3% árlegra framlaga til kynbótastarfs skv. samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar til að styrkja mikilvæg sameiginleg verkefni í kynbótastarfinu, s.s. kvíguskoðun o.fl.

Sú fjárhæð sem tilgreind er í samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar að renni til kynbóta- og sæðingastarfsemi er nálægt 199 milljónum króna á árinu 2018. Þessi fjárhæð rennur að langmestu leyti til sæðingastarfsemi eða a.m.k. ríflega 96% hennar. Heimild er til að styðja við kvígu- eða kúaskoðun og 0,75% heildarupphæðarinnar renna til Nautastöðvarinnar til þjálfunar frjótækna. Kúasæðingar njóta því nálægt 191 milljón króna stuðnings sem jafngildir nálægt 7.350 kr/kú eða 3.900 kr. á sæðingu miðað við að kýr séu 26 þús. og sæðingar 49 þús. sem lætur mjög nærri.

Kúabændur á Íslandi búa við gríðarmikinn mun á sæðingagjöldum frá hendi þeirra aðila sem sjá um rekstur sæðinganna þrátt fyrir opinberan stuðning og tilraunar hins opinbera til þess að jafna sæðingakostnað sem endurspeglast á ákvæðum reglugerðarinnar. Til þess að bera saman mun milli svæða er í raun best að taka dæmi. Í eftirfarandi dæmum sjáum við glöggt þann mun sem er á sæðingagjöldum hjá Búnaðarsamtökum Vesturlands annars vegar og Búnaðarsambandi Suðurlands hins vegar.

Dæmi 1:
Sædd er ein kýr með hefðbundu sæði hjá bónda sem nýtur bestu kjara (félagsmaður í BV og stundar mjólkurframleiðslu). Fyrir þessa sæðingu þarf viðkomandi að greiða sæðingargjald, kr. 3.581 að viðbættu heimsóknargjaldi, kr. 2.625. Sæðingin kostar því alls kr. 6.206.
Sami aðili greiðir hjá BSSL (þá mjólkurframleiðandi á svæði BSSL) fast gjald á hverja kú á ári að viðbættum 0,25 kvígum fyrir hverja kú. Gjaldið nemur kr. 2.900 á kú og að meðtöldum kvígum er það 2.900 x 1,25 eða kr. 3.625. Ekki er innheimt sérstaklega fyrir heimsóknir og allar sæðingar innifaldar. Sæðing kostar því alls kr. 3.625 í þessu dæmi.

Dæmi 2:
Bóndi lætur sæða tvær kýr og aðra með SpermVital-sæði. Hjá BV greiðir bóndi kr. 3.581 fyrir aðra sæðinguna og kr. 4.581 fyrir SpermVital-sæðinguna að viðbættu heimsóknargjald kr. 2.625. Hver sæðing kostar í þessu tilviki k. 5.394.
Hjá BSSL greiðir bóndi áfram sama gjald, þ.e. kr. 3.625 á kú og hver sæðing kostar því áfram það sama.

Þessi einfaldi samanburður segir þó ekki alla söguna því hver kýr er að öllu jöfnu ekki bara sædd einu sinni heldur má reikna með að til jafnaðar þurfi um 1,9 sæðingar til að koma kálfi í hverja kú. Við skulum því reikna þetta á 60 kúa bú á ársgrundvelli og gefa okkur að viðkomandi bú noti SpermVital-sæði í 17% tilvika og láti sæða 0,3 kvígur á hverja kú eða 18 kvígur yfir árið. Þetta bú notar því samtals 148 sæðingar yfir árið (60 x 1,3 x 1,9) og þar af eru 25 SpermVital-sæðingar. Erfitt er að gera sér grein fyrir hversu oft þarf að kalla til frjótækni en við skulum reikna með að til jafnaðar séu sæddir tveir gripir í hverri heimsókn frjótæknis.

Kostnaður búsins verður eftirfarandi:
Hjá BV verða sæðingar kúnna með hefðbundnu sæði 95 talsins á kr. 3.581 eða alls kr. 340.195. Sæddar eru 18 kvígur og þar af 15 með hefðbundu sæði. Fyrir kvígusæðingu er innheimt kr. 1.953 á hverja sæðingu eða samtals kr. 54.684. Fyrir SpermVital-sæðingar á kúm sem verða 19 greiðir bóndi kr. 87.039. SpermVital-sæðingar á kvígum verða 6 talsins sem gerir samtals kr. 17.718. Heimsóknirnar verða alls 74 og heimsóknargjald því samtals kr. 194.250. Heildarkostnaður á ári verður því kr. 693.886 og hver sæðing kostar kr. 4.688.
Hjá BSSL greiðir bóndi fast gjald á kú sem nemur kr. 3.625 og eru kvígusæðingar, heimsóknir og SpermVital-sæði innifalið. Heildarkostnaður verður því kr. 217.500 og hver sæðing þá á kr. 1.470.

Þarna er um að ræða 3,2-faldan kostnað hjá bændum á starfssvæði Búnaðarsamtaka Vesturlands miðað við bændur á svæði Búnaðarsambands Suðurlands. Hvernig í ósköpunum getur staðið á þessum mikla mun?

Ef reiknað er með að sæðingastarfsemin á Vesturlandi sé rekin hallalaus en án hagnaðar má ætla að hver sæðing þar kosti kr. 4.688 að viðbættu framlagi ríkisins, kr. 3.900, eða kr. 8.688. Sambærileg tala á Suðurlandi er kr. 5.370. Munurinn er 62%.

Það er greinilegt að sú jöfnun sem reynd er með framlagi til sæðingastarfseminnar er ekki að ná tilætluðum árangri. Þá er einnig greinilegt að óhagkvæmni er mikil í sæðingastarfseminni á Vesturlandi samanborið við Suðurland og sé það raunverulega svo að þennan mikla mun þurfi til að ná endum saman þarf að endurskoða þá starfsemi frá grunni.

Sæðingar hérlendis eru ódýrar

Ef við berum saman kostnað hérlendis og í Noregi kemur í ljós að sæðingar hér eru ódýrar. Geno í Noregi er með nokkuð flókna gjaldskrá sem birt er í nautaskrá samtakanna (Oksekatalogen) og þar er innheimt misjafnt verð á sæði eftir kynbótagildi nautanna frá kr. 2.255 upp í kr. 5.893 m.v. gengi norsku krónunnar 18. nóv. 2018. Þá er innheimt fyrir hverja sæðingu, heimsókn, helgar- og helgidagaálag auk þess sem SpermVital-sæði kostar kr. 1.455 aukalega. Gefinn er afsláttur ef framkvæmdar eru ein eða fleiri sæðingar í heimsókn auk þess sem afsláttur er á sæðingagjaldi á kvígum ef bóndi er í skýrsluhaldi.

Miðað við sömu forsendur og í dæminu með 60 kýr hér að ofan og því að ég hafi skilið gjaldskrá Geno rétt kostar hver sæðing í Noregi kr. 9.302. Auðvitað er erfitt að alhæfa um þetta en þarna er miðað við 1,9 sæðingar á hverja kú og kvígu, 17% notkun á SpermVital-sæði, 2 sæðingar í heimsókn til jafnaðar, þáttöku í skýrsluhaldi og að dreifing sæðinga sé það jöfn að hlutfallslega jafnmargar sæðingar lendi á helgum og helgidögum og fjöldi heimsókna segir til um. Ef gjaldskráin endurspeglar raunkostnað getum við sagt með allmikilli vissu að sæðingar hérlendis séu mjög ódýrar, í það minnsta miðað við sæðingar í Noregi.

Enduskoða þarf fyrirkomulag sæðinga hérlendis

Það er alveg ljóst að mikill ójöfnuður ríkir í gjaldtöku fyrir nautgripasæðinigar hérlendis eftir staðsetningu eða búsetu þrátt fyrir ákvæði samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar og reglugerð um stuðning í nautgriparækt þar sem reynt er að jafna þennan kostnað.

Greinilegt er að framlögin ná ekki að jafna þennan mun en því má heldur ekki gleyma að sum svæði hafa hagrætt í þessari starfsemi langt umfram önnur. Þessi munur er meiri en ásættanlegt getur talist og því eitt af þeim málum sem Landssamband kúabænda ætti að beita sér fyrir, þ.e. að bilið milli þeirra sem greiða mest og þeirra sem greiða minnst verði minnkað eða það sem betra væri eytt með öllu. Að öllum líkindum er það ekki framkvæmanlegt nema með því að sæðingastarfsemin í landinu verði sameinuð undir einn hatt. Ég legg til að það verði skoðað mjög alvarlega hvort ekki fari einfaldlega best á því að sameina rekstur Nautastöðvarinnar á Hesti og sæðingastarfsemina á Íslandi í eitt fyrirtæki. Með því tel ég að næðist fram mikil hagræðing þar sem hægt væri að gera starfssvæði frjótækna meira „fljótandi“, afleysingar yrðu auðveldari og hægt væri að dreifa álagi betur.

Með bættum samgöngum er hægur vandi að sinna sæðingum yfir stærri svæði en áður var og þá má ekki gleyma hversu kúabúum hefur fækkað frá því að sæðingastarfsemin var sett á laggrinar. Því miður hefur íhaldssemi kerfisins staðið í vegi fyrir því að eðlileg hagræðing hafi átt sér stað þar sem fastheldni á hina gömlu svæðaskiptingu ræður ríkjum í stað þess að leita bestu lausna. Sá munur sem er á gjaldtöku milli svæða staðfestir það.

Jóhannes Jónasson,
bóndi á Jörfa í Borgarbyggð

UTAN ÚR HEIMI

Kjarreldar í Ástralíu.

Ástralía:
Kjarreldar og hvassviðri

Íbúar og slökkviliðsmenn í Qeensland í Ástralíu berjast við fjölda skógarelda sem hafa kviknað vegna mikilla hita í fylkinu. Ekki bætir úr að hvassir vindar breiða eldinn hratt út og torvelda slökkvistarf.

Áætlað er að barist sé við yfir 110 misstóra kjarrelda sem loga vítt og breitt um mitt Qeensland í Ástralíu. Íbúum margra þorpa í fylkinu hefur verið gert að yfirgefa heimili sín og víða hafa hús brunnið. Fulltrúi slökkviliðsmanna segir að erfiðast sé að hefta útbreiðslu eldanna yfir hádaginn þegar hitinn er mestur. Hvass vindur eykur einnig á útbreiðslu eldanna og erfitt að átta sig á hvar kvikni í næst. Vindurinn gerir það einnig að verkum að eldurinn getur farið hratt yfir stór svæði í snörpum hviðum. Til að gera slökkvistarfið enn erfiðara er víða skortur á vatni þar sem eldarnir loga. */VH*

Noregur:
Blóðlús leggst á epli

Í sumar greindist ný tegund lúsar í eplarækt í Noregi. Ekki er vitað fyrir víst hvenær lúsin barst fyrst til landsins en hún getur valdið talsverðum skaða í ræktun ávaxta af rósaætt.

Lúsartegund, sem kallast Eriosoma lanigerum á latínu en blóðlús á norsku, er upprunnin í Norður-Ameríku en hefur verið að breiðast um heiminn undanfarna áratugi. Helsta útbreiðsluleið hennar er sögð vera með matvæla- og vöruflutningum milli landa.

Lýsnar geta valdið miklum skemmdum á rótum, stofni, greinum og blómum ávaxtatrjáa eins og eplum og perum. Auk þess sem lúsin leggst á mispil, álm, hegg og ask svo dæmi séu tekin. Skaðinn af völdum lúsarinnar felst í minni vexti plantnanna og sveppasýkingum sem fylgja í kjölfar þeirra.

Blóðlús er nýtilkominn óvæta í Noregi sem leggst á epli.

Kvikindið sem um ræðir er um 2 millimetrar að lengd og rauðleitt á ytra borði. Lúsin sjálf er þó sjaldan sjáanleg berum augum þar sem hún spinnur utan um sig ullarkenndan vef.

Við bestu aðstæður, 20 til 26° á Celsíus, geta fæðst 20 ættliðir lúsarinnar á einu ári en mjög dregur úr starfsemi lúsarinnar fari hiti niður fyrir 10° á Celsíus. */VH*

Hækkun sjávarmáls vegna bráðnunar Grænlandsjökuls

Leysingavatn vegna bráðnunar Grænlandsjökuls hefur aukist mikið undanfarin ár. Bráðnun jökulsins vegna hlýnunar lofthita á jörðinni er hraðari og meiri en búist var við og hækkun sjávarmáls vegna bráðnunarinnar því meiri en búist var við.

Bráðnun Grænlandsjökuls á ári er sögð vera 50% meiri núna en fyrir daga iðnbyltingarinnar samkvæmt því sem segir í nýlegri grein í Nature. Það sem meira er að aukið magn leysingavatns frá jöklinum er nánast til komið á síðustu tveimur áratugum og er bráðnun jökulsins meiri síðustu tvo áratugina en síðustu átta aldir.

Samkvæmt grein Nature er jökullinn viðkvæmari fyrir hlýnuninni en búist hafði verið við. Borsýni sem tekin voru úr jöklinum gera vísindamönnum kleift að rannsaka bráðnun hans allt að 400 ár aftur í tímann. Samkvæmt þeimer ekki um að villast að bráðnunin hefur aukist jafnt og þétt frá dögum iðnbyltingarinnar og mikið síðustu árin.

Hækkun sjávar vegna bráðnunar jökla leiðir til þess að ræktarland fer undir sjávarmál og ógnar þannig fæðuöryggi í heiminum.

Í greininni segir að leysingavatn frá Grænlandsjökli leggi til um 20% af hækkun sjávarmáls í heiminum í dag en með sama áframhaldi verði það um 40% um næstu aldamót. Þar segir einnig að ef ekkert verði að gert til að stöðva og draga úr hlýnun jarðar endi með því að bráðnun jökla verði það mikil að hún muni verða þess valdandi að stór landsvæði, ræktunarlönd og borgir fari undir sjávarmál. */VH*

Á FAGLEGUM NÓTUM

Á samyrkjubúinu Hof Hasharon er mjólkað í mjaltabás með 60 mjaltatækjum og sjá einungis 3 starfsmenn um mjaltirnar.
Myndir / SS

Landbúnaðar- og menningarferð til Ísrael og Palestínu

Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com

Seinnipartinn í október hélt 30 manna hópur Íslendinga í landbúnaðar- og menningarferð til Ísrael og Palestínu, en tilgangur ferðarinnar var að kynna sér fjölþættan landbúnað á svæðinu sem og að heimsækja merka sögulega staði. Ferðin var afar vel heppnuð og fjölbreytt og hér á eftir fer stutt samantekt ferðarinnar.

Þar sem frekar stutt er síðan skrifað var nokkuð ítarlega um landbúnað í Ísrael (10. og 11. tölublöð árið 2016) verður hér fyrst og fremst farið yfir þá þætti sem ekki komu fram við þá umfjöllun. Þeim sem hafa áhuga á að kynna sér fyrri skrif um landbúnað í Ísrael má benda á að hægt er að lesa öll eldri blöð Bændablaðsins á vefslóðinni: www.bbl.is. sem og á vefslóðinni timarit.is.

Framleiða 1,6 milljarða lítra af mjólk

Líkt og í flestum öðrum ferðum sem greinarhöfundur hefur komið að var megin áherslan lögð á fræðslu um mjólkurframleiðslu. Þannig var m.a. farið í heimsókn í land-búnaðarráðuneytið þar sem m.a. er starfrækt ráðgjafaþjónusta fyrir landbúnað. Þar hlýddi hópurinn m.a. á erindi Dr. Gaby Adin, sem er yfirmaður búfjárdeildar landbúnaðarstofnunar ráðuneytisins. Hann greindi hópnum frá helstu tölulegu staðreyndum um mjólkurframleiðslu landsins sem sjá má hér í meðfylgjandi töflu.

Þá fór hann vandlega yfir hvernig mjólkurframleiðslunni er stýrt en í landinu er í gildi kvótakerfi og er kvótanum skipt niður á einstaka mánuði. Hvert bú þarf þó ekki að fylla sinn mánaðarlega kvóta heldur getur flutt framleiðsluna á milli mánaða. Sé það gert getur hinsvegar fengist lægra verð fyrir þá óframleiddu mjólk sem flutt er á milli mánaða sem skýrist af því að yfir vetrarmánuðina, frá nóvember og út apríl er minni eftirspurn eftir mjólk. Ef bú framleiðir minna en mánaðarlegur kvóti þess er þessa mánuði en framleiðir þeim mun meira en mánaðarlegur kvóti þess er yfir sumarmánuðina fæst greitt sérstakt álag á hvert framleitt kíló mjólkur. Tilgangurinn er augljóslega sá að reyna að halda uppi framleiðslunni þegar heitast er í veðri og klárlega erfiðast að framleiða mjólk

Á rannsóknabúi landbúnaðarstofnunar Ísraels þurfa kýrnar að læra að þekkja sitt átpláss svo hægt sé að fylgjast með áti þeirra. Það getur tekið sinn tíma að kenna þeim að finna þann kassa sem þeim er ætlaður og oftast gengur það vel, en það kemur þó fyrir að einstaka kýr læra aldrei að finna sinn stað og þá eru þær teknar úr fóðurathuguninni.

Leggja mikla áherslu á rannsóknir og þróun

Í sömu heimsókn hlýddi hópurinn einnig á Daniel Werner en hann fór m.a. yfir þróun landbúnaðarins í Ísrael og hvernig stjórnvöld stuðluðu að uppbyggingu matvælaframleiðslu landsins. Að hans sögn var lykillinn að góðum árangri í landbúnaði hve miklum opinberum fjármunum væri varið til rannsókna og þróunarstarfs. Fyrir vikið væri landið leiðandi á mörgum sviðum landbúnaðar, sérstaklega hvað varðar hátækninýtingu og sérstaklega hvað varðar tækni til nýtingar á vatni. Í Ísrael er áratuga hefð fyrir mikilli samvinnu og einn af hornsteinum góðs árangurs í landbúnaði sagði Daniel felast í samvinnu vísindafólks, matvælaiðnaðar, bænda og stjórnvalda. Allir þessir aðilar vinna saman að því að bæta árangurinn ár frá ári, sem hefur skapað landinu mikla sérstöðu innan landbúnaðar á alþjóðlegum vettvangi.

Kýrnar þekkja sitt pláss

Að erindinu loknu var hópnum svo boðið í heimsókn í rannsóknakúabú landbúnaðarstofnunarinnar. Þetta bú nýtist fyrst og fremst til rannsókna á fóðrun kúa en einnig eru framkvæmdar ýmsar aðrar rannsóknir. Það sem var nokkuð fróðlegt að heyra var að kýrnar sem eru í fóðrunartilraununum eru allar í lausagöngu og til þess að geta fylgst með áti einstakra gripa, þarf að nýta tölvutækni við gagnasöfnunina.

Til þess að gera rannsóknastarfið einfalt er hverri kú kennt hvar hún á að éta við fóðurganginn en allar kýrnar eru með hálsbönd með örmerki í og þetta örmerki er í raun lykill að átkassa með fóðri í. Hver kýr getur þó einungis opnað þann kassa sem er merktur henni og því þarf að kenna hverri kú að finna þann kassa sem hennar örmerki getur opnað.

Að sögn tilraunastjóra búsins gengur yfirleitt vel að kenna kúnum að finna sitt eigið átsvæði en þó getur það tekið upp í nokkra daga fyrir sumar kýr að finna svæðið sitt. Svo bætti hann því einnig við að einstaka sinnum kemur það svo fyrir að ómögulegt reynist að kenna kúnni að finna átkassann sinn og í því sambandi talaði hann um að kýrnar væru einfaldlega ekki allar jafn vel gefnar.

Hópmynd, þessi var tekin á hinum fornfræga keppnisvelli í Caesarea maritima – þar sem Rómverjar skemmtu sér við kerrureið (Ben Hur…)

Stórtæk lárperu- og mangóframleiðsla

Í ferðinni var farið í heimsókn í mörg samyrkjubú sem voru í allskonar landbúnaðarframleiðslu en flest þeirra hafa nokkuð fjölbreytta framleiðslu til þess að bæði nýta landið vel, sem og að dreifa áhættunni sem fylgir því að framleiða matvæli sem eru seld á heimsmarkaði. Ísrael er nefninlega nokkuð öflugt í útflutningi á ákveðnum vörum og sérstaklega sterkt í framleiðslu á lárperum og mangó. Þegar búin voru heimsótt var búið að uppskera báðar þessar tegundir en hópurinn fékk þó fína kynningu um þessa framandi framleiðslu, sem og að sjá þétta akrana með þessum ávaxtatrjám. Bæði lárperur og mangó eru tíndar á haustin og fer mest af framleiðslunni til útflutnings. Mangó ávöxturinn er aðallega seldur í Englandi, Frakklandi og Hollandi en lárperurnar fara bæði til marga landa í Evrópu sem og til Asíu.

Að sögn heimamanna þá skilar þessi framleiðsla ágætum tekjum en vandinn er þó sá að þegar trjánum er plantað er alls óvíst hver eftirspurnin verður eftir um áratug, þegar framleiðslan er orðin mest af trénu. Það er vegna þess að ótal mismunandi afbrigði eru til bæði af lárperutrjám og mangótrjám og sögðu þeir að eftirspurnin eftir mismunandi afbrigðum sveiflaðist mikið á milli landa og neytendahópa bæði hvað varðar lit ávaxtarins, stærð og bragðgæði. Þá virtist sem ákveðnir „tískustraumar“ valdi því að ólík afbrigði ná allt í einu hylli neytenda en önnur afbrigði falla í ónáð. Bóndinn sem plantar trénu þarf því að vera afar framsýnn þegar afbrigðið er valið – nú eða heppinn.

Vökva akra með sjó

Eins og hér að framan greinir þá byggir árangurinn fyrst og fremst á því hvernig þekkingin er nýtt til framleiðslu og allur landbúnaður á þessu svæði á það sameiginlegt að búa við afar erfið ytri skilyrði vegna mikilla hita og lítillar úrkomu. Bændurnir hafa með nýtingu nútíma tækni og mikillar þekkingar náð að aðlaga framleiðsluna að erfiðum ytri aðstæðum og var sérstaklega áhugavert að kynnast því hvernig þeir ná að framleiða bæði mjólk og ávexti við þessar aðstæður. Lykillinn er vandasöm nýting á vatni, en flest búin nýta sér vatn úr Galilea vatninu, einnig með endurvinnslu á vatni frá skólpi, og með því að nýta það regnvatn sem fellur til. Þá er einnig ört vaxandi nýting á ferskvatni sem unnið er úr sjó en ferskvatnsframleiðsla úr sjó hefur aukist gríðarlega síðustu árin og mun aukast á komandi árum að sögn heimamanna.

Samyrkjubú í mjaltatækjaframleiðslu

Samyrkjubúið Afikim er nokkuð sérstakt vegna þess að það starfrækir framleiðslu á mjaltatækni! Merkið heitir Afimilk og þó það sé ekki þekkt vörumerki á Íslandi er það nokkuð útbreitt og sérstaklega meðal stærri kúabúa. Hópurinn heimsótti þetta samyrkjubú og eftir að hafa skoðað helstu framleiðslu búsins sem m.a. er í döðluframleiðslu, mangó og lárperum, var Afimilk heimsótt og þar var haldinn fyrirlestur um fyrirtækið og helstu nýjungar sem það er með á markaði. Sérstaða Afimilk er í raun sú að það framleiðir hefðbundna mjaltatækni en notast við fullkomna skynjara og greiningarbúnað sem gera allt hjarðeftirlit bæði einfalt og skilvirkt. Það er þó sérstaklega búnaður sem Afimilk notar til greininga á mjólk, um leið og kýrin er mjólkuð, sem er með þeim fullkomnari á markaðinum ef ekki sá fullkomnasti.

Þessi búnaður getur t.d. mælt fituinnihald mjólkurinnar um leið og kýrin er mjólkuð og m.a. flokkað mjólk búsins í tvær mjólkurlagnir allt eftir vilja bóndans. Þannig getur búið t.d. verið með tvo mjólkurtanka og í öðrum þeirra geymt fituríka mjólk og í hinum fituminni mjólk svo dæmi sé tekið. Afar áhugaverð tækni sem etv. verður eftirspurn eftir frá afurðastöðvum í framtíðinni. Þá getur greiningarbúnaður Afimilk einnig greint það hvort kýrin sem er verið að mjólka sé yxna eða ekki auk fleiri atriða sem tengjast heilsufari hennar.

3 mjólka 1.100 kýr

Af annars mörgum áhugaverðum heimsóknum til bænda í Ísrael þá var heimsóknin á samyrkjubúið Hof Hasharon einkar eftirminnileg. Þetta bú er það stærsta í Ísrael og með um 1.100 kýr og er auk þess eitt allra afurðahæsta bú landsins. Búinu er stjórnað af dýralækninum Dror Reznikov og tók hann á móti hópnum og sýndi þar allt sem viðkom búinu. Hverjum mátti strax vera ljóst að þarna er staðið afar fagmanlega að verki og mikið lagt upp úr skilvirkni bæði kúa og vinnuafls. Allir vinnuferlar eru þaulhugsaðir sem og hönnun þeirra bygginga sem eru á búinu svo nýting vinnuafls sé sem best og gönguleiðir stuttar. Þá sagði Dror frá því að þar sem búið er staðsett á vesturströnd Ísrael er oft vindur af hafi og hann sé nýttur til að kæla kýrnar með því að hliðar fjós-anna sem hýsa kýrnar snúa þannig að vindurinn getur leikið um kýrnar.

Þrátt fyrir að kýrnar væru greinilega afar vel hirtar og skiluðu miklum afurðum var þó líklega afkastagetan við mjaltirnar sem vöktu mesta athygli en mjaltabásinn var svo-kallaður hraðútgangsbás með 30 mjaltatækjum til hvorrar handar og tækin því 60 í allt. Í básnum voru þó einungis þrír við mjaltir, þ.e. hver þeirra sá um 20 mjaltatæki. Það eru afköst í lagi svo ekki sé nú meira sagt!

Menning og saga við hvert fótmál

Þegar ferðast er um Ísrael eða Palestínu verður hverjum ferðamanni ljóst að þarna er farið um svæði þar sem sagan er við hvert fótmál. Ekki verður hér gerð djúpstæð tilraun til þess að lýsa hinum svokallaða menningarlega hluta ferðarinnar en hann náði m.a. til skoðunarferðar til Jerúsalem, að fæðingarstað Krists í Betlehem í Palestínu og til hinar gömlu borgar Jaffa við Tel Aviv. Þá var skroppið í sundferð í Dauðahafið, haldið upp á hið forna virki Masada, áð við Qasr el Yahud þar sem talið er að Kristur hafi hlotið skírn sína í ánni Jórdan, að húsinu þar sem María mey bjó í Nasaret, að landamærunum við Sýrland og til hinnar fornu hafnarborgar Rómverja Caesarea Maritima svo það helsta sé nú tínt til.

VOTTANIR & UPPRUNAMERKINGAR MATVÆLA

Dýravelferðarvottanir

Oddný Anna Björnsdóttir
objornsdottir@gmail.com

Dýravelferðarvottanir eru staðfesting óháðs þriðja aðila á því að aðbúnaður og meðhöndlun dýranna sé í samræmi við ákveðinn dýravelferðarstaðal/reglur sem gengur lengra en almenn lög og reglugerðir um dýravelferð og aðbúnað.

Dýravelferðarvottanir hafa hingað til verið mest áberandi í Bandaríkjunum. Þær bandarísku velferðarvottanir sem eru leiðandi, hafa raunveruleg áhrif á aðbúnað og meðhöndlun dýranna og er helst treystandi skv. fulltrúum verkefnisins Farm Forward, eru Certified Humane Raised and Handled, Global Animal Partnership sem var upphaflega búin til af Whole Foods Market en varð síðar að almennri vottun, Animal Welfare Approved (AWA) og American Grassfed.

Innan Evrópusambandsins er engin sérstök velferðarvottun búfjár til en ólíkar vottanir eru í boði í ólíkum löndum, bæði opinberar og í eigu fyrirtækja. Dæmi um það er opinbera merkið í Danmörku fyrir svínaræktendur, Bedre Dyrevelfærd og merki verslunarkeðjunnar Coop, Dyrevelfærd, Det Gode Staldliv.

Coop, sem er með ríflega þriðjungs markaðshlutdeild í Danmörku, ákvað að gera sitt eigið merki þar sem forsvarsmenn hennar telja hið opinbera merki vera ákveðinn hvítþvott og segja sitt merki byggjast á áreiðanlegri og strangari reglum. Neytendur í Danmörku virðast á sama máli því kannanir hafa sýnt að þeir telji það ekki nógu metnaðarfullt.

Samevrópsk löggjöf

Sífellt meiri þrýstingur er á samevrópska löggjöf sem rétt er að taka fram að væri ekki „valkvæð vottun“ eins og verkefni höfundar snérist um. Samkvæmt rannsóknargreininni „Dýravelferð innan Evrópusambandsins“ sem var gefin út árið 2017 að beiðni Evrópuþingnefndar, er þörf á almennum dýravelferðarlögum og sérstökum lögum um ákveðnar dýrategundir, þar sem núverandi dýravelferðarstefna og löggjöf ESB nái ekki til flestra dýrategunda sem haldnar séu innan sambandsins, þ.á.m. þeirra þar sem velferðarvandamálin eru mest.

ISO staðall um dýravelferð

Alþjóðlegur ISO staðall ISO/TS 34700:2016 Animal welfare management -- General requirements and guidance for organizations in the food supply chain var gefinn út í lok árs 2016. Markmið hans er að tryggja velferð sláturdýra um allan heim í gegnum ákveðin markmið sem tilgreind eru í staðlinum. Aukin vitund almennings um meðferð sláturdýra og þrýstingur á úrbætur, sem og aðgerðir framleiðenda til að bregðast við því, stuðlaði að gerð þessa staðals.

Staðlinum er ætlað að hjálpa matvæla- og fóðuriðnaðinum að tryggja velferð sláturdýra í gegnum virðiskeðjuna með því að þróa dýravelferðaráætlun sem er í samræmi við velferðarviðmið (e: Terrestrial Animal Health Code) Alþjóða dýravelferðarstofnunarinnar (OIE). Aðild að henni eiga 181 ríki, þ.m.t. Ísland, en meginmarkmið hennar er að bæta dýraheilbrigði á heimsvísu.

Á Íslandi

Þegar þetta er ritað er enginn íslenskur framleiðandi með sérstaka dýravelferðarvottun. Allnokkrir gera þó út á aukna dýravelferð í sinni framleiðslu og markaðssetningu, en neytendur þurfa í þeim tilvikum að treysta orðum framleiðandans.

Rétt er að taka það fram að í reglum um lífræna vottun eru strangar kröfur gerðar til dýravelferðar og má því segja að hún feli í sér dýravelferðarvottun. Nú eru fjórtán framleiðendur með slíka vottun (ræktun sauðfjár, nautgripa, varphænsna og eldisseiða, auk eins sláturhúss). Vottunarstofan Tún er faggild til slíkrar vottunar, en að því frátöldu er enginn aðili hér á landi með faggildingu til vottunar samkvæmt sérstökum dýravelferðarstaðli.

– Oddný Anna Björnsdóttir er sjálfstætt starfandi ráðgjafi og bóndi í Gautavík. Greinar í Bændablaðinu um vottanir og upprunamerkingar byggjast á verkefni sem hún vann fyrir Íslandsstofu veturinn 2018. Greiningin er aðgengileg í heild sinni á vef Íslandsstofu.

Á FAGLEGUM NÓTUM

Fengitími sauðfjár og notkun hrúta

Nú á jólaföstu, þegar verið er að sæða nær tíundu hverja á í landinu og tilhleypingar eru að hefjast á hinum árstíðabundna fengitíma, er tímabært að hugleiða nokkur atriði sem skipt geta máli á fjárbúum, stórum sem smáum.

Dr. Ólafur R. Dýrmundsson.

Flestir lambhrútar eru vel virkir og gagnast bæði lambgimbrum og ám skömmu eftir að lífeðlisfræðilegum kynþroska er náð á haustin.

Bráðþroska lömb og frjósamt fé

Á meðal einkenna íslenska fjárins er bráður kynþroski lamba af báðum kynjum. Þannig verða lambgimbrarnar kynþroska um sjö mánaða aldur þegar þær hafa náð 55–65% af fullorðinsþunga og lambhrútarnir þegar þeir eru um fjögurra mánaða gamlir við 40–50% af fullorðinsþunga, all löngu fyrir fengitímann. Þessir frjósemiseiginleikar skipta vissulega máli þegar verið er að auka afurðir eftir hverja vetrarfóðraða kind. Nú er svo komið að hleypt er til um 90% ásetningsgimbranna í landinu. Þótt fanghlutfallið sé breytilegt eftir árum og búum, og lægra en hjá ám, er það samt talið vera um 86% að meðaltali og lítið vantar á að hver lembdur gemlingur skili einu lambi.

Önnur veruleg breyting frá fyrri tíð er vaxandi notkun lambhrúta á fengitíma þannig að nú er áætlað að um 30% áa og lambgimbra í landinu fái við lambhrútum. Mælt er með enn meiri notkun þeirra til að stytta ættliðabilið og hraða erfðaframförum.

Árstíðabundinn fengitími áa og lambgimbra

Þótt fengitíminn hér á landi tengist mjög skammdeginu, enda undir stjórn dagsbirtu, og flestar ærnar og lambgimbrarnar séu látnar fá fang um það leyti sem dagurinn er stystur, er hinn eðlislægi fengitími mun lengri. Rannsóknir hafa sýnt að séu ær ekki látnar fá fang eða hafi misst fóstur geta þær verið að ganga fram í maí. Því er það í sjálfu sér ekkert undrunarefni þegar stöku ær bera fyrir eða um réttaleytið á haustin hafi hrútum verið sleppt í þær fanglausar og geldar í kring um sumarmál.

Sjaldgæft er að ær sinni hrútum á tímabilinu frá júní til ágúst en það kemur þó fyrir stöku sinnum og reyndar eru þekktir burðir einstöku áa í öllum mánuðum ársins. Athyglisvert er að það eru fremur mislitar en hvítar ær sem fá fang og bera á óvenjulegum árstímum. Af þessum sökum eru dæmi þess að ær beri tvisvar á einu ári, t.d. í ágúst/september og aftur í apríl/maí.

Hvað með hrútana?

Þótt fram hafi komið árstíðabundnar breytingar á eistnastærð íslenskra hrúta er eitt víst að þeir geta lembt ær á öllum tímum árs, standi það til boða. Þeir eru ekki aðeins virkir á hinum hefðbundna fengitíma frá jólaföstu og fram yfir áramót. Þarna hefur dagsbirtan áhrif þótt minni séu en hjá ánum. Þannig hafa þvermálsmælingar á pungi, sem endurspegla vel eistnaþunga, sýnt, að eistun eru smæst á vorin, fara stækkandi á sumrin og eru stærst á haustin, þ.e.a.s. skömmu fyrir fengitíma, þegar sáðfrumumyndunin er örust. Samkvæmt þessum mælingum voru eistun 15% stærri á haustin en á vorin.

Hvað kynhvöt hrúta varðar er hún sennilega sterkust í skammdeginu en athuganir hafa þó sýnt að hún er óaðfinnanleg utan þess tíma, jafnvel á sumrin. Í athugunum reyndust hrútar sem voru mjög virkir á venjulegum fengitíma að vetrinum það líka þegar sól var hátt á lofti. Hugsanlega eru þó einhver árstíðabreytileiki í sæðismagni og gæðum.

Lambhrútar eða fullorðnir hrútar

Flestir lambhrútar eru vel virkir og gagnast bæði lambgimbrum og ám skömmu eftir að lífeðlisfræðilegum kynþroska er náð á haustin. Eistun eru þó miklu smærri en hjá veturgömlum og eldri hrútum. Sem dæmi má nefna að októbervigtanir á eistum(hægra + vinstra) gáfu meðatölin 270 gr. hjá lambhrútum, 425 gr. hjá veturgömlum og 500 gr. hjá þeim fullorðnu. Breytileiki innan hvers hóps var verulegur. Sú almenna viðmiðunarregla að ætla lambhrútum 20-30 ær og þeim eldri 30-50 ær á venjulegum þriggja vikna fengitíma er því skynsamleg þótt vitað sé að margir hrútar geti annað fleiri ám með góðu móti.

Eftir því sem næst verður komist lækkar hið háa fanghlutfall ánna ekki, og frjósemi þeirra að öðru leyti ekki heldur, þótt lambhrútar fremur en eldri hrútar séu notaðir. Jafnvel hefur komið fram vísbending um að betra sé að nota lambhrúta fyrir jafnöldrur sínar enda er algengt að hafa þann háttinn á. Þetta getur m.a. skýrst af því að fullorðnir hrútar sýna lambgimbrum að jafnaði minni áhuga en ám vegna veikara beiðslis og einnig getur stærðarmunur við pörunina komið við sögu.

Aðferð við tilhleypingar

Fyrr á árum var algengast að hrútur væru leiddir til ánna einu sinni eða tvisvar á dag þannig að vel var fylgst með því hvaða ær væru að ganga en þær eru blæsma í tvo sólarhringa að jafnaði. Þá er þægilegt að skrá fangdag og reikna síðan út væntanlega burðardag hverrar ær miðað við miðlungs meðgöngutímann 143 daga. Einnig kemur strax í ljós ef hrút tekst ekki að lemba, tímabundið eða jafnvel varanlega.

Sums staðar voru þó hrútar látnir ganga stöðugt með ánum allan fengitímann, einkum á beitarhúsum, sérstaklega þar sem fé lá við opið. Enn er slíkt þekkt. Einnig að hleypt sé til áa, hverrar fyrir sig, einkum í sumum smærri hjörðum. Eftir því sem búin hafa stækkað er algengast að hrút sé sleppt í hverja kró/garða, fylgst með því að hann sinni hlutverki sínu með eðlilegum hætti og hann látinn vera með ánum eða gimbrunum allan fengitímann. Oftast gefst þetta vel nema í þeim fáu tilvikum þegar hrúturinn hefur reynst ófrjór þótt hann hafi sýnt óaðfinnaleg tilþrif við pörun.

Athugað hefur verið hvort tilhleypingaraðferðin skipti máli. Í tilrauninni var annars vegar hleypt til einu sinni á dag og hverri blæsma gimbur haldið en hins vegar sami tveggja vetra hrútur hafður með samanburðarhópi sex klukkustundir samfellt á dag, án afskipta, og engum haldið. Alls enginn munur kom fram, fanghlutfallið var 92,6 % og að meðaltali fæddist 1,1 lamb um vorið í báðum hópunum.

Lokaorð

Eftir því sem næst verður komist virðist ekkert mæla því í mót að nota lambhrúta við tilhleypingar í æ ríkari mæli, hvort sem er fyrir lambgimbrar eða ær. Þá virðist aðferð við tilhleypingar ekki skipta máli.

Dr. Ólafur R. Dýrmundsson
oldyrm@gmail.com
Höfundurinn er áhugamaður um sauðfé og sauðfjárrækt, er sjálfstætt starfandi búvísindamaður og hefur m.a. sinnt ýmsum æxlunarlífræðilegum rannsóknum og athugunum.

LESENDABÁS

Ódýr aðferð að koma sér upp skógarlundi

Nú er rétti tíminn fyrir þá sem áhuga hafa fyrir að koma sér upp skógarlundi að safna könglum af barrtrjám. Víða um land eru þjóðskógar þar sem víða má safna sér efnivið til skógræktar. Á höfuðborgarsvæðinu er t.d. Heiðmörk og mörg önnur skógræktarsvæði þar sem öllum er frjáls för.

Þegar könglum af barrtrjám er safnað þarf að gæta að ýmsu. Könglana á að taka alveg heila og einungis þá sem eru alveg lokaðir. Best er að tína þá í strigapoka eða bréfpoka svo vel lofti um þá.

Rétt er að taka brúna alveg lokaða köngla. Síðan eru þeir lagðir í þunnt lag í pappaöskjur eða bakka sem fá má með bjór í vínbúðum. Þeir eru mjög hentugir til þessa enda mjög auðvelt að raða þeim og jafnvel stafla. Nú er mikilvægt að könglarnir þorni á þurrum stað og gjarnan við stofuhita.

Þegar könglum af barrtrjám er safnað þarf að gæta að ýmsu. Nota þarf góða vinnuvettlinga til að taka könglana af greinum einkum stafafuru en þeir eru nokkuð hrjúfir viðkomu. Þeir geta verið nokkuð fastir á greinunum og þarf þá að slíta þá eða snúa þá af greinunum. Best er að taka köngla sem efst eftir því sem tök eru á og þá í allþéttvöxnum lundum. Stök tré sem vaxa ein sér hafa oft köngla með fræjum sem spíra illa og jafnvel alls ekki því þá hafa fræflurnar ekki frjófgast eins og æskilegast er.

Könglana á að taka alveg heila og einungis þá sem eru alveg lokaðir. Best er að tína þá í strigapoka eða bréfpoka svo vel lofti um þá.

Rétt er að taka brúna alveg lokaða köngla. Síðan eru þeir lagðir í þunnt lag í pappaöskjur eða bakka sem fá má með bjór í vínbúðum. Þeir eru mjög hentugir til þessa enda mjög auðvelt að raða þeim og jafnvel stafla. Nú er mikilvægt að könglarnir þorni á þurrum stað og gjarnan við stofuhita. Smám saman opnast þeir og fræin koma í ljós. Má jafnvel sjá árangur innan við viku! Mikilvægt er að hvergi sé möguleiki á að mygla myndist en þá má væntanlega gleyma þessu verkefni. Í einum köngli leynast tugir jafnvel nokkur hundruð fræja sem mörg hver gætu orðið að trjám síðar ef allt gengur að óskum. Öðru hverju þarf að taka til í könglabökkunum og gæta vel að vel lofti um og ekki komi neins staðar raki að því þá er hætta á myglu.

Fræjunum er gott að varðveita í lokuðu íláti og geyma á fremur köldum og þurrum stað við 2-4C. Við þessar aðstæður geta fræin varðveist um nokkur ár.

Að vori er rétt að huga að sáningu. Æskilegt er að vanda sem best svæðið þar sem vaxtarskilyrði eru góð. Umfram allt þarf að friða landið fyrir búsmala því ungar trjáplöntur eru eðlilega mjög viðkvæmar fyrir traðki og beit. Ekki er vænlegt að sá í gróna jörð heldur jafnvel mel þar sem frosthreyfing og rof er ekki til staðar. Þegar sáð er í land með þessu móti geta liðið nokkur tími uns árangurs verði vart. En trjáplöntur eru seigar og þegar þær hafa náð að festa rætur þá geta þær spjarað sig ótrúlega vel.

Skógræktarfélag Íslands hefur gefið út undanfarin ár fræðslurit þar sem mjög stutt en gott yfirlit er um einstaka þætti trjá- og skógræktar. Heimasíðan er www.skog.is

Á heimasíðunni má sjá „Útgáfa“ og þar má finna yfirlit um Frækornið. Í 9. Heftinu er sérstaklega fjallað um söfnun og sáning barrtrjáafræs.

Trjárækt er ákaflega skemmtilegt og áhugavert tómsundastarf sem gefur auk þess ekki einungis gleði og ánægju heldur einnig gagn. Skógarskjólið er okkur í þessu næðingssama landi mjög mikilvægt. Það gefur okkur einnig tækifæri að bæta umhverfi okkar og gerir einnig skepnunum mikið gagn.

Mig langar til að segja frá eigin reynslu

Snemm sumars 2002 keypti ég nokkra bakka af stafafuru (pinus contorta) og gróðursetti í spildu sem ég og fjölskylda mín á í Borgarfirði. Svo ótrúlegt sem það kann að hljóma voru afföllin engin! Allar þessar örlitlu plöntur hafa vaxið og dafnað þessi 16 sumur sem liðin eru frá því þeim var plantað. Nú eru þessi „smákríli“ orðin að trjám sem hafa vaxið okkur mannfólkinu langt yfir höfuð því mörg hver eru að nálgast 5 metra! Og síðustu árin hafa þau reynt að fjölga sér eftir eðli sínu. Nú er rétti tíminn að taka köngla af stafafurunni og nú síðustu helgina í nóvember tíndi ég töluvert magn á örfáum klukkutímum. Þessi fræ munu mörg hver spíra og vaxa og þessar stafafurur munu eignast aftur afkvæmi í framtíðinni og bæta landið þar sem þær munu ná að vaxa og tímgast. – *Góðar stundir!*

Guðjón Jensson
leiðsögumaður og eldri borgari í Mosfellsbæ

MAST Matvælastofnun

Búskaparlok

Framleiðandi skal tilkynna Matvælastofnun fyrir **31. desember** ef hann ætlar að hætta í sauðfjárframleiðslu vegna næsta almanaksárs, bent er á mikilvægi þess að tilkynna ef búskap er hætt vegna greiðslna og vörslu búfjár.

Tilkynna skal í gegnum Bústofn (www.bustofn.is).

ÍSTEKA

SELDU HRYSSUR TIL LÍFS

Hrossabændur óska eftir hryssum

Mega vera þriggja til fimmtán vetra

Sækjum frítt á Suður-, Vestur- og Norðurland.

Greiðum 25.000 kr. án vsk. fyrir hryssuna.

Upplýsingar: **hryssa@isteka.com** eða í síma **581 4138.**

Geymið auglýsinguna!

Hryssur eru greiddar eftir reikningi og eftir umskráningu í *WorldFeng*.

Hús til flutnings

Húsin eru 27 fm að stærð með sér baðherbergi.

Verð: 4.500.000 m/vsk.

Innifalið í verði:

- Fullbúið að utan.
- Yfirbyggð verönd.
- Milliveggir uppkomnir (Búið að einangra þá og einfalda með gifsi).
- Búið er að einangra húsið.
- Búið er að ganga frá rakasperru.
- Búið er að setja upp rafmagnsgrind.
- Gifs fylgir bæði fyrir loft og veggi.

Húsin eru teiknuð og hönnuð hér á landi og byggð undir eftirliti byggingafulltrúa sem hefur tekið þau út.

Ls. Sumarhús slf. - Nánari upplýsingar í síma: 690-6166

Jólagjafahugmyndir 2018

Hleðsluborvél AKS45IND
23.500 kr.-

Beta LED vinnuljós 1838COB
8.900 kr.-

Beta smekkbuxur 7863E
8.060 kr.-

Beta vinnugalli 7865E
8.874 kr.-

Útskurðarverkfæri SCH6TLG
8.489 kr.-

Beta vinnuskór 7214FN
9.500 kr.-

Fleiri jólagjafahugmyndir má finna á heimasíðu Iðnvéla: www.idnvelar.is

IÐNVÉLAR

Iðnvélar ehf | Smiðjuvegi 44-46 | 200 Kópavogur | s: 414-2700 | sala@idnvelar.is | www.idnvelar.is

Verðin gilda til 31. desember 2018 á meðan að birgðir endast.
Öll verð eru í íslenskum krónum með vsk. og birtast með fyrirvara um innsláttar- og prentvillur.

IÐNAÐARHURÐIR BÍLSKÚRSHURÐIR

- Íslensk framleiðsla, smíði og samsetning.
- Allar hurðir smíðaðar samkvæmt máli.
- Áratuga reynsla starfsmanna í hurðum.
- Hágæða hráefni.
- Þolir íslenskt veðurfar.
- Sér meðhöndlaðar brautir gegn ryði og álagi.
- Stuttur afgreiðslutími.

IS HURÐIR

IS Hurðir I Sími 564 0013 I www.ishurdir.is I ishurdir@ishurdir.is

Af niðurstöðum lambadóma 2018:

Lambhrútahópurinn sá jafnbesti

Eyþór Einarsson
ábyrgðarmaður í sauðfjárrækt
ee@rml.is

Enn eitt vænleikaárið er að baki. Meðalfallþungi á landsvísu var sá næst mesti sem verið hefur hjá afurðastöðvunum og mikið kom fram af fádæma glæsigripum í lambaskoðunum haustsins. Hér verður farið nokkrum orðum um helstu niðurstöður eftir skoðun lamba í haust.

Umfang skoðunar var nokkuð svipað og sl. haust en hrútlömb þó færri. Samkvæmt Fjárvís.is (2.des 2018) voru skráðir dómar á hrútlömbum í haust 11.321 og fjöldi skoðaðra gimbra 46.839. Lömb þessi eiga uppruna á 774 búum sem er á svipuðu róli og í fyrra. Gimbrunum fjölgar heldur milli ára en hrútlömbum fækkar um u.þ.b. þúsund gripi. Ástæða fækkunar á þeim getur verið sökum samdráttar sem var í sæðingum sl. haust en ávallt hefur verið lögð áhersla á það að skoða sem mest af afkvæmum stöðvahrútanna.

Lambhrútahópurinn sem metinn var í haust er sá jafnbesti sem til skoðunar hefur komið. Meðaltöl fyrir lífþunga, bakvöðvaþykkt og heildarstig eru hærri en áður. Meðalþungi hrútanna var 48,2 kg sem er hálfu kílói hærri en sl. haust. Sé miðað við metárið 2016, þegar fallþungi dilka var 16,7 kg, þá eru hrútarnir nú 0,1 kg þyngri, fótleggur mælist sá sami eða 108,8 mm, bakvöðvaþykktin er 0,2 mm meiri nú en fitan 0,1 mm minni. Meðalhrúturinn stigast í haust upp á 84,5 stig en heildarstigin hafa sífellt verið að potast upp og aukast um 0,2 stig frá síðasta hausti. Gögn frá sláturhúsunum sýna að fallþunginn var sá næst mesti sem verið hefur eða 16,6 kg, gerðin jókst aftur um 0,01 stig milli ára og endaði í 8,99 og fitan jókst lítillega en meðaleinkunn sláturlamba var 6,38. Þessar tölur eru því jákvæð vísbending um framfarir í stofninum þó vissulega hafi árferðið mikil áhrif á þetta allt saman.

Bakvöðvinn þykkastur í Vestur-Húnavatnssýslu

Hvergi voru skoðaðir fleiri lambhrútar en í Strandasýslu en þar voru stigaðir 1.256 hrútar. Miðað við fjárfjölda á svæðinu er þetta jafnframt hæsta hlutfall skoðaðra lamba eða um 4% af fæddum lömbum. Fæstir hrútar voru hins vegar stigaðir í Gullbringu- og Kjósarsýslu aðeins 33 gripir. Ef skoðuð eru meðaltöl hrútlamba eftir sýslum þá áttu Vestur-Húnvetningar öflugasta hrútahópinn í ár en þar var bakvöðvinn þykkastur eða 32,8 mm að jafnaði. Voru þessir hrútar jafnframt hæst stigaðir en meðal hrúturinn var með 85,6 stig.

Mávur atkvæðamestur

Ríflega þúsund lambhrútar hlutu 87 stig eða hærra í haust. Ef skoðað er hvaða hrútar eru þar atkvæðamestir sem feður toppanna þá eru 6 sæðingastöðvahrútar sem eiga fleiri en 15 syni í hópnum. Mávur 15-990 frá Mávahlíð á þar flesta eða 47. Hann er jafnframt með hæst meðaltal fyrir heildarstig af stöðvarhrútunum. Þá kemur Bjartur 15-967 frá Ytri-Skógum með 45 syni. Báðir þessir hrútar njóta þess að vera bæði öflugir lambafeður og gefa hreinhvíta ull. Tvistur 14-988 frá Hríshóli er þriðji með á 37 syni. Næstir þar á eftir koma Kollur 15-983 frá Árbæ (33), Lási 13-985 frá Leifsstöðum (27) og Frosti 14-987 frá Ketilseyri (17).

Hæst stiguðu lambhrútarnir

Sá hrútur sem hæst var metinn í haust var lamb nr. 169 frá Landamótsseli í Suður-Þingeyjarsýslu með 92,5 stig. Þessi þroskamikli og vel gerði hrútur rekur ættir sínar í Gaur 09-879 frá Bergsstöðum og Snæ 07-867 frá Ingjaldsstöðum í þriðja lið.

Næst hæsti hrúturinn er svargolsóttur, lamb nr. 410 frá Syðri-Urriðaá í Miðfirði með 91 stig. Faðir hans, Galsi 17-018 er kominn út af Grábotna 06-833 í beinan karllegg í 4. lið en móðir hans er dóttir Runna 11-014 frá Syðri-Urriðaá.

Þriðji efsti hrútur landsins er einnig með 91 stig en hann er frá Grænahvammi á Vatnsnesi. Þetta er hvítur kollóttur hrútur sem hlotið hefur nafnið Herkúles (lamb nr. 288). Herkúles er undan Lampa 12-980 frá Melum og aðkeyptri á sem fædd er á Bassastöðum í Steingrímsfirði.

Nánar má skoða dóma þessara hrúta í töflu 1 þar sem listaðir eru upp þeir gripir sem efstir stóðu í hverri sýslu.

Gert er upp á milli hrúta sem standa jafnir með því að taka tillit til samanlagðra stiga fyrir frampart, bak og afturpart, síðan er horft á bakvöðvaþykktina, þá fituþykkt á baki og ef einhverjir standa enn jafnir ræður lögun bakvöðvans.

Gefum ekkert eftir í gæðum

Stundum heyrast þær raddir að áhersla á þykkt bakvöðvans séu of miklar í ræktunarstarfinu þar sem bóndinn njóti þess ekki í öllum tilfellum í kjötmatinu og jafnvel að aukin holdfylling yfir höfuð skili bændum of litlu, þunginn sé það sem öllu máli skiptir.

Vissulega væri réttlátara ef beinn ávinningur bóndans væri enn meiri af því að bæta vöruna og gera hana hagkvæmari til vinnslu. Hafa ber í huga að þær gríðarlegu framfarir sem náðst hafa í því að bæta bakvöðvann hafa þó skilað því að hryggurinn er lang eftirsóttasti og verðmætasti skrokkhlutinn í dag. Það er mikið metnaðarmál fyrir framleiðendur lambakjöts að gera lambið sífellt samkeppnishæfara á kjötmarkaði. Því skiptir miklu máli fyrir heildarhagsmuni sauðfjárbænda að framleiða gæðavöru þar sem áhersla er lögð á kjötgæði í víðum skilningi.

Verkefnin framundan, varðandi kjötgæðin, eru að halda áfram að jafna og bæta framleiðsluna, halda fitunni hæfilegri og standa vörð um bragðgæðin. Þar leggja bændur sitt af mörkum með því að framleiða úrvalsgripi. Meðferð lamba fyrir og eftir slátrun getur einnig haft mikil áhrif á gæði vörunnar og þar þurfa allir að standa saman um að stuðla að því, að neytandi sé áfram ánægður og stoltur af því að eiga kost á að fá heimsins besta lambakjöt (að mínu mati) á diskinn sinn.

Almenn og mikil þátttaka í skoðunum á lömbum og sæðingum hafa verið lykil þættir í því að keyra framfarir áfram í stofninum. Haustið 2017 stóðu sauðfjárbændur frami fyrir því að greinin var lent í öldudal. Afurðaverð hrundi og hafði það strax þónokkur áhrif á þátttöku í ræktunarstarfinu þar sem samdráttur varð í sauðfjárskoðunum og sæðingum.

Nefna má, að hugmyndir eru til skoðunar um að spyrða saman gjaldtöku fyrir lambadóma við þátttöku í sæðingum þannig að þeir sem eru duglegir að sæða njóti betri kjara gagnvart dómum á lömbum.

Hvet ég bændur eindregið til að vera duglegir að nýta sér kosti stöðvahrútanna og fara varlega í að beita sparnaðarhnífnum gegn kynbótunum heldur fjárfesta í arðmeiri fjárstofni.

Góðar stundir og gleðileg jól.

	Uppruni	Lambsnr.	Faðir	Þungi (kg)	Ómvöðvi	Ómfita	Lögun	Fótleggur	Haus	Háls+herðar	Bringa+útlögur	Bak	Malir	Læri	Ull	Fætur	Samræmi	Stig alls
Gullbringu- og Kjósarsýsla																		
1	Kiðafell	18	13-941 Serkur	67	32	5,1	4,0	113	8,0	9,0	8,5	9,0	9,0	18,5	8,5	8,0	9,0	**87,5**
2	Kiðafell	14	14-972 Fannar	64	31	5,4	4,0	113	7,5	9,0	8,5	9,0	9,0	18,0	9,0	8,0	9,0	**87,0**
3	Miðdalur	361	14-988 Tvistur	56	34	5,1	4,5	110	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	18,0	7,5	8,0	8,5	**86,5**
4	Morastaðir	885	17-033 Ölur	48	30	2,2	4,5	106	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	18,5	8,0	8,0	8,0	**86,5**
5	Kiðafell	328	17-002 Önugur	53	31	4,4	4,5	108	8,0	8,5	9,0	9,0	9,0	18,0	8,5	8,0	8,5	**86,5**
Borgarfjarðarsýsla																		
1	Oddsstaðir 1	11	14-988 Tvistur	55	38	3,2	5,0	110	8,0	9,5	9,5	10,0	9,0	19,0	8,0	8,0	9,0	**90,0**
2	Kjalvararstaðir	46	14-001	63	37	4,7	4,5	109	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	19,5	8,0	8,0	9,0	**89,5**
3	Oddsstaðir 1	6	15-967 Bjartur	51	36	3,4	4,5	108	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,5**
4	Hægindi	78	15-983 Kollur	59	31	3,1	4,5	108	8,0	9,0	9,0	9,0	9,5	18,5	9,0	8,0	9,0	**89,0**
5	Múlakot	144	14-056 Óson	53	39	2,6	5,0	110	8,0	9,0	9,0	10,0	9,0	19,0	8,0	8,0	8,5	**88,5**
Mýrasýsla																		
1	Sámsstaðir	11	15-967 Bjartur	48	34	1,8	5,0	105	8,0	9,0	9,5	9,5	9,0	19,0	8,5	8,0	8,5	**89,0**
2	Rauðanes 3	134	16-444 Gils	54	32	3,5	5,0	110	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	18,5	8,0	8,0	9,0	**88,5**
3	Rauðanes 3	132	13-941 Serkur	44	34	2,6	4,5	109	8,0	8,5	9,0	9,5	9,5	18,0	9,0	8,0	9,0	**88,5**
4	Leirulækur	92	16-006 Birtingur	54	31	2,9	4,5	105	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	18,5	9,0	8,0	8,5	**88,0**
5	Bjarnastaðir	177	16-324 Steinn	52	31	3,8	4,5	110	8,0	9,0	9,0	9,0	9,5	18,5	8,0	8,0	8,5	**87,5**
Snæfells- og Hnappadalssýsla																		
1	Neðri-Hóll	431	14-988 Tvistur	55	35	2,6	5,0	103	8,0	9,0	9,5	9,5	10,0	20,0	8,0	8,0	8,5	**90,5**
2	Hoftún	141	16-252	53	35	4,9	5,0	101	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	19,5	8,0	8,0	9,0	**89,5**
3	Hjarðarfell	431	13-944 Magni	61	35	3,5	4,5	111	8,0	9,5	9,0	9,5	9,0	18,5	9,0	8,0	9,0	**89,5**
4	Hjarðarfell	304	17-694 Vöðvi	58	32	4,2	4,5	103	8,0	9,5	9,5	9,0	9,5	18,0	9,0	8,0	9,0	**89,5**
5	Hraunháls	25	15-983 Kollur	46	35	3,2	5,0	108	8,0	9,0	9,5	9,5	9,0	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,0**
Dalasýsla																		
1	Skörð	20	15-967 Bjartur	53	37	2,7	5,0	107	8,0	9,5	9,5	9,5	9,5	18,5	8,5	8,0	8,5	**89,5**
2	Geirmundarstaðir	251	17-520 Flygill	56	37	3,2	5,0	110	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	18,5	8,0	8,0	9,0	**89,0**
3	Skörð	155	17-054	48	36	2,3	5,0	106	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	8,5	**88,5**
4	Rauðbarðaholt	91	16-523 Reykur	52	36	3,2	4,5	108	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	19,0	7,5	8,0	9,0	**88,5**
5	Rauðbarðaholt	63	15-512 Gnúpur	54	32	2,3	4,5	112	8,0	9,0	9,5	9,0	9,5	19,0	8,0	8,0	8,5	**88,5**
Barðarstrandarsýslur																		
1	Árbær	25	16-048 Stubbur	64	35	4,5	4,5	107	8,0	8,5	9,0	9,5	9,0	18,5	9,0	8,0	9,0	**88,5**
2	Kambur	105	16-275 Goði	54	30	4,5	4,0	111	8,0	9,0	9,0	8,5	9,5	18,5	9,0	8,0	9,0	**88,5**
3	Árbær	31	16-045 Nero	56	35	5,8	4,5	108	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	18,5	8,5	8,0	8,5	**88,0**
4	Brjánslækur 1	707	17-201 Asi	50	36	4,8	4,0	110	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	18,0	9,0	8,0	8,5	**88,0**
5	Árbær	65	16-048 Stubbur	53	35	3,6	4,5	108	8,0	8,5	9,0	9,5	9,0	18,5	9,0	8,0	8,5	**88,0**
Ísafjarðarsýslur																		
1	Hólar	85	16-118 Kappi	52	37	3,5	4,5	108	8,0	8,5	8,5	9,5	9,0	19,0	8,0	8,0	8,5	**87,0**
2	Kirkjuból	860	15-138	64	36	6,4	4,5	109	8,0	8,5	9,0	9,5	9,0	18,0	8,5	8,0	8,5	**87,0**
3	Minni-Hlíð	265	13-219 Magni Mjölnissoı	48	30	4,1	4,5	106	8,0	8,5	8,5	9,0	9,0	18,5	9,0	8,0	8,5	**87,0**
4	Botn 2	11	14-222 Reginn	45	37	5,6	4,5	109	8,0	8,5	8,5	9,5	8,5	18,0	9,0	8,0	9,0	**87,0**
5	Botn 2	43	16-222 Rúni Júl	45	35	3,8	4,5	109	8,0	8,5	8,5	9,5	9,0	18,0	8,5	8,0	8,5	**86,5**
Strandasýsla																		
1	Broddanes 1	156	17-089 Smári	53	41	5,2	5,0	104	8,0	9,5	9,5	9,5	9,5	19,5	8,0	8,0	8,5	**90,0**
2	Laxárdalur 3	121	15-991 Njörður	52	38	3,6	5,0	108	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	19,0	7,5	8,0	9,0	**89,5**
3	Melar 1	94	14-082 Jesper	47	33	3,1	4,5	105	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,5**
4	Melar 1	313	17-246 Pjakkur	50	33	3,3	4,5	110	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	19,0	9,0	8,0	8,5	**89,5**
5	Laxárdalur 3	127	13-971 Ebiti	48	41	2,9	5,0	110	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	18,5	7,5	8,0	9,0	**89,0**
Vestur-Húnavatnssýsla																		
1	Syðri-Urriðaá	410	17-018 Galsi	64	41	4,2	5,0	109	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	19,0	8,0	8,0	9,5	**91,0**
2	Grænihvammur	1087	12-980 Lampi	60	35	4,9	4,5	106	8,0	9,0	9,5	9,0	9,5	19,5	9,0	8,0	9,5	**91,0**
3	Bergsstaðir	66	14-144 Unaðsbolti	54	42	2,5	5,0	108	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	19,5	8,0	8,0	9,0	**90,5**
4	Syðri-Urriðaá	375	17-011 Dracula	52	40	3,9	5,0	110	8,0	9,0	9,5	10,0	10,0	19,0	8,0	8,0	9,0	**90,5**
5	Reykir	385	15-983 Kollur	58	38	2,7	5,0	109	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	19,0	8,5	7,5	9,0	**90,5**
Austur-Húnavatnssýsla																		
1	Stekkjardalur	77	17-657	60	40	3,7	5,0	114	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	18,5	8,5	8,0	9,0	**90,5**
2	Hólabær	311	16-995 Fáfnir	50	36	3,9	4,5	107	8,0	9,5	9,0	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,5**
3	Kornsá	13	16-791 Spakur	57	37	3,5	5,0	111	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	18,5	8,0	8,0	9,0	**89,0**
4	Hjallaland	64	14-988 Tvistur	60	38	3,1	4,5	113	8,0	9,0	9,5	10,0	9,0	18,0	8,0	8,0	9,0	**88,5**
5	Stóra-Búrfell	95	15-967 Bjartur	55	37	4,1	5,0	109	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	18,5	8,5	8,0	8,5	**88,5**
Skagafjarðarsýsla																		
1	Halldórsstaðir	479	17-426 Jesper	51	33	2,8	4,5	106	8,0	9,0	9,0	9,0	9,5	19,0	8,5	8,0	9,0	**89,0**
2	Beingarður	533	15-983 Kollur	52	31	4,9	4,5	106	8,0	9,0	9,5	9,0	9,0	18,5	9,0	8,0	9,0	**89,0**
3	Keta	1	15-967 Bjartur	50	34	3,8	5,0	108	8,0	8,5	9,0	9,5	9,0	19,0	8,5	8,0	9,0	**88,5**
4	Stóra-Holt	26	17-043 Stampur	53	36	3,6	4,5	110	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	18,0	9,0	8,0	9,0	**88,5**
5	Minni-Akrar	8007	10-920 Kölski	58	35	5,2	4,5	110	8,0	9,0	9,5	9,0	9,5	19,0	7,5	7,5	9,0	**88,0**
Eyjafjarðarsýsla																		
1	Ytri-Villingadalur	46	15-983 Kollur	59	30	3,3	5,0	114	8,0	9,0	8,5	9,0	9,0	19,0	9,0	8,0	9,5	**89,0**
2	Vatnsendi	10	15-990 Mávur	58	34	2,2	5,0	112	7,0	9,0	9,0	9,5	9,5	18,5	9,0	8,0	9,0	**88,5**
3	Syðri-Bægisá	59	16-387 Broddi	55	34	2,3	5,0	110	8,0	9,0	8,5	9,5	9,0	18,5	9,0	8,0	9,0	**88,5**
4	Hríshóll	37	11-947 Kraftur	44	35	2,3	5,0	106	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	8,0	**88,0**
5	Hríshóll	13	14-002 Tumi	52	35	2,8	5,0	109	8,0	9,5	9,0	9,5	9,0	18,5	7,5	8,0	9,0	**88,0**
Suður-Þingeyjarsýsla																		
1	Landamótssel	51	17-166 Belgur	65	42	5,8	5,0	108	8,0	10,0	9,5	10,0	10,0	20,0	8,0	8,0	9,0	**92,5**
2	Landamótssel	19	17-167 Buffi	60	38	2,9	4,5	114	8,0	9,5	9,0	9,5	9,0	18,5	9,0	8,0	9,0	**89,5**
3	Stóru-Tjarnir	81	16-096 Kopar	50	36	2,5	4,5	111	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	18,5	7,5	8,0	9,0	**88,5**
4	Svartárkot	681	13-985 Lási	47	36	3,7	4,5	113	8,0	9,0	9,0	9,0	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**88,5**
5	Yzti-Hvammur	449	16-146 Muninn	51	35	2,1	4,5	108	8,0	9,0	9,0	9,0	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**88,5**
Norður-Þingeyjarsýsla																		
1	Bjarnastaðir	225	16-152 Bakki	56	40	3,8	5,0	106	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	19,0	8,0	8,0	8,5	**89,5**
2	Hagaland	242	16-154 Líni	47	35	3,2	5,0	109	8,0	9,5	9,5	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	8,5	**89,5**
3	Sveinungsvík 1	95	17-202 Balti	48	35	2,4	5,0	109	8,0	9,5	9,0	9,5	9,5	18,5	8,0	8,0	9,0	**89,0**
4	Garður	76	16-258 Elvis	54	37	3,0	5,0	108	8,0	9,0	9,0	10,0	9,5	18,5	8,0	8,0	8,5	**88,5**
5	Hafrafellstunga 1	5092	17-102 Vafi	41	34	2,7	5,0	104	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	18,5	8,5	8,0	8,0	**88,5**
Norður-Múlasýsla																		
1	Melar	599C	17-120 Elgur	56	35	4,6	5,0	105	8,0	9,0	9,5	9,0	9,0	18,0	9,0	8,0	9,0	**88,5**
2	Melar	660A	16-116 Saumur	48	33	2,1	5,0	102	8,0	9,0	9,5	9,0	9,0	18,0	9,0	8,0	9,0	**88,5**
3	Hákonarstaðir 3	564B	13-985 Lási	45	31	3,7	4,5	108	8,0	9,0	9,0	9,0	9,5	18,0	9,0	8,0	9,0	**88,5**
4	Burstafell I	5442	14-988 Tvistur	53	34	3,0	4,5	105	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	18,0	8,0	8,0	8,5	**88,0**
5	Burstafell I	4601	15-789 Pinni	45	34	4,3	5,0	104	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	18,5	8,0	8,0	8,5	**88,0**
Suður-Múlasýsla																		
1	Víkingsstaðir	38	12-980 Lampi	48	36	4,4	5,0	104	8,0	9,5	9,0	9,5	9,0	18,5	9,0	8,0	9,0	**89,5**
2	Víkingsstaðir	12	15-990 Mávur	46	33	1,8	5,0	106	8,0	9,0	9,5	9,5	9,0	18,5	9,0	8,0	9,0	**89,5**
3	Slétta	6	15-967 Bjartur	60	40	3,0	5,0	109	8,0	9,0	9,5	9,5	9,0	18,0	9,0	8,0	9,0	**89,0**
4	Hjartarstaðir 1	59	17-002 Ofur Máni	46	37	3,0	5,0	108	8,0	9,5	9,0	9,5	9,0	18,0	9,0	8,0	9,0	**89,0**
5	Gilsárteigur 2	210A	16-064 Kubbur	46	35	1,4	5,0	102	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	18,5	9,0	8,0	9,0	**89,0**
Austur-Skaftafellssýsla																		
1	Setberg 1	2761	15-992 Óðinn	50	36	3,3	4,5	110	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	19,0	8,5	8,0	8,5	**88,5**
2	Svínafell 2 og 4	260	16-995 Fáfnir	50	38	2,9	5,0	107	8,0	9,0	9,0	10,0	9,0	18,5	8,0	8,0	8,5	**88,0**
3	Svínafell 2 og 4	49	14-986 Bergson	56	39	5,5	4,5	107	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	18,5	8,0	8,0	8,5	**87,5**
4	Svínafell 3	1	16-501 Fróði	55	35	5,8	4,0	113	8,0	9,0	9,0	9,0	9,5	18,5	8,0	8,0	8,5	**87,5**
5	Litla-Hof	14	13-985 Lási	46	35	3,6	4,5	107	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	18,5	9,0	8,0	8,0	**87,5**
Vestur-Skaftafellssýsla																		
1	Borgarfell 1 og 3	1949	17-331 Safír	55	34	2,7	4,5	109	8,0	9,0	9,0	9,0	9,5	19,0	8,0	8,0	8,5	**88,0**
2	Fagridalur	31	16-568 Djákni	59	36	2,5	5,0	110	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	18,5	8,0	8,0	8,5	**87,5**
3	Úthlíð	124		60	36	4,9	4,5	115	8,0	9,0	9,0	9,0	9,5	18,5	8,0	8,0	8,5	**87,5**
4	Borgarfell 1 og 3	1904	13-951 Burkni	54	35	5,1	4,5	108	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	19,0	8,0	8,0	8,5	**87,5**
5	Prestsbakki	28	12-970 Brúsi	55	31	5,8	4,0	110	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	18,5	8,5	8,0	8,5	**87,5**
Rangárvallasýsla																		
1	Djúpidalur	53	17-164 Laxi	57	37	3,1	5,0	109	8,0	9,0	9,0	10,0	9,5	19,0	8,5	8,0	8,5	**89,5**
2	Árbær	12	16-016 Álfur	55	32	6,5	4,5	107	8,0	9,0	9,0	9,0	9,5	19,0	8,5	8,0	9,0	**89,0**
3	Skíðbakki 3	39	16-210 Botni	55	40	4,3	5,0	111	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	19,0	8,0	8,0	8,5	**88,0**
4	Skíðbakki 3	14	16-210 Botni	54	40	4,5	5,0	108	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	19,0	8,0	8,0	8,5	**88,0**
5	Álfhólar	61	17-193 Goði	52	36	3,3	5,0	111	8,0	9,5	9,0	9,5	9,0	18,5	8,0	8,0	8,5	**88,0**
Árnessýsla																		
1	Gýgjarhólskot 1	164	15-990 Mávur	66	39	4,3	5,0	111	8,0	9,5	9,5	9,5	10,0	19,0	8,0	8,0	8,5	**90,0**
2	Brúnastaðir 1	38	15-992 Óðinn	59	37	3,3	5,0	107	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	18,5	9,0	8,0	8,5	**90,0**
3	Hrafnkelsstaðir 1	779	16-721 Hængur	62	36	5,8	4,5	107	8,0	9,5	9,5	9,0	9,5	19,5	8,0	8,0	8,5	**89,5**
4	Steinsholt 2	145	14-966 Vinur	55	44	5,0	5,0	109	8,0	9,0	9,0	10,0	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,5**
5	Bræðratunga	15	15-992 Óðinn	55	39	4,4	5,0	109	8,0	9,5	9,0	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,5**

Óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

BV

FÉLAG HROSSABÆNDA

Framleiðnisjóður landbúnaðarins

SAM SAMTÖK AFURÐASTÖÐVA Í MJÓLKURIÐNAÐI

LANDSSAMTÖK SKÓGAREIGENDA

FÉLAG EGGJAFRAMLEIÐENDA

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

Geitfjárræktarfélag Íslands

BÚNAÐARSAMBAND SUÐUR-ÞINGEYINGA

hey ICELAND

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

Landssamtök sauðfjárbænda

matís

SAMBAND GARÐYRKJUBÆNDA

LANDSSAMBAND KÚABÆNDA

FÉLAG SVÍNABÆNDA

Samband íslenskra loðdýrabænda

JÓLAÞRAUTIR FYRIR UNGA FÓLKIÐ

Hér eru lagðar þrjár þrautir fyrir unga fólkið.

Þótt þessar þrautir séu hugsaðar fyrir unga fólkið er vel hægt að gera úr þessu keppni milli yngri og eldri á heimilinu. Spennandi getur verið að sjá hvorum hópnum gengur betur.

Þó þeir eldri séu reynslumeiri og ættu þar með að hafa nokkurt forskot, þá er yngra fólkið oft frjórra í hugsun og fljótari að átta sig á hlutunum. Það er því alls ekkert sjálfgefið hvaða hópur hefur betur.

Lausnir á þessum gátum má finna á smáauglýsingasíðum aftast í blaðinu.

1

Í poka eru þrjú pör af sokkum,
eitt gult, eitt röndótt og eitt köflótt.

Ef við stingum hendinni ofan í pokann og tökum upp einn sokk í einu, hversu oft þurfum við að ná okkur í einn sokk til þess að vera örugglega komin með eitt par?

2

Í þessari eldspýtnaþraut,
er eldspýtunum raðað þannig að þær mynda þrjá jafn stóra ferhyrninga.

Getur þú fært til aðeins tvær eldspýtur svo úr verði klukkan 30 mínútur yfir fjögur?

Ekki má brjóta né beygja neina eldspýtu.



3

Getur þú fundið 9 fuglanöfn
í þessu stafarugli?

Athugaðu að þau geta verið skrifuð til vinstri, lóðrétt eða á ská.

Ú	Ú	T	É	X	R	Đ	I	Æ	S	Đ
D	Æ	H	T	H	K	R	Í	A	O	Ö
B	D	G	D	H	R	Y	Þ	U	J	Í
B	L	U	N	D	I	A	V	K	Æ	J
H	Á	T	I	Ó	M	R	F	N	Đ	R
Á	F	F	L	Æ	O	J	H	N	A	J
V	B	H	A	F	Ö	R	N	U	R	Ú
E	S	J	Ó	S	V	A	L	A	F	P
L	Á	Á	Á	X	Đ	Þ	Ö	G	U	A
L	Æ	R	T	Ö	O	H	M	M	G	O
A	R	I	T	A	A	I	I	Æ	L	L

Tinna Ottesen frá Skógræktarfélags Íslands segir að flest sé í boði af íslenskum jólatrjáategundum við Elliðavatn.

Sala jólatrjáa í jólaskógunum í fullum gangi

Sala á jólatrjám er mikilvæg tekjulind skógræktarfélaganna. Nú stendur sem hæst sú vertíð og gera félögin sitt besta til að búa til skemmtilega jólastemningu fyrir viðskiptavini sína. Í jólaskógum þeirra eru fjórar tegundir algengastar; stafafura, rauðgreni, blágreni, sitkagreni – auk þess sem unnið er að því að gera fjallaþin að markaðsvöru.

Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur starfrækt jólamarkað í gamla bænum við Elliðavatn, í núverandi formi, undanfarin sex ár og selt hoggin jólatré úr jólaskógum sínum utan dyra við gamla bæinn. Þar verður opið báða daga um næstu helgi og svo laugardaginn 22. desember, en lokað á Þorláksmessu.

Á kaffistofunni las Guðrún Eva Mínervudóttir úr bók sinni Ástin Texas.

Færri komast á sölubásana en vilja

Bændablaðið fangaði stemninguna við Elliðavatnsbæinn um síðustu helgi og tók Tinna Ottesen, starfsmaður Skógræktarfélags Reykjavíkur, á móti blaðamanni. „Við reynum að vera með allar íslenskar tegundir jólatrjáa og fáum meira að segja blágreni að austan og jafnvel slæðist fjallaþinur með. Það er talað um að það geti verið framtíð í honum því hann hefur marga eftirsóknarverða eiginleika. Megnið af því sem við erum með hér kemur úr Heiðmörk og salan á stafafuru er mest.

Við höfum verið að selja tré sem eru ekki dæmigerð í útliti eða formi og hefðbundin jólatré – og við köllum þau *einstök tré*. Núna bjóðum við líka upp á alveg sérstaka útlitstegund, en það eru löng og mjó tré sem henta þá vel í fjölbýli og á aðra staði þar sem lítið rými er.

Það er talsverð ásókn í að fá að selja á markaðnum en flestir þeirra sem eru að selja hér handverk og matvöru koma ár eftir ár. Við viljum að hér séu hágæða vörur og reynum að velja inn samkvæmt þeirri stefnu. Það er líka mjög gaman að segja frá því að fólk nær að selja nokkuð vel á básunum sínum," segir Tinna.

Þessi brosmildu andlit skoðuðu jólatrjáaúrvalið fyrir utan gamla bæinn.

Einkenni og umhirða jólatrjáa

Nánari upplýsingar um jólaskóga skógræktarfélaganna er að finna á vef Skógræktarfélags Íslands, skog.is, auk þess sem einkenni trjátegundanna eru útlitstuð þar og æskileg umhirða þeirra. */smh*

Kristín Helga Ármannsdóttir, bóndi á Ytra-Hólmi 1 í Innri-Akraneshreppi, var mætt á markaðinn í gamla bænum með sauðfjárafurðir sínar; meðal annars tvíreykt hangikjöt, grafinn ærvöðva, kofareykt sveitabjúgu og venjulegt sauðahangikjöt sem þarf að sjóða. Hún verður á markaðnum allar aðventuhelgar. Myndir / smh

Jólakrossgáta Bændablaðsins 2018

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

ÞÍÐUR
HUNDA-STAND
ÞÁTT-TAKANDI
FYRIRHÖFN
FYRIRTÆKI
ERFIÐI
KROTA
NOT
MÚLBINDA
MERKI
VINNUVÉL
LEIKNI
AND-SPÆNIS
SKELLUR
ÁRA
GLÆSIBÍLL
MILDI
VÍSA LEIÐ
FLUS
OFANÁLAG
GAS
SMYRSL
ÁTT
KIRNA
TVEIR EINS
HVÆS
RIST
VÆTA
FUGL
ÍÞRÓTT
STERTUR
MÆLI-EINING
BLUNDUR
VÍSA
BELLI-BRÖGÐ
SEFA
KVIKMYND
MUNAÐUR
UMRÓT
NUDDA
ÁLITS
FLÖKTA
SPYR
BYLTA
FISKUR
BANNHELGI
FULLTINGIS
YFIR-BRAGÐ
MÓÐINS
SKEINA
ÓGNA
RÁNDÝRA
SKRIFA
UPP-TALNING
Í RÖÐ
MJÖG
KÆTTIST
TILDUR
AUSTUR-ÁLFA
KALLORÐ
LÖNG
SVIK
LOKA
Í RÖÐ
KVK SPENDÝR
ÓREIÐA
MAULA
SAM-KVÆMI
ÞVÍLÍKT
EFNI
SÆLGÆTI
ÞOKKI
STÆKKA
ÓSKÝR
VAÐA
SNÆDDI
BLAÐUR
AÐ
BAR
VELTINGUR
FAÐMUR
HÖKTA
SKÝRA
TRÍTLA
SVELL
FLAN
MJAKA
DÁÐ
SEGLA-DÚKUR
HLJÓTA
HEIMILA
KIRTILL
ÓÐUR
UPP-HRÓPUN
TVEIR EINS
KATTARDÝR
OTA
STÆLA
RÓTA
SKÓLI
TIGNASTI
HÆTTA
MUNNI
ÓSOÐINN
SPIL
NÆRA
ÞURRKA ÚT
HLEYPA
SÖNGRÖDD
BEITTUR
KRYDDA
UPP-LJÓSRA
SKERGÁLA
TVEIR EINS
RÍKI Í SV-ASÍU
SÆTA
MAKA
DÖPUR
GORTAR
FRÁ
SVÖRÐ
LÆKKA
HINDRA
ATVIKAST
SVIFÐÝR
FLUG
ÍÞRÓTT
PLATA
RÁF
BRIGSLA
ÞÉTT
RÉNUN
SANNINDI
TVEIR EINS
BLUNDA
SEYTLAR
LÍK
ÍLÁT
STUNDA
LEYFI
LEIKUR
HVORT
ÁGÆTIS
TVÍRIT
SKRAMBI
FERÐ
EKKI
JAFNOKI
EINS
GJALDA
FRAM-KVÆMT
MISSIR
TINKRÚS
LÆRA
FRAMRÁS
PAR
ÚTHLUTA
RAUL
BEIN
Á NÝJAN LEIK
Í RÖÐ
SANN-FÆRINGAR
HANKI
LÓÐ
BETLARI
ÓSVIKINN
GELT
UPP-HRÓPUN
Í RÖÐ
DIMMT
TVEIR EINS
SEKT
RÓMVERSK TALA
SKYNFÆRA
SPAUG
PYTTLA
SLÉTTI
HAMINGJU
JAFN-FRAMT
SNÍKILL
NÁLÆGÐ
ÚTDEILDI
HANDSAMA
HLJÓMA
HÁTTUR
KK NAFN
SIÐA
LOFT-TEGUND
ÞÓTT
EYMD
KUSK
ÍSTRA
RÍSA
MÁLMUR
ÁVÖXTUR
ÁTT
BÓK-STAFUR
HÚSNÆÐIS
BLAÐA-BROT
GEIGUR
GRUFLA
GIMSTEINN
VOÐI
JAFN-FRAMT
SAMRÆÐA
GJÁLFRA
TEGUND
ÞRÁ
SÖNGLA
BLÓT
SKJÖN
FISKUR
BORÐA
SAMTÖK
STÚLKA
GYÐJA
LAG-FÆRING
SMURLING-UR
TVEIR EINS
MAÐK
KLAFI
NUGGA
BRESTA
KOMAST
AÐSTOÐ
JARÐBIK
GJALD-MIÐILL
FUGL
LEIÐ
KEPPNI
FERMA
FRÁNN
ILLFÆR
HALARÓFA
KÁL
AUMA
KVEÐJA
DETTA
VÖKU-MAÐUR
FNÆSA
FARFA
FRIÐUR
FISK
FORUGUR
ÞEI
SNÖGG SJÓÐA
HNOÐ
AF
ÞARMA
TVÍHLJÓÐI
ERGJA
TRUFLA
ALDRAÐA
HNÖTTUR
KJALTA
BÆN
TVEIR EINS
MÁNUÐUR
ÓLÆTI
RÆÐA
SKADDAST
BLÁSTUR
MERKI
MÁLHELTI
LJÁR
SKJÓTUR
ARINN
BROTT
MATJURT
VERKUR
FLÝTIR
ÁTT
DÆLING
ÁI
KVERK
FELDUR
SKYLDIR
SPENDÝR
Í RÖÐ
NAFNGIFT
SNÍÐA
GÍPA
TVEIR EINS
UTAN

VÉLABÁSINN

Jeep Trail:

Jeep Grand Cherokee Trailhawk á 33 tommum

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Á landbúnaðarsýningunni í Laugardal í haust var Ís-Band með nokkra eigulega bíla til sýnis. Þar á meðal var Jeep Grand Cherokee Trailhawk sem seldist strax eftir sýninguna áður en ég náði að prófa hann, en þeir í Ís-Band útbjuggu annan svipaðan og lánuðu mér til prufuaksturs eina helgi.

Það verður einfaldlega að viðurkennast að ég hef ekki keyrt svona skemmtilegan bíl á vondum vegum lengi og möguleikarnir sem þessi breyting býður upp á er vel heppnuð.

Loftpúðafjöðrunin virkar skemmtilega á möl og í slóðaakstri

Grunnverðið á Jeep Grand Cherokee Trailhawk er 12.690.000, en þessi bíll var 33 tommu breyttur og með auka króka að framan, með stigbretti ásamt fleiru og kostar þessi breyting um 830.000. Breytingin er hverrar krónu virði, bíllinn verður eigulegri, betri á malarvegum og á torfærum slóðum.

Malarvegurinn sem ég prófaði bílinn á var frekar ósléttur og var hreint unaður að keyra bílinn á ósléttum veginum. Loftpúðafjöðrunin hreinlega virtist „gleypa“ allar ójöfnur og maður virtist hreinlega svífa í þriggja feta hæð. Út frá malarveginum var enn verri slóði með töluverðum hrygg í miðjunni sem var ekki vandamál þar sem hægt er að hækka bílinn upp um nokkra sentímetra með loftpúðunum (ekki ósvipað og margir vörubílar sem hægt er að hækka á loftpúðunum). Snilldar útbúnaður og frábær fjöðrun fyrir torfæra vegi og vegslóða.

Öryggi og þægindi sama hvar litið er

Að keyra Jeep Grand Cherokee Trailhawk er hreinn unaður, sætin er hægt að stilla á marga vegu, sætishitari og kæling eru í framsætunum og í aftursætum er sætishitari og sérstök miðstöð fyrir aftursætisfarþega sem þeir geta stjórnað.

33 tommu breyttur Jeep Grand Cherokee Trailhawk.

Myndir / HLJ

Konan ánægð með plássið, stillti upp prjónauppskriftinni og prjónaði.

Sætishitarar og miðstöð ásamt USB tengum í aftursætum.

Hiti í stýri, 7 tommu upplýsingaskjár í mælaborði, brekkuhaldari, hátt og lágt drif (læst mismunadrif að aftan), hlífðarpönnur undir vél kössum og eldsneytistank, Bi-Xenon framljós, sem þarf reyndar að muna að kveikja á til að fá afturljósin á til að vera löglegur í íslenskri umferð. Upphitaðir hliðarspeglar, USB og AUX tengi (bæði fram í og aftur í), fjarlægðaskynjarar að framan og aftan, sjálfvirkur radarvari, blindhornsvörn í hliðarspeglum ásamt fleiru sem gerir bílinn í alla staði eigulegan.

Stjórnborð fyrir topplúguna og afturhlerann eru á milli lesljósanna í lofti.

Með svona kraftmikla vél á ekki að horfa í eyðslu

Margir hugsa um eyðslu þegar verið er að versla ökutæki, en með þessa 3000 cc. dísilvél sem skilar 250 hestöflum finnst mér eyðslan vera aukaatriði.

Fyrstu 20 km ók ég innanbæjar og var ég ekkert að hlífa bílnum og enn síður að keyra sparakstur og var mín eyðsla samkvæmt aksturstölvunni nálægt 16-17 l á hundraðið. Næst var það jafn akstur í um 50 km á um 90 km hraða og var þá eyðslan ekki nema rúmir 9 lítrar á hundraðið. Ekki mikið miðað við aksturslag á bíl sem er á 33” dekkjum.

Uppgefin meðaleyðsla á óbreyttum bíl er 7 lítrar á hundraðið í blönduðum akstri. Dráttargeta er uppgefin frá 2800 upp í 3300 kg. Það fer eftir gerðum, en Jeep Grand Cherokee bílarnir eru fimm og með mismunandi drifbúnaði.

Hæð undir lægsta punkt er minnst 22 cm, en svo er hægt að hækka bílinn á loftpúðunum um nálægt 10 cm.

Prufuaksturinn um 150 km

Alls ók ég bílnum nálægt 150 km og sama hvað var prófað þá var alltaf gott að keyra bílinn, sætin þægileg og fótapláss gott. Á malarveginum heyrðist nánast ekkert malarhljóð undir bílnum og hann var þýður og mjúkur á holóttum malarveginum.

Á bundnu slitlagi fann maður ekki að þessi bíll væri 33” breyttur og þurfti ég að passa mig á að fara ekki of hratt þar sem að bíllinn virtist vera á minni ferð en raun var og margoft stóð ég mig að því að aka á „hárri“ þriggja stafa tölu þegar ég hélt mig vera á löglegum hraða.

5 mismunandi stillingar fyrir skiptinguna, hátt og lágt drif og stjórntakkar fyrir loftpúðafjöðrunina.

Fullbúið varadekk fyrir óbreyttan bíl.

Einhver eigulegasti jeppi sem ég hef prófað lengi

Það verður að viðurkennast að þessi bíll er einhver sá skemmtilegasti jeppi sem ég hef prófað lengi og mjög fátt sem ég náði að finna að honum annað en að maður þarf alltaf að muna að kveikja ljósin til að fá afturljósin á bílinn svo að maður verði löglegur í umferð. Satt best að segja langar mig í einn svona. Eins og áður segir er hægt að fá fimm mismunandi Jeep Grand Cherokee á verði frá 10.660.000 upp í 15.770.000, en bíllinn sem prófaður var kostar með breytingunni nálægt 13.500.000, en nánari upplýsingar má nálgast hjá sölumönnum Ís-band.

Hátt undir bílinn án þess að hann sé hækkaður á loftpúðunum.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Það er að mörgu að hyggja við undirbúning jóla

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Fyrir flestum eru jólin stærsta hátíð ársins, en því miður er of algengt að heyra í fréttum af bruna í aðdraganda jóla og um jól. Þess vegna ættu allir að huga að hlutum sem of oft vilja gleymast í nútíma hraðaþjóðfélagi.

Slökkvitækin yfirfarin

Á öllum slökkvitækjum eru dagsetningar um hvenær á að yfirfara þau og hvenær þau voru yfirfarin síðast. Þó er ein ráðlegging frá mér, að vissulega kostar að yfirfara hvert slökkvitæki, en miðað við þau slökkvitæki sem eru ansi víða til sölu þá er hugsanlegt að það borgi sig hreinlega að kaupa nýtt tæki í stað þess að yfirfara gamla slökkvitækið.

Svo er það annað að ný eða nýleg slökkvitæki geta bilað eða staðið á sér þegar á að fara að nota þau. Annað sem þarf að athuga sem oft vill gleymast er hvort auðvelt er að nálgast slökkvitækið og að festing sé ekki föst eða að öryggispinninn sé auðlosanlegur.

Reykskynjarar hafa bjargað mörgum

Í flestum húsum eru reykskynjarar, einn eða fleiri, og hafa þeir bjargað mörgum heimilunum og mannslífum. Reykskynjarar eru gagnslausir ef þeir eru bilaðir eða rafhlaðan tóm.

Árlega á að skipta um rafhlöðu í reykskynjurum og margir hafa þann sið á að það sé gert á Þorláksmessudag. Dagurinn skiptir ekki máli svo lengi sem það sé öruggt að skipt sé um rafhlöðuna og þegar ný rafhlaða er komin í er best að prófa, ýmist með því að ýta á prufutakkann eða að sannprófa reykskynjarann með reyk.

Sjúkrakassinn eða skyndihjálparpakkinn

Á flestum heimilum eru til sjúkrakassar, en þá þarf að yfirfara rétt eins og slökkvitækin og reykskynjarana. Stóra sjúkrakassann sem margir eiga er best að fara með á þann stað sem hann var keyptur og láta uppfæra (í mínu tilfelli hjá björgunarsveitinni), hins vegar getur verið ódýrara að kaupa nýjan, rétt eins og slökkvitækið.

Litlu sjúkrapakkarnir (þessir sem oft eru í verkfæratöskunni eða bakpokanum) eru almennt svo ódýrir að best er að kaupa nýja, en ef þeir eru ónotaðir er það besta mál og óþarfi að gera neitt annað en að skoða í þá og gá hvort allt sé í lagi.

Á leiðinni í ársskoðun hjá Securitas.

Það sem komið hefur fyrir mig getur komið fyrir hjá þér

Í sumar sem leið var ég staddur á bensínstöð þegar þangað kom maður hlaupandi og sagði vörubíl vera að brenna 50 metra frá bensínstöðinni. Ég stökk að slökkvitæki við eina bensíndæluna og hugðist vera fljótur að bjarga því sem hægt væri að bjarga. Báðir öryggispinnarnir í lokunum á skáp tækisins voru svo ryðgaðir að það þurfti mikil átök að ná þeim út og eftir smá átök við að opna skápinn náðist tækið út.

Á hlaupunum að brunanum var svo öryggispinninn tekin úr, en hann var líka ryðgaður fastur og á þessu fimmtíu metra hlaupi rétt náðist að jugga pinnanum úr.

Sem betur fer dugði eitt tæki til að slökkva eldinn og forða frekara tjóni, þó að eldurinn hafi verið mikill var tjón það lítið að bíllinn náði að keyra burtu undir eigin vélarafli eftir kælingu.

Í hinu tilfellinu skar samstarfsmaður minn sig frekar illa og þurfti plástur, þegar farið var í sjúkrakassann var þar enginn plástur, fyrr á árinu hafði annar samstarfsmaður þurft plástur og afgangurinn ekki settur á sinn stað svo að það þurfti að fara með manninn blæðandi á næsta sjúkrakassa til að plástra. Fyrir vikið varð þetta til þess að skoðaðir voru allir staðir á vinnustaðnum þar sem á að vera plástur sem reyndust í lagi og tilviljun að eini plásturslausi sjúkrakassinn var sá sem fyrst var farið í.

Sviðinn vörubíllinn keyrði burt eftir kælingu, en þarna kom slökkvitæki sér vel.

Næsta Bændablað kemur út 17. janúar

Bændablaðið

BRIGGS & STRATTON
Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta
Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI
MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi
Sími 544-4656 | www.mhg.is

SUEVIA
Drykkjarnippill
SU1800326
Verð kr. 4.884
Útsölustaðir:
Landstólpi - Egilsstöðum
Vélaval - Varmahlíð
LANDSTÓLPI
480 5600

CFMOTO - CFORCE 550
Á GAMLA GENGINU!
Verð 1.449.000,-
Án vsk. 1.168.548,-
Fjórgengis, eins cylindra, 495 cc, 38 hestöfl/6800rpm. Rafmagnstýri, bein innspýting, spil. Dráttarkrókur, hátt og lágt drif með læsingu.18 l. bensíntankur, vökvabremsur, 12" álfelgur. Þyngd: 375 kg. tveggja manna, traktorsskráð. Litir: Svartur eða appelsínugulur.
NITRO HESJA
Urðarhvarfi 4 / 203 Kópavogi / sími 557 4848 / www.nitro.is Glerárgötu 36 / 600 Akureyri / Sími 415-6415 / hesja.is

SnowEx
Við erum stoltir umboðsaðilar SnowEx á Íslandi.
Sand- og saltdreifarar, stórir sem smáir.
Fyrir lyftara, bíla, traktora og ýmis tæki.
Einnig snjótennur á pallbíla.
Vinnuvélar
Vinnuvélar– tækjamiðlun ehf • Kistumel 2 • 116 Reykjavík • Sími 480 0444 • vinnuvelar@vinnuvelar.is
www.vinnuvelar.is

Sandblásturskassar
Verð frá 54.470 kr
Háþrystidælur
Verð frá 86.775 kr
Sandblásturskútar
Verð frá 48.980 kr
SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND MEÐ FLYTJANDA
JÁKÓ
vélar og efnavörur sf.
Mikið úrval af sandblásturssandi
Auðbrekku 23, Kópavogi
s. 564 1819
www.jako.is

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

Egilsstaðakot



Egilsstaðakot hefur verið í eigu fjölskyldunnar síðan 1928. Á bænum eru 11 ára fjárhús/hesthús, 2 ára nautgripahús (kallað Steikhúsið), fjós byggt 1974, með endurbótum 2002 með mjaltabás 2x5, og hesthús endurbyggt 2012.

Þorsteinn Logi hefur verið með kindurnar síðan 2007 og tók ásamt Cathy við kúnum 1. júlí 2017. Sameiginlega er stunduð hrossarækt á bænum.

Býli: Egilsstaðakot.

Staðsett í sveit: Flóahreppi.

Ábúendur: Þorsteinn Logi Einarsson og Cathy Krentel, börn þeirra, Elín Dóra, 4 ára og Hermundur Karl, 4 mánaða, auk foreldra Þorsteins, Einars Hermundsssonar og Elínar Bjarnveigar Sveinsdóttur. Þau eru með hrossarækt auk þess sem þau eru yngri hjónunum innan handar og létta undir með önnur störf.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Ásamt okkur sex erum við með þrjá hunda og tvo fjósaketti.

Stærð jarðar? Jörðin er 260 ha og leiguland að auki.

Gerð bús? Blandað bú.

Fjöldi búfjár og tegundir? Um 220 nautgripir, þar af 52 mjólkurkýr, 350 kindur og samtals um 50–60 hross.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Morgunmjaltir eru græjaðar fyrir morgunkaffi sem er um klukkan 8.30. Gegningar kláraðar fyrir hádegi.

Eftir hádegi er tíminn notaður til aukastarfa, viðhalds eða útréttinga. Um klukkan 17 er síðan farið í kvöldgegningar og mjaltir og reynt að klára fyrir klukkan 20.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Erfitt að gera upp á milli. Skemmtun er að vissu leyti ákvörðun, flest verk eru skemmtileg þegar vel gengur. Leiðinlegast er þegar illa gengur eða þegar maður missir góðar skepnur.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Með svipuðu sniði.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Mætti batna, synd ef þátttaka fer minnkandi.

Ekki hægt að hafa tvær leiðir, annaðhvort þurfum við að fara þá leið að bændur séu í búgreinafélögum og þau síðan sameinast í bændasamtökunum eða að leggja niður búgreinafélögin og hverfa aftur til búnaðarfélaganna.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Vel ef við gætum vel að hreinleika og gæðum vara okkar og við að upplýsa neytendur um það góða sem við erum að gera í íslenskum landbúnaði.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Í lambakjöti, skyri og grænmeti.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Smjör, ostur, AB mjólk og SS skinka.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Ærfille og folaldakjöt.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Sennilega þegar við fengum til okkar í sauðburð skólakrakka frá Bandaríkjunum sem voru að læra sjálfbæra þróun. Þau vildu fá að upplifa eitthvað einstakt þannig að við hreiðruðum um þau í einni stíunni innan um ærnar, þar sem þau gistu um nóttina.

Vinnslusmiðjan Nordic Kitchen á Íslandi:

Vörur þróaðar úr ærkjöti, smjöri og kartöflum

Nokkrir matarfrumkvöðlar sameinuðust í vinnslusmiðjunni Nordic Kitchen á Íslandi nýverið til að þróa vörur sínar og fá leiðsögn frá reyndu fagfólki. Áhugaverðar matvörur eru í þróun og má nefna snakk úr berjalegnu ærkjöti og kartöflu-knish, vegan-ost og smjörvörur.

Á dögunum var hér í blaðinu sagt frá Facebook-hópnum Eldstæðinu, sem Eva Michelsen eigandi Michelsen Konfekt á Íslandi, stofnaði. Hún hugsar sér Eldstæðið sem samstarfsvettvang fyrir matarfrumkvöðla og spratt vinnusmiðjan Nordic Kitchen á Íslandi úr þeim jarðvegi.

Eva hafði kynnst rekstri vinnslueldhúsa í Washington í Bandaríkjunum og sótti í kjölfarið um styrk í Rising North sjóðinn til að setja upp smækkaða mynd hér á Íslandi, af því sem hún sá í Washington. Íslenska smiðjan var þannig hluti af vinnslumiðjuseríu sem haldin var í Helsinki og Stokkhólmi, auk Reykjavíkur.



Berjalegið ærkjöt frá Breiðdalsvík.

Skírt smjör. Myndir / Ása Steinars

Vörur á mismunandi þróunarstigi

Að sögn Evu fór fyrri dagur smiðjunnar fram í Húsi Sjávarklasans en sá seinni í nemaeldhúsi Menntaskólans í Kópavogi. Þátttakendur í smiðjunni voru 15 með 12 vörutegundir, en matarfrumkvöðlarnir eru á mismunandi stigum framleiðslu, sölu og markaðssetningu á sínum vörum; ýmist á algjöru frumstigi, þróunarstigi, á leið í verslanir eða komnar nú þegar í hillur verslana.

Um fjölþjóðlegan hóp af fólki var að ræða sem tók þátt, sem á það þó sameiginlegt að hafa hug á því að markaðssetja vörur sínar hér á Íslandi. Þátttakendur í vinnusmiðjunni fengu leiðsögn í framleiðslu, umgjörð og umbúðum, markaðssetningu og öðru sem lýtur að því að koma nýrri matartengdri hugmynd á markað.

Sigríður Sigurðardóttir og Pétur Pétursson (með svunturnar) framleiða Jöklu, fyrsta íslenska rjómalíkjörinn. Á milli þeirra er Björn Bragi Bragason, forseti Klúbbs matreiðslumeistara. Mynd / Ása Steinars

Eva Michelsen í Húsi sjávarklasans á dögunum, með krásir fyrir kaffitímann. Mynd / Joe Shutter

Í leit að húsnæði fyrir Eldstæðið

Eva segir að leitað sé að hentugu húsnæði fyrir Eldstæðið, hún finni að mikill áhugi sé meðal matarfrumkvöðlanna að hafa fasta sameiginlega góða aðstöðu. „Ef einhverjir geta bent mér á húsnæði eða eiga slíkt – sem ekki er of dýrt – mega þeir endilega hafa samband við mig.

Ég finn að það er mikill áhugi hjá fólki og margir hafa verið að missa húsnæði að undanförnu svo ég held að þörfin hafi jafnvel aukist.“ */smh*

Vörurnar sem unnið var með í vinnslumiðunni

- **Jökla, fyrsti íslenski rjómalíkjörinn**. Frumkvöðlar eru *Pétur Pétursson og Sigríður Sigurðardóttir.*
- **Handgerð lífræn rabarbarasulta** unnin eftir gamalli aðferð í ýmsum tilbrigðum. Fengin frá íslenskum bónda og til í takmörkuðu upplagi. *Frumkvöðull er Auður B. Ólafsdóttir.* Fáanlegt í Jólaþorpi Hafnarfjarðar, fyrstu og síðustu helgina í desember.
- Nýtt **Pestó sinnep** frá Sælkerasinnepi Svövu (www.sinnep.is). Frumkvöðullinn er *Svava Hrönn Guðmundsdóttir.*
- Nýtt deluxe pizza deig og pizzasósa. Pizza deig af nýjum staði en sést nú þegar í verslunum um land allt. Verkefnið er enn á frumstigi, en frumkvöðull er *Guðmundur Már Einarsson*.
- **Handgerður vegan ostur**, vara sem er í þróun þar sem nýttar eru cashewhnetur í framleiðsluna. Frumkvöðullinn er Erlendur Eiríksson, matreiðslumeistari og framkvæmdastjóri Skyrgerðarinnar í Hveragerði.
- **Artisan handunnið smjör**.
- **Ærberjasnakk**. Bóndinn *Guðný Harðardóttir* vinnur með sitt eigið lambakjöt frá Breiðdalsvík á Austfjörðum, tínir ber og jurtir úr eigin landi og notar sem marineringu/krydd. Stuðlað er að fullnýtingu afurða þar á bæ. Þetta verður ný vara á markaði og er hún í þróun.
- VÁRK vill auka úrvalið af góðum sveppum á Íslandi. Frumkvöðlar eru *Malthe Gaarden og Davið Erik Mollberg.* Þeir hafa þróað keramikpott sem selst með sveppagróum og eina sem þarf að bæta út í pottinn er notaður kaffikorgur og Íslendingar geta fengið **heimaræktaða ostrusveppi** á eldhúsborðinu hjá sér.
- **Sykurlausar orkustangir**. *Dröfn Svavarsdóttir* hefur verið að þróa sykurlausar orkustangir, þ.e.a.s. engin aukaefni, enginn sykur og engin sætuefni. Allt gert með náttúrulegum hráefnum.
- Nýting á aukaafurðum af **ilmkjarnaolíuframleiðslu**: *Elín Hrund Þorgeirsdóttir* vinnur með ilmkjarnaolíur undir heitinu Nordic Angan og af framleiðslunni myndast aukaafurð sem nefnist Hydrosol og er hún að leita leiða til að nýta þessa afurð í stað þess að henda.
- **Knish úr kartöflum**: götumatur sem gerður er úr kartöflum og hægt er að fylla með ýmsu. Frumkvöðull bakvið vöruna er *Michelle Goldberg* sem tekur áhrif með sér frá Bandaríkjunum. Þessi hugmynd er á frumstigi hér á landi.
- Bone & Marrow voru með **skírt smjör** (ghee/clarified butter). Fyrirtækið er þegar með tvær gerðir af **beinaseiði** á markaði. Frumkvöðull er *Björk Harðardóttir*.

Leiðbeinendur og fyrirlesarar:

- **Björn Bragi Bragason**, forseti Klúbbs matreiðslumeistara og meðlimur Íslenska kokkalandsliðsins.
- **Ragnheiður Axel Eyjólfsdóttir** annar stofnenda Lady Brewery.
- **Ingi Björn Sigurðsson**, verkefnastjóri og mataráhugamaður hjá Icelandic startups.
- **Eva Michelsen**, eigandi Michelsen Konfekt og stofnandi Nordic Kitchen Vinnusmiðjunnar.
- **Federico Ronca**, verkefnastjóri og ráðgjafi hjá Sweden Foodtech.
- **Óskar Þórðarson**, einn af stofnendum Omnom Súkkulaði.
- **Jóhanna A. Gunnarsdóttir**, Gæðastjóri framleiðslusviðs hjá Nóa Síríus.

HANNYRÐAHORNIÐ

Jólahúfa á káta krakka

Hér er flott jólahúfa á káta krakka.

Stærð: 2 (3/4) 5/8 (9/12) ára
Höfuðmál: ca 48/50 (50/52) 52/54 (54/56) cm
Lengd: 38 (41) 42 (45) cm

Garn: Drops Merino Extra Fine fæst í Handverkskúnst
100-100-100-100 g litur 11, rauður
50-50-50-50 g litur 01, natur
50-50-50-50 g litur 05, ljós grár

Prjónar: Sokkaprjónar nr 3,5, 40 cm hringprjónar nr 2,5 og 3,5.
Prjónfesta :22 lykkjur á breidd og 30 umferðir á hæð með sléttprjóni = 10 x 10 cm.

Mynstur: Sjá mynsturteikningu A.1 og A.3.

ÚRTAKA:
Fækkið um 1 lykkju hvoru megin við prjónamerki þannig: Prjónið þar til 3 lykkjur eru eftir á undan prjónamerki, takið 1 lykkju óprjónaða eins og prjóna eigi hana slétt, 1 lykkja slétt, steypið óprjónuðu lykkjunni yfir lykkjuna sem var prjónuð, prjónið 2 lykkjur slétt (prjónamerki situr á milli þessa lykkja), prjónið 2 lykkjur slétt saman.

HÚFA:
Húfan er prjónuð í hring. neðan frá og upp. Skiptið yfir á sokkaprjón eftir þörfum.

Fitjið upp 104 (112) 112 (120) lykkjur á hringprjón 2,5 með ljósgrár. Prjónið 1 umferð slétt. Prjónið síðan stroff (= 2 sl,2 br) 3 cm. Skiptið yfir á hringprjón 3,5. Prjónið 1 umferð slétt og fækkið um 8 lykkjur jafnt yfir umferðina = 96 (104) 104 (112) lykkjur. Prjónið A.1 hringinn (= 12-13-13-14 mynstureiningar með 8 lykkjum). Í umferð merktri með ör er aukið út um 0 (1) 1 (2) lykkjur jafnt yfir = 96 (105) 105 (114) lykkjur. Þegar A.1 hefur verið prjónað til loka er prjónað A.2 hringinn. Í umferð merktri með ör er fækkað um 0 (1) 1 (2) lykkjur jafnt yfir = 96 (104) 104 (112) lykkjur. Prjónið A.3 hringinn (= 12-13-13-14 mynstureiningar með 8 lykkjum). Prjónið áfram slétt prjón með rauðum lit þar til stykkið mælist 16 (17) 18 (19) cm. Setjið 1 prjónamerki í byrjun umferðar og 1 prjónamerki eftir 48 (52) 52 (56) lykkjur (prjónamerki merkja hliðar). Í næstu umferð er fækkað um 1 lykkju hvoru megin við hvert prjónamerki – sjá ÚRTAKA (= 4 lykkjur færri). Fækkið lykkjum svona í 3. hverri umferð alls 23 (25) 25 (27) sinnum = 4 lykkjur á prjóni í öllum stærðum. Klippið frá, dragið bandið í gegnum þær lykkjur sem eftir eru, herðið á bandi og festið vel. Húfan mælist ca 38 (41) 42 (45) cm ofan frá og niður.

Gangið frá endum, festið skúf eða dusk á enda húfunnar.

Prjónakveðja,
mæðgurnar í Handverkskúnst
www.garn.is



Mynstur
= slétt með ljós grár
= slétt með natur
= slétt með rauður
= útauknings-/úrtöku umferð

Létt

6	8	4				9	5	1
		1			5	8		
2				1	6			3
		6	1					7
	4		2		8		9	
5					3	4		
4			9	7				5
		2	6			3		
9	6	7				2	8	4

Miðlungs

	2	8						
6					3			9
	4	7		6				
			5				1	8
	6			7			4	
1	7				9			
				4		3	2	
5			8					4
						8	7	

Þung

8		9						
	4	5				7		
			1		2		8	
				3				6
	7		9		8		2	
3				6				
	8		6		5			
		2				9	4	
						5		3

Þyngst

			8		4			3
				9				
7	5					2		
		3						
	9			1			8	
						7		
		4					5	1
				3				
6			7		2			

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

Lömbin eru uppáhalds

Sigurður Gísli á tvö systkini, eldri systur og yngri bróður. Hann býr á Kirkjubæjarklaustri II og foreldrar hans eru sauðfjárbændur þar.

Honum finnst mjög skemmtilegt í fótbolta og hjálpar stundum heima við búskapinn og heimilisstörfin.

Nafn: Sigurður Gísli Sverrisson.

Aldur: 12 ára.

Stjörnumerki: Krabbi.

Búseta: Kirkjubæjarklaustur II.

Skóli: Kirkjubæjarskóli.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Náttúrufræði og samfélagsfræði.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Lömb.

Uppáhaldsmatur: Lambalæri.

Uppáhaldshljómsveit: Queen.

Uppáhaldskvikmynd: Þór ragnarök.

Fyrsta minning þín? Að vera með jólaköttinn frá leikskólanum Kærabæ.

Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Ég æfi fótbolta og blak.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Veit það ekki.

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Að fara í alla rússíbanana í Legolandi síðasta sumar.

Hvað ætlar þú að gera skemmtilegt um jólin? Opna pakka.

Næst » Sigurður Gísli skorar á Stellu Björk Harðardóttur, Efri-Ey I, að svara næst.

ORKUMÁL

Um áhrif orkupakka 3:

Lagaprófessorinn Peter Ørebech hrekur túlkanir atvinnuvegaráðuneytisins

Peter Ørebech, lagaprófessor frá Noregi, hefur tekist á við lögfræðinga atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um túlkun á lagaákvæðum er varða svokallaðan orkupakka 3. Prófessorinn var fenginn af áhugafólki um þetta mál til að fara yfir minnisblað Ólafs Jóhannesar Einarssonar, lögmanns hjá BBA lögmannsstofu, sem hann lagði fyrir iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti þann 12. apríl 2018.

Eins og sést í þessari yfirferð Ørebech, sem þýdd var af Bjarna Jónssyni og Haraldi Ólafssyni og Bændablaðið hefur undir höndum, þá ber á milli í lagatúlkunum í veigamiklum atriðum.



Peter Ørebech lögfræðiprófessor.

1. Ólafur Jóhannes Einarsson segir að þriðji orkupakkinn haggi í engu heimildum íslenskra stjórnvalda til að banna framsal á eignarrétti að orkuauðlindum, sem eru í opinberri eigu, eins og nú þegar er gert í íslenskum lögum.

Peter Ørebech er þessu sammála, en að gefnum ákveðnum forsendum. Hann segir:

„Sammála. Ísland getur viðhaldið ríkiseignarhaldi á orkulindum, ef það verður altækt – með fullri ríkiseign: þ.e.a.s. það verði samþykkt, að auðlindir í eigu ríkisins verði ekki einkavæddar. Þetta leiðir af EES-grein 125 í samhengi við dóm EFTA-dómstólsins í „Heimkvaðningarmálinu“ (Hjemfallssaken 2007 (JUDGEMENT OF THE EFTA COURT, 26. júní 2007, Case E-2/06)).

Rangt að orkupakkinn hafi ekki áhrif á ákvörðunarrétt Íslendinga um auðlindanýtingu

2. Ólafur segir að þriðji orkupakkinn haggi í engu rétti Íslands til að ákveða með hvaða skilyrðum orkuauðlindir landsins eru nýttar, og hvaða orkugjafar eru nýttir hér á landi. Ørebech svarar:

„Þetta er ekki rétt. Ef þriðji orkupakkinn verður samþykktur, verður orkuvinnsla og samkeyrsla, þ.e.a.s. orkuflutningur á milli landa, hluti af EES-samningnum. Orka er vara, sbr grein 24 og Viðauka IV. Samkvæmt grein 11 og 12 er í gildi bann við útflutningshindrunum. Ef Ísland setur upp „þröskulda“, sem takmarka framleiðslu, getur það brotið gegn „frjálsu vöruflæði“; sjá ESB drög að orkupakka 3; COM (2017) 110 „Final“ 2017/10046:

„These efforts cover all policies in the area of the free movement of goods, persons, services and capital, as well as flanking and horizontal policies specified in the EEA Agreement“ (p.2).“

Hér verður einnig að hafa í huga, að það er virknitúlkun, sem gildir í ESB og í EES: Útflutningshindranir með „samsvarandi virkni“ eru bannaðar.“

ACER mun ráða ferðinni samkvæmt 12. og 124. grein EES-samnings

3. Ólafur segir að samstarfsstofnun evrópskra orkueftirlitsaðila, ACER, myndi þrátt fyrir aðild Íslands að stofnuninni [án atkvæðisréttar-innsk. þýð.] ekki hafa neitt að segja um atriði á borð við fyrirkomulag leyfisveitinga og stjórnsýslu hér á landi, og upptaka þriðja orkupakkans hefði í för með sér óverulegar breytingar í því sambandi.

Ørebech segir það heldur ekki rétt.

„Leyfisveitingakerfi virka hamlandi á frjálst flæði og á aðgang til stofnunar og rekstrar fyrirtækja. EES-grein 12 spannar líka áhrif þessara stjórnvaldsaðgerða. Þar að auki gildir, að Ísland getur ekki skipulagt leyfisveitingakerfið þannig, að það stríði gegn grein 124:

„The Contracting Parties shall accord nationals of EC Member States and EFTA States the same treatment as their own nationals as regards participation in the capital of companies or firms within the meaning of Article 34, without prejudice to the application of the other provisions of this Agreement.“.

Orkupakkinn virkjar samræmdar reglur ESB fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri

4. Ólafur segir að ACER hafi engar valdheimildir gagnvart einkaaðilum, heldur eingöngu opinberum eftirlitsaðilum. Þessu svarar Ørebech svo:

„Heimildir ACER eru (einkum) skráðar í gerðum nr 713/2009 og nr 714/2009 með breytingum, sem fram koma í gerð nr 347/2013 og í tilskipun 2003/54/EC. Samkvæmt regluverkinu skal koma embætti á fót í hverju landi – sem hinum framlengda armi ACER í aðildarlöndunum, þ.m.t. Íslandi – s.k. Landsreglara, sem aðilar á Íslandi geta ekki gefið fyrirmæli af neinu tagi. Þetta embætti er framlengdur armur ESB á Íslandi. Landsreglarinn sér um þá stjórnun orkumála, sem honum eða ACER er falin í hverju landi. Reglurnar, sem gilda fyrir Landsreglarann, eru samræmdar reglur ESB fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri. Völd ACER eru skráð í framangreindum gerðum og tilskipunum, en þessi skjöl gefa mynd af völdunum m.v. ákveðinn tíma. ESB hefur lagasetningarvaldið og getur fyrirvaralítið breytt hinum mörgu verkefnum/heimildum ACER.

ACER hefur ákvörðunarvald í einstökum málum. Þau geta t.d. varðað millilandastrengi, sjá gerð nr. 713/2009, grein 8 (1). Í grein 8 (4) stendur t.d.:



Villtir draumar um „Supergrid“ raforkukerfi Evrópu snúast um að það innlimi Ísland með allri sinni vatnsorku, jarðvarmaorku og vindorku og teygi anga sína suður eftir Afríku og austur til Asíu.

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt leiðbeiningar í þeirri stöðu, þar sem ACER fær völd til ákvarðanatöku um skilmála og skilyrði fyrir aðgangi að og rekstraröryggi fyrir innviði á milli landa. Þessar aðgerðir, sem eru til að breyta minna mikilvægum ákvæðum í þessari gerð með því að bæta við hana, eru samþykktar eftir forskriftarreglunni með vísun til greinar 32, hluta 2, í þessari gerð.“

„Landsreglaranum“ ber skylda til að fylgja reglum EES-réttarins

5. Ólafur segir að við upptöku þriðja orkupakkans í EES-samninginn var um það samið, að valdheimildir gagnvart eftirlitsstjórnvöldum í EFTA-ríkjunum yrðu ekki hjá ACER, heldur hjá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA). Ørebech svara þessu svo:

„Já, það er rétt, að ACER á að taka ákvarðanir og að ESA á að taka sams konar ákvarðanir (með þýðingu á ákvörðun ACER á íslenzku, norsku o.s.frv.). Þeim er síðan beint að Landsreglaranum, sem framkvæmir ákvarðanir ACER á Íslandi og í Noregi, en þar sem þetta eru afritaðar ákvarðanir, og þar eð Ísland eða Noregur geta ekki sagt Landsreglaranum fyrir verkum – samtímis sem Landsreglaranum ber skylda til að fylgja reglum EES-réttarins, sbr. grein 7 í EES-samninginum, þá er þetta fyrirkomulag hrein sýndarmennska til að komast hjá stjórnarskrárhindrunum, sem varða breytinguna frá tveggja stoða kerfi til einnar stoðar kerfis sem stríðir gegn stjórnarskrá.“

Íslendingar munu ekki geta magntakmarkað útflutning á raforku

6. Ólafur segir að H-heimildir ACER til að taka bindandi ákvarðanir séu að meginstefnu bundnar við ákvæði, sem gilda um orkumannvirki, sem ná yfir landamæri (t.d. sæstrengi); eðli málsins samkvæmt eiga slíkar valdheimildir ekki við á Íslandi, svo lengi sem hér eru engin slík orkumannvirki. Þessu svarar Ørebech þannig:

„Af þeirri ástæðu, að mikilvægasta réttarheimildin, orðanna hljóðan, í samningnum, hér grein 12, er skýr og þess vegna ákvarðandi, leiðir, að sú léttvægasta, „eðli máls“, er þýðingarlaus. EES-samningurinn, grein 12, túlkaður samkvæmt almennri málnotkun, er hér skýr og þess vegna ákvarðandi.

Ef einhver í Noregi vill leggja rafstreng á milli Noregs og Íslands, og Ísland hafnar slíkum sæstreng, verður um að ræða „magntakmörkun á útflutningi“, sem stríðir gegn grein 12. Ágreiningur á milli t.d. Landsreglarans (RME) í Noregi fyrir hönd einkafyrirtækis, t.d. Elkem, og Landsreglarans á Íslandi um lagningu sæstrengja frá Íslandi og til vesturstrandar Noregs (u.þ.b. 1500 km), verður útkljáður hjá ACER samkvæmt gerð nr 713/2009, grein 8 (1) a.“

Íslandi verður skylt að heimila sæstreng til að tryggja afhendingaröryggi á innri markaði ESB

7. Ólafur segir að þriðji orkupakkinn haggi því ekki, að það er á forræði Íslands að ákveða, hvaða stjórnvald myndi veita leyfi fyrir lagningu sæstrengs, og eins hvort íslenska ríkið ætti að vera eigandi að honum. Ørebech svarar þessu mjög ítarlega:

„Ekki myndi ég reiða mig á þetta. Ísland nýtur fullveldisréttar síns m.t.t. áframhaldandi eignarréttar ríkisins á orkunni (EES-samningur, grein 125), en stýring orkuvinnslunnar, þ.e. samþykkt, sem ekki er gerð á grundvelli eignarréttarins, heldur á grundvelli stjórnunarréttar – þ.e.a.s. stýring atvinnugreinarinnar – verður að vera í samræmi við EES.

Einkaaðilar eru ekki útilokaðir frá því að setja á laggirnar og reka raforkusölu, heldur þvert á móti. Það myndi þýða tvísýna baráttu fyrir Ísland að veita því mótspyrnu, að E´on, Vattenfall, Statkraft eða einkafyrirtæki – með vísun til áætlana samþykktra í ACER um streng frá Íslandi og til Noregs tengdum með mörgum strengjum við ESB-markaðinn – legði og tengdi slíkan sæstreng. Sjá gerð nr 714/2009, Viðauka I (Leiðbeiningar um stjórnun og úthlutun á flutningsgetu til ráðstöfunar í flutningslínum á milli landskerfa), þar sem stendur í lið 1.1: „Flutningskerfisstjórar (TSO-hérlendis Landsnet) skulu leggja sig fram um að samþykkja öll viðskipti, þ.m.t. þau, sem eiga sér stað á milli landa.“ Ennfremur stendur í lið 2.1:

„Aðferðirnar við framkvæmd flutningstakmarkana skulu vera markaðstengdar til að létta undir skilvirkum viðskiptum á milli landa.“

Þetta ákvæði þarf að lesa í samhengi við gerð ESB nr. 347/2013 frá 17. apríl 2013 um leiðbeiningar fyrir evrópska orkuinnviði á milli landa og um afnám ákvörðunar nr 1364/2006/EB og breytingu á gerð (EB) nr 713/2009, (EB) nr 714/2009 og (EB) nr 715/2009, sjá Viðauka I (forgangsorkuinnviðaleiðir og – svæði).

Ísland er hluti af því, sem kallað er norður-suður rafsamtengingar í Vestur-Evrópu („NSI vesturrafmagn“):

„...samtengingar á milli landanna á svæðinu og við Miðjarðarhafslöndin, þ.m.t. Pýreneaskagann, nefnilega til að nýta rafmagn frá stöðugum orkulindum og styrkja svæðisinnviði til að styrkja markaðssamþættingu á svæðinu“.

Þegar rafstrengur frá Austurlandi til Vestur-Noregs er tekinn með í hóp „forgangsrafmagnsleiða“ og á „Svæðisbundnar skrár um verkefni sameiginlegra hagsmuna“ (Viðhengi III) er framhaldið undirbúið.

ESB og Noregur þrýsta á um lagningu sæstrengsins samkvæmt skránum, og þau styðjast við, að þessi rafstrengur er með í áætlun um norður-suður rafleiðina í ESB. Að sjálfsögðu mun þá ACER gefa grænt ljós á, að t.d. Elkem leggi strenginn til að vega upp á móti öllum þeim TWh, sem Noregur er búinn að selja til ESB-landanna og Bretlands (núverandi sæstrengir frá Noregi ásamt strengjum á verkefnisstigi geta flutt út u.þ.b. 40-50 % af raforkuvinnslu Noregs). Staða Noregs, sem mun vega þungt í röksemdafærslu ACER fyrir lagningu sæstrengs Ísland-Noregur, þ.e. að Noregur sé þjakaður af orkuskorti og þarfnist orkuaðdrátta til að halda góðum stöðugleika í orkuafhendingu fyrir upphitun og lýsingu í húsnæði. Eins og formáli gerðarinnar sýnir, er afhendingaröryggi á Innri markaðinum mikilvægt stefnumið, sem er veittur hár forgangur (sjá lið 3),“ segir Peter Örebeck lagaprófessor, í athugasemdum við orð lögmanns atvinnuvegaráðuneytisins.

STARFSMENN
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma

PROVENTUS
Starfsmannaþjónusta
551 5000
proventus@proventus.is

Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
Verð: Textaauglýsing kr. 2.250 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.500 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 16:00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.

Sauðfjárbúið Ytra-Hólmi 1 er með til sölu nýtt ferskt og ófrosið lambakjöt beint frá býli. Afhent í heilum, hálfum skrokkum eða stökum skrokkhlutum eftir 19. desember. Uppl. í síma 860-2641, netfang kristina1@simnet.is eða á facebook.com/sauðfjárbúið

Tveggja pósta bílalyfta, 4,0 tn. og rafmagnslæsingar. Tilboð 495.000 kr. m.vsk. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is

Lemigo stígvél. Létt, stöðug og slitsterk. Kr. 8.485 með vsk. G. Kvaran í Reykjavík, sími 824-7610. Búvís ehf. Sími 465-1332.

Flekaskil
eftir
Lárus Jón Guðmundsson

Hvítir miðaldra karlmenn eru mikið í fréttum þessa dagana og ekki alltaf af góðu tilefni. Skemmdu eplin fá verðskuldaða athygli og viðeigandi fordæmingu en fáir velta fyrir sér líðan og ástandi hinna eplanna í tunnunni. Í ljóðabókinni Flekaskilum eftir Lárus Jón Guðmundsson er velt upp áleitnum spurningum: Hver er sprettan á andlegum akri miðaldra karlmanns sem skynjar eigin dauðleika handan við hornið? Á hvaða vegferð er hann? Hvernig líður honum? Verður jarðarförin fjölmenn? Verð er kr. 3.690 og heimsending innifalin. www.hugall.is

Álbrautir fyrir kerruna. Parið frá 400 kg í burðargetu og allt að 3.500 kg. Ýmsar lengdir. Parið frá kr. 21.500 m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is

Krani til sölu. Fassi F 270, árg. 1999. 6 vökvaútskot, spil og þráðlaus fjarstýring. Komið slit í snúningsfóðringar. Verð 600.000 kr. Uppl. í síma 854-4548 og/eða 892-0367.

Rúllugreip á þrítengi. Verð kr. 73.000 m/vsk. Tilboð = Frír flutningur. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.

Bílabúðin H. Jónsson & co. Sérverslun með varahluti í öll amerísk ökutæki. Ford, Chevrolet, Dodge, Jeep og Chrysler. Uppl. í síma 552-2255. www.bilabudin.is

Fjárhúsmottur. Verð kr. 9.350 stk. m/vsk (kr. 7.540 án vsk). Tilboð = Frír flutningur. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.

Nýr rafmagns fjölnota bíll. Renault Kangoo 5 manna, fjölnota rafmagnsbíll. Árgerð 2018. Nýr bíll. Drægni 130-170 km á hleðslunni. Nýtist bæði sem fólksbíll og sendibíll. Upplagt fyrir iðnaðarmanninn eða smáframleiðandann í dreifinguna. Bílamarkaðurinn. Sími 567-1800. Smiðjuvegur 44E, gul gata, Kópavogi.

Vinnusleðinn! Árg.´09 VW Transporter pallbíll. 6 manna, ekinn 179.000 km. Webasto, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.980.000 kr. #481439. S. 695-2015.

Lambheldar hliðgrindur. Breidd 4,27 m, hæð 1,10 m. Möskvastærð 10 x 15 cm. Verð fyrir 1 stk. 24.900 kr. auk vsk. Verð 2-4 stk. 22.900 kr. auk vsk. 5 stk eða fleiri 19.900 kr. auk vsk. Uppl. í síma 669-1336 og 899-1776, Aurasel ehf.



Þegar sleðinn bilar! Árg.´18 Tema bílaflutningakerra. Ný kerra. 2.700 kg. burðargeta. Verð 680.000 kr. +vsk. #453192. S. 695-2015.

Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar: rafmagn, bensín/dísil, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Haughrærur galvaníseraðar með eikarlegum. Búvís ehf. Sími 465-1332.

Framleiðum og eigum á lager krókheysisgrindur með eða án gámalása, sterkar og ódýrar. Framleiðum einnig flatpalla á krókgrindur til vélaflutninga og alls konar flutninga. Vagnasmiðjan.is - Eldshöfða 21, Rvk. S. 894-6000.

Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Polaris HD 1000 Buggy, árg. 2015, götuskráður. Ekinn 1.900 km. Tveir dekkjag. á álfelgum. Öryggisbelti 5 punkta, hurðir og aurhlífar, álþak, dráttarkúla, geymslubox, fram og aftur stuðaragrind, þykk undirvagnshlíf. Einnig til sölu sturtanleg Buggybílakerra. Uppl. í s. 894-3755.

LOFTPRESSUR
Eigum til á lager loftpressur frá GB - General Breaker. 12volta og 24volta pressur sem þurfa hvorki olíu né síu. Mjög afkastamiklar loftpressur sem gefa frá sér lítin hávaða og titring. Mjög sniðugt í Jeppa, trukka, gröfur og smávélar.

GB General Breaker

Vinnuvélar
Kistumel 2 • 116 Reykjavík • Sími 480 0444
vinnuvelar@vinnuvelar.is
www.vinnuvelar.is

Til sölu nýr og ónotaður Lider þriggja öxla malarvagn. 8 mm í botni og 6 mm í hliðum. Mjög gott að draga hann og á að passa fyrir 6 og 10 hjóla bíla. Gott verð. Nánari upplýsingar í síma 821-1125.

Til sölu nýr Krampe sturtuvagn. Mjög vel útbúinn með smurkerfi o.fl. Upplýsingar í síma 821-1125.

Til sölu snjóplógur, heildarbreidd 2 metrar. Tilboð óskast. Uppl. í síma 820-8578.

Traktorsdrifnar rafstöðvar (AgroWatt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 10,8 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með eða án AVR (spennujafnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði t.d. mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum o.fl. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.

KRAFTVÉLAR

Til sölu

FELLA SM320
6 diska sláttuvél
Árgerð 2015, 724 kg.
Vinnslubreidd 3 metrar. Með beinu drifi, ekki tannhjólabakka og þarf því minna afl til að snúa henni.
Verð 890.000.- kr. án vsk.
1.103.600.- kr. með vsk.

New Holland T5.105 DC
Árgerð 2014, vinnustundir 5,130.
107 hö, gírkassi 24x24,
ALÖ Q46 ámoksturstæki.
Verð 5.390.000.- kr. án vsk.
6.683.600.- kr. með vsk.

New Holland TS100A
Árgerð 2005, vinnustundir 6,650.
100 hö, gírkassi 16x16.
Verð 3.390.000.- kr. án vsk.
4.203.600.- kr. með vsk.

Valtra N123
Árgerð 2014, vinnustundir 2,000.
135 hö, gírkassi 36x36.
Verð 7.560.000.- kr. án vsk.
9.374.400.- kr. með vsk.

McCormick C105 Max
Árgerð 2006, vinnustundir 3,400.
105 hö, gírkassi 12x12.
Verð 1.490.000.- kr. án vsk.
1.847.600.- kr. með vsk.

Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur
Draupnisgata 6 / 603 Akureyri
Sími 535 3500
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

AFLVÉLAR

Snjótönn fyrir lyftara
2,5 m breið.
Verð: 175.000 kr. + vsk

Snjótönn, 3000 HD
3m, Euro festing
Verð: 315.000 kr. + vsk

Sanddreifarar
3P og EURO festing
1,5m Verð: 450.000 kr. + vsk
2m Verð: 495.000 kr. + vsk
2,3m Verð: 545.000 kr. + vsk
Aukabúnaður: Glussatjakkur

Sanddreifari f/ krók
SL-290, 1m, 290 lítra, 89 kg
Verð: 179.000 kr + vsk

Flaghefinn 310-70
3m, +/- 32°, 1692 kg
Verð: 625.000 kr + vsk

Snjóskófla með vængjum
SBM festing
Vinnslubr. 3m til 4,54m
Verð: 1.150.000 kr. + vsk

Fjölplógur, SBM festing
VB-3200, 3,2m, 1.155 kg
Verð: 1.470.000 kr. + vsk

VB-3700, 3,7m, 1.205 kg
Verð: 1.590.000 kr. + vsk

Framúrskarandi fyrirtæki 2018

Aflvélar ehf., Vesturhrauni 3, 210 Garðabær, sími: 480-0000 aflvelar.is - sala@aflvelar.is

Dekk Bfgoogrich All - Terrain 265/70 R16 til sölu. Notað einn vetur. Verð 150.000 kr. eða tilboð. Uppl. í síma 820-8578.

DAF 85 árg. 2000, ekinn 300 þús. km. + Sigga súr vagn. Einn frábær í sveitina, einfalt kram og ekkert vesen. Ásett verð 3.000.000 kr. Er í samningastuði. Uppl. í síma 897-6705.

Skólabíll eða snattari: Til sölu Toyota Aygo, árg. 2006 ekinn 128.000 km. Bíllinn er (hálf)sjálfskiptur, einstaklega léttur og lipur í akstri og eyðir sára litlu. Vetrardekk fylgja. Verð 300.000 kr. Uppl. í síma 777-0047 og 695-7020. Staðsettur á höfuðborgarsvæðinu.

Nýkomnir á lager. Verdo gæða spónakögglar í 15 kg pokum. Frábær sérstaklega meðhöndlaður undirburður fyrir hross. Brettaafsláttur og brettið keyrt frítt heim á höfuðborgarsvæðinu. Brimco ehf. S. 894-5111 - www.brimco.is. Opið frá kl. 13-16.30.

Cemtec sænskar skeifur og fjaðrir. Framleitt skv. reglum FEIF. Leitun að betri verðum. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is

Benz Atego 1228 rúta 33+2 pax, skráð 2000. Mikið endurnýjuð. Ekin 460.000 km. Vél 250 hálfur gír, 280 hö. Skemmtilegur bíll. Verðh. 5 milljónir kr. Uppl. gegnum netfangið hugheimur@gmail.com

Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt: 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is

Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. S. 892-4163, www.hak.is, netfang: hak@hak.is

Þurrkaður hænsnaskítur: Nú er fyrirtækið/framleiðslan okkar til sölu sem sérhæfir sig í þurrkuðum hænsnaskít. Um er að ræða tæki og tól til þurrkunar á hænsnaskít, töluvert af umbúðum og viðskiptavild. Nánari upplýsingar í síma 892-5440 (Rúnar).

Til sölu Valtra Direkt T 182, árg. 2013. Ekinn 2.250 tíma. Frambúnaður og pto keðjur geta fylgt. Uppl. í síma 894-3367. Vélin er á Akureyri.

Til sölu Man 19.464 - 1.500.000 kr. Árgerð: 1999. Akstur: 673.850 km. Skipting: Beinskiptur. Eiginþyngd: 7.860 kg. Drif: 4x4. Lengd: 6,34 m. Fjöðrun: Fjaðrir. Uppl. í s. 896-9740, Rúnar Freyr.

Hestaflutningabíll! Volvo FL611 1990, sjálfskiptur, dísel, breyttur fyrir 10 hesta, myndavél, lyfta o.fl. Ný afturdekk, kram gott, gjaldlaus og lágar tryggingar. Verð 990.000 kr. 100% lán í boði. Skipti á bíl/jeppa. Uppl. í s.691-9374.



Weckman rúlluvagn. Stærð palls 2,55 x 9,0 m. Verð kr. 1.993.000 með vsk. (kr. 1.608.000 kr. án vsk). H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.

Kranzle þýskar háþrýstidælur í úrvali. Búvís. Uppl. í síma 465-1332.

Vandað girðingarefni frá Bretlandi. 5 strengja túnnet x 100 m. - Verð kr. 8.980 rl. Iowa gaddavír x 200 m. - Verð kr. 5.600 rl. Þanvír 640 m/ 25 kg. - Verð kr. 6.900 rl. Ath! Öll verð með virðisaukaskatti Tilboð = Frír flutningur. H. Hauksson ehf. Sími 588- 1130.

Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt: 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Skotbómur á vinnuvélar. Sérsmíðaður vandaður búnaður frá Póllandi. Allar festingar fáanlegar. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is - www.hak.is

Weckman sturtuvagnar. 13 tonna - verð kr. 1.690.000 m/vsk. (kr. 1363.000 án vsk). 15 tonna - verð kr. 2.230.000 m.vsk. (kr. 1.798.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.

Vara- og aukahlutir í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is

VÉLAR TIL LEIGU

Hitachi ZX19-5
2 tonna með hraðtengi og þremur skóflum.

Hitachi ZX33U-5A
3,5 tonn með hraðtengi og þremur skóflum

Hitachi ZW75-6
5,1 tonn, hraðtengi, skófla, gafflar og auka vökvalögn.

Dieci Apallo 26.5
Lyftigeta 2,5 tonn, lyftihæð 6 m.
Gafflar og skófla.

Dieci Zeus 37.7
Lyftigeta 3,7 tonn, lyftihæð 7 m.
Gafflar og skófla.

Hyundai HX220L
22 tonna með hraðtengi og tveimur skóflum.

ATVINNUTÆKI

Nánari upplýsingar:
893-8424/set@velafl.is
694-3700/gk@velafl.is
Facebook: Atvinnutæki ehf.

Norskar skádælur. 5“ eða 6“ dælurör, 4,3 m eða lengra. Dælugeta, frá 8.000 L/min. Hræristútur sem hægt er að snúa 360° Skurðarblöð á dæluhjóli. Þarf op sem er 70 cm x 70 cm. Hákonarson ehf. Netfang: hak@hak.is, s. 892-4163.

Wendel

Hilltip Icestriker 550–1600 L
Salt og sanddreifarari í þremur stærðum, fyrir pallbíla sem og minni vörubíla. Rafdrifin 12V.

Hilltip Icestriker 120–200 L
Salt og sanddreifari fyrir jeppa, pallbíla eða lyftara. Rafdrifin 12V.

Hilltip Snowstriker VP
Fjölplógur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa . Fáanlegir í 185–240 cm breidd.

Hilltip Snowstriker SP
Snjótennur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegar í 165–240 cm breidd.

Hilltip Snowstriker SML
Snjótennur fyrir minni vörubíla ca. 7,5 tonn. Fáanlegar í 260–300 cm breidd.

Hilltip Rotating Sweeper
Vökvadrifinn sópur fyrir pallbíla og minni vörubíla. Fáanlegur í 180-200-220 cm breiddum.

A Wendel ehf.
Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,
S: 551 5464 - wendel@wendel.is
www.wendel.is

Keðjutalía og hlaupaköttur. Búvís. Sími 465-1332.

Magnaðir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða, nær óbrjótanleg. 900 gr. að þyngd. Verð 9.500 kr. m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30.

Útvegum góða Toyota Hiace 4x4 sendibíla, mannskapsbíla og fólksflutningabíla frá meginlandi Evrópu. Báðar lengdir. Uppl. Gegnum netfangið jb@isfar.is eða í s. 897-3015.

Útvegum notaðar (smá)vinnuvélar frá Evrópu. Ísfar ehf. S. 897-3015.

Brettagaflar. Burður 2.500 kg. Euro festingar. Tilboð = Frír flutningur. Verð kr. 125.000 með vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.

Brettagaflar með glussaopnun. Burður 2.500 kg. Euro festingar. Tilboð = Frír flutningur. Verð kr. 179.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.

Traktorsdrifnar brunndælur með mikla hrærigetu. Margar stærðir og útfærslur fyrir bændur og verktaka. Dælugeta allt að 27.300 L / mín. Stuttur afgreiðslutími. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is

Talía og hlaupaköttur, lyftigeta allt að 1 tonn. Búvís. Sími 465-1332.

Taðkvísl. Breidd 1,7 m. Verð kr. 135.000 m/vsk. Tilboð = Frír flutningur. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.

Sauðfjárbúið Ytra Hólmi 1 er með til sölu beint frá býli léttreyktan lambahamborgarhrygg í hátíðarmatinn. Uppl. í síma 860-2641, netfang kristina1@simnet.is eða á facebook.com/sauðfjárbúið.

Taðklær. Breiddi 120 cm, 150 cm og 180 cm. Búvís ehf. Sími 465-1332.

Til sölu Nissan Double Cab, árg. 2005, ekinn 220.000 km. Biluð vél. Tilboð óskast. Uppl. í síma 866-1857, Guðmundur.

Æfingarimlar lakkaðir. H:253 x B:72 x D:10 cm. Verð 59.072 kr. Á. Óskarsson ehf. S. 566-6600.

Til sölu 5 hesta kerra, árg. 2006. Ný yfirfarnar bremsur. Polaris 570x2, árg. 2016, ekið 3.321 km. Ný yfirfarið. Uppl. í síma 660-0374.

Ískaldur Meiller! Árg. ´18 Meiller Camper malarvagn. Nýr vagn! Þriggja öxla, 2 stk. til. Verð 5.490 kr. +vsk. S. 894-8620.

Skóladraumurinn! Árg. ´10 M.Benz Sprinter 519 cdi. 21 manns, ekinn 496 þ.km, dísel, beinskiptur. Ásett v. 3.290.000 kr. #454295. S. 894-8620.

Polaris 570x2, árg. 2016, ekið 3.321 km. Verð 1.350.000 kr. með vsk. Uppl. í síma 660-0374.

Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com. Aflgjafar; rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Taðgreip. Breiddir: 1,2 - 2,5 m. Mjög vandaður og sterkur búnaður, framleiddur í Póllandi. Allar festingar í boði, festingar og slöngur fylgja. Eigum greipar á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Jólapakkinn! Árg. ´04 Nissan Patrol GR. 33" 7 manna. Ekinn 268.000 km. Leður, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.280.000 kr. #473608. S. 849-3333.

Fyrir jólapakkana! Árg.´15 Scania, fjögurra öxla. Ekinn 150-200 þ. km. Nánari upplýsingar í síma 894-8620.

Weckman sturtuvagnar. 9 tonna - verð kr. 1290.000 með vsk. (kr. 1.040.000 án vsk) 11 tonna - verð kr. 1.470.000 með vsk. (kr. 1.186.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.

Þessi nýuppstoppaði hrútshaus er til sölu. Nánari upplýsingar, og hægt að fá fleiri myndir ef óskað er, gegnum netfangið blesa87@hotmail.com eða í síma 611-5985.

Til sölu Dodge RAM 3500, first gen, 1985 árg. Er með V8 dísel GM. Flott leðursæti, úr F150 árg. 2004, fylgja með. 35 tommu negld góð dekk. Billinn er extra langur. Grindin er í toppstandi. Hægt að skella 37 tommu undir hann. Þarf að vinna töluvert í body. Lækkað verð: 450.000 kr. stgr. Uppl. í síma 691-3002.

MAN TGX
Árgerð: 2013
Ekinn: 263.000 km
Tilboð

Volvo FH16 540 hp
Árgerð: 2008
Ekinn: 588.000 km
Verð: 4.400.000 + vsk.

Volvo FH540
Árgerð: 2011
Ekinn: 609.000 km
Verð: 6.900.000 + vsk.

Renault Trafic - 9 manna
Árgerð: 2015
Ekinn: 61.000 km
Verð: 2.700.000 kr.

Renault Trafic
Árgerð: 2011
Ekinn: 153.000 km
Verð: 1.390.000 kr.

RATIO

Upplýsingar:
ratio@ratio.is - S: 5116600

Sauðfjárbúið Ytra-Hólmi 1 er með til sölu kofareykt jólahangikjöt beint frá býli. Erum með reykt lambakjöt, sauðahangikjöt og tvíreykt læri. Pantanir í síma 860-2641, netfang kristina1@simnet.is eða facebook.com/sauðfjárbúið

Bobcat E16
Árg. 2016, 1.908 vst. 1.600 kg, 3 skóflur og ný Ifor Williams tækjakerra með sliskjum. 2,7 tonn - 2,18 tonna burðargeta.
Verð: 3.000.000 kr. + vsk.

Yanmar SV18 smágröfur
1,95 tonn. Til á lager.

Liebherr A916 hjólagrafa
Árg. 2014. 5.300 vst.
Engcon rótortilt, 3 skóflur, Trimble gröfukerfi og fl.

Liebherr R934 beltagrafa
Árg. 2007. 33,5 tonn. 9.900 vst.
Topa 3000 fleygur, tvær skóflur og ripper fylgja.
Nýjar keðjur og spyrnur.

Liebherr 13HM, sjálfreisandi byggingakrani
Árg. 2014. 22 m bóma.
500 kg í 22 m. 1,5 tonn max.
Verð: 8.900.000 kr. + vsk.

Eichinger steypusíló og brettagaflar í miklu úrvali.

Tsurumi dælur í miklu úrvali.

Weber jarðvegsþjöppur og hopparar til á lager.

Thwaites Powerswivel
Burðargeta 1 tonn.
Með snúningspalli.Til á lager.

Kaeser M114 loftpressa
Árg. 2016. 522 vst. 10 bör með 9,7 m3/min afköst. AIKo dráttarvagn á 1 öxli og með hæðarstillanlegu dráttarbeisli. Uppl. í síma 660 6050.
Verð: 4.000.000 kr. + vsk.

Uppl. í síma 660-6051
MERKÚR
www.merkur.is

Rúllugreip fyrir 2 rúllur. Vökvaopnun. Verð 296.000 kr. m/vsk (239.000 kr. án vsk.) Tilboð = Frír flutningur. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.

Innflutningur & sala á vinnuvélum til Íslands. Við aðstoðum við flutning & kaup á nýjum/notuðum vinnuvélum & tækjum frá Bretlandi til Íslands. Yfir 20 ára reynsla, örugg og snögg þjónusta. www.ice-export.co.uk - Erum líka á facebook undir: Suður England. Net-símar: Haukur 499-0588, Hafþór 499-0719, sudurengland@gmail.com

Snjómokstur og söltun GÍH. Vetrarþjónusta allan sólarhringinn. Vöktun í boði fyrir fyrirtæki og húsfélög. Hafið samband í s. 772-8040 eða mokstur@gih.is

Kjallaradælur fyrir klósett. Öflugur hnífur. Mótorar staðsettir fyrir utan votrými. Inntak fyrir vask, sturtu, baðkar. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is

Til sölu

Sérsmíðaðir gluggar frá Færeyjum! 10 ára ábyrgð. Tré og álklæddir trégluggar. PVC gluggar og útidyr. Jóhann Helgi & Co. Netfang: jh@Jóhannhelgi.is – s. 820-8096.

Til sölu Plötusax Durmazlar CNC HGM 3016 plötuklippur, árgerð 2000 með Cybelec DNC tölvustýringu. Verð 700.000 kr. +vsk. Klippa 16 mm í 3000 mm breidd. Upplýsingar veitir Jón í síma 893-5548.

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása- og drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. Jóhann Helgi & Co. Netfang: jh@Jóhannhelgi.is – s. 820-8096.

Toyota Avensis, árg. 2006, keyrður 144.000 km. Skipt hefur verið um margt, s.s. púst og annað í undirvagni. Fæst á 750.000 kr. Uppl. í síma 849-0534.

Hvaða bækur skyldu þetta nú vera? Brautryðjendur fyrir vestan, Að fortíð skal hyggja, Fiskur að handan, 100 vestfirskar gamansögur 2, Vestfirðingar til sjós og lands 2, Bolvíska blótið, Þar minnast fjöll og firðir. Svo auðvitað Hornstrandapakkinn! Margar, margar fleiri. Farðu inn á vestfirska.is. Þá sérðu alla gommuna hjá okkur. Það er sko ekkert venjulegt! Upp með Vestfirði! Vestfirska forlagið. Netfang: jons@snerpa.is – s. 456-8181.

Til sölu eru 200 ærgildi í sauðfé frá 1. janúar 2019. Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Tilboð sendist á netfangið msj@rml.is í síðasta lagi 21. desember 2018.

Til sölu eru 370 ærgildi í sauðfé frá 1. janúar 2019. Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Tilboð sendist á netfangið msj@rml.is í síðasta lagi 21. desember 2018.

Til sölu 168 ærgildi. Tilboð í allt greiðslumarkið eða hluta þess óskast send á koe@rml.is fyrir 22. desember. Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Timbur: 18 stk. 50 x 225 mm. L = 5,1 m. Verð kr. 585 lm. 49 stk. 50 x 200 mm. L = 5,4 m. Verð kr. 546 lm. 84 stk. 50 x 175 mm. L = 5,1 m. Verð kr. 479 lm. 70 stk. 50 x 150 mm. L = 4,2 m. Verð kr. 410 lm. Timbur - Gagnvarið: 144 stk. 28 x 120 mm. L = 5,4 m. Verð kr. 210 lm. Öll verð með virðisaukaskatti. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.

Lely a2 mjaltaþjónn. 2500 l. mjólkurtankur, Fendt 512 og Thaler liðléttingur. Uppl. í síma 863-1650.

Lambadagatal 2019. Með stórum fallegum andlitsmyndum af nýlega fæddum íslenskum lömbum í mörgum litaafbrigðum í sínu náttúrulega umhverfi. Á dagatalinu eru auk hefðbundinna daga merktir ýmsir dagar er tengjast sögu lands og þjóðar. Ragnar, sími 847-6325 eða lambidmitt@gmail.com

Óska eftir

Óska eftir Suzuki Jimny c.a. módel 2000, helst skoðaður. Uppl. í s. 662-8273 eða netfangið eyrunjona64@gmail.com

Vantar topp á Volvo 244, árg. ´79 eða ´80, eða bíl með góðum toppi til niðurrifs. Uppl. í síma 899-7395.

Óska eftir 4cyl. Cummins mótor, má vera bilaður. Uppl. í síma 894-0815, Páll.

Rafmagnsritvél í góðu standi. Upplýsingar í síma 896-7350 eða fridrikf@outlook.com

Óska eftir kjötsög, helst nýlegri. Uppl. í síma 856-1821.

Óska eftir riffli 30-40 Krag–Jørgensen, skoða allt. Uppl. í síma 856-1821.

Atvinna

Ungur búfræðingur óskar eftir sveitastarfi. Getur byrjað í maí 2019. Reynsla af hestum, nautgripum og loðdýrum. Kostur ef atvinnurekandi getur útvegað húsnæði. Uppl. vinnaisveit@gmail.com

Starfsmaður óskast á kúabú á Suðurlandi frá 1. janúar 2019. Uppl. í síma 865-8839.

Til leigu

Til leigu á Suðurlandi (Þjórsárbakki) 26 hesta hús ásamt reiðhöll og 60 fm íbúð getur fylgt. Íbúðin getur einnig leigst sér. Uppl í síma 892-1355.

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission Akureyri, netfang: einar.g9@gmail.com, Einar G.

Bændablaðið
Kemur næst út 17. janúar

STRÚKTÚR
Vegg- og þakklæðningar

Við finnum lausn sem hentar Þér!

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Stangarhyl 7 | sími: 588 6640 |

ELDVARNIR BORGA SIG

Yfirvöld setja ákveðnar reglur um brunavarnir og slökkvibúnað í byggingum.

Til dæmis eru kröfur um reykskynjara og slökkvibúnað í íbúðarhúsnæði.

Hvað getur þú gert sem bóndi til þess að lágmarka áhættu af sökum elds á þínu býli?

Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á **bondi.is**

Búum vel
ÖRYGGI • HEILSA • UMHVERFI

ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTAÐUR?

AFLVÉLAR

Fjölplógur PUV1600
Breidd 1,4m, með 3P festingu
Verð: 436.000 kr. + vsk



Fjölplógur PUV3300
Breidd 3,3m, án festinga
Verð: 735.000 kr. + vsk

Fjölplógur PUV „M“ Diagonal
Án festinga
2,6m Verð: 830.000 kr. + vsk
2,8m Verð: 850.000 kr. + vsk
3,0m Verð: 890.000 kr. + vsk
3,3m Verð: 950.000 kr. + vsk

Fjölplógur PUV „HD“
Án festinga
3,6m Verð: 1.190.000 kr. + vsk
4,0m Verð: 1.270.000 kr. + vsk

Salt- og sanddreifari
HZS-10, 1 m3, glussadrifin, með klumpabrjót og tjakk
Verð: 1.370.000 kr. + vsk

Salt- og sanddreifari
EPT15, 1,5 m3, rafstýrður, 12V
Verð: 1.250.000 kr. + vsk

Snjóblásari
OW 1,5 - 2,1 - 2,4m
Verð frá: 925.000 kr. + vsk

Framúrskarandi fyrirtæki

Aflvélar ehf., Vesturhrauni 3, 210 Garðabær, sími: 480-0000 aflvelar.is - sala@aflvelar.is

Case WX148
Árg. 2014, 1.300 vst.
Hraðtengi, gómskófla og tiltskófla.
Verð: 10.300.000 + vsk.

Hyundai HX160LD
Árg. 2018, 490 vst.
Tönn, hraðtengi og fleyglagnir.
Verð: 16.600.000 + vsk.

Hitazhi ZW75-6
Árg. 2018, 400 vst.
Hraðtengi, aukalögn og gafflar.
Verð: 6.600.000 + vsk.

Hyundai HX220L
Árg. 2018, 200 vst.
Smurkerfi, fleyglagnir, hraðtengi
Breið belti.

Dieci Apallo 26.5
Árg. 2016, 1.100 vst.
Hraðtengi, gafflar og skófla.
Verð: 4.300.000 + vsk.

Dieci Zeus 37,7
Árg. 2018, 200 vst.
Hraðtengi, gafflar og skófla.
Verð: 7.900.000 + vsk.

Hyundai R170-9
Árg. 2012, 4.400 vst.
Rótortilt og tvær skóflur.
Verð: 9.900.000 + vsk.

VÉLAFL

Upplýsingar í síma
893-8424 / set@velafl.is
og á 694-3700 / gk@velafl .is
www.velafl.is

microlift
material handling e-solution

RAFMAGNS BRETTATJAKKUR, KRAFTMIKILL, LÉTTUR OG LIPUR

Farðu inn á www.youtube.com og sláðu inn:
cPx7PPYvNUM
Þá sérðu Microlift video
Sjón er sögu ríkari

Lithium Rafhlaða
Aðeins 3 kg
2 ára ábyrgð

ETNA ehf. Til sýnis hjá Pmt Krókhálsi 1
Fyrirspurnir í síma 698 1539 og netfang siggi@pmt.is

STARTARAR OG ALTERNATORAR
fyrir allar gerðir bíla, báta og vinnuvéla

Glerárgata 34b v/ Hvannavelli · 600 Akureyri
Sími: 461 1092 · E-mail: asco@asco.is
ÁSCO

TIL SÖLU

Erum með tvo grillskála á útsölu, tilvaldir til að lengja grilltímabilið út árið. Verð 756.000 kr.
Eigum einnig 60m² bílskúr á gamla verðinu. Standard stærðir: 40m², 60 m², 84 m², 112 m², 140 m²
Einnig nokkrar stærðir af hesthúsum og reiðskemmum. Fermetraverð byrjar ca. í 19.500 kr. +vsk. í óeinangruðu. Tökum einnig við sérpöntunum.

BRÚARSMIÐIR ehf

Upplýsingar fást á vefsíðunum
www.bruarsmidir.is og
www.sparenergihus.dk

Netföng: raggi@bruarsmidir.is og grs@sparenergihus.dk eða í síma 862-8810, Ragnar.

Sparenergihus aps
Plus energy houses

Varahlutir og viðgerðarþjónusta fyrir JCB traktorsgröfur

Vélavit
Sala - Þjónusta
S: 5272600 - www.velavit.is

TIL SÖLU

Scania R580 - Árgerð 2014.
Ekinn 305.000 km, glussadæla, 8×4.
Verð kr. 9.700.000 + vsk.

Mercedes Benz Actros - Árgerð 2005.
Ekinn 241.000 km, 430 hestöfl.
Verð kr. 4.000.000 + vsk.

Volvo FH16 - Árgerð 2005.
Ekinn 693.000 km, 600 hestöfl, glussadæla.
Verð kr. 2.500.000 + vsk.

Scania R420 - Árgerð 2005.
Ekinn 466.000 km, 420 hestöfl.
Verð kr. 2.000.000 kr. + vsk.

KLETTUR

KLETTAGARÐAR 8-10
590 5100 www.klettur.is

Lausn á barnagátum Bændablaðsins 2018

Gáta 1:
Fjórum sinnum, ef þrír þeir fyrstu væru allir hvor af sinni sort.

Gáta 2:
Takið efstu eldspýtuna á fyrsta kassanum og færið hana fyrir neðan hægri eldspýtuna, þá eruð þið komin með töluna fjóra.

Færið svo eldspýtuna sem er vinstra megin í miðkassanum og setjið hana þvert inn í kassann, þá eruð þið komin með töluna þrjá.

Gáta 3:
Fuglanöfnin 9 er: Haförn, hávella, hrafn, kría, lundi, rita, rjúpa, sjósvala og æðarfugl.

Kunnan gerðir þú mér veg lífsins, gleðignótt er fyrir augliti þínu, yndi í hægri hendi þinni að eilífu.
Sálm. 16.11

biblian.is

Til hamingju með glæsilegar byggingar!

Skipalyftan í Vestmannaeyjum
Eigendur: Skipalyftan ehf.

Verkstæðisbygging að Berghellu 1, Hafnarfirði
Eigendur: Gámaþjónustan hf.

Véla- og aðstöðuhúsnæði á Friðheimum, Bláskógabyggð
Eigendur: Knútur Rafn Ármann og Helena Hermundardóttir

Reiðhöll að Hólum í Árborg
Eigendur: Einar Hallsson

Geldneytahús í Skeiðháholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Eigendur: Jón Vilmundarson og Helga Þórisdóttir

Fjós á Spóastöðum í Bláskógabyggð
Eigendur: Ingvi Þorfinnsson og Þórarinn Þorfinnsson

Sorpbrennslustöðin í Vestmannaeyjum
Eigendur: Vestmannaeyjabær

Fjós að Steiná í Svartárdal
Eigendur: Óskar Ólafsson og Óskar Eyvindur Óskarsson

Fjós í Núpstúni í Hrunamannahreppi
Eigendur: Páll Jóhannsson og Margrét Larsen

Fjós í Framnesi í Skagafirði
Eigendur: Óskar Broddason og Lára Gunndís Magnúsdóttir

Við hjá Landstólpa erum stolt af öllum verkunum okkar á árinu 2018 og þökkum eigendum fyrir gott og ánægjulegt samstarf.

Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnun öllum gleðilegra jóla, árs og friðar með þökk fyrir samskiptin og liðna tíð. Hlökkum til að takast á við ný verkefni og framkvæmdir á nýju ári!

Starfsfólk Landstólpa

LANDSTÓLPI

Landstólpi - Gunnbjarnarholti - 801 Selfoss - s. 480 5600 - Kaupvangi 10 - 700 Egilsstöðum - s. 480 5610 - landstolpi.is - Við erum líka á Fésbók!